


skoðun 20

SÉRBLAÐ í Fréttablaðinu

Allt







SÁÁ blaðið fylgir í dag


# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

19. maí 2011

115. tölublað 11. árgangur

Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001–2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




**Hita upp fyrir Eagles**

*Magnús og Jóhann hita upp fyrir Eagles á tónleikum í Nýju Laugardalshöllinni.*


fólk 54


**Rússnesk kvenremba**

*Elísa Björg Þorsteinsdóttir ræðir um konur í rússneskri myndlist.*


tímamót 28




**Ætla að vinna riðilinn**

*Stelpurnar okkar mæta Búlgaríu á Laugardalsvellinum í kvöld.*


sport 46


**veðrið í dag**




**SNJÓKOMA** eða slydda norðanlands en rigning eða skúrir sunnanlands. Strekkingur eða allhvasst vestan og norðan til annars hægari vindur. Kólnandi veður.


VEÐUR 4


# Óttast áhrif brennisteinsgufu á heilsufar höfuðborgarbúa

**Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur segir heilsufarsógn stafa af brennsteinsvetni frá jarðhitavirkjunum. Frummatsskýrsla vegna áætlaðrar vinnslu Orkuveitunnar við Gráuhnúka fær falleinkunn og er sögð illa unnin.**

**UMHVERFISMÁL** „Þeir tala um áhrif aukningar brennisteinsvetnis á virkjanasvæðinu en minnast lítið á höfuðborgarsvæðið þar sem meginþorri landsmanna býr,“ segir Árný Sigurðardóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar jarðhitavinnslu við Gráuhnúka í Bláfjöllum.

Orkuveitan hyggst nýta jarðhita frá Gráuhnúkum til að bæta 45 MW við gufuaflsvirkjun sína á Hellisheiði. Fyrirtækið Mannvit vann frummatsskýrslu vegna framkvæmdarinnar. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gagnrýnir vinnubrögðin í skýrslunni harðlega og er þar í takti við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Áhrif brennisteinsmengunar séu vanmetin og aðeins stuðst við spálíkön í stað þess að nota mælingar og rannsóknir sem þó liggi fyrir.

„Okkur finnst ákaflega óeðlilegt að í frummatsskýrslunni sé ekkert tekið á stærsta íbúasvæði landsins sem þó er ekki langt frá virkjuninni,“ segir Árný. Hún bendir á að samkvæmt mati heilbrigðiseftirlitsins geti vinnslan við Gráuhnúka aukið brennisteinsmagn í lofti um 40 prósent. Aukningin hefur þegar verið mæld um 140 prósent við Hvaleyrarholt frá því að Hellisheiðarvirkjun var tekin í notkun árið 2006.

„Í skýrslunni er ekkert minnst á veðurfar en hér eru austanáttir og þá leggur brennisteinslyktina yfir bæinn,“ útskýrir Árný sem kveður það ekki síst valda vonbrigðum að ekki sé minnst á niðurstöður nýlegra meistaraprófsrannsókna við Háskóla Íslands um áhrif loftmengunar á heilsufar. Niðurstöðurnar bendi til aukinnar notkunar astmalyfja og lyfja við hjartaöng í tengslum við aukna brennisteinsvetnismengun.

„Það er alveg vitað hver eitrunaráhrif brennisteinsvetnis eru en það þarf að rannsaka miklu betur áhrifin af lágum gildum brennisteinsvetnis á heilsufar fólks yfir lengri tíma,“ segir Árný og gagnrýnir enn fremur að allt vanti í skýrsluna um nauðsynlegar aðgerðir til að vinna gegn menguninni. „Orkuveitan er að vinna að tilraunum með hreinsibúnað en ekkert er vitað um árangur af honum. Það er til hreinsibúnaður sem hentar en hann er dýr og spurning hver viljinn er til að koma honum upp.“ **- gar**

**Kvarta vegna óþæginda**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fær reglulega kvartanir frá einstaklingum sem telja sig verða fyrir óþægindum vegna aukins styrks H2S í andrúmslofti.



*Úr umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur*




**Á HVOLFI** Fimleikafélagið Björk fagnar 60 ára afmæli um þessar mundir. Í tilefni af því verður haldin afmælissýning í íþróttahúsinu við Strandgötu á laugardaginn kemur. Þessir ungu parkour-piltar voru við stífar æfingar fyrir sýninguna þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í Bjarkarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sýrlandsforseti í viðtali:

## Segir morðin vera mistök

**BEIRÚT, AP** Forseti Sýrlands, Bashar Assad, segir að öryggissveitir ríkisins hafi gert mistök í aðgerðum sínum gegn mótmælendum í landinu. Hann kenndi illa þjálfuðum lögreglumönnum að hluta til um harkaleg viðbrögð sem orðið hafa 850 manns að bana undanfarna tvo mánuði. Í viðtali í blaðinu Al-Watan sagði hann að verið væri að endurþjálfa þúsundir lögreglumanna. Í gær birtust þó frásagnir af því að sýrlenskir hermenn hefðu notað þungar vélbyssur til að ráðast á hverfi í borginni Homs.

Drápin á almennum borgurum hafa vakið hörð viðbrögð á alþjóðavettvangi og undirbúa Bandaríkin og Evrópusambandið nú nýjar refsiaðgerðir gegn ríkisstjórn Sýrlands. **-kh**

Afnám gjaldeyrishafta myndi styrkja krónuna, segir forstjóri Kauphallarinnar:

## Þjóðin verður af milljörðum

**EFNAHAGSMÁL** „Höftin endurspegla trú stjórnvalda á eigin verki,“ segir Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar. Hann telur gjaldeyrishöft halda gengi krónunnar óeðlilega lágu. Afnám þeirra muni líklega styrkja krónuna og leiða til þess að lánshæfismat ríkissjóðs hækki.

Páll flutti erindi á fundi Varðar, fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, í gær. Hann segir mikilvægt að endurskoða áætlun um afnám gjaldeyrishafta. Þau valdi efnahagslífinu skaða; fjármagnskostnaður þjóðarinnar hækki, þau dragi úr tiltrú á hagkerfið og takmarki aðgang landsins að fjármagni.

„Á Austurvelli er enginn mælir sem tifar og sýnir hversu mörgum milljörðum þjóðarbúið verður af í hverjum mánuði,“ segir Páll og bendir á að erfitt sé að meta kostnaðinn við höftin, sem búi til hvata til að viðhalda þeim.

**- jab /** **Sjá síðu 18**










## SPURNING DAGSINS



*Arngrímur, var þetta mikið púl?*

Já, þetta var sögulegt Liverpool!

Arngrímur Baldursson var ásamt Guðmundi Magnússyni sjö ár að undirbúa bók um 120 ára sögu knattspyrnuliðsins Liverpool. Enskt útgáfufyrirtæki hefur nú samið við þá um útgáfu ritsins.

ASÍ sagt hafa lagt þunga áherslu á endurskoðunarákvæði í kjarasamningum:

# Ekki einhliða riftunarákvæði, segir SA

**KJARAMÁL** Talsmaður Samtaka atvinnulífsins (SA) segir ekki rétt að samtökin hafi látið setja ákvæði í nýgerða kjarasamninga þess efnis að þau geti rift samningunum einhliða fyrir 22. júní.

Í athugasemd sem Hörður Vilberg hjá SA sendi Fréttablaðinu segir að í kjarasamningunum sé ákvæði þess efnis að samningsaðilar geti ákveðið að framlengja svokallaðan aðfararsamning til 31. janúar 2012 ef þeir komast að því fyrir 22. júní að forsendur fyrir þriggja ára samningum séu ekki lengur fyrir hendi. Þetta geti til dæmis átt við ef stjórnvöld standi ekki við sín fyrirheit.



HÖRÐUR VILBERG

Aðfararsamningurinn sem gerður var 5. maí gilti til 22. júní og framlengdi alla kjarasamninga til þess dags. Eftir samþykkt aðfararsamningsins skyldu launþegar fá 50 þúsund króna eingreiðslu.

Ef til þess kæmi að samningurinn yrði framlengdur tækju aðrar breytingar sem samið var um gildi 31. janúar, fyrir utan 15 þúsund króna álag á desemberuppbót 2011 og tíu þúsund króna álag á orlofsuppbót 2011.

SA segir að ASÍ hafi lagt mikla áherslu á að geta með þessu móti tryggt félagsmönnum sínum launahækkanir til eins árs ef forsendur brystu fyrir þriggja ára samningum. Það hafi verið óháð öllum skoðunum SA á áformum stjórnvalda um breytingar á kvótakerfinu. **- sh**

Bolungarvík eignast búð:

# Keypti hús á hundrað krónur

**BOLUNGARVÍK** Bæjarráð Bolungarvíkur hefur samþykkt að kaupa fasteignina að Hafnargötu 47. Húsið er í daglegu tali kallað „Kitta Summa búð“. Þetta kemur fram á vefnum Víkari.is.

Kaupverðið er eitt hundrað krónur.

Fyrr í vetur var eiganda hússins veitt leyfi til niðurrifs þess og verður að teljast líklegt að bæjaryfirvöld nýti sér þá heimild enda hússins bágborið að því er segir á Víkari.is. **- kh**

# Khat-mennirnir hafa áður komið til Íslands

**Fjórir Bretar sem voru handteknir vegna smygls á sextíu kílóum af fíkniefninu khat til landsins voru einnig staddir á Íslandi fyrr í mánuðinum. Rannsakað er hve oft þeir hafa komið og í hvaða tilgangi. Ekkert bendir til aðkomu Íslendinga.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan lagði í byrjun vikunnar hald á sextíu kíló af fíkniefninu khat, sem var á leið úr landi til Bandaríkjanna og Kanada. Fjórir menn voru handteknir vegna málsins og úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 31. maí á grundvelli rannsóknarhagsmuna.

Mennirnir eru allir breskir ríkisborgarar. Einn þeirra er af sómölskum uppruna, en þar í landi er mikið ræktað af khati. Tveir mannanna eru um fertugt, einn um fimmtugt og sá fjórði hálfsextugur.

Talið er að mennirnir hafi komið með efnið í ferðatöskum frá London og hafi sloppið fram hjá tollvörðum í Leifsstöð, að sögn Kára Gunnlaugssonar, yfirtollvarðar á Keflavíkurflugvelli.

Tollverðir fundu hins vegar skjöl í annarri tösku sem komu þeim á sporið, og urðu til þess að efnið fannst við tollskoðun þegar átti að senda það vestur um haf.

Mennirnir voru í kjölfarið handteknir á gistiheimili í Reykjavík. Nánari eftirgrennslan leiddi enn fremur til þess að sending sem fór héðan til Frakklands var kyrrsett þar ytra. Í sendingunni fannst ámóta magn af efninu og hér heima. Talið er að málin tengist.

Kári segir sennilegt að menn hafi nýtt Ísland sem eins konar umskipunarhöfn efnanna til að villa um fyrir yfirvöldum, þar sem síður sé leitað eftir efninu í sendingum frá Íslandi en frá Bretlandi, þar sem efnið er löglegt.

Kári segir að mennirnir sem nú séu í haldi hafi komið áður til Íslands, og það fyrr í þessum mánuði. Rannsóknin beinist meðal annars að því hversu margar ferðir þeirra hingað hafi verið og hvaða tilgang þær hafi haft. Ekkert þykir benda til að Íslendingar tengist málinu. Lögregla hefur enn fremur ekki orðið vör við að efninu sé dreift og þess neytt hér á landi.

Þetta er í annað sinn sem khat finnst hérlendis. Í ágúst í fyrra voru Breti og Lithái handteknir með 39 kíló af efninu í fórum sínum.

stigur@frettabladid.is



**MIKIÐ KHAT** Lögregla sýndi efnið á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í gær. Efnið er upprunnið í norðanverðri Afríku og var í fyrstu notað til að slá á hungur, meðal annars á föstu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Yfirleitt lagt hald á mikið magn í einu

Fíkniefnið khat er afurð samnefndrar plöntu sem vex í norðaustanverðri Afríku og á Arabíuskaganum. Plantan inniheldur örvandi efni skylt amfetamíni. Lauf plöntunnar eru ýmist tuggin eða þurrkuð og notuð í te.

Laufin eru gríðarlega vinsæl neysluvara víða á svæðinu þar sem plantan vex, ekki ósvipað kókalaufum í Suður-Ameríku. Til dæmis er áætlað að um 40 prósent alls vatns í Jemen fari í ræktun khats.

Að því er fram kemur í tilkynningu frá lögreglunni hérlendis er megnið af efninu framleitt í Eþíópíu og Keníu en talið er að stærstur hluti þess sé fluttur út frá Nairóbí, höfuðborg Keníu. Efninu sé gjarnan umpakkað í Hollandi og Bretlandi. Í þeim tveimur löndum er efnið löglegt, ólíkt öðrum Evrópulöndum.

Lögregla segir að lagt hafi verið hald á efnið í stórum stíl á Norðurlöndum upp á síðkastið. Í Noregi hafi sex til átta tonn verið tekin árlega og í Svíþjóð hafi fjórtán tonn verið tekin í fyrra. Oftast sé um nokkur hundruð kíló að ræða í hvert sinn.

# Lést af slysförum

Maðurinn sem lést í vinnuslysi í stuðlabergsnámu í Hrunamannahreppi á þriðjudag hét Guðjón Jónsson. Guðjón var á 73. aldursári, búsettur á Selfossi, og lætur eftir sig eiginkonu og fjögur uppkomin börn.



GUÐJÓN JÓNSSON

Hann stýrði gröfu inni í námunni þegar stór grjóthnullungur losnaði úr vegg hennar og féll í gegnum þak gröfunnar.

Maðurinn var einn við störf í námunni þegar slysið varð og engin vitni urðu því að slysinu. Farið var að svipast um eftir honum á ellefta tímanum í gærkvöldi og fannst hann þá látinn.

Lögreglan á Selfossi fer með rannsókn málsins í samstarfi við Vinnueftirlitið.



**SMOKKAR** Dönsk ungmenni eru ekki nógu dugleg við að nota smokka og hefur tíðni kynsjúkdóma farið ört hækkandi.

Kynhegðun ungra Dana:

# Aðeins fjórðungur notar smokk

**DANMÖRK** Einungis um fjórði hver Dani á aldrinum fimmtán til nítján ára notaði smokka við síðustu samfarir, að því er fram kemur í nýrri könnun sem danska ríkisútvarpið segir frá. Þetta hefur valdið sprengingu í tíðni klamydíutilfella þar í landi með tilheyrandi kostnaðarauka fyrir hið opinbera.

Í rannsókninni kemur í ljós að fjöldi klamydíutilfella í Danmörku nær tvöfaldaðist milli áranna 2002 og 2009, fór úr um sextán þúsund upp í tæp þrjátíu þúsund.

Talsmaður lýðheilsustofnunarinnar þar í landi segir að eina leiðin til að sporna við þessari þróun sé að ungt fólk fari að nota smokkinn. **– þj**

## HEILBRIGÐISMÁL

### Varað við kræklingi

Samkvæmt nýjustu mælingum er magn eiturþörunga í Hvalfirði nú langt yfir viðmiðunarmörkum og varar Matvælastofnun sterklega við tínslu og neyslu kræklings úr firðinum þessa stundina.

Gróður í hættu á Húsavík:

# Sauðfé stöðvi sókn lúpínu

**HÚSAVÍK Framkvæmda- og þjónustufulltrúi Húsavíkur mun kanna, með garðyrkjustjóra bæjarins, hvort hægt sé að stöðva sókn lúpínu í gróið land innan bæjarlandsins með því að beita sauðfé á lúpínuna.**

**Tillaga þess efnis kom fram á fundi framkvæmda- og hafnarnefndar Norðurþings í síðustu viku, að því er fram kemur á Skarpi.is**

**Framkvæmdafulltrúinn og garðyrkjustjórinn munu fara yfir málið og leggja fram greinargerð um möguleg áhrif, staðsetningu og áætlaðan kostnað.**




Endurskoðendur Hafnarfjarðarbæjar um greiðslugetu bæjarins:

# Ófrágengið lán skapar óvissu

**HAFNARFJÖRÐUR** Endurskoðendur ársreiknings Hafnarfjarðarbæjar fyrir síðasta ár segja í áliti sínu að óvissa ríki um greiðslugetu bæjarins fyrir árið 2011 þar sem fjármögnun lánaafborgana á árinu er ekki frágengin.

Í síðasta mánuði var erlent eingreiðslulán að upphæð 4,2 milljarðar króna á gjalddaga, en það hefur ekki enn verið greitt.

Guðmundur Rúnar Árnason bæjarstjóri segir í samtali við Fréttablaðið að þetta lýsi stöðunni eins og hún er en hann vonist til að endurfjármögnuninni fari brátt að ljúka. Ferlið hafi þó reynst afar tafsamt.

„Þetta er flókið mál og boðleiðir eru langar. Það flækir líka málin að aðilinn sem við erum að semja við er undir stjórn skilanefndar.“

Guðmundur segir vinnuna vera á góðu róli þótt erfitt sé að spá um hvenær henni muni ljúka.

„En skil á ársreikningum með jákvæði rekstrarniðurstöðu eru auðvitað ein leið til að flýta þeirri vinnu.“

Samkvæmt ársreikningnum var rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs jákvæð um tæpar 215 millj.króna og rekstur samstæðu jákvæður um 466 milljónir. **- þj**



**HAFNARFJÖRÐUR** Endurskoðendur Hafnarfjarðarbæjar segja óvissu ríkja um greiðslugetu bæjarins, en bæjarstjóri er bjartsýnn á að endurfjármögnun ljúki brátt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



KAUPAUKI 9 LTR. AF PALLAOLÍU.
Þegar þú kaupir pallaefni hjá okkur að upphæð 100 þúsund eða meira færð þú 3 dósir af Jotun pallaolíu frítt með.
Gildir út maí!
JOTUN
Treolje
Träolja/Træolie
FÁÐU TILBOÐ
Í PALLINN HJÁ OKKUR!
9 ltr. af
pallaolíu fylgja með
BRJÁLUÐ TILBOÐ
í Húsasmiðjunni og Blómavali
ÞÚ SPARAR 4.000,-
12.900
16.900
SUNSET
Gasgrill
Sunset Tasman 200.
Grillflötur 500x358mm
Hlíf yfir brennara.
3000391
tilboð
allt að 100 cm
Sýpris
999 kr
SNÆDRÍFA
1.190 kr
1.549
LÓBELÍA
899 kr
1.149
weber
ÞÚ SPARAR 10.000,-
79.900
89.900
Gæðagasgrill
Weber Spirit E210
2 ryðfríir brennarar
Postulínglerungs-húðað lok.
Þykk álsteypa í botni og hliðum í loki.
Grillflötur: 58 x 39 cm
Efri grind: 58 x 12 cm.
3000291
ÞÚ SPARAR 10.000,-
24.995
34.995
BLACK & DECKER
Rafmagnssláttuvél
GR3800
B&D, 1600W,
38 cm sláttubreidd.
5 hæðarstillingar, 45 ltr. safnari.
5085135
15% AFSLÁTTUR af öllum rafmagns- og bensin-hekkklippum
30% AFSLÁTTUR af Hipiont greina- og hekkklippum
GILDIR FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS.
Afsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða vörum merktum LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR.
LÆGSTA LÁGA VERÐ
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
blómaval
HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 18.05.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,74 | 115,28 |
| Sterlingspund | 185,64 | 186,54 |
| Evra | 163,55 | 164,47 |
| Dönsk króna | 21,93 | 22,058 |
| Norsk króna | 20,645 | 20,767 |
| Sænsk króna | 18,231 | 18,337 |
| Japanskt jen | 1,4151 | 1,4233 |
| SDR | 182,57 | 183,65 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 218,7623

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tannlæknir sem byggði vatnsátöppunarverksmiðju á Rifi sekur um lögbrot:

# Lagði fé annarra í eigin verk

**DÓMSMÁL** Hollenski tannlæknirinn Otto Spork hefur verið fundinn sekur um brot á lögum um verðbréfaviðskipti þegar hann nýtti fjármagn úr sjóðum sem hann var í forsvari fyrir í Kanada til að fjármagna fyrirtæki sem honum eru tengd, að því er kom fram í netútgáfu kanadíska dagblaðsins Financial Post í gær. Málið hefur verið á borði kanadíska verðbréfaeftirlitsins í Ontario á fjórða ár.

Spork hefur verið búsettur hér um skeið en kanadísk félög sem honum tengjast fjármögnuðu byggingu vatnsátöppunarfyrirtækisins Icelandic Glacier Products á Rifi á Snæfellsnesi sem jafnframt er í hans eigu. Dóttir hans og tveir menn tengdir þeim voru jafnframt fundin sek um lögbrot.

Spork rak vogunarsjóðinn Sextant Strategic Opportunities í Kanada um nokkurra ára skeið. Undir hann heyrðu nokkrir sjóðir, sem skráðir eru á Cayman-eyjum. Sjóðirnir fjármögnuðu byggingu átöppunarverksmiðjunnar með lánveitingum. Í hittifyrra var skuldum breytt í hlutafé en við það eignuðust félög Sporks nær allt hlutafé fyrirtækisins. Kanadíska verðbréfaeftirlitið úrskurðaði árið 2008 að fyrirtæki Sporks skyldu sett í greiðslustöðvun.



**VERKSMIÐJAN** Forsprakki vatnsverksmiðjunnar á Rifi hefur verið fundinn sekur um lögbrot. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Verksmiðjuhúsið á Rifi var fokhelt í fyrrahaust. Ekki liggur fyrir hvort starfsemi sé hafin í því. **- jab**

Framkvæmdir á Bíldudal:

## Stækka kalkþörungaverksmiðju

**BÍLDUDALUR** Framkvæmdir eru hafnar við stækkun Kalkþörungaverksmiðjunnar á Bíldudal. Viðbygging verksmiðjunnar verður um 1000 fermetrar að stærð, að því er fram kemur á vef BB.is.

Með viðbyggingunni eykst lagerpláss verksmiðjunnar um helming. Guðmundur Valgeir Magnússon verksmiðjustjóri segir við BB að stækkunin muni skapa meiri sveigjanleika í framleiðslunni og auðvelda þjónustu við fleiri viðskiptavini.



**EYÐILEGGING** Að minnsta kosti þrettán létust í sjálfsmorðsárás í Jalalabad í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Mannfall í Afganistan:

## Minnst 25 létust í sjálfsmorðsárás

**AFGANISTAN** Að minnsta kosti þrettán manns, þar á meðal óbreyttir borgarar og lögreglumenn, létust í sjálfsmorðsprengjuárás sem gerð var í borginni Jalalabad í austurhluta Afganistan í gær.

Fyrr um daginn létust að minnsta kosti tólf manns í norðurhluta landsins þegar upp úr sauð í mótmælum gegn hersetuliði Nató í borginni Talqan. Að minnsta kosti 80 slösuðust.

Mikil ólga hefur verið í Afganistan síðustu mánuði ekki síst í borginni Jalalabad. **- kh**

Fjölgar í skipaflotanum:

## Heimaey VE-1 sjósett í Síle

**SJÁVARÚTVEGUR** Nýsmíði Ísfélags Vestamannaeyja sem verið hafði í smíðum í skipasmíðastöðinni ASMAR í Síle var sjósett í gær og gefið nafnið Heimaey VE 1. Skipið verður afhent fullbúið í mars á næsta ári.

Heimaey VE 1 er fyrsta nýsmíðin sem er sjósett í Talcahuano eftir að miklir jarðskjálftar skóku Síle í lok febrúar í fyrra. Í kjölfar jarðskjálftans skall mikil flóðbylgja á strönd landsins sem olli manntjóni og eyðileggingu í skipasmíðastöðinni og færði hana í kaf.

# Sammála um varnir gegn olíumengun

**Hillary Clinton og Össur Skarphéðinsson áttu langan fund í Washington í gær. Clinton tók vel í hugmyndir um hertar olíumengunarvarnir í Norðurhöfum. Ræddu líka um heimsmálin og samstarf Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.**

**WASHINGTON, FRÉTTABLAÐIÐ** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og Hillary Clinton starfssystir hans áttu langan fund í Washington í gær þar sem þau ræddu fjölmörg málefni, meðal annars tengt norðurheimskautinu, ástandinu í heimsmálum og tvíhliða samskiptum ríkjanna. Meðal annars óskaði Össur eftir því að Bandaríkin styddu viðleitni Íslands um að lagalega bindandi samningur væri gerður um varnir gegn olíumengun á Norðurslóð.

„Hún lýsti fyrir fullum stuðningi við það að Bandaríkin myndu styðja þá viðleitni; það væri líka í þeirra þágu," segir Össur.

Tilefni fundarins var að Icelandair hefur hafið beint áætlunarflug til Washington, en Clinton lét þess getið fyrir fundinn að það væri „yndislegt fyrir okkur, sem elskum landið ykkar".

Fundurinn varð mun lengri en til stóð en Össur sagði í samtali við Fréttablaðið eftir fundinn að hann hafi verið árangursríkur.

„Við fórum yfir mjög mörg efni er vörðuðu samskipti Íslands og Bandaríkjanna, en ekki síður þá atburðarás sem hefur komið upp í heiminum á síðustu vikum og dögum."

Fyrir utan fyrrnefndar mengunarvarnir sagði Össur að hann hefði kynnt Clinton hugmyndir íslenskra stjórnvalda um stofnun alþjóðlegrar miðstöðvar á sviði leitar og björgunar á Íslandi.

„Hún tók ákaflega vel í þá hugmynd og ég lít svo á að þetta sé upphafið að viðræðum milli okkar og Bandaríkjanna um hvernig hægt sé að ná því fram, auðvitað í samvinnu við fleiri þjóðir."

Loks sagði Össur Clinton hafa tekið vel í tillögu hans um undirbúning formlegs tvíhliða samstarfs milli Íslands og Bandaríkjanna á sviði rannsókna er varða norðurslóðir.

Auk þess ræddu ráðherrarnir um varnarsamstarf ríkjanna, ástandið í Líbíu, friðarferlið fyrir botni Miðjarðarhafs, hugsanlegt samstarf á sviði jarðhita og ástandið á Íslandi í kjölfar hrunsins.

„Hillary vissi greinilega hver staðan er […] og var áhugasöm um að heyra hvernig ég mæti reynsluna á samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Ég sagði henni að menn hefðu veitt okkur miklu meira svigrúm til ákvarðanatöku en annars staðar og það hefði verið mjög farsælt og taldi að menn ættu að læra af þessari reynslu."

thorgils@frettabladid.is, juliam@frettabladid.is



**ÁRANGURSRÍKUR FUNDUR** Össur Skarphéðinsson og Hillary Clinton áttu langan fund í Washington í gær þar sem þau ræddu meðal annars málefni norðurslóða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Valentim sú langlífasta:

## Elsta kona í heimi 114 ára

**FÓLK** Hin brasilíska Maria Gomes Valentim er elsta lifandi manneskjan í heiminum nú en hún er 114 ára og 314 daga gömul.



**MARIA GOMES VALENTIM**

Besse Cooper var talin vera elsta manneskjan í heiminum en eftir að fjölskylda Mariu hafði samband við Heimsmetabók Guinness og sýndi fæðingarvottorð hennar kom í ljós að hún er fædd 48 dögum á undan Besse.

Maria er frá Carangola sem er fjallaþorp norður af Rio de Janeiro. Eiginmaður hennar lést árið 1946 og áttu þau einn son saman. Hún á fjögur barnabörn, sjö barnabarnabörn og fimm barnabarnabarnabörn. Geri aðrir betur!

Þingmaður Framsóknarflokks:

## Spyr um ferðakostnað ríkisins

**ALÞINGI** Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur óskað eftir svörum frá öllum ráðherrum í ríkisstjórninni um ferðalög starfsmanna ráðuneytanna og embættismanna í undirstofnunum hvers ráðuneytis.

Vigdís vill sundurliðaðar upplýsingar um hverja utanlandsferð, til hvaða lands var farið, hver kostnaður var með dagpeningum, sundurliðað eftir árum frá árinu 2007 til 2010.

Ráðherrarnir hafa lögum samkvæmt tíu daga til að afla upplýsinga og svara skriflegum fyrirspurnum þingmanna. **- bj**






## VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**KÓLNAR**
Það verður kuldalegt á landinu norðanverðu næstu daga en heldur mildara sunnan til og einnig sólríkara enda norðlægar áttir ríkjandi. Um helgina má svo búast við næturfrosti víða um land. Ekki gott fyrir gróðurinn.



Á MORGUN
Strekkingur víða og stormur með SA-ströndinni.

LAUGARDAGUR
Stekkingur V- og A-lands annars hægari.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 18° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 24° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 16° |
| París | 22° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is



**Nissan Pathfinder**
Árgerð 2008 dísel
Ekinn 86.000 km
Ásett verð:
4.590.000,-
Tilboðsverð
**3.950.000,-**

# NOTAÐIR GÆÐABÍLAR Á NÝJUM STAÐ!

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**Toyota Land Cruiser**
Árgerð 2005 dísel
Ekinn 119.000 km
Ásett verð:
**4.590.000,-**



**MMC Pajero sport**
Árgerð 2004 bensín
Ekinn 144.000 km
Ásett: 1.450.000
Tilboðsverð
**1.190.000,-**



**VW Passat**
Árgerð 2007 dísel
Ekinn 82.000 km
Ásett verð:
**2.830.000,-**



**MMC Pajero**
Árgerð 2008 dísel
Ekinn 65.000 km
Ásett verð:
**6.950.000**



**MMC Pajero**
Árgerð 2001 bensín
Ekinn 140.000 km
Ásett verð:
**1.890.000,-**



**Rav 4**
Árgerð 2003 bensín
Ekinn 151.000 km
Ásett verð:
**1.520.000,-**



**VW Bjalla**
Árgerð 2007 bensín
Ekinn 34.000 km
Ásett verð:
**2.640.000,-**



**Toyota Aygo**
Árgerð 2006 bensín
Ekinn 61.000 km
Ásett verð:
**1.190.000,-**



**VW Golf**
Árgerð 2004 dísel
Ekinn 108.000 km
Ásett verð:
**1.190.000,-**



**Kia Sportage**
Árgerð 2006 dísel
Ekinn 91.000 km
Ásett verð:
**2.150.000,-**



**VW Fox**
Árgerð 2007 bensín
Ekinn 68.000 km
Ásett verð:
**1.120.000,-**



**VW Tiguan**
Árgerð 2008 dísel
Ekinn 81.000 km
Ásett verð:
**4.390.000,-**

H HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

MBL-AA-1905

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér ásættanlegt að heræfingar séu haldnar hér á landi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 57,8% |
| NEI | 42,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Notar þú Facebook reglulega?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Pólitískt fárviðri á Bretlandi og kröfur um afsögn eftir óheppileg ummæli dómsmálaráðherra:

# Ráðherra ber við mismælum um nauðganir

**BRETLAND** Stjórnarandstæðingar í Bretlandi hafa kallað eftir afsögn Kenneths Clarke dómsmálaráðherra vegna ummæla sem hann lét falla í útvarpsviðtali í gærmorgun. Þar mátti skilja á orðum ráðherra að hann teldi ekki allar nauðganir falla undir skilgreininguna „alvarlegar nauðganir“.

Í frétt á vef BBC segir að Clarke hafi í viðtalinu rætt um tillögur um að lækka beri fangelsisdóma um helming ef ákærðir játa án undanbragða. Spyrill spurði hann þá út í nauðganir, þar sem meðaldómur er að meðaltali fimm ár. Þar bar Clarke brigður á umræddar tölur og sagði: „Þarna erum við líka að tala um stefnumótanauðganir, þegar 17 ára einstaklingur á samræði við 15 ára.“ Hann bætti svo við: „Alvarlegar nauðganir, þar sem ofbeldi er beitt og gegn vilja konunnar – dómar eru lengri í þeim tilfellum.“

Mikið orðastríð fór í kjölfarið af stað þar sem Ed Miliband, formaður Verkamannaflokksins, hvatti Clarke til að segja af sér því að hann gæti ekki setið í umboði kvenna eftir þessi ummæli. Clarke neitar að hafa sagt nokkuð sem kallar á afsögn. Hann hafi þó misskilið hugtakið „stefnumótanauðgun“ og talið það eiga við þar sem samræði er með vilja beggja aðila, þó að annar þeirra sé undir lögaldri.

„Mín skoðun er sú að allar nauðganir séu alvarlegur glæpur og hafi ég gefið annað í skyn, þá hef ég mismælt mig,“ sagði Clarke.

Talsmaður forsætisráðherra sagði það leitt ef orð Clarkes hefðu sært einhverja, en hann nyti enn fulls trausts. **- þj**



**AFDRIFARÍK MISMÆLI** Breski dómsmálaráðherrann Ken Clarke hefur neitað að biðjast afsökunar á ummælum sínum um nauðganir. Hann ber við mismælum. NORDICPHOTOS/AFP



**ÓNÝT UPPSKERA** Fjölmiðlar í Kína tala um jarðsprengjusvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Seinheppnir bændur:

## Vatnsmelónur springa í Kína

**KÍNA, AP Kínverskir melónubændur höfðu áhyggjur af uppskerunni í óvenju mikilli vætutíð nýverið. Þeir gripu til þess ráðs að úða á uppskeruna efnum, sem hraða vextinum.**

**Afleiðingin varð samt önnur en að var stefnt. Þessa dagana springa melónurnar með hvelli hver af annarri.**

**Lætin eru svo mikil að ríkisfjölmiðlarnir í Kína tala um jarðsprengjusvæði. Tugir tonna af melónuuppskeru eru gerónýtir. - gb**

Viðræður Íslands og ESB:

## Rúmur tugur rýnifunda eftir

**EVRÓPUMÁL** Samninganefnd Íslands og fulltrúar Evrópusambandsins fjalla í dag um lög um utanríkisviðskipti og þróunarsamvinnu og á morgun um lög um utanríkis-, öryggis- og varnarmál, miðað við fundaáætlun utanríkisráðuneytis.

Þetta eru rýnifundir, þar sem löggjöf landsins er borin saman við þá samevrópsku til að sjá hvar ber í milli fyrir eiginlegar komandi aðildarviðræður.

Að fyrrgreindum fundum loknum eru einir ellefu eftir og lýkur síðasta fundi, um orkumál, hinn 17. júní. **- kóþ**



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEITIN Í HÖRPU** Fleiri tónlistarnemar utan af landi munu nú geta stundað námið með það að markmiði að gera tónlistina að atvinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Samningurinn mikilvægt skref í rétta átt

**Nýtt samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun tónlistarskóla leysir tónlistarnemendur úr átthagafjötrum. Samkomulagið kveður á um 250 milljóna króna aukið framlag ríkisins til tónlistarkennslu á efri stigum.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað felst í nýjum samningi um eflingu tónlistarnáms?

Ríkissjóður tekur yfir kostnað vegna tónlistarkennslu og framlag ríkisins til tónlistarskóla eykst um allt að 250 milljónir króna á ári næstu árin, samkvæmt samkomulagi sem ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga undirrituðu í síðustu viku.

Samkomulagið gildir um söngnám á mið- og framhaldsstigi og um annað tónlistarnám á framhaldsstigi. Þannig á að efla tónlistarnám og gera tónlistarnemum kleift að stunda nám sitt óháð búsetu. Ríkissjóður mun leggja 480 milljónir á ári í kennslukostnað í tónlistarskólum. Framlagið mun greiðast í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og sveitarfélögin eiga að tryggja að framlag ríkisins fjármagni kennsluna. Þau eiga einnig að taka yfir ný verkefni frá ríkinu sem nemur 230 milljónum króna. Samkomulagið gildir fyrir næstu tvö skólaár en viðræður um framlengingu fara fram við lok fyrra ársins.

Sveitarfélögin bera ábyrgð á tónlistarkennslu á öllum stigum. Sveitarfélögin hafa hins vegar ekki öll burði til að kenna upp á framhaldsstig og því hafa lengra komnir nemendur leitað sérstaklega í skóla til Reykjavíkur, auk þess sem þeir þurfa oft að fara í framhaldsskóla í Reykjavík. Misjafnt er hvort sveitarfélögin hafa styrkt nemendurna til náms í öðrum sveitarfélögum. Því hafa nemendur neyðst til þess að hætta námi. Með nýja samkomulaginu er verið að koma í veg fyrir að slíkt gerist. Það er mjög jákvætt, segir Kjartan Óskarsson, skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík. „Þessir átthagafjötrar sem hafa viðgengist allt, allt of lengi, þeir virðast vera úr sögunni.“ Kjartan segir samkomulagið örugglega leysa úr vandamálum margra. Skólinn hans hafi orðið mjög fyrir barðinu á þessu og hann segir í mörgum tilvikum sárt að horfa upp á efnilega krakka sem ekki geti haldið áfram í námi.

Kjartan segir þó að samkomulagið hafi ekki verið kynnt fyrir stjórnendum tónlistarskólanna. „Við vitum ekki alveg hvernig útfærslan á þessu verður eða hver niðurstaðan verður. Hvorki á þessu né á niðurskurði Reykjavíkurborgar.“ Hann segist hafa reynt að spyrjast fyrir um það en ekki fengið svör, allir hafi verið að bíða eftir samkomulaginu. Hann segir þó að það hafi sést á þeim sem hafi undirritað samninginn að ríkisstjórnin taki málið alvarlega, en menntamála-, fjármála- og innanríkisráðherrar undirrituðu samninginn fyrir hönd ríkisins. „Þetta er mikilvægt skref í rétta átt.“

**thorunn@frettabladid.is**

Póstkassamerkingar bíða:

## Reglubreytingu frestað um sinn

**PÓSTUR** Frestað hefur verið gildistöku nýrra reglna Íslandspósts um að bréf og sendingar verði ekki afhentar nema viðtakandi sendingar sé merktur á póstkassa eða lúgu. Breytingin átti að taka gildi 15. þessa mánaðar.

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) bað Íslandspóst að bíða með breytinguna vegna kvartana sem stofnuninni hafa borist vegna málsins. „Stofnunin mun á næstu vikum vinna úr þeim athugasemdum sem borist hafa,“ segir á vef PFS. **- óká**



**MEÐ GRIPINN** Starfsfólk UNICEF á Íslandi með verðlaunagripinn.

Íslendingar fúsir til að styrkja:

## Nærri sautján þúsund eru heimsforeldrar

**HJÁLPARSTARF Nærri sautján þúsund Íslendingar eru svokallaðir heimsforeldrar hjá UNICEF og styrkja þannig starf samtakanna með föstum mánaðarlegum framlögum. Fram kemur í tilkynningu UNICEF að hvergi í heiminum sé hærra hlutfall heimsforeldra, eða rúm fimm prósent landsmanna.**

**„Á nýafstöðnum aðalfundi UNICEF sem haldinn var í Bern fékk UNICEF á Íslandi viðurkenningu frá UNICEF fyrir mestu aukningu framlaga árið 2010,“ segir í tilkynningu, en viðurkenningin var veitt í flokki smærri landsnefnda. - óká**

SIEMENS

Uppþvottavélar nú á tilboðsverði



Uppþvottavél -SN 45M203SK

Tilboðsverð:

139.900 kr. stgr.

(Verð áður: 169.900 kr.)

„The Diamond Standard“ uppþvottavélatöflurnar frá Finish fylgja með öllum Siemens uppþvottavélum.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000

www.sminor.is

Heildarskuldir Reykjanesbæjar og samstæðu eru 43 milljarðar:

# Hyggjast selja eignir upp í skuldir

**REYKJANESBÆR** Heildarskuldir og skuldbindingar Reykjanesbæjar, með samstæðu, nema nú 43 milljörðum, að því er fram kemur í ársreikningum bæjarins sem voru samþykktir á bæjarstjórnarfundi í vikunni. Meirihluti Sjálfstæðisflokks hyggst vinna á skuldum með eignasölu.

Skuldir bæjarsjóðs nema tæplega 29 milljörðum króna og hafa meira en fimmfaldast frá árinu 2002 þegar skuldir námu rúmlega fimm milljörðum.

Í bókun meirihlutans á fundinum kom fram að áætlað sé að lækka skuldahlutfall bæjarins á næstu þremur árum með því að „nýta rekstrarafgang og peningalegar eignir“. Áætlanir meirihlutans gera ráð fyrir að skuldahlutfall samstæðu, heildarskuldir á móti rekstrartekjum eins árs, verði komið í 207 prósent árið 2014.

Fulltrúar minnihluta segja skuldastöðu bæjarins hefta framfarir og sé afleiðing „óskynsamrar fjármálastjórnar meirihluta sjálfstæðismanna á undanförnum árum“.

Meirihlutinn segir að gert sé ráð fyrir rekstrarafgangi næstu þrjú ár, þó varlega sé farið í áætlanir um tekjuaukningu með nýjum atvinnutækifærum. **- þj**



**REYKJANESBÆR** Skuldastaða Reykjanesbæjar er erfið, en meirihlutinn hyggst vinna á henni á næstu þremur árum með eignasölu og rekstrarafgangi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# 20% AFSLÁTTUR




Gildir 19.-23. maí.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða heimsfrægi leikstjóri ætlar að gera kvikmynd um leiðtogafundinn í Höfða?
2. Hvað borgaði Valur fyrir knattspyrnumanninn Ingólf Sigurðsson, leikmann KR?
3. Hvað heitir ný blúsplata Andreu Gylfadóttur og Blúsmannanna?

SVÖR

1. Ridley Scott. 2. Eina milljón króna 3. Rain on me rain.

Óvissa um eftirmann Dominique Strauss-Kahn hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum:

# Evrópulöndin vilja halda forstjórastólnum

**EFNAHAGSMÁL** Evrópulöndin innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) róa nú að því öllum árum að halda yfirráðum sínum yfir forstjórastól sjóðsins.

Núverandi forstjóri, Dominique Strauss-Kahn, er í gæsluvarðhaldi vegna gruns um að hann hafi beitt starfsstúlku á hóteli í New York kynferðislegu ofbeldi og efast er um að hann eigi afturkvæmt í embættið.

Óformlegt samkomulag hefur gilt um árabil þar sem Evrópa hefur átt stól forstjóra AGS vísan á meðan Bandaríkjamenn hafa setið að forstjórastóli Alþjóðabankans.

Nú hafa hins vegar heyrst háværar raddir frá þeim ríkjum þar sem hagvöxtur hefur verið hvað öflugastur undanfarið um að breyting verði á.

Þar hafa talsmenn Brasilíu og Suður-Afríku talað fyrir því að næsti forstjóri komi frá einhverju þróunarlandanna.

Það er þó talið háð því að lönd utan Evrópu komi sér saman um einn umsækjanda.

Meðal þeirra sem líklegri þykja til að hreppa hnossið er Christine Lagarde, fjármálaráðherra Frakklands, en Gordon Brown, fyrrverandi forsætisráðherra Breta, hefur einnig borið víurnar í stöðuna. Hann hefur þó ekki stuðning bresku stjórnarinnar, sem hefur ekkert gefið út um afstöðu sína. Bretar útiloka ekki að styðja umsækjanda frá þróunarlandi en David Cameron forsætisráðherra segist með ánægju munu styðja sterkan umsækjanda frá Evrópu.

John Lipsky, næstráðandi Strauss-Kahn, gegnir stöðu forstjóra AGS um stundarsakir, en hyggst ekki gefa kost á sér til starfans. **-þj**



**EFTIRMANNS LEITAÐ** Allt stefnir í harða keppni um forstjórastól AGS þegar Dominique Strauss-Kahn hverfur úr embætti.

## SJÁVARÚTVEGUR

### Rækjuveiðar leyfðar

Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra hefur að tillögu Hafrannsóknastofnunar heimilað rækjuveiðar í sunnanverðum Breiðafirði. Leyfið nær til skipa innan við 105 brúttólestir og við veiðarnar skal varpa skipanna búin seiðaskilju.

## FÓLK

### Krabbameinsdeild fær gjafir

Krabbameinslækningadeild á Landspítalanum fékk tvær gjafir 11. apríl. Actavis gaf deildinni húsgögn í aðstandendaherbergi. Rebekkustúka númer fjögur í Oddfellow, Sigríður, færði deildinni fimm rafknúna hægindastóla.

Þrír karlmenn ákærðir fyrir ofbeldisverk:

# Fjötruðu mann og rændu

**DÓMSMÁL** Þrír karlmenn hafa verið ákærðir fyrir frelsissviptingu og rán.

Mönnunum er gefið að sök að hafa í sameiningu svipt karlmann á sextugsaldri frelsi sínu að heimili hans við Hringbraut í Reykjavík og beitt hann ofbeldi í því skyni að ná frá honum verðmætum.

Mennirnir gengu í skrokk á fórnarlambinu, slógu hann í andlit, tóku hann hálstaki, fjötruðu hann og tróðu tusku upp í munn hans og kefluðu hann, að því er segir í ákæru.

Þá neyddu þeir manninn til að millifæra 110 þúsund krónur af reikningi sínum yfir á reikning eins ofbeldismannanna, auk þess sem þeir söfnuðu verðmætum í íbúð hans, þar á meðal 80 þúsund krónum í peningum, og flutti einn ofbeldismannanna hluta verðmætanna af vettvangi.

Við atlöguna hlaut fórnarlambið roða og mar á handleggjum og höfði, auk þess sem hann fékk áfallastreituröskun.

Tveir ofbeldismannanna eru einnig ákærðir fyrir að hafa á sér amfetamín og maríjúana, þegar lögregla leitaði á þeim á lögreglustöð daginn eftir.

Fórnarlambið krefst tveggja milljóna króna í bætur. **- jss**



**VATNSENDI** Kópavogsbær áformaði mikla uppbyggingu við Vatnsenda og tók 864 hektara lands eignarnámi vegna hennar. Lítið hefur hins vegar orðið af uppbyggingu á svæðinu eftir bankahrunið haustið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hafna kröfu landeiganda á Vatnsenda

**Kópavogsbær er ekki bótaskyldur þó að ákvæði í eignarnámssamningi við landeiganda á Vatnsenda hafi ekki verið efnd að mati lögmanns bæjarins. Landeigandinn vill 7 milljarða króna auk vaxta.**

**DÓMSMÁL** Kópavogsbær hafnar alfarið kröfu landeiganda á Vatnsenda, sem vill um 6,9 milljarða króna í bætur vegna eignarnáms. Lögmaður bæjarins segir algeran forsendubrest hafa orðið í málinu.

Þorsteinn Hjaltested, landeigandi á Vatnsenda, hefur stefnt Kópavogsbæ eftir áralangar samningaviðræður sem hann telur engu hafa skilað. Stefnan verður þingfest næstkomandi miðvikudag.

Kópavogsbær gerði árið 2006 eignarnám á 864 hektörum lands við Vatnsenda. Landið var í eigu Þorsteins. Í kjölfarið var samið um bætur vegna eignarnámsins. Matsnefnd eignarnámsbóta komst að þeirri niðurstöðu árið 2007 að verðmæti sáttargerðarinnar væri á bilinu 6,5 til 8 milljarðar króna.

Þorsteinn fékk 2.250 milljóna króna bætur greiddar frá bænum. Auk þess hélt hann eftir 35 hektara lóð og samþykkti bærinn að skipuleggja þar íbúðabyggð. Þá átti Þorsteinn að fá nálægt tíunda hluta af íbúðum og atvinnuhúsnæði sem úthluta átti á svæðinu. Ekkert hefur hins vegar orðið af framkvæmdum á þessu svæði.

Samkvæmt upplýsingum frá Sigurbirni Þorbergssyni, lögmanni Þorsteins, hefur Kópavogsbær ekki sýnt fram á að bærinn geti eða vilji efna skuldbindingar sínar aðrar en þá greiðslu sem þegar hafi verið innt af hendi. Þorsteinn telur að þar sem bærinn hafi ekki staðið við áform um uppbyggingu beri honum að efna samninginn með því að borga fyrir landið.

Þorsteinn krefst nú ríflega 6,9 milljarða króna í bætur, auk dráttarvaxta frá árinu 2007.

„Þarna hefur orðið allsherjar forsendubrestur,“ segir Karl Axelsson, lögmaður Kópavogsbæjar í málinu.

> Það hefur orðið þarna allsherjar forsendubrestur.
>
> **KARL AXELSSON** LÖGMAÐUR KÓPAVOGSBÆJAR

Hann bendir á að ekkert hafi orðið af skipulagi byggðar á umræddu landsvæði af tveimur orsökum. Annars vegar hafi eftirspurn eftir lóðum hrunið í kjölfar bankahrunsins árið 2008.

Hins vegar segir Karl að hluti landsins sé á vatnsverndarsvæði og ekki hafi tekist að fá þeirri vernd aflétt. Það eigi við um það svæði sem Þorsteinn hafi haldið eftir. Þorsteinn hafi vitað af þeirri áhættu þegar samningurinn hafi verið undirritaður. Hann hafi ákveðið að taka þá áhættu, og eigi því sjálfur að sitja uppi með tjón vegna þess.

Karl segir að samningaviðræður hafi verið í gangi vegna málsins árum saman, og þeim verði eflaust haldið áfram þó að Kópavogsbæ verði stefnt fyrir dómstóla vegna þess.

brjann@frettabladid.is





Kynningarfundur um MPM-nám í HÍ í Námu, Endurmenntun HÍ, í dag, fimmtudaginn 19. maí kl. 17.30

MPM, meistaranám í verkefnastjórnun
- Spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi
- Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA)
- Skemmtilegir nemendur og heimsþekktir kennarar
- Opnar starfsvettvang víða í íslensku samfélagi og um allan heim
- Tveggja ára nám samhliða starfi
- Umsóknarfrestur er til 31. maí

Markmið MPM-námsins eru:
Að mennta og þjálfa nemendur í að takast á við margvísleg viðfangsefni með aðferðum verkefnastjórnunar. Einnig að mennta og þjálfa nemendur í sjálfstjórn, samskiptum, forystu, teymisvinnu og eflingu liðsheilda.

Vor í íslenskri verkefnastjórnun
Ráðstefna um verkefnastjórnun verður haldin á Hótel Sögu föstudaginn 20. maí kl. 13–17.

www.mpm.is
MPM MASTER OF PROJECT MANAGEMENT
HÁSKÓLI ÍSLANDS VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

NÝTT KORTATÍMABIL

Opið 9 til 22

# Sprengidagur

# 25% AFSLÁTTUR

## af öllum vörum

NEMA 20% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM

## 40% afsláttur af völdum vörum á morgunhanatilboði frá kl. 9-13

MAINE herrajakki



**Fullt verð** 15.990
**Morgunhanatilboð = 9.594,-**

Ungbarna "tux"sett



**Fullt verð** 8.990
**Morgunhanatilboð = 5394,-**

**Morgunhanatilboð**
**40% AFSLÁTTUR**
af öllum Maxi kjólum



**Morgunhanatilboð**
**40% AFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM**



**Morgunhanatilboð**
**40% AFSLÁTTUR**
af völdum hárvörum frá



JOHN FRIEDA COLLECTION

Hnífapör 16 stk



**Fullt verð** 3.490
**Morgunhanatilboð = 2.094,-**

Bleikir RH dömuskór



**Fullt verð** 3.790
**Morgunhanatilboð = 2.274,-**

Náttsloppur til í rauðu og kremuðu



**Fullt verð** 7.990
**Morgunhanatilboð = 4.794,-**

**Morgunhanatilboð**
**40% AFSLÁTTUR**
af öllum
sloggi®
nærbuxum

Hello Kitty stígvél



**Fullt verð** 4.790
**Morgunhanatilboð = 2.874,-**

**Ath. 25% aukaafsláttur af öllum útsöluvörum.**

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

fókus



**KEPPTI Í SKEGGPRÝÐI** Stoltur þátttakandi í heimsmeistarakeppni skeggprúðra sem haldin var í Þrándheimi í Noregi um helgina. Alls kepptu 163 menn frá fimmtán löndum um það hver væri með flottasta skeggið. NORDICPHOTOS/AFP

73 prósent íslenskra sjávarafurða fara til Evrópska efnahagssvæðisins:

# Útflutningsverðmæti jókst um tíund

**SJÁVARÚTVEGUR** Útflutningsverðmæti sjávarafurða árið 2010 nam 220,5 milljörðum króna og jókst um tíu prósent frá fyrra ári. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu Hagstofu Íslands sem ber heitið „Útflutningur og útflutningsframleiðsla sjávarafurða 2010“.

Fram kemur í tilkynningu Hagstofunnar að í tölunni séu teknar saman útflutningstölur og birgðabreytingar sjávarafurða. Af heildarútflutningi sjávarafurða fóru 73 prósent til Evrópska efnahagssvæðisins, 9,1 prósent til Asíu og 5,3 prósent til Norður-Ameríku.



**ÞORSKUR Í BALA** Frystar afurðir stóðu undir 55 prósentum útflutningsverðmætis sjávarútvegsins í fyrra, samkvæmt tölum Hagstofunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Framleiðslan mæld á föstu verði jókst um 6 prósent. Flutt-ar voru út sjávarafurðir að verðmæti 220,5 milljarðar króna og jókst verðmæti þeirra milli ára um 5,7 prósent en dróst saman í magni um 5,5 prósent,“ segir þar.

Fram kemur að í fyrra hafi verið flutt út 632 þúsund tonn, en 669 þúsund tonn árið 2009.

„Frystar afurðir skiluðu 55 prósentum af heildarútflutningsverðmæti. Af einstökum afurðum vó verðmæti blautverkaðs saltfisks úr þorski mest, 13,5 milljarðar króna.“ **- óká**

Kynnast börnum á Facebook:

# Fleiri níðingar nýta sér netið

**LÖGREGLUMÁL Kynferðisbrotum gegn börnum sem rekja má til samskipta á netinu hefur fjölgað um helming á síðustu fjórum árum. Yfirleitt villa gerendurnir á sér heimildir.**

**Barnahús fékk á borð til sín tuttugu mál í fyrra þar sem gerandi kynntist þolanda á netinu, í mörgum tilvikum á Facebook.**

**Þá hafa á síðustu tveimur árum komið upp sex mál þar sem eldri menn hafa keypt sér aðgang að grunnskólabörnum í gegnum netið. - mþl**








**DMITRÍ MEDVEDEV** Stærsti blaðamannafundur forsetans til þessa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


HÖFUNDAKVÖLD NORRÆNA HÚSSINS Í KVÖLD KL. 20

VERÐLAUNASKÁLD



Ingunn Ásdísardóttir þýðandi ræðir við verðlaunaskáldið Naju Marie Aidt, höfund Bavíana.

„Sorg og lífsgleði, sársauki, angist og huggun lýsa í gegnum smásögur *Naju Marie Aidts* á sígildan hátt, en jafnframt með nýskapandi röddun.“

Dómefnd bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs

BÓKMENNTA-VERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2008




HEIÐURSVERÐLAUN GYLDENDAL 2011

neon bjartur

GLÆNÝ BÓK Í NEON! KEMUR ÚT Í DAG.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.

vísir


# Svarar engu um framboð

**Medvedev segist ósammála Pútín um hve hratt eigi að nútímavæða Rússland. Ólíkt Pútín telur hann enga hættu stafa af olíujöfrinum Khodorkovskí.**

**RÚSSLAND, AP** Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti blés til mikils blaðamannafundar í gær þar sem hann svaraði spurningum í heila klukkustund.

Þótt hann hafi engu svarað um það hvort hann ætli að bjóða sig aftur fram til forseta næsta kjörtímabil má líta á blaðamannafundinn sem fyrsta skref hans í þá áttina að gera sig gildandi í augum þjóðarinnar gegn vini sínum Vladimír Pútín.

Hvorki Pútín né Medvedev hafa svarað því hvor þeirra ætli að bjóða sig fram í forsetakosningunum á næsta ári en þeir hafa þó sagt að þeir muni taka sameiginlega ákvörðun um það.

Pútín var forseti Rússlands í rúmlega tvö kjörtímabil, frá 1999 til 2008, og naut mikilla vinsælda meðal Rússa en mátti ekki bjóða sig fram til þriðja kjörtímabilsins í röð. Hann má hins vegar bjóða sig fram næst og hefur þá möguleika á að sitja í tólf ár samtals því kjörtímabilið hefur verið lengt úr fjórum árum í sex.

Medvedev lagði áherslu á að þeir Pútín væru að mestu sammála um stefnuna í öllum helstu málaflokkum en dró samt fram áherslumun í nokkrum veigamiklum málum.

Hann sagðist meðal annars ósammála Pútín um það hversu hratt ætti að nútímavæða Rússland.

„Hann telur að nútímavæðingin sé hægfara ferli sem þróast stig af stigi,“ sagði Medvedev. „En ég tel að við höfum bæði tækifæri og alla burði til að fara hraðar í þá nútímavæðingu.“

Aðspurður sagði Medvedev einnig enga hættu stafa af olíujöfrinum Mikhaíl Khodorkovskí, þótt hann væri látinn laus úr fangelsi. Hann vildi hins vegar engu svara um það hvort hann hefði í hyggju að náða hann.

Lögfræðingur Khodorkovskís fagnaði þessari yfirlýsingu en sagði næsta skref vera að gefa upp hvenær hann yrði látinn laus.

Mannréttindafrömuðir og stjórnarandstæðingar í Rússlandi hafa lengi barist fyrir því að Medvedev náði Khodorkovskí. Margir hafa talið réttarhöldin gegn Khodorkovskí ekkert annað en hefndarráðstöfun Pútíns, sem hafi látið fara svo mjög fyrir brjóstið á sér að Khodorkovskí hafi farið í harða samkeppni við rússneskan ríkisrekstur á olíufyrirtækjum. Erlendis hefur málið þótt hneisa fyrir rússnesk stjórnvöld.

Pútín hefur kallað Khodorkovskí þjóf og segir hann eiga ekkert annað skilið en að dúsa sem lengst í fangelsi. Medvedev hefur því greinilega dálítið aðrar áherslur í afstöðu sinni til Khodorkovskís en Pútín.

gudsteinn@frettabladid.is

markhonnun.is

# nettó

*Kræsingar & kostakjör*



**GRÍSAKÓTELETTUR**
FERSKAR

**51% afsláttur**

**998kr/kg**
áður 2.049 kr/kg

# SUMARLEG STEMMNING



**LAMBA RIB-EYE**
FERSKT

**25% afsláttur**

**2.999kr/kg**
áður 3.998 kr/kg



**KJÚKLINGABRINGUR**
FERSKAR

**1.998kr/kg**
Tilboðsverð!



**GRÍSAKÓTELETTUR**
RAUÐVÍNSKRYDDAÐAR

**28% afsláttur**

**1.079kr/kg**
áður 1.498 kr/kg



**BRATWURSTE**
GRILLPYLSUR
220 G 10 STK.

**175kr/pk.**
áður 219 kr/pk.



**GRILLPYLSUR**
10 STK. 480 G

**295kr/pk.**
áður 369 kr/pk.



**SÉRBÖKUÐ VÍNARBRAUÐ**
NÝ BÖKUÐ!

**50% afsláttur**

**90kr/stk.**
áður 179 kr/stk.

* Gildir ekki á Salavegi



**ANANAS**
FERSKUR

**50% afsláttur**

**148kr/kg**
áður 295 kr/kg

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

**Tilboðin gilda 19. - 22. maí**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

eða meðan birgðir endast






# Deilt um endastöð kjarnorkuúrgangs

**Meðan Þjóðverjar koma sér ekki saman um varanlegan geymslustað fyrir kjarnorkuúrgang hleðst hann upp í bráðabirgðageymslum. Þýskur jarðfræðingur krefst þess að úrganginum verði komið fyrir á öruggum stað meðan deilt er.**

**ÞÝSKALAND** „Við þurfum skammtímalosunarstað, og það strax,“ segir þýski jarðfræðingurinn Frank Schilling í viðtali við tímaritið Der Spiegel um kjarnorkuúrgang, sem fellur til úr kjarnorkuverum landsins.

Þjóðverjar hafa áratugum saman reynt að koma sér saman um varanlegan losunarstað fyrir úrganginn, sem væri örugg geymsla til eilífðar, eða svo gott sem. Ekki sér fyrir endann á þeim deilum og á meðan er úrgangurinn geymdur í gömlum saltnámum við bæinn Gorleben.

Shilling segir það engan veginn verjanlegt að geyma úrganginn öðruvísi en að urða hann í jörðu.

Þýsk stjórnvöld stefna að því að varanlegur geymslustaður verði tilbúinn innan 30 til 50 ára. Sá staður á að endast um ófyrirsjáanlega framtíð, en Schilling segir betra að finna öruggan stað til skemmri tíma.

„Frekar ætti að fá öruggan losunarstað til skemmri tíma, til dæmis til 500 ára, heldur en að halda áfram að geyma úrganginn til bráðabirgða á óöruggum stað á yfirborði jarðar,“ er haft eftir honum í Der Spiegel.

Fyrir um það bil áratug, meðan Sósíaldemókratar og Græningjar voru saman í ríkisstjórn Þýskalands, var tekin ákvörðun um að hætta smám saman allri kjarnorkuvinnslu í landinu. Gerð var áætlun um að loka síðasta kjarnorkuverinu árið 2022, en seint á síðasta ári, þegar hægri stjórn Angelu Merkel var komin til valda, var ákveðið að fresta því um áratug þannig að síðasta kjarnorkuverinu yrði ekki lokað fyrr en 2032.

Þetta snarbreyttist eftir kjarnorkuslysið í Japan nú í mars og ákvað Merkel þá að hraða áætlun um lokun kjarnorkuvera í staðinn fyrir að draga það verk á langinn.

Eftir stendur þó sá vandi, hvað gera skuli við kjarnorkuúrganginn, sem safnast hefur upp síðustu áratugi og heldur áfram að vera stórhættulegur í milljónir ára.

Þjóðverjar eru engan veginn eina þjóðin sem veit ekki hvað hún á að gera við kjarnorkuúrganginn. Bandaríkjamenn og Japanar eiga nú í viðræðum við Mongólíustjórn um hugsanlega geymslu kjarnorkuúrgangs.

Í Bandaríkjunum hafa lengi staðið deilur um áform um að setja upp geymslu fyrir kjarnorkuúrgang á Yucca-fjalli í Nevada, skammt frá landamærum Kaliforníu.

Í Ástralíu hafa harðar deilur staðið um geymslu kjarnorkuúrgangs í Norðurhéraðinu, þar sem landeigendur segjast ekki hafa verið hafðir með í ráðum. gudsteinn@frettabladid.is


**ÁRLEGUR FLUTNINGUR** Á hverju ári er mikill viðbúnaður þegar úrgangi úr kjarnorkuverunum er safnað saman og hann fluttur með lest til Gorlebens. Þessum tilfæringum fylgja jafnan fjölmenn og oft harðskeytt mótmæli. NORDICPHOTOS/AFP



# Kynning í verslunum Hagkaups dagana 19.-25. maí

## Þú finnur það sem hentar þinni húð í línunni frá **MARBERT**




**TILBOÐ**
**15%**
**afsláttur við kassa**




### Komdu og kynntu þér þessa frábæru línu sem hefur verið í þróun og framleiðslu í yfir 70 ár. Sérfræðingar okkar verða á staðnum og veita þér faglega ráðgjöf.

Marbert kynnir hreinsilínu og maska, Body línu með ferskum ilmum og 4 tegundir af farða, ásamt eftirfarandi kremlínum;

- **Aqua Booster**, meiriháttar rakabomba fyrir húðina.
- **Daily Care**, dag- og næturkrem sem innihalda Q10, C, A og E vítamín.
- **Pura Clean**, frábær árangur fyrir opna og bólótta húð.
- **Sens Comfort**, kremlína án paraben efna. Róar og nærir viðkvæma húð.
- **NO More Red**, kremlína án paraben efna. Kremið sem dregur verulega úr rósroða og styrkir háræðanetið.
- **Profutura**, styrkir og örvar náttúrulega starfsemi húðarinnar og seinkar öldrun hennar
- **Multi-Active Care**, vítamínbomba fyrir húðina. Tilvalið fyrir útivistarfólk, fullkomin vörn fyrir húðina.




Kaupauki að verðmæti 4.700kr

**Kaupauki fylgir þegar keyptar eru vörur að verðmæti 4.900kr eða meira í Marbert línunni.**

**Kaupaukinn er;**

- Snyrtitaska
- Bath & Body líkamskrem 50 ml
- Gloss, full stærð
- 24h Aqua Booster andlitskrem 5 ml
- Marbert farði 3 ml

Fæst í Hagkaup Kringlu, Holtagörðum, Smáralind, Skeifu, Spöng, Akureyri og Njarðvík.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# RISA

# L




# SA



ENNEMM / SÍA / NM46595

Nú erum við komin í algjöran sumarfíling með **geggjaða lagersölu** þar sem við veitum allt að **90% afslátt**. **Húsgögn**, **skrifstofuvörur**, **gjafavörur**, **dvd-diskar**, **tónlist**, **bækur** o.fl. **Í Holtagörðum alla daga frá kl. 12-18**.

## – Ekki sleppa þessu. Sjáumst í sumarskapi!

Skrifborðsstóll
**nú**
**17.999**
áður 24.161



Stóll
**nú**
**4.999**
áður 33.023



Stóll
**nú**
**7.499**
áður 33.353



Sófi
**nú**
**29.999**
áður 203.393





Skrifborð
**nú**
**9.900**
áður 76.955



**Hoppukastali,**
**pylsur og gos**
**fyrir börnin**



GOSVERKSMIÐJAN★KLETTUR



GER
A
ALLT AÐ
90%
AFSLÁTTUR
Í HOLTAGÖRÐUM
Kúlupenni Cross Townsend 10kt gull nú 3.999 áður 21.190
Tússpenni „fineliner“ 20 stk. nú 999 áður 6.899
Gjafarúlla Spiderman nú 99 áður 799
Fartölvuhlíf 15" bleik nú 999 áður 8.350
Elvis an American icon 2cd+dvd nú 499 áður 2.999
Leðurveski stórt. 3 litir nú 1.999 áður 8.990
Eymundsson
Bóksali frá 1872
Með þér í vinnunni

# neytendur
hagur heimilanna

**57 þúsund krónum** eyðir hvert heimili að meðaltali í mat í hverjum mánuði samkvæmt vef Hagstofu Íslands.

## GÓÐ HÚSRÁÐ ferskur aspas

*Hvernig geyma á aspas*



Til að viðhalda ferskleika aspas sem lengst þarf að meðhöndla hann svipað og nýafskorin blóm. Skolið aspasinn og skerið aðeins neðan af stönglunum með beittum hníf. Látið aspasinn standa í háu glasi með smá vatni í botninum, breiðið plastpoka lauslega yfir og stingið inn í ísskáp.

**NEYTANDINN:** ÁSTRÍÐUR VIÐARSDÓTTIR

## *Hægt að gera allt í iPhone 4*



„Verstu kaupin munu vera Marc Jacobs skór sem ég keypti í New York fyrir sex árum," segir Ástríður Viðarsdóttir skrifta í Kastljósi á RÚV. „Sagan er sem sagt þannig að ég var stödd í Saks á Fifth Avenue, flott á því með Valdísi vinkonu minni. Nema hvað, ég sé þessa yndislegu skó og afgreiðslumaður sem var eldri maður, frekar virðulegur og fallega klæddur, kemur til mín og dásamar skóna og spyr hvort ég vilji ekki máta. Ég hélt það nú og lagið „Move on up" byrjaði að hljóma í höfðinu á mér. Svo kemur hann með skóna og klæðir mig mjúklega úr skónum sem ég var í og í nýju, fínu skóna. Ég stend upp og finn þá strax að þeir eru vægast sagt óþægilegir – en horfi á starfsmanninn, lít á verðmiðann og bara keypti skóna á 550 dollara. Ég hef einu sinni notað þá í barnaafmæli sem var á milli fimm og sjö."

Ástríður er líka viss um hver bestu kaupin hafi verið. „Það er auðvitað iPhone 4 síminn. Það er hægt að gera allt í þessum síma. Ég læt hann minna mig á alls konar mikilvæga hluti, er með myndavél og upptökuvél í góðum gæðum, sem hefur oft komið sér vel." Þar að auki segist Ástríður nota símann eða forrit í símanum sem hluta af skemmtiatriði, og nefnir sérstaklega forritið Cassius. „Svo er auðvitað hægt að skella sér hvar sem er og hvenær sem er á netið, en það sem mér finnst ótrúlegast er forritið Shazam sem virkar þannig að ef þú heyrir gott lag geturðu notað forritið og síminn segir þér hvað lagið heitir. Svo er síminn líka svo smart!"

**Rafhlöður og hleðslutæki**

## Minnst tveggja ára ábyrgð

Samkvæmt lögum um neytendakaup (þegar neytandi kaupir af fyrirtæki) er kvörtunarfrestur vegna hluta sem ætlaður er verulega lengri endingartími ýmist tvö eða fimm ár, að því er fram kemur á vef Neytendasamtakanna. Ekki má semja um styttri tíma eða nefna styttri frest í skilmálum eða á kvittun. Þetta þýðir að ef neytandi kaupir gallaðan hlut getur hann kvartað ef gallinn kemur fram innan tveggja ára frá kaupunum. Þessi tveggja ára regla gildir því jafnt um rafhlöður og hleðslutæki eins og annað.




Hins vegar þarf að leiða líkur að því að um galla sé að ræða, en ekki til dæmis eðlilegt slit eða skemmdir vegna rangrar notkunar. Komi galli fram innan sex mánaða frá kaupum er þó litið svo á að gallinn hafi verið til staðar við kaupin, nema seljandi sanni annað.

Ef um galla er að ræða ber því seljanda að bæta úr því ef hleðslutæki eða rafhlaða í fartölvu eða síma reynist gölluð. Sú skylda fellur hins vegar niður ef ekki er um galla að ræða, ef til að mynda sýnt er fram á að þessi tæki séu notuð vitlaust eða skemmd eða ef um eðlilegt slit er að ræða.

## Gaskútar og áfylling

| Verslun | 2 kg málmkútur tómur | 2 kg málmkútur áfylling | 5 kg plastkútur tómur | 5 kg plastkútur áfylling | 6 kg málmkútur tómur | 6 kg málmkútur áfylling | 9 kg málmkútur tómur | 9 kg málmkútur áfylling | 10 kg plastkútur tómur | 10 kg plastkútur áfylling | 11 kg málmkútur tómur | 11 kg málmkútur áfylling |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Byko** | | | 12.500 | *2.350* | | | | | 12.500 | *4.490* | | |
| **Ellingsen** | 1.829 | *1.516* | 12.590 | *2.236* | 3.500 | *3.022* | | | 13.310 | *3.996* | 2.005 | *4.380* |
| **Húsasmiðjan** | | | 12.590 | *3.168* | | | | | 13.311 | *5.449* | 2.999 | *5.753* |
| **N1** | 1.500 | *1.720* | 12.550 | *2.855* | 3.735 | *3.430* | 2.000 | *4.785* | 13.305 | *5.320* | 4.230 | *5.840* |
| **Olís** | 1.829 | *1.516* | 12.590 | *2.236* | 3.500 | *3.022* | | | 13.310 | *3.996* | 2.005 | *4.380* |
| **Skeljungur** | 2.020 | *1.900* | 12.950 | *3.000* | 3.018 | *3.340* | 2.000 | *4.730* | 13.390 | *5.000* | 4.275 | *5.480* |

Allar tölur eru í krónum

# Steikja á grillkjötið vel en ekki láta það brenna

**Mikilvægt er að láta fryst kjöt þiðna vel áður en það er sett á grillið. Sé kjúklingur ekki alveg þiðnaður getur hann verið hálfhrár að innan þótt svo líti út sem hann sé fulleldaður á grillinu. Þá er hætta á að mögulegar bakteríur í kjúklingnum geti valdið sýkingu.**



GRILLMATUR Grilla á rétt til þess að komast hjá sýkingum og veikindum vegna heilsuspillandi efna.

Þetta eru nokkur þeirra atriða sem hafa ætti í huga nú þegar grillvertíðin er hafin. Best er að þíða fryst kjöt í ísskáp en það getur tekið um sólarhring.

Marinering bætir oft bragðið en það geta leynst bakteríur úr kjötinu í marineringunni. Þess vegna á ekki að pensla kjöt sem tilbúið er á grillinu með vökvanum. Það á heldur ekki að nota marineringuna sem efni í sósu nema tekinn hafi verið frá sérstaklega hluti til sósugerðarinnar.

Mikilvægt er að steikja í gegn svínakjöt, kjúkling, hráar pylsur og hamborgara. Bakteríur, sem eru á yfirborði kjötstykkis, dreifast um allt kjötið þegar það er hakkað og þess vegna er nauðsynlegt að steikja í gegn alla rétti úr hakki. Gæta þarf þess þó að maturinn brenni ekki því að þá geta heilsuskaðleg efni myndast. Sé kolagrill notað á að bíða þar til kolin verða grá. Ekki þarf að steikja í gegn nautakjöt og lambakjöt sem ekki hefur verið hakkað.

Nota á önnur áhöld og ílát undir kjötið sem búið er að grilla en þau sem notuð voru undir hráa kjötið.

Hafi afgangar verið lengur í stofuhita en í tvær klukkustundir á að fleygja þeim.

Skiptar skoðanir eru um hvort betra sé að grilla á kolagrilli eða gasgrilli. Gasgrill þykja þægilegri og verða æ algengari en mörgum finnst sem ekki komi almennilegt grillbragð af matnum nema grillað sé á kolum. Lóðrétt kolagrill þykja góður kostur ef menn eru óþolinmóðir.

> Hafi afgangar verið lengur í stofuhita en í tvær klukkustundir á að fleygja þeim.

Þeir sem vilja losa sig við gaskúta fyrir fullt og allt geta yfirleitt fengið þá endurgreidda eða innleggsnótu samkvæmt upplýsingum frá söluaðilum sem hafa lækkað verð á vinsælustu stærðinni af málmkútum. Það mun hafa verið gert til þess að draga úr áhuga þjófa á þeim.

24. maí er síðasti dagurinn sem þú hefur til að hafa áhrif á niðurstöður í atkvæðagreiðslunni um kjarasamningana

Mundu að skila atkvæði þínu tímanlega. Ekki geyma það til síðasta dags

FLÓABANDALAGIÐ EFLING STÉTTARFÉLAG V.L.F. HLÍF VSFK

ATH! Atkvæði í póst skilist í síðasta lagi 20. maí

# SUMAR TILBOÐ

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl



SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

LACIE

### 8GB MINNISLYKILL

Minnislykill sem er svo örsmár að þú þarft að passa þig að týna honum ekki

**4.990**

4GB 2.990 • 16GB 9.990



SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

3 LITIR

LACIE

### 500GB FLAKKARI

Örsmár LaCie Rikiki GO flakkari með innbyggðri USB snúru, fæst í silfur, bláum eða rauðum lit

**12.900**

320GB 9.990 • 1TB 19.900



SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

USB 3.0

10X HRAÐARA TENGI OG SAMHÆFT VIÐ ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA

LACIE

### 1TB FLAKKARI

LaCie Minimus er glæsilegur 1TB USB 3.0 flakkari í höggvörðu burstuðu álhúsi

**12.900**

2TB LACIE MINIMUS 19.900

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo packard bell SONY TOSHIBA

**213** **ER SKULDATRYGGINGARÁLAG RÍKISSJÓÐS** Það hefur ekki verið lægra í tæp þrjú ár. Hæst fór það í um 1.500 stig í bankahruninu í október 2008. Þetta merkir að leggja þarf fram 2,13 prósent af nafnvirði skuldabréfa til fimm ára til að tryggja þau gegn greiðslufalli.

Landspítalinn getur lækkað símakostnað mikið:

# Nota íslenskan hugbúnað fyrir farsíma

„Þegar fólk hringir með okkar tækni á ferðum sínum erlendis þá getur það lækkað símakostnaðinn um 98 prósent,“ segir Birkir Marteinsson, einn stofnenda sprotafyrirtækisins Amivox.

Fyrirtækið hefur gert samkomulag við Landspítalann sem veitir starfsfólki spítalans aðgang að símaþjónustu Amivox og annarri símatækni sem fyrirtækið hefur þróað. Með samningnum geta starfsmenn Landspítalans hringt mjög ódýrt á milli landa.

Til að nýta sér símtækni Amivox þarf að sækja hugbúnað í netverslun og setja hann upp í farsíma. Hugbúnaðurinn gerir þeim sem hafa sett hann upp kleift að hringja á milli landa með mun ódýrari hætti en áður. Birkir tekur sem dæmi að um 350 krónur kosti að hringja úr farsíma heim frá Bandaríkjunum. Með tækni Amivox kosti símtalið hins vegar sjö krónur.

Rúmlega 21 þúsund manns í öllum heimsálfum nýtir sér tækni Amivox í dag, að sögn Birkis. - jab



**LÆKKA KOSTNAÐ** Starfsfólk Landsspítalans getur lækkað símkostnað sinn verulega á ferðum sínum erlendis, segir Birkir hjá Amivox. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Færeyingar kaupa banka sem fór á hliðina í febrúar:

# BankNordik verður helmingi stærri

Færeyski bankinn BankNordik, áður Föroya Bank, hefur keypt Amagerbanken í Danmörku. Amagerbanken fór í þrot í febrúar og varð úr að danska bankasýslan tók hann yfir. Danska fjármálaeftirlitið á eftir að samþykkja kaupin. Gangi allt eftir greiðir BankNordik 235 milljónir danskra króna, jafnvirði um 5,2 milljarða króna.

Færeyingarnir taka aðeins yfir ákveðna starfsemi Amagerbanken en skilja verstu partana eftir hjá bankasýslunni. Þar á meðal eru skuldir tvö hundruð fyrrum viðskiptavina hans sem nema tólf milljörðum danskra króna.

Danska viðskiptablaðið Börsen hafði í gær eftir Janus Petersen bankastjóra að kaupin væru í samræmi við stefnu BankNordik um að vaxa í Danmörku.

Í blaðinu kemur fram að efnahagsreikningur bankans stækki um rúman helming. Þar af fari innstæður úr 8,9 milljörðum danskra króna í 14,2 milljarða. - jab



**EINBEITTUR BANKASTJÓRI** Janus Petersen, bankastjóri BankNordik, sem hér er fremstur á myndinni, segir stefnuna að stækka í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Segir höft halda gengi krónu óeðlilega lágu

**Helstu hagstærðir ættu, að mati forstjóra Kauphallarinnar, fremur að auka áhuga fjárfesta á Íslandi en letja og ýta undir styrkingu á gengi krónunnar. Hann segir skorta rökstuðning fyrir nauðsyn á að viðhalda gjaldeyrishöftum.**

Ótti við hrun krónunnar við afnám gjaldeyrishafta er ástæðulaus að mati Páls Harðarsonar, forstjóra Kauphallarinnar. Hann telur afnám haftanna líklegra til að ýta undir styrkingu gengisins en hitt.

Páll gagnrýnir harðlega áætlun Seðlabankans og stjórnvalda um afnám gjaldeyrishaftanna og segir skorta á rökstuðning fyrir nauðsyn haftanna. Hann flutti í gær erindi um höftin á opnum fundi Varðar, fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.

Páll bendir á að hagstærðir séu í flestum tilvikum hagstæðar og ættu fremur að ýta undir styrkingu gengis krónunnar en hitt. Þannig sé raungengi krónu fimmtungi undir meðaltali síðustu þrjátíu ára og helstu hagstærðir sýni að gengi hennar sé vanmetið, um það séu helstu hagfræðingar sammála.

„Höftin gætu haldið genginu óeðlilega lágu um langt skeið og þar með dregið úr kaupmætti almennings,“ segir hann og bendir á að gjaldeyrishöft hækki fjármagnskostnað þjóðarinnar, dragi úr tiltrú á hagkerfinu og takmarki aðgengi þjóðarinnar að fjármagni.

„Höftin endurspegla trú stjórnvalda á eigin verk,“ segir Páll og telur að afnám þeirra myndi leiða til hækkunar lánshæfismats landsins og flýta fyrir styrkingu gengis krónunnar. Þá bendir Páll á að viðvarandi gjaldeyrishöft og óskýr áætlun um afnám þeirra dragi úr aga við ákvarðanatöku vegna skorts á skýrum markmiðum til að stefna að. Þá skýli gjaldeyrishöft stjórnvöldum fyrir afleiðingum lélegra ákvarðana, verji atvinnulífið fyrir samkeppni og beini einkaaðilum úr arðbærum verkefnum í „rentusókn“.

Páll segir erfitt að meta kostnað við gjaldeyrishöftin, sem í sjálfu sér búi til hvata til að viðhalda þeim. „Á Austurvelli er enginn mælir sem tifar og sýnir hversu mörgum milljörðum þjóðarbúið verður af í hverjum mánuði.“

Aðferðafræðin um afnám haftanna krefst, að mati Páls, gagngerrar endurskoðunar, en áætlunin sem kynnt hafi verið um afnám hafta sé bæði svartsýn og lítt rökstudd. Undir það hafi meðal annars verið tekið í greiningu JP Morgan í aprílbyrjun. Þá segir hann veikt gengi á markaði með aflandskrónur ekki vera vísbendingu um gengisþróun krónunnar. „Gjaldeyrishöftin halda aflandsgenginu lágu,“ segir Páll og telur að afnema megi gjaldeyrishöft á nokkrum mánuðum.

olikr@frettabladid.is



**PÁLL HARÐARSON** Forstjóri Kauphallar Íslands segist ekki vita til þess að mat hafi verið lagt á kostnað við gjaldeyrishöft hér á landi. „Það mat er þá vel falið í skúffu einhvers staðar,“ sagði hann á fundi í Valhöll í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Á Austurvelli er enginn mælir sem tifar og sýnir hversu mörgum milljörðum þjóðarbúið verður af í hverjum mánuði.
>
> **PÁLL HARÐARSON**
> FORSTJÓRI KAUPHALLAR ÍSLANDS

Vodafone á Íslandi kaupir samkeppnisrekstur Fjarska, fyrirtækis Landsvirkjunar:

# Kerfi sem nær til flestra landshluta

Vodafone hefur fest kaup á þeim hluta fjarskiptakerfis Fjarska ehf. sem þjónustar samkeppnismarkað.

„Samningurinn var gerður í kjölfar útboðs, eftir að stjórn Fjarska ákvað að draga fyrirtækið út úr samkeppnisrekstri og sinna framvegis eingöngu sérhæfðri öryggisfjarskiptaþjónustu vegna raforkukerfisins,“ segir í sameiginlegri tilkynningu fyrirtækjanna, en Fjarski er hluti Landsvirkjunarsamstæðunnar.

Vodafone tekur yfir allar skuldbindingar Fjarska gagnvart núverandi viðskiptavinum fyrirtækisins. Með kaupunum er Vodafone sagt eignast fjarskiptakerfi sem nái til flestra landshluta.

„Verður nýja kerfið viðbót við núverandi grunnnet Vodafone sem byggir á 1.800 kílómetra löngum ljósleiðara sem liggur hringinn í kringum landið, þar með talið um Vestfirði,“ segir í tilkynningu fyrirtækjanna og áréttað að Vodafone eigi jafnframt „fjölmarga fjarskiptastaði á hálendinu“ sem séu „undirstaða langdrægs GSM kerfis fyrirtækisins“. - óká



**UNDIRSKRIFT** Bjarni Maríus Jónsson og Ómar Svavarsson gengu í fyrradag frá samningi um kaup Vodafone.




Stjórnarskrá lýðveldisins varðar okkur öll

Fylgist með störfum Stjórnlagaráðs og hafið áhrif á endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins.
Bein útsending frá sameiginlegum fundi ráðsins er á hverjum fimmtudegi kl. 13 á vefsíðu ráðsins:
**www.stjornlagarad.is.** Fundirnir eru opnir almenningi. Öll gögn ráðsins má finna á vefsíðunni.

Vefslóð Stjórnlagaráðs: www.stjornlagarad.is

Þjóð til þings
Stjórnlagaráð 2011

Stjórnlagaráð, Ofanleiti 2, 103 Reykjavík - sími: 422-4400 - netfang: skrifstofa@stjornlagarad.is - vefslóð: www.stjornlagarad.is


ÚTILÍF
20% AFSLÁTTUR
AF GÖNGUSKÓM
TILBOÐIÐ GILDIR FRÁ FIMMTUDEGI TIL MÁNUDAGS, 19. TIL 23. MAÍ.
HALTU ÞÉR GANGANDI Í SUMAR OG SKOÐAÐU LANDIÐ AF TINDUM FJALLANNA.
TREZETA
MEINDL
SCARPA
THE NORTH FACE
TILBOÐ 39.990 KR.
MEINDL ISLAND PRO GTX
Hálfstífir og margrómaðir. Fáanlegir í dömu og herra útfærslu.
Almennt verð: 49.990 kr.
TILBOÐ 39.990 KR.
SCARPA LADAKH GTX
Traustir skór sem styðja vel við á langri göngu.
Almennt verð: 49.990 kr.
TILBOÐ 28.790 KR.
SCARPA KAILASH GTX
Flottir og þægilegir. Fáanlegir í dömu og herra útfærslum.
Almennt verð: 35.990 kr.
TILBOÐ 20.790 KR.
TNF ULTRA 105 GTX
Léttir, lágir og þægilegir göngu og hlaupaskór. Fáanlegir í dömu og herra útfærslu.
Almennt verð: 25.990 kr.
TILBOÐ 15.990 KR.
Gore-Tex: 21.590 KR.
TNF HEDGEHOG III
Fáanlegir í dömu og herra útfærslu.
Almennt verð: 19.990 kr./26.990 kr.
TILBOÐ 31.990 KR.
MEINDL KANSAS GTX
Sérlega þægilegir og traustir, Gore-Tex vatnsvörn. Fáanlegir í dömu og herra útfærslu.
Almennt verð: 39.990 kr.
TILBOÐ 39.990 KR.
SCARPA HEKLA GTX
Klassískir gönguskór fyrir dömur.
Almennt verð: 49.990 kr.
TILBOÐ 18.390 KR.
TREZETA MAYA
Vel vatnsvarðir og gott verð! Fáanlegir í dömu og herra útfærslu.
Almennt verð: 22.990 kr.
TILBOÐ 22.390 KR.
TNF VINDICATOR MID GTX
Þægilegir í léttar göngur. Fáanlegir í dömu og herra útfærslu.
Almennt verð: 27.990 kr.
TILBOÐ 11.190 KR.
TREZETA IDAHO JR.
Vatnsvarðir barna gönguskór.
Léttir og liprir.
Almennt verð: 13.990 kr.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samkeppnisstaða Íslands versnar.

## Fara markmiðin saman?

Markaðurinn, fylgirit Fréttablaðsins um viðskipti, sagði í gær frá nýrri mælingu svissneska viðskiptaháskólans IMD á samkeppnishæfni ríkja. Ísland sígur um eitt sæti á listanum, niður í það 31. en var árið 2006 í fjórða sætinu. Flest lönd sem við viljum bera okkur saman við eru miklu ofar á listanum.

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir í Markaðnum að niðurstöðurnar beri efnahagslegri stöðnun hér á landi vitni. Staðfest sé að samfélagslegir innviðir séu sterkir, en hvað varðar efnahagslega framvindu reki Ísland lestina, enda hafi hagvöxtur verið neikvæður hér á landi og fjárfesting hverfandi. Þá sé vandamál hversu fáir útskrifist úr námi í raunvísindum og tæknigreinum á Íslandi.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir í úttekt Markaðarins að áhrifa fjármálakreppunnar gæti þar sem staða Íslands fari versnandi í mælingu IMD. Þar nefnir hann meðal annars erlenda fjárfestingu, aukna skuldsetningu ríkisins, verðbólguskot og fjármögnunarkostnað.

Það er út af fyrir sig rétt hjá ráðherranum, en samt ekki alveg svona einfalt. Ein ástæða þess að lítið gengur að auka erlenda fjárfestingu hér á landi er til dæmis neikvæð afstaða ráðherra í ríkisstjórninni til hennar og ekki útlit fyrir að það breytist.

Annað sem fær mjög lága einkunn í mælingunni er stofnanakerfi ríkisins. Það hrundi ekki í fjármálakreppunni en hún leiddi hins vegar í ljós veikleika stofnana- og lagaramma viðskiptalífsins, sem enn hafa ekki verið lagfærðir nema að mjög takmörkuðu leyti. Stjórnarflokkunum virðist meira í mun að finna sökudólga vegna fjármálahrunsins, eins og ákæran á hendur Geir H. Haarde fyrir landsdómi sýndi, en að vinna markvisst í stofnanaumbótum sem nauðsynlegar eru í framhaldi af rannsóknarskýrslu Alþingis.

Árni Páll segir að samkeppnishæfni verði að tryggja með því að „brjóta niður alla múra forréttinda og sérréttinda í einstökum atvinnugreinum og hvetja til nýliðunar og nýsköpunar". Kannski er hann þarna að tala um hugmyndir ríkisstjórnarinnar um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Hann gleymir þá að þær ganga að stórum hluta út á að draga úr hagkvæmni í kerfinu og auka pólitísk afskipti af fiskveiðum. Slíkt hefur aldrei styrkt samkeppnishæfni nokkurrar atvinnugreinar.

Ríkisstjórnin þarf að vinna að því að auka samkeppnishæfni landsins á öllum sviðum. Í sumum tilvikum fer það markmið hins vegar alls ekki saman við önnur markmið hennar, eins og að halda erlendum fyrirtækjum utan við orkugeirann, berjast gegn fjárfestingum álfyrirtækja, auka opinber afskipti og forsjá og snúa fiskveiðistjórnunarkerfinu á hvolf. Þá er spurningin hvort menn telja mikilvægara og hvort er líklegra til að tryggja lífskjör í landinu til lengri tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### 520 þúsund króna fólkið

Tryggvi Þór Herbertsson og Lilja Mósesdóttir eru ekki hrædd við almenningsálitið. Þau hafa stigið fram og kvartað undan því að laun þingmanna séu miklu lægri en tíðkist erlendis og fæli tekjuháa frá starfinu. Lilja segir að „offramboðið á þingmannsefnum", sem sumir hafa nefnt, takmarkist fyrst og fremst við fólk sem er með minna en 520 þúsund krónur á mánuði. Umræðan er góðra gjalda verð en þarf samt að vera á skynsömum nótum. Lilja mætti til dæmis svara tveimur spurningum: Eru einhverjir á berstrípuðu 520 þúsund króna þingfararkaupi? Svarið er eflaust nei. Og af hverju hugnast henni það illa að láglaunafólk veljist á þing?



### Nóg af góðu fólki

Svo er það hitt, að það hefur enginn hörgull verið á fólki sem er reiðubúið að skerða við sig kjörin til að hafa áhrif á samfélagið. Launin öftruðu til dæmis ekki Tryggva frá að bjóða sig fram. Og ekki Lilju, sem var örugglega prýðilega launuð sem háskólaprófessor. Ekki heldur Birni Val Gíslasyni, þótt hann hafi vakið máls á því að hann hafi þénað mun meira til sjós. Nú eða Pétri Blöndal, sem hefur sagst vera skapi næst að hætta bara á þingi, svo rýrt sé kaupið. Samt er hann þar enn. Og þau öll. Er kannski bara ágætt að vita til þess að frambjóðendur til þings séu að sækjast eftir einhverju öðru en peningum?

### Nordjobb?

Ekki má heldur gleyma að það eru ansi margar stéttir á Íslandi – líklega flestar – sem hafa þurft að þola kjararýrnun frá hruni og standast engan veginn samanburð við kollega sína í nágrannalöndunum. Til dæmis má nefna hjúkrunarfræðinga. Lilja og Tryggvi geta kannski gert eins og þeir og freistað þess að fá vinnu á Norðurlöndum í sumarfríum til að draga fram lífið – eða viðhalda öllu heldur lífistandardinum.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Skattahækkanir í Reykjavík voru óþarfar

Skattamál



Hanna Birna Kristjánsdóttir
oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn

Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2010, sem lagður var fram í borgarstjórn á þriðjudag, staðfestir þann mikla árangur sem náðist með nýjum vinnubrögðum og góðri sátt á síðasta kjörtímabili. Með samstilltu átaki allrar borgarstjórnar og borgarstarfsmanna tókst þrjú ár í röð, þrátt fyrir kreppu, að skila rekstri borgarinnar með góðum afgangi og það án nokkurra skatta- eða gjaldskrárhækkana. Sú niðurstaða er enn ein staðfesting þess að opinberir aðilar geta hagrætt og sparað þannig í eigin kerfi að hægt sé að standa með íbúum, kjörum þeirra og hag.

> Það er mjög óábyrgt og vanhugsað að varpa slíkum byrðum yfir á borgarbúa.

Á þessa staðreynd höfum við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítrekað bent núverandi meirihluta og einnig að ekki væri þörf á þeim miklu gjaldskrár- og skattahækkunum sem nú hafa verið þvingaðar fram í Reykjavík. Það er mjög óábyrgt og vanhugsað að varpa slíkum byrðum yfir á borgarbúa. Fyrir barnafjölskyldur í borginni kalla þessar hækkanir meirihlutans að meðaltali á um 150.000 króna útgjaldaauka á hverju ári. Þessi háa tala bætist ofan á skattahækkanir ríkisstjórnarinnar, en samkvæmt nýlegri rannsókn OECD hefur skattbyrðin þyngst mest milli ára á Íslandi af öllum OECD-ríkjunum. Kjörnir fulltrúar þessa lands hafa þannig að undanförnu farið offari í að láta almenning bera byrðarnar og því miður hefur meirihluti borgarstjórnar ákveðið að fara sömu leið og auka álögur á borgarbúa, í stað þess að byggja á árangri og reynslu liðinna ára.

Ársreikningurinn 2010 staðfestir að sú leið meirihluta Besta flokksins og Samfylkingarinnar er ekki aðeins röng og ósanngjörn, heldur með öllu óþörf. Ég árétta því eina ferðina enn hvatningu mína til meirihlutans um að endurskoða þessar ákvarðanir og láta íbúa en ekki kerfið njóta þess fjárhagslega ávinnings og afgangs sem þessi síðasti ársreikningur fyrri meirihluta skilar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Allir eru jafnir fyrir lögum

Í DAG

Þorvaldur Gylfason
prófessor

Stjórnlagaráð leggur í hverri viku fram tillögur að texta nýrrar stjórnarskrár. Textinn birtist í áfangaskjali á vefsetri ráðsins (stjornlagarad.is). Þar getur hver sem er kynnt sér textann og gert tillögur um breytingar á honum. Hugsunin á bak við þetta fyrirkomulag er að þjóðin sjálf setur sér nýja stjórnarskrá, þótt stjórnlagaráðið hafi verið kosið og síðan skipað til að sitja við lyklaborðin. Það er hugur í ráðinu, ríkur samhugur. Þess má vænta, að lokagerð textans muni, þegar allir hnútar hafa verið hnýttir, geyma ýmis nýmæli og horfa til framfara svo sem þjóðfundurinn í október 2010 kallaði eftir og stjórnlagaráðinu ber samkvæmt lögum að taka mið af. Hrunið land þarf hreint borð.

**Jafnréttisákvæði**

Fyrstu tillögurnar í áfangaskjalinu lúta meðal annars að mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Hann stendur aftarlega í núgildandi stjórnarskrá, en við leggjum til, að hann verði fluttur fremst og birtist strax á eftir innganginum, vonglaðri viljayfirlýsingu, sem hæfist til dæmis á orðunum „Við Íslendingar ...“ . Fyrsta eða önnur grein mannréttindakaflans geymir jafnréttisákvæði í samræmi við alþjóðlegar mannréttindaskrár, sem Ísland hefur undirritað og fullgilt. Jafnréttisákvæðið mun hljóða svo að tillögu stjórnlagaráðs: „Allir eru jafnir fyrir lögum og skulu njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, litarháttar, skoðana, stjórnmálatengsla, trúarbragða, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.“ (Hér mætti heldur standa: „ætternis eða stöðu að öðru leyti.“)

Hér er stungið upp á tveim meginfrávikum frá gildandi stjórnarskrártexta. Í fyrsta lagi hefur orðalaginu „njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, ...“ verið breytt í „njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, ...“ Hér er því kveðið skýrar að orði en áður um bann við mismunun með því að nefna manngreinarálit í textanum. Orðið mismunun (e. discrimination) kemur fyrir þrisvar í enska textanum í samsvarandi greinum í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, en það kemur hvergi fyrir í gildandi stjórnarskrá. Á þessu viljum við ráða bót.

Í annan stað hefur nokkrum nýjum atriðum verið bætt inn í upptalninguna á eftir orðunum „án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, ...“ Þar munar kannski mest um orðin „skoðana, stjórnmálatengsla, trúarbragða, ...“ Orðið í miðjunni, stjórnmálatengsl, er nýmæli. Alþjóðlegar mannréttindaskrár láta sér yfirleitt duga að telja upp stjórnmálaskoðanir og aðrar skoðanir, trúarbrögð, o.s.frv. Við teljum flest, að landlæg stjórnmálaspilling og klíkuskapur hér heima kalli á skýrt bann við mismunun vegna stjórnmálatengsla auk annars eins og Illugi Jökulsson lýsti vel í ræðu sinni í stjórnlagaráðinu fyrir viku. Þessari tillögu að banni við mismunun vegna stjórnmálatengsla er síðan fylgt eftir með tillögu að svohljóðandi texta aftar í stjórnarskránni: „Við skipun manna í embætti skal einungis líta til hæfni og málefnalegra sjónarmiða.“ Svíar hafa sams konar ákvæði í sinni stjórnarskrá. Í dómstólakaflanum er til frekari áréttingar lagður til þessi texti: „Tryggt skal með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara. Lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjenda.“ Einhugur er í ráðinu um, að óbreytt fyrirkomulag á skipun dómara kemur ekki til greina.

> Við nálgumst strönd draumalandsins. Þegar þangað kemur, getum við sleppt upptalningunni.

Sumir kysu helzt að hafa jafnræðisákvæðið stutt og laggott og sleppa upptalningunni: „Allir eru jafnir fyrir lögum og skulu njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits.“ Þannig gæti ákvæðið hljómað í draumalandi, þar sem mismunun heyrir sögunni til. Þangað erum við ekki komin enn. Fatlað fólk nýtur til dæmis ekki fullra réttinda í okkar samfélagi, og þess vegna þarf að hnykkja á réttindum fatlaðra eins og Freyja Haraldsdóttir hefur rakið öðrum betur á fundum ráðsins. Þarna fylgjum við fordæmi margra annarra stjórnarskráa og alþjóðlegra mannréttindasáttmála. Við nálgumst strönd draumalandsins. Þegar þangað kemur, getum við sleppt upptalningunni.

**Ráðherrar utan þings, færri þingmenn**

Í tillögum stjórnlagaráðs að stjórnarskrártexta um störf Alþingis segir svo: „Sé alþingismaður skipaður ráðherra víkur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embætti og tekur varamaður þá sæti hans.“ Hér er komið til móts við tillögu þjóðfundarins um, að ráðherrar sitji ekki á Alþingi. Tillagan miðar að því að auka sjálfstæði Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Tillagan skapar jafnframt skilyrði til að fækka þingmönnum um sem nemur fjölda ráðherra að minnsta kosti. Þingmenn þyrftu því ekki að vera fleiri en til dæmis 53, helzt enn færri. Dönum dugir einn þingmaður á hverja 30.000 íbúa líkt og Finnum, Norðmönnum og Svíum. Það þýðir í sjálfu sér ekki, að okkur myndu duga tíu þingmenn. En okkur ættu að duga til dæmis 37 þingmenn eða 43, eða 53 í mesta lagi.

## ÚR ERLENDUM LEIÐURUM

### Hert tök gegn skipulögðum glæpum

Tölfræðin sýnir að ofbeldið sem leiðir til dauða er í allt ríkari mæli afleiðing glæpastarfsemi, eins og til dæmis uppgjörs glæpagengja.

Hér sést vel hversu takmörkuð mjúka aðferðin í baráttunni gegn glæpum, sem hefur verið ráðandi í landinu alltof lengi, er.

Batnandi félagslegt umhverfi hefur dregið úr morðum sem framin eru í ölæði og slagsmálum innan veggja heimilanna en það hefur ekki áhrif á skipulagða glæpastarfsemi. Það er kominn tími til að horfast í augu við að skipulögð glæpastarfsemi er í sérklassa og að taka þarf á henni með aðferðum í sérklassa.

www.svd.se/opinion/ledarsidan

**Úr leiðara Svenska dagbladet**

### Svartir og hvítir kettir

Það yrði molbúahagfræði ef ríkisstjórnin ætlar að verja mestu af hagnaðinum af eftirlaunaumbótunum í hert tök gegn útlendingum sem minnka samkeppnishæfni og hæfileika Danmerkur til þess að laða að gæðavinnuafl erlendis frá.

Ef við hér í Danmörku eigum að reyna að vera með í uppsveiflunni, sem sem betur fer er í fjölda landa sem fyrir stuttu voru kölluð þróunarlönd, neyðumst við til þess að auka flæði hæfs vinnuafls. Það skiptir engu máli hvort kettirnir eru svartir eða hvítir ef þeir geta veitt mýs.

www.politiken.dk/debat/ledere

**Úr leiðara Politiken**

Góðir fyrir bakið!
Veltikollar og hnakkstólar


Topstar
Die Drehstuhlmarke
Made in Germany
Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is

www.meiraprof.is
Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU

ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN
KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK
ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00


# Hvernig á lögreglumaður að vinna vinnu sína?

Störf lögreglu

G. Jökull Gíslason
lögreglumaður



Í vikunni var þingfest ákæra á hendur lögreglumanni fyrir meint brot í starfi. Hið meinta brot er að hafa unnið vinnu sína af kostgæfni. Það hafði afleiðingar í för með sér að ungur maður fótbrotnaði eða réttara sagt ungur ökuníðingur sem var að reyna að stinga af frá umferðarlagabroti og hlýddi engum stöðvunarmerkjum og gerði sitt ítrasta til að flýja frá lögreglu. Í eftirförinni fótbrotnaði hann þegar hann reyndi að hlaupa frá bíl sínum eftir að hafa lokast af í botngötu.

Nú situr lögreglumaðurinn sem veitti honum eftirför sjálfur fyrir dómara sem á eftir að meta hvort hann hafi gerst brotlegur við vinnu sína. Allt þetta mál er hið versta, bæði fyrir lögreglumanninn sjálfan og ekki síður hinn almenna borgara, vegna þess að ákæra af þessu tagi sýnir að lögreglumenn njóta takmarkaðar verndar í starfi sem fyrir er í fólgin mikil áhætta, sérstaklega ef á að vinna lögreglustarfið vel.

Á þrettán ára starfsferli hef ég unnið með mörgum lögreglumönnum, langflestum úrvals mönnum en inni á milli voru einstaklingar sem voru hræddir við vinnu sína og þorðu ekki að taka ákvarðanir eða fara út í aðgerðir af ótta við afleiðingar. Það eru verstu lögreglumenn sem ég hef unnið með.

Lögreglustarfið er ekki í dags daglegu umhverfi þar sem allir einstaklingar eru góðir og gegnir borgarar heldur í jaðri samfélagsins þar sem níðingsverk, óheilindi og illur ásetningur á sér stað og það er hlutverk lögreglumanna öðru fremur að halda þessum myrkari hluta daglegs lífs í skefjum og sjá þannig til þess að venjulegt fólk geti lifað sínu venjulega lífi í friði. En til þess að vera vernd samfélagsins þurfa lögreglumenn sjálfir að njóta verndar og það verður að gefa þeim nauðsynlegt svigrúm til þess að vinna sína vinnu.

Hvaða skilaboð er þá verið að senda með því að gefa út ákærur fyrir brot sem unnin eru í starfi og eru í raun fólgin í því að vinna vinnu sína? Nokkrar ákærur hafa verið gefnar út af slíkum atvikum og dómar fallið og í sumum tilvikum án þess að eiginlegt tjón eigi sér stað. Í héraðsdómi þar sem lögreglumaður var ákærður fyrir að aka ólátasegg tíu mínútna leið úr miðbæ Reykjavíkur var lögreglumaðurinn sýknaður og dómarinn varði þó nokkru af rökstuðning sínum í að velta fyrir sér starfsumhverfi lögreglu og allsherjarreglu. Sá dómur er fyrir margt sérstakur þar sem hann er eini dómurinn sem til er á Íslandi þar sem dómari gefur þessum atriðum gaum en fordæmisgildi hans er ekkert þar sem dómnum var að hluta til snúið í Hæstarétti án þess að farið væri út í slík atriði í rökstuðningi.

Nú ætla ég ekki að útiloka að lögreglumaður eigi eftir að brjóta alvarlega af sér né segja að ekki eigi að kæra slík mál, heldur vil ég benda á að eðli starfsins vegna þurfi að fara varlega í að gefa út slíkar ákærur og lögreglumenn verði að hafa svigrúm til að geta unnið vinnu sína án þess að stærsti áhættuþátturinn í þeirra annars hættulega starfi sé að sitja uppi með ákærur fyrir atvik sem eru hluti af þeirra starfsumhverfi.

Erlendis þekkist það víða að fagnefndir meti slík atvik út frá eðli lögreglustarfsins áður en ákvörðun um ákæru er gefin út. Hér á landi fá slík mál enga slíka faglega umfjöllun heldur er það sami aðili sem rannsakar meint brot og gefur út ákæru, en það á ekki við um nein önnur brot. Þá er það orðið afar áhættusamt að vinna sem lögreglumaður þegar lögreglumenn eiga yfir höfði sér háar bótakröfur frá einstaklingum sem ættu í raun betur heima hjá ríki á grundvelli húsbóndaábyrgðar.

Með þessari grein vil ég vekja lesendur til umhugsunar um það hvernig lögreglumenn þeir vilja hafa. Viljum við lögreglumenn sem vinna óhræddir af bestu samvisku við það að sporna við afbrotum eða lögreglumenn sem vilja frekar heima sitja vegna ótta við að hver einasta misfella verði kærð? Í því máli sem nú er kært fyrir hefði það verið hægur leikur fyrir lögreglumanninn að missa af ökuníðingnum og koma sér þannig frá áhættu um hugsanlegar afleiðingar. Þess í stað væri miklu einfaldara að kæra aðeins þá sem eru löghlýðnari og stoppa af sjálfsdáðum. Eða bara gera sem allra minnst. Eru það skilaboðin sem við viljum senda til lögreglumanna?




# Frelsi fylgir ábyrgð - I

Fjölmiðlalög

Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Fyrri grein af tveimur um ný fjölmiðlalög



Í lok apríl samþykkti Alþingi lög um fjölmiðla og setti þar með í fyrsta sinn heildarlöggjöf um fjölmiðla og starfsemi þeirra hér á landi. Markmið laganna er að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun, sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi.

### Aðdragandi og kynning

Líklega hafa fá lög sem sett hafa verið á undanförnum árum átt jafn langan aðdraganda og hlotið eins góðan undirbúning. Í raun má segja að undirbúningur hafi hafist haustið 2004 þegar þáverandi menntamálaráðherra skipaði þverpólitíska nefnd stjórnmálamanna til að athuga ýmis atriði er lúta að íslensku fjölmiðlaumhverfi. Nefndin skilaði skýrslu til ráðherra vorið 2005 og í framhaldinu var síðan lagt fram frumvarp sem byggðist á tillögum hennar. Í lok árs 2007 samþykkti Evrópuþingið og -ráðið nýja hljóð- og myndmiðlunartilskipun sem verður að leiða í lög hér á landi á grundvelli EES-samningsins og eru í henni breytingar á þeirri tilskipun sem útvarpslögin frá árinu 2000 byggðust á.

### Hvers vegna lög um fjölmiðla?

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er hlutverk fjölmiðla skilgreint með skýrum hætti en þar segir að fjölmiðlar leiki „lykilhlutverk í lýðræðissamfélagi með því að upplýsa almenning, vera vettvangur þjóðfélagsumræðu og veita aðhald þeim öflum sem vinna gegn almannahag“. Í fjölmiðlalögunum er gengið út frá þessari skilgreiningu. Auk tjáningarfrelsis, sem allir þegnar í lýðræðisríkjum njóta, eru fjölmiðlum veitt tiltekin réttindi umfram aðra, t.d. er varðar vernd heimildarmanna. Í ljósi þeirrar sérstöðu og áhrifavalds sem fjölmiðlar í lýðræðisríkjum hafa er litið svo á að þeir hafi ríkum skyldum að gegna gagnvart almenningi. Í evrópskum lýðræðisríkjum er því almennt talið að fjölmiðlar séu af þessum sökum ólíkir öðrum fyrirtækjum og því sé eðlilegt að um þá gildi annað regluverk en um hefðbundinn rekstur.

Menn líta þó fjölmiðla ólíkum augum og eru sumir þeirrar skoðunar að þeir séu ekki á nokkurn hátt frábrugðnir öðrum fyrirtækjum. Oft er í því samhengi vitnað til ummæla Marks Fowler, fyrrverandi formanns Fjölmiðlanefndar Bandaríkjanna, sem taldi að sjónvarp væri eins og hvert annað rafmagnstæki – væri brauðrist með myndum! Afstaða af þessu tagi til fjölmiðla er mun almennari í Bandaríkjunum en í Evrópu. Í nýjum fjölmiðlalögum okkar er hið evrópska sjónarmið ríkjandi.

Markmiðið með fyrrgreindum ákvæðum er að draga úr svokölluðum kælingaráhrifum, sem birtast í því að blaða- og fréttamenn hika við að taka á viðkvæmum málum vegna þess að það getur komið sér illa fyrir eigendur þeirra eða aðra hagsmunaaðila, t.d. auglýsendur.

Vinna við gerð þess frumvarps, sem nú er orðið að lögum, hófst í byrjun árs 2008 og var þá ákveðið að byggja lögin á þessu tvennu. Síðar var ákveðið að láta frumvarpið taka til allra fjölmiðla vegna þess að gildandi prentlög og útvarpslög hafa ekki fylgt þeim tæknibreytingum sem orðið hafa, m.a. með tilkomu netsins. Þá þótti rétt að skýra og bæta réttarstöðu blaða- og fréttamanna, t.d. með því að samræma ábyrgðarreglur milli ólíkra miðla. Við gerð frumvarpsins var löggjöf nágrannaríkja okkar, tilmæli og leiðbeinandi reglur Evrópuráðsins og Evrópusambandsins athugaðar og hafðar til hliðsjónar. Haustið 2009 þegar frumvarpið var fullbúið var það sett í almenna kynningu á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem allir gátu gert athugasemdir við það. Tekið var tillit til margra þeirra athugasemda sem bárust áður en frumvarpið var lagt fram.

Upphaflega var mælt fyrir frumvarpinu á vorþingi 2010 og var það tekið til umfjöllunar í menntamálanefnd og leitað umsagna frá ýmsum aðilum. Gerði nefndin ýmsar breytingar á frumvarpinu, sem ekki gafst tími til að ljúka áður en þingi var slitið. Af því leiddi að frumvarpið var lagt fram að nýju á haustþingi 2010 með þeim breytingum sem menntamálanefnd Alþingis hafði gert. Að lokinni ítarlegri og vandaðri meðferð nefndarinnar samþykkti Alþingi frumvarpið sem lög hinn 15. apríl síðastliðinn.

### Réttindi fjölmiðlafólks tryggð

Eitt meginmarkmið nýrra fjölmiðlalaga er að skýra og bæta réttarumhverfi blaða- og fréttamanna. Sett voru ákvæði um vernd heimildarmanna, ábyrgðarreglur voru samræmdar fyrir hljóð- og myndmiðla, nýmiðla og prentmiðla. Jafnframt var sett ákvæði um sjálfstæði ritstjórna, þar sem tekið er til starfsskilyrða og starfshátta til að tryggja sjálfstæði blaða- og fréttamanna gagnvart eigendum auk skilyrða fyrir áminningum og brottrekstri blaða- og fréttamanna.

Við undirbúning lagafrumvarpsins var leitað upplýsinga um ábyrgðarreglur í hinum Norðurlandaríkjunum og hvernig stjórnvaldssektum, fésektum og skaðabótakröfum er beitt gagnvart fjölmiðlum. Fulltrúar blaðamannasamtaka á Norðurlöndunum veittu fúslega upplýsingar um ýmis mál auk þess sem lög nágrannaríkja okkar voru höfð til hliðsjónar við frumvarpssmíðina.

Markmiðið með fyrrgreindum ákvæðum er að draga úr svokölluðum kælingaráhrifum, sem birtast í því að blaða- og fréttamenn hika við að taka á viðkvæmum málum vegna þess að það getur komið sér illa fyrir eigendur þeirra eða aðra hagsmunaaðila, t.d. auglýsendur. Lögin eiga að gera fjölmiðlafólki auðveldara með að vernda heimildarmenn sína, það verði ekki gert ábyrgt fyrir beinum tilvitnunum nafngreindra heimildarmanna í greinum sínum og dregið verði úr líkum á tilefnislausum brottrekstri.

Electrolux
5 ára ábyrgð

78.900,-



Tekur 7 kg.
Rakaskynjari
Krumpuvörn

**Þurrkari**
EDC 47100W
Stærð: 85x60x58 cm,
7 kg, barkalaus.
1805461

Electrolux
5 ára ábyrgð

69.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



Tekur 6 kg.
1000 snúninga

**Þvottavél**
EWF 106410W
1000 sn, 6 kg. Stærð: 85x60x60cm.
1805650

# LÆGRA VERÐ Á HEIMILISTÆKJUM

Amica
5 ára ábyrgð

53.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



Orkunýting A
Breidd 50 cm
Frábær í sumarhúsið

**Eldavél Amica**
Steyptar hellur
85x50x60 cm
1850516

76.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



Hljóðlát 47 dB
þvottahæfni A
Orkunýting A
þurrkhæfni A
12 manna

**Uppþvottavél**
ESF 65052W
Stærð: 81.8/87.8x59.6x57.5 cm
1805331

Electrolux
5 ára ábyrgð

64.890,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



Hæð 142 cm

**Kælir/frystir**
Kælirými 171 ltr, frystirými 41 ltr.
Orkunýting A
1805498

Frigor
5 ára ábyrgð



Orkunýting A

69.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Blástursofn**
EOB53100X
Níu kerfi, tvöfalt gler
í hurð
1830111

Electrolux
5 ára ábyrgð

PHILIPS

**Kaffivél**
Senseo
1840911



Tilboð
13.995,-
~~18.895,-~~

**Ryksuga**
ZJM 6810
1800W
1805285

Electrolux



Tilboð
12.900,-
~~15.900,-~~

Kraftmikil
1800W

**Safapressa**
Estate 900W
1840892



Tilboð
9.990,-
~~14.459,-~~

Látum verkin tala!

Opið til 21:00 í Skútuvogi alla daga.
Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

**Lægsta lága verðið er lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

# Er verið að leggja niður sérskóla fyrir þroskahömluð börn?

Menntun
Jóhanna G. Kristjánsdóttir
fyrrverandi kennari og skólastjóri



Tilefni eftirfarandi vangaveltna er m.a. grein Ragnars Þorsteinssonar, fræðslustjóra í Reykjavík, Sérskólar og nemendur með þroskahömlun sem birtist í Fréttablaðinu 31. mars sl. Grein hans fylgir í kjölfar nokkurrar umræðu um breytingarnar sem gerðar hafa verið af hálfu Reykjavíkurborgar og varða skólagöngu nemenda með væga þroskahömlun. Inntökuskilyrðum í Öskjuhlíðarskóla hefur nú þegar verið breytt og Safamýrarskóli og Öskjuhlíðarskóli verða sameinaðir frá og með næsta hausti. Umræðan hófst með grein Ástu K. Ólafsdóttur, sálfræðings og móður drengs með væga þroskahömlun Hvers vegna má ég ekki ganga í sérskóla? sem birtist í Fréttablaðinu 27. janúar sl.

Nemendahópurinn sem á við væga þroskahömlun að stríða er nokkuð stór eða allt að 2% af hverjum aldursárgangi. Skilgreiningar á þroskahömlun gera ráð fyrir fjórum stigum skerts vitsmunaþroska eða frá vægri (greindartala 50-70) til mjög alvarlegrar þroskahömlunar. Nemendur með væga þroskahömlun, sem áður áttu kost á skólagöngu í Höfðaskóla frá 1961 og frá 1975 í Öskjuhlíðarskóla, fá nú ekki lengur inngöngu nema um fjölfatlaða nemendur sé að ræða. Nú skal þörfum þessa hóps alfarið mætt innan almennu grunnskólanna, ýmist í almennum bekkjardeildum eða svokölluðum þátttökubekkjum þar sem möguleikar verða stórlega skertir sé miðað við sérskólastarf þar sem nemendafjöldi og aldursdreifing er meiri. Það er skólastarfið í sinni fjölbreyttu mynd í sérskólanum sem er nemendum ekki hvað síst dýrmætt.

Hugmyndafræðina að baki stefnunnar Skóli án aðgreiningar má rekja til baráttuhreyfinga fyrir félagslegum réttlætismálum og hafa lög og reglugerðir víða tekið mið af stefnunni þrátt fyrir nokkurt andóf í hinum vestræna heimshluta og víðar. Samkvæmt henni eiga öll börn að stunda nám í almennum skólum. Allan þennan tíma hafa hins vegar verið nokkuð skiptar skoðanir meðal talsmanna hugmyndafræðinnar hvort leyfa eigi einhverjar undantekningar frá stefnunni. Ef engar undantekningar eru leyfðar eiga foreldrar augljóslega ekkert val um það hvort fatlað barn þeirra stundi nám í sérskóla eða almennum skóla.

Nú er það staðreynd að á Íslandi hefur valkosturinn sérskóli fyrir nemendur með væga þroskahömlun verið tekinn frá foreldrum. Sú gjörð verður undirstrikuð með því að leggja niður nafnið Öskjuhlíðarskóli.

Fræðslustjórinn í Reykjavík, Ragnar Þorsteinsson, neitar því hins vegar í grein sinni, sem vísað var til hér að framan, að verið sé að leggja niður sérskóla í Reykjavík, sbr. þessi orð hans: „Ekki stendur til að leggja niður rekstur sérskóla í Reykjavík, né hefur komið fram tillaga þess efnis.“

Þessi orð eru afar villandi því það er vissulega verið að leggja niður sérskólann fyrir nemendur með væga þroskahömlun. Framkvæmdinni er bara skipt í áfanga þar sem breytingum á viðmiðunum varðandi inntökuskilyrði í Öskjuhlíðarskóla var komið á nokkru áður en ákvörðun um sameiningu skólanna var tilkynnt. Ljóst má vera að það var gert til þess að ráðamenn gætu sagt að sameining sérskólanna hefði í sjálfu sér enga breytingu í för með sér varðandi inntökuskilyrðin. Öskjuhlíðarskóli hefur frá 1975 þjónað öllu landinu þótt rekstur hafi undanfarin ár verið á ábyrgð fræðsluyfirvalda í Reykjavík.

Í grein fræðslustjóra segir einnig að þegar ný lög um grunnskóla hafi verið samþykkt árið 1990 hafi fallið úr gildi viðmið sem áður hefðu gilt um inntöku nemenda í sérskóla, þ.e. efri og neðri mörk „greindartölu“. Hann segir ennfremur að umræðan hafi þróast „frá umræðu um afmarkaða þætti, s.s. greindarstig, yfir í áherslu á heildaraðstæður nemandans í samspili við það umhverfi sem hann er hluti af og umræðu um fjölbreyttar leiðir í námi og kennslu“.

Þessi orð fræðslustjóra er erfitt að skilja þar sem það er einmitt „greindarstigsviðmiðið“ sem notað hefur verið til þess að koma í veg fyrir skólavist nemenda með væga þroskahömlun í Öskjuhlíðarskóla sl. tvö ár. Þá virðast hvorki hafðar í huga heildaraðstæður nemandans né óskir foreldra – aðeins „greindartalan“.

Það er nú einlæg von mín að eftirfarandi orð fræðslustjóra séu sett fram í alvöru og af einlægni:

„Starfsemi sérskóla sem annarra grunnskóla er og á að vera í stöðugri endurskoðun og þróun. Mestu skiptir að slík endurskoðun fari fram á faglegum grunni, ávallt sé litið til allra þátta og ákvarðanir teknar á grunni núverandi aðstæðna og framtíðarsýnar.“

Vegna þessara orða leyfi ég mér að vona að tekin verði sem allra fyrst til endurskoðunar skólastefnan sem sett hefur verið fram af svo mikilli óbilgirni á undanförnum árum og áratugum. Tilboðin eiga að vera fjölbreytt og sveigjanleg. Börn með væga þroskahömlun eiga áfram að eiga þess kost að stunda nám í sérskóla sem miðar kennslu og uppeldisstarf við þeirra hæfi. Foreldrar eiga hér eftir sem hingað til að hafa síðasta orðið um þá ákvörðun hvort sérskólinn eða almenni skólinn sé valinn. Það eru mikil mistök og skammsýni að taka þennan valkost frá foreldrum. Vonandi verða mistökin leiðrétt sem allra fyrst. Og vonandi verður tekin upp málefnaleg umræða um skólamál fatlaðra barna og þeim misskilningi útrýmt að það sé eins og brot á helgisetningu að mæla með því eða óska eftir því að barn með væga þroskaskerðingu njóti kennslu og uppeldisskilyrða í vönduðum sérskóla.

Takk Ásta fyrir að hafa kjark til að taka þessi mál til skoðunar á opinberum vettvangi!





**Ráðstefna um verkefnastjórnun verður haldin á Hótel Sögu föstudaginn 20. maí kl. 13–17**

Útskriftarnemendur í MPM-náminu kynna fjölbreytt lokaverkefni tengd verkefnastjórnun.

Alls verða 26 verkefni kynnt á ráðstefnunni sem fer fram í þremur samhliða straumum.

Ráðstefnan er öllum opin og án aðgangseyris. Nánari dagskrá má finna á mpm.is.

Allir velkomnir!

www.mpm.is MPM MASTER OF PROJECT MANAGEMENT HÁSKÓLI ÍSLANDS VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ 1911-2011


# Verðtrygging – deyfilyf stjórnvalda

Verðtrygging
Eygló Harðardóttir
formaður verðtryggingarnefndar
Arinbjörn Sigurgeirsson
fulltrúi þinghóps Hreyfingarinnar
Hrólfur Ölvisson
fulltrúi þingflokks Framsóknarflokks
Lilja Mósesdóttir
fulltrúi þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs

Á 9. áratugnum var verðtrygging launa lögð af vegna þess að hún var talin leiða til víxlverkunar launa og verðlags. Eftir að verðtrygging launa var afnumin hefur komið í ljós að verðtrygging útlána og lífeyrissparnaðar magnar upp sveiflur og óstöðugleika í efnahagslífinu.

Því er orðið tímabært að stjórnvöld einbeiti sér að baráttunni við verðbólguna frekar en að deyfa sig gegn áhrifum hennar með verðtryggingunni.

### Heimatilbúinn vandi

Árið 2002 tóku íslensk stjórnvöld og Seðlabanki Íslands upp 2,5% verðbólgumarkmið með 1,5% efri og neðri þolmörkum. Árangurinn hefur verið slakur og verri en í öðrum ríkjum með sambærilegt fyrirkomulag. (Peningastefnan eftir höft, 2010) „Í alþjóðlegum samanburði sést að sveiflur í landsframleiðslu á Íslandi eru mun meiri en sveiflur í útflutningi og viðskiptakjörum gefa tilefni til; megnið af óstöðugleikanum er heimatilbúinn.“ (Friðrik Már Baldursson, 2011)

Því er forsenda þess að ná tökum á verðbólgu til framtíðar betri hagstjórn, draga úr sveiflum í eftirspurn og bæta virkni stjórntækja peningamála. Ríkissjóður, Seðlabanki Íslands, Íbúðalánasjóður, Bankasýsla ríkisins, sveitarfélög og aðrir verða að taka höndum saman við efnahagsstjórnun og framkvæmd og miðlun peningastefnunnar. Stjórnmálamenn verða að axla sína ábyrgð. Því leggjum við til að sett verði á stofn Þjóðhagsstofa hjá Alþingi og innleidd rammafjárlög til nokkurra ára í senn.

### Virkni stýrivaxta

Ýmsir sérfræðingar hafa gagnrýnt að miðlun vaxtastefnu Seðlabankans hafi verið nær óvirk fyrir hrun vegna almennrar notkunar verðtryggingar og auðvelds aðgengis að lánsfé með mikilli erlendri lántöku og hjá Íbúðalánasjóði.

„Forsenda þess að peningastefnan beri árangur er að miðlun vaxtabreytinga seðlabankans frá skammtíma markaðsvöxtum til langtíma markaðs- og útlánavaxta og að lokum til raunhagkerfisins sé sæmilega kerfisbundin og fyrirsjáanleg. Töluvert hefur skort á að svo hafi verið hér á landi á undanförnum árum.“ (Peningastefnan eftir höft, 2010). Í hinu verðtryggða íslenska kerfi er verðbótaþáttur tekinn að láni og bætist við höfuðstól. Þetta fyrirkomulag dregur úr áhrifum peningamálastefnunnar við að draga úr verðbólgu.

Innleiðing óverðtryggðs húsnæðislánakerfis er mikilvægur þáttur í að tryggja skilvirka miðlun stýrivaxta Seðlabankans. Bankinn hefur kallað eftir svokölluðum þjóðhagslegum varúðartækjum og tökum við undir þá ósk. Þessar aðgerðir leiða væntanlega til lægra veðhlutfalls lána. Því er mikilvægt að hvetja til sparnaðar vegna fasteignakaupa og kaupa á búseturétti með skattaívilnunum. Einnig þarf að endurskoða fyrirkomulag fjármagnstekjuskatts.

Innleiðing óverðtryggðs húsnæðislánakerfis er mikilvægur þáttur í að tryggja skilvirka miðlun stýrivaxta Seðlabankans. Bankinn hefur kallað eftir svokölluðum þjóðhagslegum varúðartækjum og tökum við undir þá ósk. Þessar aðgerðir leiða væntanlega til lægra veðhlutfalls lána.

### Áhrif á lífeyri

Lífeyrissjóðirnir eru samkvæmt lögum skuldbundnir til að verðtryggja mánaðarlegan lífeyri. Hugsanlega skýrist mikil notkun verðtryggingar á húsnæðislánamarkaði af því að kaupendur íbúðabréfa Íbúðalánasjóðs eru lífeyrissjóðirnir. Ekki hefur reynt á hvort hægt er að bjóða óverðtryggð langtíma fasteignalán á grundvelli fjármögnunar lífeyrissjóðanna nema lagaleg skylda þeirra til að verðtryggja lífeyri verði afnumin.

Færa má rök fyrir því að ákvæði um verðtryggðan mánaðarlegan lífeyri sé óskhyggja. Á endanum stýrist fjárupphæð mánaðarlegs lífeyris af raunávöxtun eigna lífeyrissjóðanna, og því er eðlilegt að lagatextinn endurspegli þann raunveruleika. Því leggjum við til að fyrirkomulag lífeyrissparnaðar verði endurskoðað. Lagt verði af loforð um verðtryggingu lífeyris og almannatryggingakerfið styrkt þannig að lífeyrisþegar njóti lágmarkslífeyris. Jafna þarf lífeyrisréttindi starfsmanna á almennum og opinberum vinnumarkaði.

### Aukin neytendavernd

Síðast en ekki síst þarf að stórbæta fjármálalæsi og upplýsingamiðlun til að tryggja neytendavernd þegar fólk tekur ákvarðanir um fjárhagslegar skuldbindingar. Við leggjum til að fjármálastofnanir verði skyldaðar til að sýna útreikninga miðað við mismunandi óvissuþætti, áður en fólk tekur ákvarðanir um fjárskuldbindingar. Eftirlit með neytendalánum verði aukið með neytendalánum og samræmt á milli eftirlitsstofnana. Nauðsynlegt er að setja lög um skuldabréf og ströng viðurlög ef ekki er farið að lögum um neytendavernd.

Þessar umbætur og breytt fyrirkomulag verðtryggingar eiga að tryggja að allir Íslendingar hafi sameiginlega ábyrgð og hagsmuni af lágri verðbólgu og skilvirkri efnahagsstjórnun.

Allt annað er ávísun á áframhaldandi þjóðhagslegt ójafnvægi og uppgjöf í baráttunni við verðbólguna.

Wonderland



30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
PÖNTUNUM
FRAM TIL
25. MAÍ

Prófaðu rúmin okkar
áður en þú tekur ákvörðun

epal

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



auping

# „Gat ekki hugsað mér að standa í biðröð til að fá mat“

Hjálparstarf



Bjarni Gíslason
upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar

Þau eru ófá símtölin sem við höfum fengið hjá Hjálparstarfi kirkjunnar eftir að við breyttum til varðandi mataraðstoðina. Frá 1. maí hættum við að útdeila mat í poka og tókum upp inneignarkort fyrir barnafjölskyldur. „Ég gat ekki hugsað mér að standa í biðröð til að fá mat í poka, samt er ástandið hjá mér mjög slæmt, nú langar mig að athuga með þessi inneignarkort,“ sagði einstæð tveggja barna móðir sem hringdi.

„Það er niðurlægjandi að fara í röð aftur og aftur til að fá mat í poka,“ eru orð konu sem var að leita sér aðstoðar. „Það fylgir þessu skömm. Þetta á alls ekki að vera svona en það er eitthvað með hvernig maður upplifir þetta,“ sagði önnur. Hluti af nýrri leið er einmitt að gera fólki kleift að leita sér aðstoðar með meiri virðingu. Kostir við inneignarkortin eru m.a. þeir að hver og einn sækir sér þær matvörur sem hann kýs, börn verða ekki vör við að aðföng heimilisins komi frá hjálparsamtökum og hægt er að leggja inn á kortin án þess að viðtakandi þurfi að fara sérferð til Hjálparstarfsins. Engin kort eru afhent fyrr en eftir að ítarlegum gögnum um tekjur og gjöld hefur verið skilað og viðtal hefur farið fram við félagsráðgjafa þar sem farið er yfir stöðu hvers og eins.

Í nýjum siðareglum Hjálparstarfs kirkjunnar segir: „Hjálparstarf kirkjunnar veitir aðstoð til sjálfshjálpar og virkjar skjólstæðinga eins og mögulegt er, í öllu ferli aðstoðar.“ Ráðgjöf og hvati til sjálfshjálpar, samstarf, virkni og virðing eru grunnþættir í aðstoðinni. Sjálfshjálp og virkni sem skapar von um breyttar aðstæður, kraft og aukið sjálfstraust til að taka lítil skref til betra lífs.

Það eru líka lítil skref, framlag og stuðningur eftir getu hvers og eins, sem skapa samstöðu og hjálparafl sem þarf til að veita stuðning með meiri virðingu. Ert þú með? Að greiða valgreiðslu í heimabanka til stuðnings nýrri nálgun í mataraðstoð er lítið skref.

Að setja sig í spor þeirra sem orðið hafa undir og fræðast um aðstæður þeirra er líka lítið skref. Tækifæri til þess gefst með því að horfa á þátt á Stöð 2 um fátækt á Íslandi 26. maí og um leið auka hjálparaflið í samfélaginu með þátttöku í söfnunarátaki.

# Nei, þetta er ekki vonlaust!

Barnavernd



Stefán Ingi Stefánsson
framkvæmdastjóri Unicef á Íslandi

Í ótal löndum um allan heim búa börn við nístandi fátækt. Þau skortir aðgengi að hreinu vatni, komast ekki undir læknishendur þegar þau veikjast og líða fyrir alvarlega vannæringu. Árlega látast milljónir barna af ástæðum sem eru vel fyrirbyggjanlegar. Er þetta þá allt vonlaust?

Sem betur fer ekki. Mun færri börn deyja fyrir fimm ára aldur í dag en fyrir rúmum tuttugu árum. Raunar hefur tíðni barnadauða lækkað um þriðjung! Það eru gleðifréttir – og það sýnir að hægt er að breyta hlutum til hins betra.

Árið 1990 létust á hverju ári nærri 12,5 milljónir barna undir fimm ára aldri en tuttugu árum síðar var talan komin niður í rúmar 8 milljónir. Þetta er mikill árangur, ekki síst í ljósi þess að á sama tíma fjölgaði fólki í heiminum.

Enn er tíðni barnadauða þó alltof há. Það er þyngra en tárum taki að á hverjum degi látist þúsundir barna af orsökum sem auðvelt og ódýrt er að koma í veg fyrir. Þetta er óásættanlegt og þessu verður að breyta. Fréttir um lækkandi tíðni barnadauða sýna að það er hægt.

Árangur hefur náðst í öllum heimshlutum – líka í sumum af fátækustu löndum í heimi. Eitt af þeim er Afríkuríkið Malaví. Þar eru íbúar á góðri leið með að ná þúsaldarmarkmiðinu svokallaða um að draga úr ungbarnadauða um 2/3 á tímabilinu 1990-2015.

### Moskítónet og bólusetningar

Hæsta tíðni barnadauða er þó enn í Afríku sunnan Sahara, þar sem eitt af hverjum átta börnum lætur lífið fyrir fimm ára aldur. Helmingur allra þeirra barna sem eru yngri en fimm ára og látast á hverju ári er hins vegar frá einungis fimm löndum: Indlandi, Nígeríu, Austur-Kongó, Pakistan og Kína. Þetta eru allt fjölmenn ríki.

> Árlega látast milljónir barna af ástæðum sem eru vel fyrirbyggjanlegar.

Lýðheilsusérfræðingar segja að lækkun barnadauða megi að stórum hluta þakka nokkrum lykilinngripum á borð við bólusetningar, A-vítamíngjöf og aukna dreifingu moskítóneta til að koma í veg fyrir malaríusmit. Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, mun áfram leggja sitt af mörkum til að draga úr barnadauða. Árið 2010 dreifði UNICEF 2,3 milljörðum skammta af bóluefnum í nærri 90 löndum. Einn milljarður barna var bólusettur gegn taugaveiki.

### Þúsundir Íslendinga aðstoða

UNICEF á Íslandi er stolt af því að vera hluti af stærstu barnahjálparsamtökum heims – samtökum sem breyta lífi milljóna barna á hverju ári. Þetta gætum við ekki án þeirra þúsunda Íslendinga sem styðja starf okkar mánaðarlega sem heimsforeldrar, allra þeirra fyrirtækja sem lagt hafa okkur lið og alls þess fólks sem stutt hefur starfið með einstaka framlögum. Heimsforeldrar UNICEF eru orðnir hátt í 17.000 talsins og fyrir það erum við ákaflega þakklát.

Það er ekki einfalt mál að vinna bug á fátækt, bæta velferð barna í heiminum og draga úr barnadauða. Verkefnin fram undan eru mörg og erfið – dæmin sýna hins vegar að þau eru langt í frá óyfirstíganleg!

ERUM VIÐ OF SEIN?
Málþing Heilaheilla laugadaginn 21.05.2011
Öllum opið og aðgangur ókeypis
á Grand Hótel Reykjavík




Ráðstefnustjóri GUÐMUNDUR BJARNASON

| | DAGSKRÁ | |
|---|---|---|
| Slög á Íslandi | 10:00 – 10:20 | Albert Páll Sigurðsson |
| Hversu hættuleg eru TIA? | 10:20 – 10:40 | Albert Páll Sigurðsson |
| Hver er vitneskja fólks um TIA og slög almennt? | 10:40 – 11:00 | Finnbogi Jakobsson |
| | 11:00 – 11:20 | Kaffihlé |
| Hvernig er staðið að endurhæfingu slagsjúklinga? | 11:20 – 11:40 | Ingvar Þóroddsson |
| | 11:40 – 12:00 | Umræður |
| | 12:00 – 12:40 | Matartími |
| Hvernig er staðið að endurhæfingu slagsjúklinga? | 12:40 – 13:00 | Hafliði Ragnarsson |
| Reynsla aðstandanda eftir að endurhæfingu lýkur | 13:00 – 13:20 | Sigurður Helgason |
| Þekkingamiðstöð Sjálfsbjargar | 13:20 – 13:40 | Ingibjörg Loftsdóttir |
| Hvernig er best að koma upplýsingum til fólks? | 13:40 – 14:00 | Valþór Hlöðversson |
| Hvaða hlutverki gegnir HEILAHEILL í samfélaginu? | 14:00 - 14:20 | Þórir Steingrímsson |
| Hvað segja stjórnvöld? | 14:20 - 14:40 | Anna Sigrún Baldursdóttir |
| | 14:40 - 15:15 | Pallaborðsumræður |

Heilaheill
† Til minningar um Ingólf Margeirsson

# Er þetta eitthvað nýtt?

Hið nýja Ísland



Sighvatur Björgvinsson
fyrrverandi ráðherra

Sú var tíðin – og ekki svo ýkjalangt síðan – að á Íslandi þótti glataður hver geymdur eyrir. Um að gera var að koma því strax í lóg, ef eitthvað stóð eftir af vikukaupinu. Þá var um að gera að kaupa steypu, kaupa vöru – kaupa eitthvað. Kaupa strax því annars varð „aurinn“ að engu.

Engum kom til hugar að leggja sinn eyri í sparnað. Á innlánsreikningum varð eyrir ekkjunnar að engu. Lambsverð, sem amma gaf í skírnargjöf, dugði barninu fyrir tveimur kótelettum um fermingu. Ævisparnaður gamla fólksins varð þar verðlaus. Hver vill spara eyrinn í slíku ástandi?

Ekki nokkur maður – ótilneyddur. Því varð að neyða fólkið svo eitthvert fé yrði til svo hægt væri að lána þeim, sem lána þyrfti. Ef enginn sparnaður verður til verður nefnilega ekkert fé til að lána. Því voru sett lög um skyldusparnað ungs fólks. Ákveðinn hluti aflafjár þess var tekinn með valdi og afhentur bönkunum. Þá urðu til svokölluð „skyldusparnaðarhjónabönd“ – gervihjónabönd - því unga fólkið gat fengið sparifé sitt útborgað við giftingu. Skyldugreiðslur voru þá sem nú í lífeyrissjóði. Þá peninga fengu bankarnir til þess að lána. Munurinn þá og nú var aðeins sá, að þá brunnu fjármunir lífeyrissjóðanna upp á neikvæðum vöxtum í bönkunum. Lífeyrissjóðskerfi landsmanna stefndi í hrun.

Þegar enginn vill spara nema þvingaður sé til þess með lögum verður að sjálfsögðu skortur á lánsfé. Þannig var það líka – fyrir ekki svo ýkjalöngu síðan á Íslandi. Þá voru forréttindi að fá lán. Slíkra forréttinda nutu tiltekin fyrirtæki í náðinni ásamt þeim einstaklingum, sem nutu velvildar ráðamanna. Þá var blómatími fyrirgreiðslustjórnmálamannanna. Þá var nefnilega lán að fá lán. Það kölluðu menn að „fá fyrirgreiðslu“. Því lán þurfti aldrei að borga til baka – nema að hluta til. Þegar best lét gátu lánsmenn „grætt“ tugi prósenta á einu einasta ári á láninu. Slíkt gerðist þá á kostnað unga fólksins með skyldusparnaðinn, gamla fólksins, sem lagt hafði til hliðar til elliáranna – og unglingsins hvers lambsverð við skírn dugði fyrir tveimur kótelettum við fermingu. Okkur jafnaðarmönnum þótti þetta vera hróplegt óréttlæti. Fyrir okkar tilverknað og fyrir forystu Ólafs Jóhannessonar, þá forsætisráðherra, var þessu misrétti útrýmt.

> Þegar enginn vill spara nema þvingaður sé til þess með lögum verður að sjálfsögðu skortur á lánsfé.

Þá varð óhætt að geyma eyrinn. Þá varð til sparnaður á Íslandi. Þá gátu bankarnir farið að lána öðrum en fáeinum útvöldum – en misstu sig í útlánunum eins og stór hluti þjóðarinnar þá missti sig í skuldsetningu. Ekki hafði tekist að breyta því hugarfari að það væri lán að fá lán. En nú vilja menn víst hefja það viðhorf aftur til vegs og virðingar. Endurreisa „forna frægð“ (sic!)

Er þetta virkilega hið nýja Ísland, sem alltaf er verið að tala um? Gjaldeyrishöft, neikvæð ávöxtun sparifjár, lánsfjárþurrð og gróf mismunun. Vilja Íslendingar virkilega fá fyrirgreiðslustjórnmálamennina aftur? Endurlifa þá tíð þegar glataður var hver geymdur eyrir? Er það eitthvað nýtt? Eitthvað eftirsóknarvert? Eitthvað, sem jafnaðarmenn vilja berjast fyrir?

# HEILSUDAGAR Í NETTÓ

**25% afsláttur af völdum vörum**




**Tilboðin gilda 19.maí - 2. júní**

eða meðan birgðir endast

netto

www.netto.is

Mjódd
Salavegur
Hverafold
Akureyri
Höfn
Grindavík
Reykjanesbær

markhonnun.is



## 80 ára afmæli

### Sveinn Ásgeir Árnason

Sveinn Ásgeir Árnason hárskerameistari á Hárbæ Laugavegi 168 varð áttræður sunnudaginn 15. maí síðastliðinn. Af því tilefni verður hann með opið hús og býður vinum, ættingjum og viðskiptavinum að gleðjast með sér á heimili sínu að Arnartanga 16, Mosfellsbæ laugardaginn 21. maí frá kl. 17.00 og fram eftir kvöldi.



*Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra*

**Ívars Péturs Hannessonar**

fyrrum aðstoðaryfirlögregluþjóns,
Dalbraut 14, Reykjavík.

Bestu þakkir til allra sem hlúðu að honum í veikindum hans. Sérstakar þakkir færum við félögum hans í lögreglukórnum.

**Jóna Guðbjörg Gísladóttir**
**Árdís Ívarsdóttir** — **Guðmundur Ingi Kristjánsson**
**Hannes Eðvarð Ívarsson** — **Íris Kolbrún Bragadóttir**
**Gísli Bergsveinn Ívarsson** — **Klara Lísa Hervaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**Ólöf og Svanhvít Hannesdætur og aðrir aðstandendur**



*Einlægar þakkir sendum við öllum þeim, sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför mannsins míns, föður okkar, afa og langafa,*

**Gísla Vilbergs Sigurbjörnssonar**

Laugarásvegi 33, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við öllu starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir einstaka umönnun, alúð og hlýju. Guð blessi ykkur öll.

**Þórhildur M. Sandholt**
**Sigrún Gísladóttir** — **Hörður Rögnvaldsson**
**Ásgeir Gíslason** — **Júlía Ampon**
**Friðrik Gíslason** — **Guðríður Svavarsdóttir**
**Guðbjörg Sandholt Gísladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi*

**Magnús Jónsson**

frá Patreksfirði,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Ási, Hveragerði, 14. maí. Útför hans fer fram frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 21. maí kl. 13.30. Jarðsett verður í Kotstrandarkirkjugarði.

**Þórdís Magnúsdóttir** — **Eyvindur Bjarnason**
**Ármann Ægir Magnússon** — **Rakel Móna Bjarnadóttir**
**Hafberg Magnússon** — **Freydís Harðardóttir**
**Fríða Elíasdóttir**
**Jóhannes Þór Jóhannesson** — **Helga B. Óskarsdóttir**
**Hrafnhildur Þór Jóhannesdóttir** — **Snæbjörn Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




*Ástkær eiginkona mín*

**Alda Gísladóttir**

Skúlagötu 40,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 17. maí.

**Brynleifur Sigurjónsson.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Ingibjörg Benediktsdóttir**

Stóragerði 10, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 12. maí. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 20. maí kl. 13.00.

**Benedikt Guðjón Kristþórsson**
**Unnur Björg Kristþórsdóttir**
**Guðlaugur Ásgeir Kristþórsson**
**tengdadóttir, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Hólmfríður Björnsdóttir**

Furugrund 32, Kópavogi,

lést mánudaginn 16. maí. Jarðsungið verður frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 25. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarsjóð L5 Landakoti, sími 543-9890.

**Elsa Jóhanna Ólafsdóttir** — **Rúnar Jónsson**
**Droplaug Ólafsdóttir**
**Þorsteinn Ólafsson** — **Jóna Fanney Kristjánsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi og tengdafaðir*

**Jens Jóhannesson**

húsasmiður, Löngulínu 7 í Garðabæ,

andaðist á líknardeild Landspítalans aðfaranótt 16. maí.

**Guðrún María Harðardóttir**
**Jóhannes, Viktoría og Jenni**
**barnabörn og tengdabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Erling Edwald**

lyfjafræðingur,

lést að morgni föstudagsins 13. maí. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 20. maí kl. 13.00.

**Jóhanna Edwald**
**Tryggvi Edwald** — **Erla Erlingsdóttir**
**Sigrún Edwald** — **Sigurður Egill Guttormsson**
**Ari Edwald** — **Þórunn Pálsdóttir**
**Þórdís Edwald** — **Ármann Þorvaldsson**
**og barnabörn**





**RÚSSNESKAR STÓLPAKONUR** Elísa Björg Þorsteinsdóttir, listfræðingur og þýðandi, talar um konur í rússneskri myndlist í rússneska sendiráðinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ELÍSA BJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR:** TALAR UM RÚSSNESKAR MYNDLISTARKONUR

## Kvenremban blossaði upp

Þetta er eitt af mínum fjölmörgu áhugasviðum," segir Elísa Björg Þorsteinsdóttir listfræðingur spurð út í tildrög þess að hún flytur í dag fyrirlestur í rússneska sendiráðinu um konur í rússneskri myndlist. „Ég lærði rússnesku þegar ég var ung og skrifaði magistersritgerð um þátttöku kvenna í byltingarhreyfingum í Rússlandi á nítjándu öld og fram á þá tuttugustu, þannig að ég hafði snemma mikinn áhuga á konum í rússneskri sögu. Ég lærði sögu og listasögu í Þýskalandi og var á þeim tíma eitt ár í Moskvu þar sem áhugi minn á hlutskipti rússneskra kvenna jókst enn."

Svo við snúum okkur að fyrirlestrinum, um hvað ætlarðu að fjalla? „Upphafið má rekja til þess að fyrir um það bil níu árum var haldin hér ofsalega flott og fín sýning á rússneskri myndlist frá Tretjakov-safninu í Moskvu. Þetta var sýning á rússneskum listaverkum frá áratugunum beggja vegna aldamótanna 1900. Á þeim tíma voru konur mjög áberandi sem nýjungasmiðir í rússneskri myndlist, en þegar ég fór að telja saman listamennina sem áttu verk á sýningunni kom í ljós að af rúmlega fimmtíu listamönnum voru einungis sjö konur. Þessi hlutföll þóttu mér merkileg. Það blossaði upp í mér rússneska kvenremban og ég ákvað að flytja fyrirlestur bara um þessar konur sem ég vissi að létu til sín taka á þessum árum. Síðan hef ég líka haldið kúrsa um myndlistarkonur uppi í Listaháskóla, þannig að þetta hefur lengi verið eitt af mínum sérsviðum og þessar kellur hafa verið mér sérstaklega hugleiknar. Núna á vormisseri hafa rússneska sendiráðið og Háskóli Íslands verið með sameiginlega menningardagskrá og þegar ég var beðin um að vera þar með fyrirlestur fannst mér tilhlýðilegt að rifja þetta aftur upp með konurnar."

„Almennt er þessu tímabili í kringum aldamótin skipt upp í tvö tímabil í rússneskri myndlist," heldur Elísa áfram, „þannig að ég fylgi þeirri hefð. Annars vegar eru stólpakonur sem eru starfandi á síðustu áratugum nítjándu aldarinnar, sem fara yfir grensurnar á milli greina og eru jafnvel að hanna húsgögn og gera ýmislegt slíkt meðfram myndlistinni. Í upphafi tuttugustu aldarinnar verða svo konur sem menntaðar eru á Vesturlöndum, einkum í París, áberandi í framúrstefnuhreyfingunni sem þá brestur á. Þar heldur þessi samblöndun á greinum áfram og konur eru til dæmis áberandi í leikmyndagerð, á þeim mikla uppgangstíma rússnesks leikhúss sem þá stendur yfir, hanna bækur og bókakápur og svo mætti lengi telja. Þetta fléttast allt svo dásamlega saman að það er eiginlega engin leið að hætta þegar maður byrjar að tala um þetta tímabil."

Fyrirlesturinn er eins og áður sagði í rússneska sendiráðinu við Garðastræti og hefst hann klukkan 17.

fridrikab@frettabladid.is

### Merkisatburðir

**1875** Fyrsta sláttuvélin kemur til Íslands frá Noregi.
**1917** Eimskipafélag Íslands fær sitt þriðja skip og er það nefnt Lagarfoss.
**1983** Geimskutlan Enterprise hefur viðkomu á Keflavíkurflugvelli, borin af Boeing 747 þotu.



**Skóhönnuðurinn Giuseppe Zanotti** er þekktur fyrir íburðarmikla skóhönnun. Nú hefur hann hannað í samvinnu við skartgripaframleiðandann Chopard glæsilegt og rándýrt skópar. Á því verða gullkeðjur, demantar, rúbínsteinar og bleikir safírar. Fyrirsætan Anja Rubik átti að klæðast skónum á rauða dreglinum í Cannes í gærkvöldi en síðan verða þeir boðnir upp í góðgerðaskyni. Skórnir á myndinni eru eftir Zanotti en þó ekki umræddir demantsskór.




Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473



STÓRGLÆSILEGUR



teg. 98880 - mjög mjúkur og þægilegur í BC skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.990,-

Misty -fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur








**Georg Kári Hilmarsson er ekki leðurtýpa en kann vel við herramannsstíl á flík sem vinur hans hannaði.**



FRÉTTABALÐIÐ/VALLI

# *Fatnaður fyrir hljómsveitarstjóra*

Þetta er stórglæsilegur leðurfatnaður frá honum Guðmundi Jörundssyni sem er að útskrifast úr fatahönnun við Listaháskólann," segir Georg Kári Hilmarsson, bassaleikari og tónskáld, um dressið sem hann klæðist á myndinni. „Vestið er úr leðri og ull, buxurnar stungnar og þröngar og jakkinn með bambusskreytingum. Þetta er reyndar ekki alveg minn stíll, sem er svona frekar hefðbundinn, en mig langar í vestið og er búinn að leggja inn pöntun. Það er annar sem ætlar að kaupa það, en ef hann hættir við hreppi ég hnossið. Og þrátt fyrir að þetta sé leðurdress er á því viss svona herramannsstíll sem ég kann vel við."

Þeir Georg Kári og Guðmundur hafa þekkst síðan í Menntaskólanum við Hamrahlíð og urðu perluvinir þegar þeir hófu að leika með hinu merka knattspyrnufélagi Mjöðm. Hefur vinátta þeirra haft áhrif á fatastíl Georgs Kára? „Engin spurning. Ég á rosafalleg grá jakkaföt sem hann hannaði fyrir Kormák og Skjöld. Þau föt eru í miklu uppáhaldi hjá mér og ég mun vonandi ganga í fötum frá honum um ókomna tíð. Draumurinn er að stjórna einhvern tíma sinfóníuhljómsveitinni í Hörpunni í fötum eftir Guðmund," segir Georg Kári sem er að klára sitt fyrsta ár í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands, auk þess að vera að semja tónlist við útskriftarverkefni nemanda í Fræði og framkvæmd og leika á bassa með hljómsveitinni Marcus and the Diversion Sessions.

*heidrikab@frettabladid.is*


Gerið gæða- og verðsamanburð



IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi

12 mánaða vaxtalausar greiðslur



PROFLEX
Úrval af stillanlegra heilsurúma

Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is

Svefn & heilsa ★★★★★

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Oscar de la Renta** sýndi nýverið nýja fatalínu sína. Pappírshattar af ýmsu tagi voru mjög áberandi á sýningunni og sérstaklega þótti áhugaverður hattur í stíl Napóleóns. Mörgum þótti hann minna á hinar vinsælu myndir um sjóræningjana í Karíbahafinu.


SUMARDAGAR



20%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM VÖRUM
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770



NÝ KJÓLA SENDING



laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • s: 551 4422


# Tískuföt á meðgöngu

**Hera Guðmundsdóttir, nemandi á öðru ári í fatahönnun við Listaháskóla Íslands, sigraði í samkeppni um meðgöngu- og brjóstagjafafatnað fyrir verslunina Tvö líf. Lína Heru þótti bæði praktísk og flott.**

„Ég gekk út frá því að fötin væru ekki frábrugðin venjulegum hversdagsfatnaði, nema að því leyti að hægt væri að gefa brjóst og að flíkurnar yxu með konunni á meðgöngunni,“ segir Hera Guðmundsdóttir, nemandi í fatahönnun við LHÍ, en lína hennar bar sigur úr býtum í samkeppni um meðgöngu- og brjóstagjafafatnað sem verslunin Tvö líf stóð fyrir.

Hera fékk innblástur frá indverskum sari og þeirri staðreynd að indverskar konur klæðast ekki öðru en þær gera venjulega meðan á meðgöngu stendur. „Ég skoðaði mikið vafninga, kjóla sem bundnir eru utan um líkamann og hálsmál þar sem auðveldlega má gefa brjóst. Ég studdist líka við reynslusögur vinkvenna sem eiga börn og mömmu mína. Efnin valdi ég út frá þægindum en ekki síður gæðum, að flíkurnar líti eins út eftir níu mánuði og þoli mikinn þvott,“ segir Hera.

Þessi atriði gerðu einmitt útslagið þegar kom að því að velja sigurvegarann að sögn Sigríðar Láru Einarsdóttur, annars eigenda Tveggja lífa.

„Hera hannaði tískuflíkur sem endast þessi tvö ár og lengur. Hún lagði einnig áherslu á góð efni sem skiptir okkur miklu máli. Nú tekur við þróunarvinna í samvinnu við Heru og að afla styrkja til að framleiða flíkurnar,“ segir Sigríður Lára en stefnt er að því að selja línuna bæði hér á landi og erlendis.

„Við ætlum okkur að keppa með þessar vörur á alþjóðamarkaði. Við munum framleiða það sem við getum hér á Íslandi en draumurinn er að línan verði komin í verslanir árið 2013, en það veltur auðvitað á því hvernig gengur að fjármagna verkefnið. Þetta er í rauninni fyrsta íslenska sérhannaða meðgöngulínan af þessari stærðargráðu, ætluð fyrir erlendan markað og gamall draumur okkar Ásdísar Birtu Gunnarsdóttur að rætast,“ segir Sigríður.

Spurð hvort sigur í keppni sem þessari hafi mikla þýðingu fyrir ungan fatahönnuð í námi segir Hera spennandi að fá að kynnast praktískum hluta fatahönnunargeirans. „Þetta var mjög skemmtilegt og krefjandi að hanna fyrir afmarkaðan kúnnahóp með sérþarfir. Það er líka alltaf gaman að fá viðurkenningu á því sem maður er að gera.“

*heida@frettabladid.is*



Hera Guðmundsdóttir, sigurvegari fatahönnunarkeppni verslunarinnar Tveggja lífa, ásamt Sigríði Láru Einarsdóttur en hún rekur Tvö líf ásamt Ásdísi Birtu Gunnarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Hera sótti innblástur til indverskra kvenna sem vefja um sig sari en þær konur klæðast ekki öðru meðan á meðgöngu stendur en þær gera venjulega.


Justin Bieber notar Proactiv® Solution

Burt með bólurnar!



Í **Proactiv® Solution** eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkum koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:
**REYKJAVÍKURAPÓTEK**, Seljavegi 2 // **LYFJABORG APÓTEK**, Borgartúni 28 // **GARÐSAPÓTEK**, Sogavegi 108
**URÐARAPÓTEK**, Grafarholti // **RIMA APÓTEK**, Grafarvogi
**APÓTEK HAFNARFJARÐAR**, Tjarnarvöllum 11
**ÁRBÆJARAPÓTEK**, Hraunbæ 115 // **LYFJAVER** Suðurlandsbr. 22

60 DAGA 60 SKILARÉTTUR

Heilsubudin.is
- bætt útlit, betri líðan





ath
auður þórhallsdóttir
facebook.com/ath.audur



Full búð af nýjum vörum



Mikið úrval af útskriftar-kjólum

**Opið**
**mánudag- föstudag frá 11-18,**
**laugardaga frá 11-16.**
Suðulandsbraut 50
Bláu húsin við Faxafen
108 Reykjavík
Tel: 5884499
mostc@mostc.is
Við erum á facebook
Möst.c


Snyrtivörufyrirtækið Lancôme hefur sett viðbót sem nefnist House of Color á Facebook-síðu sína. Viðbótin gerir vinum Lancôme kleift að prófa nýjustu augnskuggana á myndum af sjálfum sér. Viðbótin inniheldur kennslumyndband, auglýsingar og sýndarspegil sem nefnist Töfraspegillinn.

http://apps.facebook.com/houseofcolor


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

# Íslensk hönnun í Seattle

**Norræn hönnun verður í brennidepli í Seattle í Bandaríkjunum í haust á Norræna tískutvíæringnum. Ilmur Dögg Gísladóttir segir að sýningin sé góð kynning fyrir íslenska hönnun og mikill áhugi sé á henni.**



Ilmur Dögg Gísladóttir segir að Norræni tískutvíæringurinn snúist um að setja upp sýningu á myndlistarlegum forsendum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Norræni tískutvíæringurinn verður haldinn í annað sinn í haust. Viðburðurinn fer í fyrsta sinn fram í Bandaríkjunum, í Nordic Heritage-safninu í Seattle. „Þetta verður rosalega stór kynning á norrænni fatahönnun, sérstaklega íslenskri, grænlenskri og færeyskri," segir Ilmur Dögg Gísladóttir, verkefnastjóri Norræna tískutvíæringsins. „Við höfum strax fundið fyrir miklum áhuga úti í Seattle þótt við séum bara nýfarin af stað með að kynna þetta."

Norræni tískutvíæringurinn er sýning á norrænni tísku- og skartgripahönnun með sérstaka áherslu á Ísland, Færeyjar og Grænland. Viðburðurinn var haldinn í fyrsta sinn árið 2009 samhliða HönnunarMars, að frumkvæði Norræna hússins. Hann fékk mikla athygli bæði innanlands sem utan og Ilmur býst ekki við minni áhuga nú.

„Norræni tískutvíæringurinn snýst um að setja upp sýningu á tísku á myndlistarlegum forsendum. Tíska er ekki bara tíska, hún getur verið listræn og við erum að kanna það," segir Ilmur og bætir við að með því sé verið að miðla tísku á nokkuð annan hátt en á tískupöllunum. Viðburðurinn er haldinn á mismunandi stöðum í hvert sinn. „Við teljum að með því fáum við alltaf nýjan markhóp. Þannig kynnast fleiri og fleiri norrænni tísku."

Ilmur segir að til að kynna viðburðinn hafi verið ákveðið að halda fatahönnunarkeppni sem hönnunarnemendur frá vesturströnd Bandaríkjanna og Kanada geta tekið þátt í. „Áhersla er lögð á að nemendur kynni sér norræna hönnun og noti hana sem innblástur," segir Ilmur og heldur áfram: „Við höfum fengið nokkur viðbrögð við keppninni og spurningar vegna hennar."

Aðspurð segir Ilmur að fólk hafi mikinn áhuga á Norræna tískutvíæringnum og framsetningu sýningarinnar. „Þetta er framandi fyrir amerískan markað og sérstaklega Seattle. Þetta nær að standa upp úr. Það eru náttúrulega tískuveislur haldnar um allan heim í höfuðborgum tískunnar sem hönnuðir þekkja vel. Við erum að vona að með því að taka þátt í svona sérstöku samhengi skapist óvenjuleg tækifæri.."

*martaf@frettabladid.is*



Íslensku hönnuðirnir Hildur Yeoman, Mundi og Vík Prjónsdóttir munu meðal annarra taka þátt í Norræna tískutvíæringnum.

# Selur Sunbird í New York

MYNDBÖND VIÐ TÓNLIST STOP WAIT GO LÖNDUÐU NÝJUSTU LÍNU SUNBIRD-BARNAFATALÍNUNNAR HILLUPLÁSSI Í NEW YORK.

Sunna Dögg Ásgeirsdóttir, hönnuðurinn á bak við barnafatamerkið Sunbird, kynnti sína fyrstu sumarlínu með tónlistarmyndböndum sem hún vann í samvinnu við hljómsveitina Stop Wait Go. Myndböndin skiluðu henni bæði umfjöllun í erlendum tímaritum á borð við Vogue bambini og Small Magazine og hillupláss í verslunum í London og New York.

„Búðin í New York heitir Babesta, stór og flott verslun í hjarta Tribecca-hverfisins. Nú bíð ég bara eftir að frægu leikarabörnin fari að sjást í fötunum," segir Sunna og hlær. Hún ákvað að búa til myndbönd frekar en taka ljósmyndir til að hugmyndafræðin á bak við línuna skilaði sér sem best.

„Fötin eru bæði lifandi og hreyfanleg og ég vildi sýna það. Tónlistin var samin sérstaklega og er allt öðruvísi en hljómsveitin er þekkt fyrir, en ég treysti þeim fullkomlega í verkið, bræður mínir eru í hljómsveitinni," segir Sunna.

Myndböndin má skoða á heimasíðunni, www.sunbirdkids.com en von er á nýju sumarlínunni í verslanir í vikunni. Á döfinni hjá Sunnu er svo að auka vöruúrvalið.

„Í haust mun ég senda frá mér ungbarnaföt og eins langar mig til að hanna á unglinga."

*- rat*



Fyrsta sumarlína Sunbird kemur í verslanir í vikunni, meðal annars í Rumputusku á Laugavegi og Sirku á Akureyri.


Alltaf eitthvað nýtt og spennandi

Erum fluttar í Skeifuna 8

vertu vinur á facebook



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460

www.belladonna.is

TÍMI KLOSSANNA RUNNINN UPP!




SPENNANDI

Opið

mán.fim 12–18, fös. 12–16,

Sími 694 7911

Eikjuvogur 29, 104 Rvk.

OSUSHI-VEISLA!

60 BITA Sushi-veislubakki

Kr. 8.900,-

panta þarf með dags fyrirvara.



SUSHI THE TRAIN

OSUSHI -THE TRAIN

Lækjargötu 2a og Borgartúni 29 sími 561 0562 / www.osushi.is

Kjólar fyrir öll tilefni



- Útskriftir
- Brúðkaup
- Afmæli
- Eða bara sumarið
- Ótrúlegt úrval af nýjum sumarkjólum

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201

8

SÁÁ bjargaði lífi mínu



2 Álfurinn til bjargar



12 Ég var enginn alki



BLAÐ SAMTAKA ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN · 1. TÖLUBLAÐ · MAÍ 2011

# BLAÐIÐ



ÞÓRARINN TYRFINGSSON:

## Erum á leið 30 ár aftur í tímann

í blaðinu...



4

**30 ÁR AFTUR Í TÍMANN**
Þrátt fyrir að Íslendingum hafi verulega fjölgað og sjúklingahópurinn sé að mörgu leiti veikari og þurfi meiri meðferð er haldið áfram að skera niður til meðferðarmála.



10

**EINAR MÁR MEÐ HUGVEKJU**
Við hjá SÁÁ blaðinu fengum Einar til að skrifa snilldargrein um járnbrautalestir og alkóhólisma. Hann ollir engum vonbrigðum frekar en fyrri daginn.



14

**UNGA FÓLKIÐ HVERFUR EKKERT**
Frá því unglingadeildin tók til starfa fyrir um ellefu árum hefur náðst mikill árangur á meðal ungs fólks en nýkomum ungra hefur ekki fækkað síðustu ár enda fjölgar Íslendingum.


BLAÐIÐ

**ÚTGEFANDI:**
SÁÁ - Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann
Efstaleiti 7, 103 Reykjavík.
Sími: 530 7600

**ÁBYRGÐARMAÐUR:**
Þórarinn Tyrfingsson.

**RITSTJÓRI:**
Mikael Torfason.

**LJÓSMYNDARAR:**
Gunnar Gunnarsson.

**PRENTUN OG DREIFING:**
Ísafoldarprentsmiðja.


## LEIÐARI



**MEIRI NIÐURSKURÐUR TIL ÁFENGIS- OG VÍMUEFNA-MEÐFERÐAR EN ANNARRAR HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU:**

# ER STRÍÐIÐ AÐ TAPAST?

ÞÓRARINN TYRFINGSSON SKRIFAR

Nýleg og hörmuleg dauðsföll áfengis- og vímuefnafíkla og yfirvofandi hætta á aukningu á HIV smiti meðal fíkla minnir okkur óþyrmilega á að áfengis- og vímuefnavandinn er sannarlega mesta mein aldarinnar á Íslandi. Við erum þó í svo mikilli afneitun að allar fréttir um þennan vanda koma okkur á óvart. Við leiðum hjá okkur að 10.2 % allra núlifandi karla á Íslandi sem eru 15 ára og eldri hafa þegar komið á sjúkrahúsið Vog. Þykjumst ekki vita að á síðustu 15 árum létust rúmlega 700 af þeim sem hafa verið á Vogi yngri en 55 ára, þar af voru 108 undir 30 ára. Við könnumst ekkert við að 600 fíklar eru með lifrarbólgu C veiruna í blóði sínu og að 1872 einstaklingar hafa sprautað vímuefnum í æð.

> **Á SÍÐUSTU 15 ÁRUM LÉTUST RÚMLEGA 700 AF ÞEIM SEM HAFA VERIÐ Á VOGI YNGRI EN 55 ÁRA**



**ÞJÓÐ Í AFNEITUN** **Við látum eins og það sé ekki staðreynd að 600 fíklar séu með lifrarbólgu C veiruna í blóði sínu og að 1872 einstaklingar hafi sprautað vímuefnum í æð.**

Kjörnir fulltrúar okkar loka augunum, halda fyrir eyrun og draga meira úr opinberum fjárframlögum til áfengis- og vímuefnameðferðar en til annarrar heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Við segjum ekki neitt og vonum að við vöknum upp af þessari martröð.

Aldrei hefur verið mikilvægar að styðja við bakið á **SÁÁ**:

# SNÚUM VÖRN Í SÓKN OG **KAUPUM ÁLFINN**

„Álfasalan snýst um að unga fólkið okkar fái tækifæri til að fóta sig á ný, eignist betra líf og bjarta framtíð," segir Bjarni Arason, tónlistarmaður og kynningarstjóri álfasölu SÁÁ sem nú er fer í gang í tuttugasta og annað sinn.

Bjarni veit hversu ánægjulegt það er þegar „ungt fólk snýr vörn í sókn og umbreytir lífi sínu til hins betra," eins og hann orðar það sjálfur.

**Mikilvægasta fjáröflunarleiðin**
Álfasalan skiptir SÁÁ gríðarlega miklu máli og er mikilvægasta fjáröflunarleið samtakanna, sérstaklega nú þegar fjárveitingar hins opinbera hafa verulega dregist saman.

„Við sem þjóð erum svo heppinn að eiga SÁÁ að," segir Bjarni sem hvetur fólk til að kaupa álfinn því annars gæti farið svo að starfsemi SÁÁ skerðist hreinlega.

> **ÁLFASALAN SNÝST UM AÐ UNGA FÓLKIÐ OKKAR FÁI TÆKIFÆRI TIL AÐ FÓTA SIG Á NÝ**

Ekki þarf að hafa mörg orð um efnahagshrunið en það gleymist oft að það hefur haft veruleg áhrif á stöðu margra áfengis- og vímuefnaneytenda. Margir sem áður gátu höndlað líf sitt geta það ekki lengur og margir sem áður voru í jaðri áhættuhópa eru nú komnir í þá miðja.

**Unglingadeild í ellefu ár**
Almenn vímuefnaneysla á Íslandi fer stöðugt vaxandi og unga fólkið okkar í stórum hluta nýrra neytenda. Vandamálin eru margháttuð og oft skelfileg. SÁÁ hefur nú rekið unglingadeild á Vogi í ellefu ár og hefur skilað mörg hundruð ungmennum aftur út í samfélagið – reiðubúnum að takast á við daglegt líf. Það myndi fela í sér skelfilegar afleiðingar ef SÁÁ þyrfti að skera niður þjónustu við fjórtán til nítján ára ungmenni og samkvæmt Bjarna er róið öllum árum að því að svo verði ekki.

„Álfurinn verður til sölu víðsvegar á landinu og við allar helstu stórverslanir á höfuðborgarsvæðinu, við alla útsölustaði ÁTVR og nýlundan í ár er að N1 hefur gengið til liðs við SÁÁ með myndarlegum hætti og ætlar að bjóða upp á álfinn á sínum bensínstöðvum víðsvegar um landið," segir Bjarni og að lokum má benda á að álfurinn verður einnig til sölu á heimasíðu SÁÁ, www.saa.is.

**SÁÁ ÁLFURINN ÞARFNAST ÞÍN**

Dagana 19.-22. maí seljum við SÁÁ álfinn. Um árabil hefur álfasalan eflt og stutt við forvarna og unglingastarf SÁÁ. Um leið og Íslendingar eru hvattir til að kaupa álfinn þá má benda áhugasömum á heimasíðu SÁÁ vilji þeir taka þátt í að selja álfinn. Slóðin er **www.saa.is** en nú ríður á fólk fylki sér á bakvið samtökin.



**BJARNI ARASON TÓNLISTARMAÐUR**
**„Við sem þjóð erum svo heppinn að eiga SÁÁ að," segir Bjarni sem hvetur fólk til að kaupa álfinn því annars gæti farið svo að starfsemi SÁÁ skerðist.**



## AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?



Ég kaupi alltaf Álfinn því ég dáist að því frábæra og óeigingjarna starfi sem unnið hefur verið hjá SÁÁ í gegnum árin. Í öllum fjölskyldum er einhver sem notið hefur aðstoðar samtakanna við að losna undan vímuefnabölinu og náð þannig aftur tökum á sínu lífi. Forvarnarstarf SÁÁ er einnig mjög dýrmætt.

**Rósa Guðbjartsdóttir blaðamaður**



SÁÁ álfurinn er myndarmaður og huggulegur í meira lagi. Vel séður og slakur. Enda eru allir að fá sér álf!

**Erpur Eyvindarson rappari**



Ég kaupi Álfinn vegna þess að ég vil hjálpa þeim sem eiga í vandræðum. Flest okkar höfum efni á að styrkja þetta málefni og við ættum að gera það, vegna þess að það gerir líf svo margs fólks betra. Ekki bara þeirra sem geta ekki drukkið áfengi heldur kannski fyrst og fremst þeirra sem þurfa að lifa með þeim.

**Rúnar Freyr Gíslason leikari**



Ötult starf SÁÁ kemur öllu samfélaginu til góða. Að kaupa Álfinn er skemmtileg aðferð til að sýna stuðning sinn í verki.

**Ásta Andrésdóttir fjölmiðlakona**



Ég kaupi álfinn því samtökin SÁÁ hafa hjálpað fjölda fólks að snúa við blaðinu, byggja sig upp og öðlast nýtt líf. Það er ekki lítið mál.

**Jónas Sigurðsson tónlistarmaður**

Um miðjan mánuðinn tilkynnti **REYKJAVÍKURBORG** á vef sínum að borgin væri að gera nýjan samning við SÁÁ. Þar hafði enginn séð samninginn sem felur í sér niðurskurð úr 20 milljónum í 14 milljónir.

# Reykjavíkurborg hættir að greiða fyrir börn alkóhólista

Á árunum 2008-2010 var í gildi samstarfssamningur milli Reykjavíkurborgar og SÁÁ um þjónustu fyrir fjölskyldur áfengis- og vímuefnasjúklinga. Mest af fjárveitingunni fór í sálfræðiþjónustu fyrir börn áfengis- og vímuefnasjúklinga sem sýna einkenni um álag og streitu. Þessi börn eru fæst byrjuð að nota vímuefni og eru á aldrinum 8-14 ára. Þau eru í mestri áhættu allra að eiga í erfiðleikum vegna vímuefna í framtíðinni.

Um miðjan síðasta mánuð lásu forsvarsmenn SÁÁ á vef borgarinnar um nýjan samning sem fæli í sér niðurskurð úr 20 milljónum í 14 milljónir. Þetta er um 30% niðurskurður í krónutölu en um 36% ef miðað er við verðlag í febrúar 2011.



**FJÖLSKYLDUSJÚKDÓMUR** Oftast er talað um alkóhólisma sem fjölskyldusjúkdóm. Það getur valdið miklu álagi og streitu að búa með virkum fíkli eða alkóhólista. Börn þeirra sem fara á Vog eru allt frá 2,5 sinnum til 3,5 sinnum líklegri til að fara sjálf á Vog síðar í lífinu.

### Börnin líklegri til að koma á Vog

„Reykjavíkurborg stöðvaði allar greiðslur til SÁÁ um síðustu áramót og engar greiðslur hafa komið til göngudeildar SÁÁ þetta árið," segir Þórarinn Tyrfingsson, framkvæmdastjóri SÁÁ, en forráðamenn SÁÁ bíða og halda úti þjónustunni alfarið á reikning SÁÁ.

Eins og fyrr segir hefur SÁÁ veitt ungum börnum vímuefnasjúklinga sem sýna einkenni um álag og streitu sérhæfða sálfræðimeðferð sem hefur mikið forvarnargildi. Um tuttugu þúsund Íslendingar hafa þegar verið í áfengis- og vímuefnameðferð hjá SÁÁ og í viðamikilli erfðarannsókn hefur komið fram að börn þessa fólks eru allt að 2,5 til 3,5 sinnum líklegri til að leita sér meðferðar á Vogi síðar á lífsleiðinni.

### Meðferð í 30 ár

Í fyrri útgáfum SÁÁ blaðsins höfum við fjallað ýtarlega um þessa einstöku þjónustu við börnin og foreldrana. Þörfin hefur aukist undanfarið og er nú eitt og hálft stöðugildi hjá SÁÁ.

„Velferðarráð Reykjavíkur hefur nú tök á að sýna öðrum sveitarfélögum gott fordæmi og bjarga þessari nauðsynlegu þjónustu," segir Þórarinn því samtökin hafa ekki bolmagn til að halda úti meðferð fyrir fjölskyldur vímuefnasjúklinga á eigin kostnað án þess að skera verulega niður þjónustuna.

SÁÁ hefur starfrækt göngudeild fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga og aðstandendur þeirra í rúm 30 ár í Reykjavík. Þessi forvarnar og meðferðarþjónusta hefur alla tíð verið hluti af heilstæðri þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga og aðstandendur þeirra. Í upphafi var þessi göngudeild samvinnuverkefni með Reykjavíkurborg og leysti af hólmi Áfengisdeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkurborgar. Starfsemin var kostuð af Reykjavíkurborg og SÁÁ fram til ársins 1989 þegar heilbrigðisráðuneytið tók við rekstrarhlut Reykjavíkurborgar vegna lagabreytinga. Heilbrigðisráðuneytið skilgreindi sig frá stórum hluta þessarar þjónustu 2008 og hætti að greiða fyrir þá fjölskyldumeðferð, forvarnarstarf og félagslegan stuðning sem áfengis- og vímuefnasjúklingar höfðu fengið frá þessari göngudeild. Á sama tíma á árinu 2008 gerðu SÁÁ og Reykjavíkurborg með sér samstarfssamning um að halda úti forvörnum og meðferðarþjónustu fyrir þá Reykvíkinga sem þurftu á henni að halda. Þjónustu fyrir börn áfengis- og vímuefnasjúklinga og aðstandendur þeirra. Markmið samningsins var einnig að auka samstarf milli velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar og SÁÁ.

> **REYKJAVÍKURBORG STÖÐVAÐI ALLAR GREIÐSLUR TIL SÁÁ UM SÍÐUSTU ÁRAMÓT**

### Skilningsleysi Reykjavíkurborgar

Heildarkostnaður við þá þjónustu sem veitt er á göngudeild SÁÁ í Von við Efstaleiti var rúmar 114 milljónir árið 2010. Þar af var kostnaður vegna reykvískra fjölskyldna og barna 40 milljónir. Reksturinn er endurskoðaður af Ríkisendurskoðun og undir faglegu eftirliti Landlæknisembættisins.

Nú liggja ný samningsdrög á á borðinu og er um að ræða einhliða niðurstöðu Reykjavíkurborgar.

„Í samningsdrögunum kemur fram algjört skilningsleysi á eðli þjónustunnar sem fyrst og fremst er hugsuð fyrir börn og fjölskyldur þeirra áfengis- og vímuefnasjúklinga sem eru í meðferð hjá SÁÁ," segir Þórarinn og útskýrir að á meðan sjúklingarnir eru í meðferð er haft samband við fjölskyldur þeirra og þeim boðin fjölskyldu- og barnaþjónusta SÁÁ.

Í samningsdrögum Reykjavíkurborgar er ætlast til að fjölskyldur skjólstæðinga SÁÁ fari fyrst í viðtal hjá félagsráðgjafa á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar til að fá þar tilvísun á þjónustu SÁÁ. Þetta er ekki gert í þeim anda að kaupa sérhæfða þjónustu SÁÁ heldur er hér verið að skerða þjónustuna hressilega niður og um leið er aðgengi skjólstæðinganna torveldað svo um munar.

„Við erum að reyna að semja um þetta," segir Þórarinn að lokum en þegar blaðið fór í prentun var ekki búið að skrifa undir nýjan samning við Reykjavíkurborg og fjölskyldumeðferðin enn rekin á reikning samtakanna.

-MT

**SÉRA KARL V. MATTHÍASSON** með hugvekju um álfinn:

# KAUPUM ÁLFA!

## VÍMUVARNIR



**SÉRA KARL V. MATTHÍASSON SKRIFAR**



„Hvernig verður eiginlega framtíð drengsins?" Þessi spurning kom af vörum örvinglaðs föður sem hafði misst son sinn yfir í heim vímuefnanna. „Mun hann deyja, mun hann fjara smám saman út eða kemst hann frá þessu helvíti sem búið er að sundra heimilinu og stúta öllu?" „Já, hvernig björgum við þessum dreng?"

Þegar börn eða unglingar eru komnir í þá stöðu sem hér um ræðir er utanaðkomandi hjálp nauðsynleg. Fyrir unglinginn, foreldrana, systkini hans, afa, ömmu og reyndar allt umhverfið .

SÁÁ hefur á hverju ári staðið að álfasölunni sem hefur þann tilgang að efla og styðja við unga fíkniefnaneytendur. Sá sem kaupir Álfinn stuðlar að því að ungt fólk komist aftur til lífsins á beina braut og geti byrjað upp á nýtt og eignast gott líf.

Starf SÁÁ hefur stuðlað að því að fjölmargir unglingar hafa náð að fóta sig aftur og er það ómetanlegt. Ekki aðeins fyrir viðkomandi ungling, heldur líka fjölskyldu hans og samfélagið allt.

Við skulum ekki gleyma því að núna skiptir þátttaka okkar miklu meira máli en áður þó það hafið auðvitað verið mikilvægt. Samdráttur og niðurskurður hjá hinu opinbera og fyrirtækjum er mikill og þess vegna eru Álfarnir sem við kaupum miklu dýrmætir og mikilvægari í baráttunni fyrir því að kalla börnin okkar aftur heim til okkar og hins góða lífs. Kaupum Álfa og styðjum þannig við hið góða sem byggir upp börn okkar og unglinga.

> **SÁ SEM KAUPIR ÁLFINN STUÐLAR AÐ ÞVÍ AÐ UNGT FÓLK KOMIST AFTUR TIL LÍFSINS Á BEINA BRAUT OG GETI BYRJAÐ UPP Á NÝTT OG EIGNAST GOTT LÍF**

# ERUM Á LEIÐ 30 ÁR AFTUR Í TÍMANN



**ÍSLENDINGUM FJÖLGAR** Á sama tíma og stjórnvöld skera niður fé til SÁÁ fjölgar þeim sem þurfa á þjónustunni að halda.

Íslendingum fjölgar, þeir drekka meira og verr, ólöglegi vímuefnamarkaðurinn styrkist og sjúklingarnir sem koma á Vog þurfa enn meiri þjónustu, en stjórnvöld **SKERA NIÐUR FÉ TIL MEÐFERÐARMÁLA**. Nú þegar er það fé sem varið er til SÁÁ komið niður fyrir það sem það var árið 2000.

„Á sama tíma og meðalneysla einstaklinga á áfengi og vímuefnum hefur vaxið, íbúum fjölgað og vandamál tengd áfengisneyslu aukist, hefur hið opinbera dregið úr framlögum sínum til SÁÁ," útskýrir Þórarinn Tyrfingsson, framkvæmdastjóri SÁÁ og yfirlæknir á Vogi.

Tímarnir framundan eru skelfilegir ef ekki næst að auka skilning stjórnvalda á mikilvægi starfseminnar. Þeir sem leita sér hjálpar vegna áfengis- og vímuefnafíknar verða sífellt yngri. Hörðu efnin eru að ná enn fastari fótfestu, sprautusjúklingum fjölgar og sá skaði sem áfengis- og vímuefnasjúklingar valda sjálfum sér og samfélaginu verður meiri.

### Samtökin á krossgötum

„Eftir að ríkið hætti að fjármagna ófaglegar meðferðir ævintýramanna hefur þeim fjármunum ekki verið ráðstafað á skárri staði," segir Þórarinn en skemmst er að minnast Byrgisins í því samhengi.

Fyrir rúmum þrjátíu árum kom hugsjónafólk á Íslandi af stað fjöldahreyfingu til baráttu gegn áfengisbölinu. Hreyfingin varð fljótt að öfluðu almannafélagi og í dag hafa ólögleg vímuefni sett mark sitt á samtökin og meðferðarstarf SÁÁ. Á skömmum tíma tókst að gjörbreyta viðhorfi almennings og stjórnvalda til áfengis- og vímuefnasjúklinga og bæta hag þeirra. Nú er komið að öðrum kafla í þeirri barráttu því SÁÁ standa á krossgötum vegna fjárskorts.

„Rekstur SÁÁ er óráðinn og svo gæti farið að Ísland færist rúm 30 ár aftur í tímann," segir Þórarinn en í þá daga var um helmingur þeirra sem innrituðust á geðdeildir áfengissjúklingar.

### 47 dóu í fyrra

Áfengis- og vímuefnaneysla er algengasti áhættuþátturinn fyrir glötuð góð æviár á Íslandi. Í fyrra dóu 47 manns á Íslandi ótímabærum dauða vegna sjúkdómsins. Í ljósi þess er furðulegt hversu litlum tíma og fjármunum er eytt til beinna forvarna og meðferðar gegn vímuefnavandanum.

Vandamál áfengis- og vímuefnaneyslu einskorðast ekki bara við sjúklinga með heilasjúkdóminn fíkn. Fólk sem notar þessi efni lendir beinlínis í slysum vegna neyslunnar þótt ekki sé um fíkla að ræða. Algengasta dánarorsök þeirra sem eru yngri en 25 ára er áfengisneysla beint eða óbeint. Í þessu samhengi valda löglegu vímuefnin tóbak og áfengi langmestum skaða þó að ólögleg vímuefni og ávanalyf valdi líka miklum líkamlegum skaða og þjóðfélagsvanda.

Fíknisjúkdómar valda víðtæku heilsutjóni og dauða. Áfengis- og vímuefnafíklar slasast oft, fremja sjálfsvíg, nota óhreinar sprautur og verða fyrir ofbeldi. Sjúklingarnir valda öðrum heilsutjóni með ofbeldi, ölvunarakstri og óbeinum reykingum svo dæmi séu tekin.

Vandamálið er stórt og ósýnilegi kostnaður samfélagsins gríðarlegur. Fíknisjúkdómar eru heilasjúkdómur og samkvæmt viðurkenndum bandarískum rannsóknum kosta þeir samfélagið jafn mikið heilasjúkdómarnir geðklofi, altzheimers og heilablóðföll samanlagt.

### Er stríðið að tapast?

Í ljósi niðurskurðar stjórnvalda má lítið út af bera á stofnunum SÁÁ. Meðferðarstarf á Íslandi er að færast aftur um áratugi og samkvæmt tölum frá OECD eru stjórnvöld búinn að koma Íslandi á tossalista hvað meðferðarmál varðar.

„Er það álitleg framtíðarsýn að alkóhólistar eigi ekki í önnur hús að vernda en geðsjúkdómasvið Landspítalans, sem einnig glímir við stjórnlausan niðurskurð?" spyr Þórarinn sem segir að vandamálið í dag sé einnig að erfiðara sé að fanga athygli stjórnvalda sem gefa hryllilegri stöðu í meðferðarmálum ekki gaum. -MT

**HEILDARÚTGJÖLD TIL HEILBRIGÐISMÁLA**




**HEILDARÚTGJÖLD AUKAST EKKI** Dregið er úr heildarútgjöldum til heilbrigðismála á Íslandi þrátt fyrir að Íslendingum eldri en 15 hafi fjölgað um 40 þúsund á sama tíma.

**FRAMLÖG TIL LSP**




**SKARPUR NIÐURSKURÐUR HJÁ LANDSPÍTALA** Fé til Landspítala nálgast það sem það var 2000 og ef fer sem horfir í niðurskurði til meðferðarmála gæti ástandið hjá Landspítalanum orðið skelfilegt.

**FRAMLÖG TIL SJÚKRAREKSTURS SÁÁ**




**MINNA FÉ EN ÁRIÐ 2000** Þrátt fyrir að Íslendingum hafi verulega fjölgað og sjúklingahópurinn sé að mörgu leiti veikari og þurfi meiri meðferð er haldið áfram að skera niður til meðferðarmála.

## HELMINGUR SJÚKLINGA Á BÓTUM

Starfsemi SÁÁ stendur á tímamótum. Samtökin fá nú hlutfallslega minna fé til áfengis- og vímuefnameðferðar en árið 2000 en vandamálin eru meiri og erfiðari viðfangs. „Einstaklingum yfir 25 ára hefur fjölgað um 40 þúsund síðan 2000," segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, sem tekur á móti yngra fólki en áður og mun fleiri sjúklingar sem koma á Vog eru félagslega óvirkir vegna geð- eða hegðunarvandamála.

Frá 1990 hefur sjúklingahópurinn á Vogi breyst mjög mikið. Það ár voru til dæmis einungis 2% sjúklinga á örorkubótum en þeir eru nú 25%. Í heildina eru 55% sjúklinga á Vogi annað hvort atvinnulausir eða á örorkubótum.

Á milli fimmtán og tuttugu prósent Íslendinga eru alkóhólistar:

## 3 AF HVERJUM 20 UNGLINGUM MUNU FARA Á VOG

**Íslendingum fjölgar stöðugt á sama tíma og fjárframlög til SÁÁ minnka og sókn í þjónustuna sem samtökin veita eykst.**

**Gagnagrunnur Vogs er einstakur og samkvæmt honum eru um 15-20% líkur á áfengis- og/eða vímuefnasjúkdómum. Viðurkenndar erlendar rannsóknir staðfesta þetta.**

**Ef nýgengistölur frá Vogi eru skoðaðar nánar kemur í ljóst að líkurnar á því að einstaklingur á Íslandi leiti til sjúkrahússins eru um 15,6% sem merkir að 3 af hverjum 20 Íslendingum munu fara á Vog einhvern tíma á lífsleiðinni.**

**Að sjálfsögðu eru líkurnar mismunandi eftir aldri og kyni en samkvæmt niðurstöðunum eru 18,6% líkur á því að karlmaður, sem nú er 15 ára, leiti sér meðferðar vegna áfengissýki eða annarrar vímuefnaneyslu. Þegar konur eiga í hlut eru líkurnar 9,6% að þær innritist á Vog.**

**Sjúklingahópur SÁÁ hefur breyst mikið frá upphafi og sífellt fleiri stórneytendur á önnur vímuefni en áfengi koma á sjúkrahúsið. Samt minnkar áfengisdrykkja ekki en þróaðri ólöglegur vímuefnamarkaður hefur sett mark sitt á starf SÁÁ og íslenskt samfélag.**

**FJÖLDI ÍSLENDINGA 15 ÁRA OG ELDRI**




> **Á SAMA TÍMA OG MEÐALNEYSLA EINSTAKLINGA Á ÁFENGI OG VÍMUEFNUM HEFUR VAXIÐ, ÍBÚUM FJÖLGAÐ OG VANDAMÁL TENGD ÁFENGISNEYSLU AUKIST, HEFUR HIÐ OPINBERA DREGIÐ ÚR FRAMLÖGUM SÍNUM TIL SÁÁ**

# TÓMIÐ innra með mér fór STÆKKANDI

**GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR** hætti að drekka fyrir næstum tólf árum. Þremur árum eftir að hún keypti fyrstu pistlana af *Mikael Torfasyni*. Hann hefur alltaf dreymt um að taka viðtal við sinn gamla ritstjóra á Helgarpóstinum. Þau settust niður og ræddu um konur og brennivín og af hverju þær monta sig ekki af syndum sínum eins og karlarnir.



**GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Töffarinn sem hætti að drekka fyrir næstum tólf árum.**

Guðrún Kristjánsdóttir er ein af þessum kjarnakonum. Hún var ritstjóri á svokölluðum götustrákablöðum (Helgarpóstinum) og framkvæmdastjóri Hafnarfjarðaleikhússins, kynningarstjóri Listahátíðar, stjórnmálafræðingur frá HÍ, blaðamaður og nú situr hún eitt og eitt námskeið í sálgæslufræðum (hluti af meistaranámi við guðfræðideildina). Og hún hætti að drekka fyrir tólf árum. Geri aðrir betur :) Broskall og allt það.

„Jú, jú," segir hún og brosir yfir því hvað ég er alltaf hrifinn af henni. „Ég er búin að vera edrú frá því í blálok síðustu aldar."

Manstu þegar þú keyptir pistlana af mér þegar ég var rétt skriðinn yfir tvítugt? spyr ég því auðvitað er ég bara manneskja og hef stundum alltof mikinn áhuga á sjálfum mér. En Guðrún kinkar bara kolli og glottir án þess að segja neitt. Það höfnuðu mér allir nema hún. Hún ber ábyrgð á því að ég varð blaðamaður. Þar til ég hitti hana hafði enginn haft trú á mér nema ég sjálfur. Og hún er enn sami töffarinn í dag og hún var fyrir fimmtán árum þegar hún reykti og drakk, götublaðaritstjórinn sjálfur.

## Að hætta að drekka

Af hverju hættir einhver að drekka? Stundum er sagt að enginn vilji hætta að drekka nema hann eigi vandræðum með það. Ég veit ekkert um það en Guðrún, eða Gunna eins og hún er oft kölluð, segist hafa hætt af því áfengi virkaði ekki lengur fyrir hana.

„Mér leið orðið illa þegar ég drakk, sérstaklega eftir á, í þynnkunni, þegar tilgangsleysið varð algert. Tómið innra með mér fór bara stækkandi," segir hún og útskýrir fyrir mér að undir það síðasta hafi áfengi verið orðið einhverskonar vanvirkt þunglyndismeðal sem gerði bara illt verra.

Guðrún átti líka dóttur sem var tíu ára um það leiti sem hún ákvað að leita sér hjálpar. „Ég man að ég hugsaði með mér að ég gæti ekki gert henni það að þurfa að sitja uppi með mömmu sem væri í sífelldu stríði við eigið þunglyndi. Ég er frekar skapgóð (en þó skapmikil) í grunninn og því átti hin eilífa þynnka ekki vel við mig."

Svo Gunna hætti að drekka. Eins og gengur og gerist. Henni þótti allavega í lagi að prófa það og sjá til hvort það myndi ganga upp. Óþarfi að gera eitthvað meira úr því á þeim tíma. En ákvörðunin var svo frelsandi að eftir sex mánuði var ekki aftur snúið.

## Ekki nóg að hætta

„En eins og allir vita sem hætta að drekka þá er það ekki nóg. Þegar þú ert loksins edrú þá fyrst byrjar glíman við sjálfan sig. Ég vildi verða betri manneskja og taka á göllum mínum sem voru mýmargir en um leið halda í margt það góða sem ég hafði fengið í vöggugjöf og rækta það. Það er eilífðarvinna en áformin eru góð."

Gunna er djúpkafari í eðli sínu. Sko, lífið er ekkert einfalt, myndi hún segja þér, því það er margslungið og flókið og í raun ekki hægt að skilja sjálfa sig nema gefa sér tíma til að kafa djúpt og leita. Sem er meðal annars ástæðan fyrir því að Guðrún sækir námskeiðin í sálgæslufræðum og undanfarið hefur hún haft brennandi áhuga á heilsufræðum og allskyns efnafræði því tengdu.

## Skömm kvenna

Sko, ég hef oft velt því fyrir mér hvort það sé erfiðara fyrir konu að viðurkenna vanmátt sinn gagnvart áfengi? Það er næstum bara partur af menningu karla og segja grobbnar fylliríssögur en maður heyrir konur sjaldan grobba sig af því að hafa drukkið ótæpilega.

„Eftir því sem ég hef skoðað málin betur er tvennt sem kemur í veg fyrir að konur monti sig af sínum sögum og sinni fortíð. Annars vegar skömmin og svo kannski hégóminn. Auðvitað er þetta tvennt samofið á marga lund og skömmin er eitthvað sem erfitt er að henda reiður á. Sumir fræðimenn segja skömmina svo djúpstæða að fólk taki ekki eftir henni. Hún er svo mikill partur af lífi þeirra, einkum kvenna, að þær taka ekki eftir henni frekar en veggfóðrinu heima hjá sér. Af því að skömmin hefur alltaf verið þarna, jafnvel kynslóð fram af kynslóð. Og hún verður til í því samfélagi sem við búum í hverju sinni og hún mótar okkur. Þannig að þótt margt hafi gerst í jafnréttismálum situr enn margt eftir í vefjakerfi samfélagsins og við eigum langt í land með að hreinsa út djúpstæða skömm kvenna."

## Hvað gerði ég rangt?

Gunna útskýrir fyrir mér að hún sé ekki þar með að segja að karlmenn geti ekki verið uppfullir af skömm. Hún er bara öðruvísi og þeir verja sig ekki í hljóði kannski eins og konur. Ég get staðfest það. Ég hef verið veiðihúsi með tuttugu blindfullum körlum þar sem helmingurinn réttir upp hönd og segist hafa farið á Vog. Þeir eru aftur fullir en virðast ekki skammast sín neitt. Við Gunna hlæjum af því en hún segir mér að skömm kvenna geti verið erfiðari viðureignar og því séu þær ekki eins og opnar varðandi drykkjuvandamál.

„Tökum klassískt dæmi um skömm konu sem er nauðgað. Hún situr þá oft uppi með djúpstæða skömm. Hvað gerði ég rangt? Hvað hefði ég átt að gera öðruvísi? Án þess að gera sér grein fyrir því getur hún upplifað sig sem seka. Og ef ekki er unnið með áfallið breytist það í djúpstæða skömm sem verður oft að hinum óútskýrða sársauka sem litar allt hennar líf," segir Guðrún og bætir við að það sé erfitt fyrir konur að stíga fram og segja opinberlega frá nauðgun því þá fær konan gjarnan á sig þann stimpil að vera „konan sem var nauðgað."

## Hégóminn og Bakkus

„Og svo er það vitleysan með að konur eigi að fyrirgefa ofbeldismönnunum. Að fyrirgefa þeim þarf ekkert að vera hið rétta. Ég hef rætt þetta við marga presta – en þeir hafa nokkrir verið með mér í sálgæslunáminu – og þeir segja að það standi hvergi í fræðunum að minnimáttar eigi að fyrirgefa meirimáttar. Það sé af og frá. Fórnarlamb nauðgunar þarf fyrst og fremst að leggja áherslu á sig sjálfa. Púnktur. Í þessu samhengi minnti einn samnemandi minn, presturinn, mig á hvert Kristur hefði beint orðum sínum á krossinum Faðir fyrirgef þeim því að þeir vita ekki, hvað þeir gjöra, að hann hafi ekki hrópað þessi orð fyrirgefningarinnar til andstæðinga sinna sem hvorki gátu né vildu taka við þeim."

*En hvað áttirðu við fyrr með að það væri ekki bara skömm kvenna heldur hégóminn líka sem héldi aftur af þeim varðandi að viðurkenna vanmátt sinn gagnvart eigin áfengisneyslu?*

„Það er bara staðreynd að konur eru oft mjög hræddar við álit annarra út af ástæðunum sem ég hef nefnt. Við getum lokast inni í þessari veröld hégómans og óttans og finnum okkur ekki leið út. Þess vegna eiga konur stundum erfitt með að viðurkenna að hafa tapað í glímunni við Bakkus."

## Að lina þjáningar

*En af hverju drakkst þú svona illa?*

„Ókei," segir Gunna og glottir því það er auðvitað gott og gilt trix í blaðamennsku að spyrja bláeygður, eins og barnið, en hún lætur það eftir mér: „Alkóhólismi á sér margar og flóknar rætur en þó er eitt sem ég hef rekið mig á hvað eftir annað og það er að margir sem eiga erfitt með að vera edrú hafa oftar en ekki lent í einhverju áföllum sem þeim hefur ekki tekist að vinna sig út úr. Þetta getur jafnvel tengst einhverskonar áfallastreituröskun. Það er mjög algengt að fólk sem á að baki mikla erfileika noti áfengi og vímuefni til að lina þjáningar sínar."

Sjálf varð Guðrún fyrir miklu áfalli 22ja ára. Í karllægu samfélagi þess tíma var heldur gert minna úr því áfalli en meira. En samt vita konur að sá sársauki sem hún gekk í gegnum þá verður vart færður í orð.

## Sorgin og áfallið

„Ég fæddi andvana barn," segir Guðrún af því æðruleysi sem einkennir þá sem unnið hafa vel og rækilega í sálarlífi sínu. Hún var fullgengin með barnið og hafði verið á leið á fæðingarheimilið full vonar og eftirvæntingar, unga mamman. Fljótlega kom í ljós að drengurinn var dáinn.

„Ég man að það fyrsta sem ég hugsaði var: Guð ef þú ert til þá ertu ekki fyrir mig. Og þannig afgreiddi ég hann. Ég var ekkert sérstaklega trúuð eða í því að iðka trú á þessum árum en það var þarna samt einhver neisti sem slokknaði."

Guðrún gekk í gegnum þetta bara eins og gert var á þeim tíma. Fjölskylda hennar og barnsfaðirinn, og fjölskylda hans, studdu auðvitað við bakið á henni en hún vann ekki úr sársaukanum. Það var ekkert verið að bjóða henni faglega aðstoð og hún var heldur ekki að leita eftir henni.

„Ég fór til Svíþjóðar og eyddi þar sumrinu í félagsskap Nord-djobbara. Þar man ég hvað við áfengi smullum einstaklega vel saman. Mér fannst frábært að deyfa mínar erfiðu og sársaukafullu tilfinningar með brennivíni. Þarna hófst það ástarsamband og ég man það svo ótrúlega vel."

## Aftengjast Guði og sjálfri sér

Guðrún útskýrir fyrir mér að auðvitað er lífið ekki það einfalt að hún hefði ekki orðið alkóhólisti ef hún ekki orðið fyrir þessu áfalli. Lífið er auðvitað aldrei án áfalla en þarna hóf hún að þróa sinn alkóhólisma fyrir alvöru.

„Ég losaði mig líka við almættið og fór að gera bara það sem ég vildi. Að aftengja sig Guði, sjálfri sér og jafnvel öðru fólki dró úr sársaukanum."

Áratug síðar var Gunna komin út í horn með sína drykkju. Hún leitaði sér aðstoðar og varð fyrir andlegri vakningu. Fór að rækta sína trú og tók því mjög alvarlega. Hún lagði samt ekki í að snerta á þessu máli. Fannst svo langt um liðið og svo var þetta of sárt til að fara að rifja upp óljósar minningar. Henni hafði líka tekist að aftengja sig svoldið frá sársaukanum og minningunum. Það er ekki óalgengt að okkur takist að þurrka út sársaukafulla reynslu. Þannig erum við manneskjurnar bara.

## Ekkert að óttast

„Ég hélt samt áfram að vinna úr mínu, fyrirgefa og bæta fyrir eigin mistök," segir Gunna sem lagaði til í sínu lífi eftir að hún varð edrú. En hún geymdi þennan sársauka, djúpt inni í sér, og áttaði sig ekki á því fyrr en hún var aftur kominn út í horn.

„Ég var blessunarlega laus við að vilja drekka aftur en ég þurfti að gera þetta upp. Það sköpuðust aðstæður í mínu lífi sem ýttu undir þá vinnu. Ég raðaði þessu í réttar hillur og hætti að snúa þessu á hvolf og finnast ég vera sek. Ég hafði ekki gert neitt rangt. En með því að vinna ekki úr þessu óx sársaukinn innra með mér og varð að skömm, ómeðvitað."

Og það eru þessi djúpu sár sem oft viðhalda sjúkdóminum og gera það að verkum að sumir falli krónískt. Séu alltaf detta í það. En Guðrún lítur á sig sem lánsama og hún hefur nýtt öll sín tækifæri til að vinna úr sínum málum. Og það er hin raunverulega batasaga. Töffarar eins og Gunna Kristjáns horfa alltaf í augun á þér og víkja sér ekki undan vandamálum. Hún veit að það er ekkert að óttast. Hún er enn jafn svöl og þegar hún keypti af mér fyrsta pistilinn fyrir fimmtán árum. Ef ekki miklu svalari.

*Mikael Torfason*

Í fyrra fór að bera á **HIV SMITI** í hópi sprautufíkla á Íslandi. Nú verður að teljast óhætt að fullyrða að um faraldur sé að ræða. Það sem af er ári er vitað um sjö smit á meðal sprautufíkla. Einu raunhæfu viðbrögðin er að koma smituðum einstaklingum í meðferð svo þeir hætti að smita aðra.




**FLEIRI SPRAUTA SIG**
**Á sjúkrahúsið Vog fjölgar þeim sjúklingum sem sprauta vímuefnum í æð.**

# HIV faraldur á Íslandi




Þar til á síðasta ári var það næstum óþekkt að HIV veiran væri að berast á milli sprautufíkla á Íslandi en nú er svo komið að óhætt er að fullyrða að um faraldur sé að ræða. Það sem af er þessu ári er vitað um sjö HIV smit í þessum hópi.

„Okkur varð það ljóst í fyrra að HIV veiran væri komin inn í hóp þeirra vímuefnafíkla sem eru að sprauta sig í æð," útskýrir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, og hann er að vonum brúnaþungur yfir því hversu margir hafi smitast það sem af er þessu ári: „Það stefnir í algert óefni."

### Öruggt kynlíf og hreinar nálar

*Hvað er hægt að gera til stöðva þessa þróun?*

„Öruggasta og besta leiðin er að ná þessum hópi út úr ruglinu og koma þeim í góða vímuefnameðferð," segir Þórarinn og bendir á að auðvitað sé mikilvægt viðhalda almennum áróðri um að stunda öruggt kynlíf og nota hreinar nálar.

Rannsóknir hafa hinsvegar sýnt að á Íslandi hafa fíklar jafn góðan, ef ekki betri, aðgang að hreinum nálum og annars staðar. Svo það er ekki vandamál í sjálfu sér hér á landi og miklu nær að horfa til þess að ná utan um þennan hóp og koma honum í meðferð í stað þess að reyna að forða hinum 300 þúsund sem búa á Íslandi frá smiti.

### Koma fíklinum í meðferð

„Skert aðgengi að nálum er ekki ástæða fyrir þessum smitum, " segir Þórarinn og bendir á að fíkill í vímu geti verið skeytingarlaus og hann gæti þess ekki að ná í áhöld þótt aðgengi sé auðvelt. Fíklinum er jafnvel alveg sama um allt annað en vímuna af því að hann er fastur í fíkninni.

Fram til þessa hefur HIV veiran fyrst og fremst borist á milli Íslendinga með kynmökum. Þórarinn bendir á að mikilvægt sé að skima grimmt eftir veirunni í hópi sprautufíkla vegna þess að sjúklingur sem veit að hann er smitaður breytir nær alltaf hegðun sinni og hann passar sig.

„Eina raunhæfa lausnin er samt sem fyrr að koma fíklinum í góða vímuefnameðferð," segir Þórarinn.

-MT

> **ÖRUGGASTA LEIÐIN ER AÐ NÁ ÞESSUM HÓPI ÚT ÚR RUGLINU OG KOMA ÞEIM Í GÓÐA VÍMUEFNAMEÐFERÐ OG VIÐHALDA ALMENNUM ÁRÓÐRI UM AÐ STUNDA ÖRUGGT KYNLÍF OG NOTA HREINAR NÁLAR.**

**SJÖ HIV SMIT**
**HIV faraldurinn sem nú herjar á sprautufíkla á Íslandi er með því alvarlegra sem sést hefur hér á landi. Þetta hófst í fyrra og árið í ár lofar ekki góðu. Þvert á móti.**

Ráðstefna um örvandi vímuefnafíkn í Von:

## SÁÁ BÆTIR MEÐFERÐINA

**Þrátt fyrir erfiða tíma heldur SÁÁ áfram að sækja fram og bæta áfengis- og vímuefnameðferðina. Dagana 9. -10. júní standa samtökin fyrir ráðstefnu í Von, Efstaleiti. Ráðstefnan er haldin í samvinnu við bandarísku stofnunina NIDA (National Institude of Drug Abuse) og verður margt af besta fagfólki víðsvegar af úr heiminum á ráðstefnunni.**

**„Ráðstefnan er fyrst og fremst um örvandi vímuefnafíkn, amfetamínfíkn, og alvarlegar afleiðingar hennar," segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, en síðustu tvö ár hefur SÁÁ unnið að víðamikilli fíknirannsókn í samvinnu við hina virtu stofnun NIDA. Hjá stofnunum**



**SÁÁ er mikil áhersla lögð á að meðhöndla það unga fólk sem er verst farið af vímuefnaneyslu. Oft eru það amfetamínfíklar sem sprauta efninu í æð. Þessir sjúklingar eru illa farnir og mjög erfitt að veita þeim góða meðferð. SÁÁ reynir hinsvegar allt sitt til að búa þessu unga fólki viðunandi meðferð og er í samvinnu við besta fagfólkið hér á landi og erlendis.**

**HLUTFALL VÍMUEFNAFÍKLA Á SJÚKRAHÚSINUVOGI 1983 – 2010**




**ÖRVANDI VÍMUEFNAFÍKN** **Fyrir þrjátíu árum hófst amfetamínfaraldur á Íslandi. Í dag er sífellt stærra hlutfall sjúklinga á Vogi örvandi vímuefnafíklar.**



## AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?



Af því að alkóhólismi er fjölskyldusjúkdómur okkar Íslendinga og kemur okkur öllum við.

**Guðmundur Andri Thorsson**
**rithöfundur**



Mér eru enn minnisstæð orð finnskrar þjónustustúlku sem ég spurði hvers vegna Finnar væru svona leiðinlegir og strangir þegar kæmi að því að loka börum snemma en um klukkan þrjú virðast allir barir Helsinki læstir og allt rokk úr mönnum. Sú finnska leit á mig í forundran og spurði á móti hvort ég gerði mér ekki grein fyrir því hvað áfengi hefði gert finnsku þjóðinni. Ekki þótti mér það áhugaverð hugleiðing þá stundina. Orðin eru mér hins vegar minnisstæð og oft ættu Íslendingar að velta því fyrir sér hvað áfengi hefur gert íslensku þjóðinni. Í það minnsta skulum við hugleiða það akkúrat þegar við mætum næsta álfasölumanni frá SÁÁ.

**Karen Kjartansdóttir**
**fréttakona**



Ég kaupi álfinn til að styrkja það mikilvæga starf sem fer fram á unglingadeildinni á Vogi. Allir eiga rétt á öðru tækifæri í lífinu. Álfinn, álfapar eða álfastórfjölskyldu inn á hvert heimili!

**Nanna Kristín Magnúsdóttir**
**leikkona**



**ÚTIDÚR** Hljómsveitin Útidúr vakti mikla lukku en hér þenur söngkonan Rakel Mjöll sín fögru raddbönd.



**GARÐAR CORTES** Garðar söng sig inn í hjörtu fundargesta.



**NÝFYNDNA KYNSLÓÐIN** Ari Eldjárn er einn af þessum ungu grínistum sem hafa verið að gera allt vitlaust síðustu misseri.Hann mætti í Háskólabíó og hrærði í mannskapnum.

**BARÁTTUFUNDUR** í Háskólabíó:

# Meðferð í kreppu

**Afmælisfundur SÁÁ var haldin í Háskólabíói í fyrra. Aldrei fyrr hefur jafn mikill skuggi hvílt á afmælishátíðinni en niðurskurður síðustu ára er farinn að hafa veruleg áhrif á starfsemi SÁÁ. Engu að síður var baráttuandi í fundargestum og starfið heldur áfram. Nú er hinsvegar nauðsynlegt að allir sem láta sig málefnið varða leggi sitt á mörkum og kaupi og selji álfa eins og aldrei áður.**



**ÖGMUNDUR OG SIGMAR** Sigmar Guðmundsson hélt fundinum gangandi og hér býður hann Ögmund Jónasson velkominn í pontu.



**ÞÓRARINN OG BUBBI** Bubbi Morthens gefur alltaf eins og hann getur til SÁÁ. Hér eru þeir Þórarinn saman á góðri stundu.



**BARÁTTUANDI Í HÁSKÓLABÍÓ** Á hverju hausti fögnum við afmæli SÁÁ. Í fyrra var afmælið haldið í skugga niðurskurðar.



**KIMBA KIMBA** Efnilegasta hljómsveit landsins er án efa Retro Stefsson og þau mættu á fundinn í Háskólabíó og tóku Kimba Kimba ásamt fleiri lögum.



**ÞRUSURÆÐUR** Gleðin er við völd á afmælisfundinum á hverju ári en það er líka stutt í að gamanið kárni þegar á brattan er að sækja. Sjaldan eða aldrei hefur verið jafn mikilvægt að Íslendingar standið við bakið á SÁÁ.

Verð á flestum fíkniefnum hefur hvorki hækkað né lækkað:

## VERÐBÓLGULAUS DÓPMARKAÐUR

**Litlar breytingar er að finna á verði á ólöglegum vímuefnum samkvæmt nýjustu verðkönnun SÁÁ. Sjaldgæft er að sjá ekki marktækar verðbreytingar á þessum markaði en nú er lítil sem engin verðbólga í landinu og þar skýringuna að finna.**

**Gramm af hassi er á um 2.500 krónur, grasið á 3.600, amfetamínið enn í kringum fimm þúsund krónur og kókaínið í fimmtán þúsundum. Epillan kostar samkvæmt verðkönnun SÁÁ 3.000 krónur að meðaltali og Ritalin taflan er á um þúsund kall.**



**ENGIN VERÐBÓLGA**
**Fíkniefnamarkaðurinn virðist oft dansa í kringum verðbólguna á Íslandi. Hún er lítil sem engin núna og því stendur verð á dópi í stað.**


SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN

# Aðalfundur SÁÁ

verður haldinn fimmtudaginn 26. maí 2011
kl. 17:00 í Von, Efstaleiti 7.

**Dagskrá fundarins er:**

- Skýrsla stjórnar um framkvæmdir og starfsemi samtakanna á liðnu starfsári.
- Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga til umræðu og samþykktar.
- Lagabreytingar ef fyrir liggja tillögur um þær.
- Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og varaendurskoðenda.
- Tekin ákvörðun um félagsgjöld.
- Önnur mál.



## AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?



Ég kaupi SÁÁ álfinn vegna þess að ég vil leggja mitt af mörkum til að starfsemin geti gengið sem best áfram. Hjá SÁÁ, sem eru frjáls félagasamtök, er unnið mjög gott starf til hjálpar fólki á öllum aldri sem virkilega þarf á hjálp að halda til að ná aftur fótfestu í lífinu. Um leið vil ég hvetja alla til að gera slíkt hið sama.

**Drífa Hjartardóttir bóndi**



Ég kaupi álfinn til að stuðla að bættum heimi. Bæði er álfurinn fagur og í mínum huga tákn um viðleitni manna til að hjálpa öðrum. Ef hægt er að borga fyrir slíkt, þá geri ég það.

**Eiríkur Guðmundsson rithöfundur**



Hvers vegna vilja menn selja mér SÁÁ álfinn? Hversvegna kaupi ég SÁÁ álfinn? Svarið við báðum spurningunum er að ég vil leggja mitt af mörkum til að hjálpa fólki í baráttu þess við ávanabindandi áhrif eiturlyfja í allri mynd. Ég hef oft upplifað þá gleði að sjá fólk sem hafði gjörsamlega sokkið eins langt og hægt er í neyslu fá tækifæri og aðstoð við að takast á við vanda sinn og ná sér fyllilega á strik. Geti ég hjálpað til að slíkt eigi sér stað með því að kaupa SÁÁ álf þá geri ég slíkt með gleði í hjarta. Og oft kaupi ég fleiri en einn.

**Hörður Torfason tónlistarmaður**



Ég kaupi álfinn til þess að SÁÁ geti hjálpað þeim sem vegna ofneyslu hafa ekki getað horfst í augu við raunverulegt líf, en vilja breyta því.
Álfurinn opnar dyrnar að heimi án blekkinga - og þótt hann sé lítill þá varðar hann veginn að frelsi svo ótal, ótal margra. Hann er nefnilega knár þótt hann sé smár og það búa í honum ómældir töfrar!

**Vigdís Grímsdóttir rithöfundur**

# SÁÁ BJARGA

**MARTEINN ÞÓRSSON** leikstjóri er bráðum búinn að vera edrú í tvö ár. Fyrir nokkrum árum flutti hann aftur heim frá Kanada. Sína fyrstu kvikmynd gerði hann í Bandaríkjunum og Rúmeníu, og í upphafi árs frumsýndi hann kvikmyndina Rokland við frábærar viðtökur. Hann ræddi listina og brennivínið við *Mikael Torfason*.



MYND: GUNNAR GUNNARSSON

» **MARTEINN ÞÓRSSON** Í UPPHAFI ÁRS FRUMSÝNDI MARTEINN KVIKMY

„Ég fór í mína fyrstu meðferð á Vogi 2007," segir Marteinn Þórsson leikstjóri þegar hann er beðinn að segja sögu sína af blessuðu brennivíninu. Hann borgaði fyrir meðferðina úr eigin vasa því hann bjó í Torontó þar sem hann hafði gengið í kvikmyndaskóla og unnið flest sín fullorðins ár. Hann hafði verið giftur og gert bíómynd (sem fór í aðalkeppni Sundance kvikmyndahátíðarinnar) og unnið við kvikmyndagerð í Kanada og Bandaríkjunum.

„Ég var alveg búinn á því," heldur Marteinn áfram og segir að Vogur hafi verið einhverskonar endastöð fyrir sig á þeim tíma. Hjónabandið farið í vaskinn og svo framvegis.

### Vogur frábær

„Ég man að mér fannst æðislegt á Vogi, alveg dásamlegt. Það var eins og ég væri kominn heim. Þetta var furðulegt heimili en ég fann frið frá umheiminum og frið í sálinni. Frið frá Bakkus. Vogur er dásamlegasta stofnun sem hægt er að hugsa sér, þar ríkir svo mikill kærleikur og umhyggja. Og þar er besta kæfa í heimi. Ég fór að sjá að það var möguleiki að lifa lífinu án áfengis, en það hafði ég talið algjört rugl áður. Ekki séns. Ég vildi ekki að nokkur maður tæki frá mér Bakkus, hann var vinur minn, eini vinur minn. En þarna kom glæta. Eftir Vog fór ég í M-hópinn en kláraði ekki, því það voru sumarfrí," útskýrir Marteinn en hann tengdi sig heldur ekki inn í edrúsamfélagið og því varð stutt í fallið.

Næstum tveimur árum síðar fór Marteinn aftur á Vog og fann á ný friðinn sem fylgir því að vera edrú. Pabbi hans, Þór Rúnar Baker, hafði látist úr alkóhólisma nokkrum mánuðum fyrr og það hafði haft djúpstæð áhrif á Marteinn sem ólst upp hjá móður sinni, Guðrúnu Sigursteinsdóttur og fósturpabba sínum, Birni Hauk Pálssyni, í Mosfellsbæ, elstur fjögurra bræðra (einn bræðra Marteins lést í bílslysi).

„Þegar ég fór aftur á Vog vildi ég auðvitað líka vera edrú með konunni sem ég elska," segir Marteinn og á þar við sambýliskonu sína Guðrúnu Evu Mínervudóttur rithöfund. „Í þetta sinn kláraði ég M-hópinn og tengdist edrúsamfélaginu. Fann mig í sporunum, með yndislegu fólki. Ég var auðvitað skíthræddur við þetta samfélag, og reyndar allt edrú fólk, og ég ætlaði ALDREI að ganga í þeirra hóp. En það er eitthvað með

> **Í DAG FINNST MÉR GAMAN AÐ VERA ALKÓHÓLISTI**

þennan blessaða æðri mátt. Maður ræður þessu bara ekki," segir Marteinn í fullkomnu æðruleysi.

### Að vera listamaður

Marteinn hafði verið lengi erlendis árið 2005 þegar hann kom heim til að gera sjónvarp fyrir sjónvarpsstöðina Sirkuss, sem var þá óskabarn 365 fjölmiðlasamsteypunnar.

„Ég hafði ekki komið til Íslands lengi og fékk sjokk," segir Marteinn um hvernig það var að koma heim í bullandi góðæri. „Ég fékk vel borgað fyrir að vera með í þessu rugli og um tíma var ég með annan fótinn á Íslandi og hinn í Kanada."

Það var á þessum tíma sem hann las Rokland Hallgríms Helgasonar og sá fyrir sér kvikmynd. Snorri Þórisson, eigandi Pegasus, var hrifinn af sýn Marteins og keypti fyrir hann réttinn. Nú er búið að frumsýna myndina, við góðar viðtökur, en á tímabilinu sem um ræðir fór Marteinn fyrst að íhuga fyrir alvöru að flytja heim aftur.

*Og þú yfirgefur fínasta karríer í Kanada?*

„Já, þannig. Ég vann sem klippari og treilergerðamaður, fékk mörg verðlaun fyrir þá vinnu en mig langaði að gera kvikmyndir. Var alltof lengi að „play it safe" í stað þess að sleppa bara takinu og leyfa sjálfum mér að vera listamaður. Ég sé ekki eftir því."

### Sundance kvikmyndahátíðin

Í janúar 2004 höfðu Marteinn og vinur hans, Jeff Renfroe, klárað bíómynd sem keppti í aðalkeppni Sundance kvikmyndahátíðarinnar. Myndin heitir One Point O og þeir Marteinn og Jeff enduðu á lista Variety yfir heitustu leikstjóranna það árið. Þeir gerðu samning við umboðsskrifstofu í Hollywood en Marteinn var ekki með atvinnuleyfi og endaði því fljótlega aftur í Kandada og samvinna þeirra Jeff gekk ekki til lengdar þótt þeir séu enn mjög góðir vinir.

Marteinn er kanadískur ríkisborgari í dag og enn með verkefni í þróun ásamt félögum sínum vestra. One Point O ferðaðist á fjöldann allan af kvikmyndahátíðum og gekk vel í sölu. Enda „genre-mind-fuckmynd" eins og Marteinn orðar það.

„„Hollywood is just a state of mind," sagði David Cronenberg mér eitt sinn. Maður vinnur bara þar sem manni líður vel og maður telur sig hafa eitthvað að segja sem listamaður," útskýrir Marteinn, ánægður með að vera á Íslandi að gera það sem hann langaði alltaf til að gera: Bíó.

### Playstation og píanó

Við það að hætta að drekka hefur lífsstíllinn líka breyst gríðarlega:

„Ég afkasta miklu meira. Ég er með nokkur verkefni í gangi, mörg handrit. Ég er mikið heima hjá mér með konunni minni og kettinum," segir Marteinn sem hefur öðlast nýtt líf við að losna við blessað brennivínið. „Mér finnst gaman að vakna snemma á morgnana og fara í ræktina og sund. Við förum mikið út á land og skrifum í bústað sem við höfum fengið lánaðan. Við förum í leikhús og bíó, lesum mikið af bókum og förum stundum á tónleika."

Svo viðurkennir Marteinn brosandi aðra fíkn, svokallaða Playstation fíkn, sem hann er að vinna í að losna við. Hann er líka mikill kokk-



**FÓSTURPABBI OG BRÆÐUR** Marteinn ólst upp ásamt þrem bræðrum, mömmu sinni og fósturpabba, honum Birni Hauki Pálssyni.




**HAMINGJAN Í GRÍMSEY** Sambýliskona Marteins er Guðrún Eva Mínervudóttir rithöfundur.



**MARTEINN OG PABBI** Þór Rúnar, pabbi Marteins, lést úr alkóhólisma fyrir rúmum tveimur árum. Hann náði aldrei bata.



**TÖKUDAGAR** Hér er Marteinn við tökur á Roklandi, sinni nýjustu kvikmynd.

# AÐI LÍFI MÍNU



NDINA ROKLAND VIÐ GÓÐAR VIÐTÖKUR OG HANN ER MEÐ MÖRG JÁRN Í ELDINUM ENDA MIKLU ORKUMEIRI EN HANN HEFUR VERIÐ ÁRUM SAMAN.

ur og ólatur við að elda fyrir vini og kunningja.

„Ég elska fjölskylduna mína og hef aftur náð að tengja við mömmu, fósturpabba og bræður mína yndislegu," segir Marteinn aðspurður um hvað gefi lífinu gildi. „Ég hef líka gaman af því að veiða og hlakka til að fara seint í sumar, norður í Kolku og Hjaltadalsá að veiða sjóbirting með fjölskyldunni. Eva gaf mér píanó sem ég stefni á að læra einhvern tíma að spila á, svona þegar ég kemst yfir Playstation fíknina."

**Hann drakk bara mikið**

Lífið hefur verið mikið ferðalag hjá Marteini Þórssyni. Hann byrjaði sjálfur að drekka sextán ára og fannst það ekki gott þótt hann hafi fljótlega komist upp á lagið með það.

„Fyrsta alvöru fylleríið mitt var á árshátíð Lúðrasveitar Verkalýðsins og þau urðu ansi mörg áður en yfir lauk. Áfengi var geðlyf fyrir mér, ég öðlaðist frið við að drekka, losnaði við minnimáttarkennd, þunglyndi og feimni. Ég lærði að elska Bakkus meira en allt annað en ég bar þetta ágætlega (þrátt fyrir mörg slæm fyllerí) þangað til uppúr þrítugu. Ég fékk hreinlega nóg og ég var orðinn mjög slæmur undir það síðasta og bara gafst upp, en það tók nokkrar tilraunir eins og ég hef sagt þér. Tvö föll og ég vona innilega að ég falli aldrei aftur. Ég er ekki búinn að vera edrú nema í tæplega 2 ár."

Það þyrfti fleiri síður til að fara yfir feril Marteins. Hann menntaði sig í Ryerson University og starfaði lengi í Kanada eins og fyrr segir. Hann vann einnig við gerð Sigla himinfley eitt sumarið og átti viðkomu í gamla góða Dagsljósi Sjónvarpsins og framleiddi og þróaði fréttaskýringarþáttinn Kompás með Jóhannesi Kr. Kristjánssyni, en þeir félagar hlutu Edduna fyrir þáttinn árið 2006.

Honum er minnistætt að hafa látið blóðföður sinn gera sig gjaldþrota sumarið 1993. Karlinn var þá nýbúinn að kaupa Kjörbúð Péturs á horni Laugavegs og Skólavörðustígs (þar sem nú er pöbbinn Kofi Tómasar frænda).

**VOGUR ER DÁSAMLEGASTA STOFNUN SEM HÆGT ER AÐ HUGSA SÉR.**

„Ég hafði ekki hugmynd um að pabbi væri alkóhólisti á þessum tíma. Hann drakk bara mikið," segir Marteinn án nokkurrar beiskju.

**Fræðsla um alkóhólisma**

Sjálfur vissi Marteinn lengi ekki hvað það var að vera alkóhólisti og honum finnst skorta á fræðslu hvað varðar ungt fólk og sjúkdóminn.

„Þetta er nefnilega sjúkdómur," segir Marteinn og mikilvægt að Íslendingar geri sér grein fyrir því: „Alveg frá barnaskóla og upp úr. Enn þann dag í dag laumumst við mikið með þennan sjúkdóm, alkóhólisma."

Marteini datt til dæmis ekki í hug að hann væri alki af því að honum gekk vel í skóla og vinnu og bara í lífinu almennt.

„Alkar voru í mínum huga fólk sem var í ræsinu og/eða á geðdeildum. Þegar ég var í Kanada, þar sem ég byrjaði að drekka daglega, þá drakk ég bara eins og aðrir Kanadamenn. Maður fór og fékk sér bjór eftir vinnu, fékk áfengi í öllum partíum, enda snérust öll vinnupartí um áfengi. Það var auðvitað fullt af ölkum í kring (þar á meðal ég) en þarna var samt enginn einasti alkóhólisti."

**Þakklátur reynslunni**

Margir alkóhólistar ná síðan aldrei að kynnast batanum frá sjúkdómnum. Pabbi Marteins var drykkjumaður þar til hann lést fyrir rúmum tveimur árum. Hann fór þó á Silungapoll í afvötnun nokkrum sinnum.

„Hann fann aldrei friðinn sem fylgir sannri edrúmennsku en hann hef ég fundið. Ég elska að vera edrú, ég elska að finna hjartað slá í takt við lífið sjálft. Það gerist eitthvað stórkostlegt þegar maður losnar við bölið, því þetta er böl fyrir alkóhólista. Við erum öðruvísi en annað fólk. Í dag finnst mér gaman að vera alkóhólisti og mér finnst gaman að taka þátt í starfi SÁÁ og tólf spora samtökum almennt. Ég hefði ekki viljað missa af þessu. Þetta er alveg stórkostlegt líf ef maður losnar við áfengið. Ég get ekki þakkað nógu oft né nógu mikið fyrir SÁÁ og það starf sem er unnið á Vogi. Það bjargaði lífi mínu."

*Þú saknar ekki Bakkusar?*

„Nei. En ég er þakklátur fyrir reynsluna sem Bakkus fylgdi. Í mínu starfi er það eitthvað sem nýtist óendanlega," segir Marteinn og bætir því við að lokum að maður verði svo að geta horft kómískum augum á lífið: „Þau eru svo mörg höggin en þau mýkjast ef maður getur brosað að því hvað þetta er allt saman skrýtið."

-MT





**Á GLÖÐUM DEGI** Það er auðvitað allt annað líf að vera án áfengis. Hér eru bræðurnir Matti, Jói og Palli að syngja fyrir mömmu, Guðrúnu Sigursteinsdóttur.



**ROKLAND** Bíómyndin fékk góðar viðtökur.



**ÁSTRÍÐAN** Marteinn og vinur hans Jeff (með skeggið) við tökur á One Point O en hún fór alla leið í aðalkeppni Sundance kvikmyndhátíðarinnar.



**LITLI KÚTUR** Marteinn ólst upp í Mosfellsbæ og hér er hann sakleysið uppmálað.

# MEIRA UM JÁRN-BRAUTAR-LESTIR

**EINAR MÁR GUÐMUNDSSON** rithöfundur er að senda frá sér nýja bók sem heitir Bankastræti núll. Við hjá SÁÁ blaðinu fengum hann til að lofa okkur að birta kafla úr bókinni sem á mikið erindi við okkur öll.



**ENGAR JÁRNBRAUTARLESTIR** **„Ég átti járnbrautarlest þegar ég var strákur og gat gleymt mér yfir henni tímunum saman og af því að það eru engar járnbrautarlestir á Íslandi var það sérstök upplifun að koma fyrst í járnbrautarlest.“**

## ALKÓHÓLISMI

Ég var eitt sinn beðinn um að velta fyrir mér samgöngumálum en er enginn sérfræðingur í þeim. Ég reyndi að komast inn í hliðargötur en var allt í einu kominn á bólakaf í umferðina. Skellinöðrur þutu hjá, ótal bílar flautuðu. Mig dreymdi að ég lenti í árekstri. Ég held að þetta sé ekki svo vitlaust. Maður á alltaf að vera að velta fyrir sér einhverju sem maður hefur ekki vit á, því maður veit miklu meira en maður heldur og hefur vit á fleiru en maður veit, bara einsog skýin koma saman og það fer að rigna. Menn verða bara að passa sig að það rigni ekki upp í nefið á þeim. Ég gat hafið mál mitt á því að þegar ég var unglingur hélt ég mikið upp á hljómsveit sem hét Traffic með Steve Winwood og félögum. Traffic eru löngu hættir en tónlist þeirra eldist vel. Því má slá föstu að tónlist eldist betur en bílar. Ég segi það með fullri virðingu fyrir fornbílum.

Sko, þarna var strax kominn punktur. Um leið mundi ég eftir því að Halldór Laxness hafði sagt að við værum bílatrúar. Við trúum á bílinn, hann er einsog skurðgoð. Maður á flottum bíl er flottur maður. Að minnsta kosti trúir hann því sjálfur. Fjármálafurstarnir lyftu þessu á hærra plan og fengu sér flugvélar, enda bílaeign allt of almenn til að undirstrika sérstöðu þeirra. Sjálfur var Halldór Laxness hrifinn af bílum. Hann átti lengi eina Jagúarinn á Íslandi og er fræg sagan af því þegar Halldór ók á móti vörubílnum á Vesturlandsveginum sem þá var svo þröngur að þeir gátu ekki mæst og Jagúarinn valt út af. Hélt nú vörubílstjórinn að Halldór Laxness væri allur og sá fyrir sér að þetta yrði það eina sem halda myndi minningu hans á lofti, það er vörubílstjórans. En viti menn, Halldór Laxness skríður út úr bílnum og segir við vörubílstjórann: „Get ég gert nokkuð fleira fyrir yður?” Önnur bílasaga um Halldór Laxness er sú að bíll hans – ég veit ekki hvort það var Jagúarinn - hafi eitt sinn bilað við umferðarljós. Þegar hann ekur ekki yfir á grænu ljósi byrjar óþolinmóð kona að flauta fyrir aftan hann. Þannig standa leikar um skamma hríð uns Halldór stígur út úr bílnum og segir við konuna: „Frú mín góð, ef þér gerið við bílinn minn skal ég liggja á flautunni fyrir yður.”

Nú er það svo að við getum bölvað bílum í sand og ösku en það breytir ekki þeirri staðreynd að bíllinn er stórkostlegt tæki, ekki síst á landi einsog Íslandi. Hann er einsog hestur á hjólum, gerir lítið úr fjarlægðum og á því sinn þátt í því að halda dreifbýlu landi í byggð. Sjálfur tók ég bílpróf mjög seint, svo almenningssamgöngur voru lengi minn ferðamáti. Ég var 38 ára þegar ég tók bílpróf. Í fyrsta ökutímanum ók ég frá heimili mínu í Grafarvoginum og yfir í Hafnarfjörð til að sækja annan nemanda. Það var ungur strákur, krúnurakaður með eyrnalokka. Hann leit á mig og sagði: „Hva´ misstir þú prófið?” Ég á því ákaflega auðvelt með að sætta mig við bíllausan dag, og raunar alls kyns daga, það er eiginlega hver dagur orðinn laus við eitthvað eða helgaður einhverju. Þannig var þetta víst líka á miðöldum. Það er engu að síður mikið frelsi að geta keyrt og í sjálfu sér gaman að hafa orðið unglingur tvisvar, því auðvitað breyttist ég aftur í ungling við það að fá bílpróf.

En þá að járnbrautarlestum. Á Íslandi eru engar járnbrautarlestir en þið sem lásuð Hvítu bókina munið eftir sögunni af Majakovskí og konunni í járnbrautarlestinni. Hún horfði á hann smeyk og Majakovskí sagði: „Frú mín góð, þér þurfið ekki að hafa neinar áhyggjur. Ég er ekki maður. Ég er ský í buxum,” og skildi um leið að hann var kominn með nafn á ljóðabók. Um leið rifjaði ég upp þegar sígaunakonan gaf tíu ára gömlum syni sínum brjóst í járnbrautarlest í Svíþjóð. Drengurinn saug af áfergju, ýtti svo brjóstinu frá, hallaði sér aftur, ropaði og kveikti sér í sígarettu. Ég hefði alveg eins átt að hugsa til Hrefnu gömlu, út af sígaunastráknum og sígarettunni. Hrefna gamla bjó í hálfgerðum skúr niðri við sjóinn þegar ég var strákur. Nú er þar gámahöfn og þess sjást engin merki að Hrefna gamla hafi gengið þar um. Hún var með grásprengt hár sem óx í allar áttir og þeir voru til sem sögðust hafa séð hana fljúga á priki. Sumir voru hræddir við hana, meira að segja



**EINAR MÁR GUÐMUNDSSON**
**SKRIFAR**

borgaryfirvöld, en ekki við strákarnir því hún var mjög góð við okkur þegar við komum niður í fjöru til að leika okkur í skipsflökunum. Jú, auðvitað voru einhverjir smeykir en það voru bara þeir sem þekktu hana ekki og létu þjóðsögur stjórna ótta sínum. Hún bað okkur stundum að fara fyrir sig í sendiferðir og kaupa fyrir sig mjólk, brauð og matarkex, alltaf það sama. Hún var með nokkrar hænur og ef hún fór sjálf út í búð fóru þær með henni. Hrefna þakkaði okkur innilega fyrir sendiferðirnar og ef hún var sérdeilis rausnarleg gaf hún okkur mjólkurglas og sígarettu. Á meðan við reyktum talaði hún um borgarstjórana sem stjórnað höfðu borginni. Henni fannst Bjarni Benediktsson bestur. Á meðan hann stjórnaði þurfti hún ekki að eiga von á sendiboðum frá yfirvöldum en nú var kominn nýr borgarstjóri og hann vildi láta rífa kofann hennar og byggja stærri höfn. Eftir það var ekki friður fyrir sendiboðunum og Hrefna tók á móti þeim með haglabyssu og sígarettu í munnvikinu, alveg einsog konurnar sem maður sá stundum í bíómyndum, en gagnstætt þeim var Hrefna yfirbuguð og sögðu sumir að hún hefði flutt út fyrir bæinn, upp í fjall, þar sem hún

> **DRENGURINN SAUG AF ÁFERGJU, ÝTTI SVO BRJÓSTINU FRÁ, HALLAÐI SÉR AFTUR, ROPAÐI OG KVEIKTI SÉR Í SÍGARETTU.**

lifði á sauðfé og grösum einsog útlagarnir, aðrir að hún væri á geðspítalanum og enn aðrir að hún hefði flúið í annan bæ og byggt sér kofa því hún þurfti að vera nálægt sjónum af því að hún hét Hrefna og breytti sér stundum í hafmeyju og synti um höfin.

Hrefna steig aldrei upp í járnbrautarlest en ég man ekki hvar ég heyrði fyrst söguna um óvirka alkóhólistann sem mætti á fundi og talaði alltaf um járnbrautarlestir. Ég veit ekki hvað hann sagði um járnbrautarlestir. Það fylgdi ekki sögunni en sumum af félögum hans fannst hann svo leiðinlegur að þeir yfirgáfu fundinn og mættu ekki aftur. Þeir duttu jafnvel í það og kenndu manninum sem talaði um járnbrautarlestir um ófarir sínar. Sumir voru lengi úti á galeiðunni, í fimm ár, tíu ár, jafnvel fimmtán, en þegar þeir sem komu aftur komu var maðurinn þarna enn og enn að tala um járnbrautarlestir. Ég held að óvirkum alkóhólistum sé sögð þessi saga til að kenna okkur auðmýkt, að við eigum ekki að dæma og gagnrýna, heldur sé þroskinn fólginn í því að hlusta, jafnvel á tóma vitleysu. Mér finnst þessi járnbrautarsaga mjög góð, ekki síst vegna þess hvað ég er sjálfur hrifinn af járnbrautarlestum. Ég átti járnbrautarlest þegar ég var strákur og gat gleymt mér yfir henni tímunum saman og af því að það eru engar járnbrautarlestir á Íslandi var það sérstök upplifun að koma fyrst í járnbrautarlest. Ég elskaði að sitja við gluggann, bruna í gegnum bæi og borgir, þjóta framhjá ökrum, kýr á beit, sveitabæir, endalaus víðátta og himinn, síðan skógar, jarðgöng og eftir að áfengi var orðið minn fasti förunautur naut ég þess að sitja við glugga og drekka bjór og láta landslagið líða hjá. Stundum las ég eða fletti pappírum eða lenti í samræðum við þann sem sat á móti mér. Stundum varð hálfgert partí í kringum mig. Ég fór með ljóð, sagði sögur og hafði virkilega gaman af lífinu. Svo kom líka fyrir að ég gleymdi pappírum og einhvern tíma fór ég út á vitlausri stöð. Eftir að ég hætti að drekka kveið ég fyrir að fara í lest. Hvernig kæmist ég hjá því að vera með í partíinu? Þegar ég leit yfir lestina sá ég að það var enginn að drekka. Það var ekkert partí. Þetta var bara ég, bara í hausnum á mér.

Það er líka þetta undarlega bræðralag okkar alkóhólistanna, hvernig við hittum hver annan og finnum. Það gerum við bæði allsgáðir og drukknir. Ég fer allt í einu að horfa í huganum yfir samkomu sem haldin var í Hamborg í Þýskalandi árið 1997. Tugir höfunda og útgefenda og blaðamanna frá öllum Norðurlöndum og Þýskalandi voru samankomnir í hátíðarsal hótels. Mikil dagskrá var í gangi um alla borg. Höfundar þeyttust á milli sala, lásu úr verkum sínum og svöruðu spurningum. Svo héldu gestgjafar veislu og veisluhöld hófust með hefðbundnum hætti en þegar líða tók á kvöldið hópuðust þeir saman sem hneigðust að áfengi. Þeir sem ekki hneigðust að áfengi kvöddu og fóru að sofa en við hinir drykkfelldu urðum eftir. Fyrst afgreiddum við þá sem fóru að sofa sem aula og bættum við að þeir gætu auðvitað heldur ekkert skrifað. Á yfirborðinu spaug en alvaran eða vörnin leynist undir niðri. Þegar líða tók á nóttina vorum við aðeins þrír eftir, ég, einn danskur höfundur og einn finnskur. En við vorum það málgefnir og skemmtilegir að barþjónninn, sem var frá Kanada, hóf að drekka með okkur. Segir ekki meira af drykkju okkar, sem stóð langt fram eftir nóttu, nema næsta morgun þegar ég vaknaði rölti ég út mjög timbraður. Þegar ég kem til baka sé ég hvar Daninn gengur burt með ferðatöskur sínar. Ég horfði á eftir honum og man að ég hugsaði: Ég hef aldrei séð jafn einmanalegan baksvip. Það var einsog ótal fjöll hvíldu á herðum hans. Það leið ekki langur tími þar til þessi maður var dáinn úr sjúkdómnum, langt um aldur fram. Samt lét hann eftir sig margar og merkar bækur.

Ég hitti líka Íslending þarna úti. Hann hafði búið í Hamborg í mörg ár. Honum hafði vegnað vel, bæði skrifað bækur og sett upp leikrit, samt fannst honum enginn kunna að meta sig. Á myndum var hann ímynd hins unga myndarlega manns, íhugul augu og heiðríkt bjart andlit, en þarna þegar ég hitti hann hafði hann blásið út og var allur þrútinn og þungur. Við mæltum okkur mót niðri í bæ og settumst inn á bar sem var frægur fyrir að einhverjir frægir höfðu drukkið þar. Höfundurinn ungi drakk mikið og sagði að enginn heima á Íslandi skildi hann og að hugmyndir hans myndu alltaf falla í grýttan jarðveg. Mér fannst þetta mjög skrýtið því ég vissi ekki betur en að hann hefði fengið alla þá athygli sem hægt var að fá og hafði aldrei orðið var við að nokkur einasti maður hefði nokkurn skapaðan hlut á móti honum. Ég sá hvernig gremjan og biturleikinn höfðu grafið um sig í sál hans og ekki einu sinni bjórinn virtist slá á þessi fyrirbæri. Samt var augljóst að hann drakk mikinn bjór og honum leið illa þegar hann var að drekka bjórinn og eflaust enn verr þegar hann var ekki að drekka bjórinn. Bara að hann hefði getað hlustað á einhvern leiðinlegan mann tala um járnbrautarlestir og haldið sér glöðum og hressum með hjálp annarra en því miður, það liðu ekki nema eitt eða tvö ár og þá sá ég dánartilkynningu þessa hæfileikapilts.



## AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?



Ég á svolítið skemmtilega sögu af álfinum. Einu sinni þegar dóttir mín var nokkurra vikna gömul fór ég út í búð og hún sofnaði á leiðinni. Ég ætlaði bara rétt að skjótast inn og tímdi ekki að vekja hana. Fyrir utan búðina voru álfasölumenn og þeir buðust til að líta eftir henni á meðan ég skaust inn. Þeir báðu ekki um neitt í staðinn en þegar ég kom til baka keypti ég að sjálfsögðu álf af þeim. Ég hugsa alltaf um þessa góðmennsku þegar ég sé álfinn til sölu og hika ekki við að fjárfesta í fólki sem vill láta gott af sér leiða og hjálpa öðrum.

**Lilja Katrín Gunnarsdóttir leikkona**



MYND: ARNOLD

Það er mér ánægjulegt að styrkja þetta góða málefni þar sem áfengis og vímuefnavandamálið á íslandi fer því miður stækkandi, og þar sem fjárframlög til SÁÁ hafa dregist saman á síðustu árum í kreppunni þurfum við öll að taka höndum saman og gera okkar besta í að hlúa að þessum mikilvæga þætti í okkar samfélagi. Kaupum Álfinn! ;)

**Ásdís Rán fyrirsæta**



Ég kaupi SÁÁ-álfinn því hann bjargar bæði mannslífum og heilu fjölskyldunum. Það er sannarlega rammgöldróttur álfur sem getur töfrað fram slík kraftaverk, ómetanleg fjárfesting fyrir íslenskt samfélg og allt fólkið í því, fjárfesting sem kostar nánast ekkert miðað við allt sem hún skilar okkur.

**Auður Jónsdóttir rithöfundur**



Ég kaupi alltaf álfinn. Lífið er rússnesk rúlletta, hvað varðar genin sem okkur er úthlutað. Við erum öll sama dýrið, sum fædd án viðnáms gegn fíkn. Einstein sagði að samhyggð væri sterkasta hlið mannsins. Hjálpumst að!

**Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir rithöfundur**

# Eftirtaldir aðilar styðja SÁÁ

Alþýðusamband Íslands
AB-varahlutir
Actavis hf.
Aflvís ehf.
Akureyrarbær
AP varahlutir ehf.
Ari Oddsson ehf.
Arion-banki hf.
Arkitektar Skógarhlíð ehf.
Árni Reynisson ehf.
Ásbjörn Ólafsson ehf.
Barkasuða Guðmundar ehf.
Bernharð Laxdal ehf.
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf.
BJ endurskoðunarstofa ehf.
Blendi ehf.
Bókaútgáfan Leifur Eiríkss ehf.
Bókhaldsstofan ehf.
Breiðavík ehf.
Búaðföng ehf.
Byr-sparisjóður
DK Hugbúnaður ehf.
DS lausnir ehf.
Efnamóttakan hf.
Egersund Ísland ehf.
Eignamiðlunin ehf.
Esjan - Gæðafæði
Evrópulög ehf.
Faxaflóahafnir
Ferskur ehf.
Félagsbústaðir hf.
Fitjavík ehf.
Fjallabak ehf.
Framtak-Blossi ehf.
Fróðhús ehf.
Garðabær
Garri ehf.
Gjögur ehf.
GT Tækni ehf.
Gullberg ehf.
Gunnar Eggertsson hf.
Gúmmísteypa Þ. Lárusson
Gylfi Guðjónsson, ökukennari
Hagkaup
Herrafataverslun Birgis ehf.
Hitastýring hf.
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Hótel Djúpavík ehf.
HS Orka hf.
Húsanes ehf.
Hyggir ehf endurskoðunarstofa
Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Ísfugl ehf.
Íslandsbanki
Íslandsspil sf.
Íslensk erfðagreining ehf.
Íslenska gámafélagið ehf.
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.
J.Guðmundsson ehf. heildsala
Karl k. Karlsson ehf.
Krónan- matvöruverlsun
Kaupfélag Skagfirðinga
Kemi ehf.
KG Fiskverkun ehf.
Kjarnafæði hf.
Klaki Stálsmiðja ehf.
KOM ehf. -almannatengsl
Kompan ehf.
Lagnalagerinn ehf.
Landsnet hf.
Leturprent ehf.
LH-tækni ehf (Ice Consult.)
Lyfja hf. Lágmúla
Lyfjaver ehf.
Lýsi hf.
Malbikunarstöð Hlaðbær-Colas hf.
Marás, vélar ehf.
Marel ehf.
Matfugl ehf.
Medulla ehf.
Mjókursamsalan hf.
Myllan ehf.
N1 hf.
Nínukot ehf.
Nobex ehf.
Nordic eMarketing ehf.
Nýi ökuskólinn hf.
Oddi hf.
Pústþjónusta ÁS ehf.
Pylsuvagninn Selfossi ehf.
Rafbogi ehf.
Rafmúli ehf.
Rafstjórn ehf.
Reiknistofa fiskmarkaða hf.
Reykjanesbær
Rolf Johansen & Co ehf
Samhentir-Kassagerð ehf.
Samskip hf
Selecta fyrirtækjaþjónusta ehf / Innnes ehf
Sena ehf.
Setberg,bókaútgáfa
Seyðisfjarðarkaupstaður
Síldarvinnslan hf
Sjómannafélag Ólafsfjarðar
Skinney - Þinganes hf
SM kvótaþing ehf.
Sportakademian ehf.
Sportís ehf.
Sport-Tæki ehf.
Starfsgreinasamband Íslands
Stórkaup ehf.
Sveitarfélagið Garður
Tandur hf
Tannlæknastofa Hilmis ehf
Teiknistofan Óðinstorgi sf
Tobis ehf.
Trefjar ehf.
Tölvu- og tækniþjónustan ehf
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf
Veiðafæraþjónustan ehf
Verkalýðsfélagið Hlíf
Verslunarfélagið Ábót ehf
Verslunarmannafélag Reykjavíku
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Vélasalan ehf.
Vélsmiðjan Foss ehf
Vignir G. Jónsson hf.
Vistor hf
Vísir hf.
Þorbjörn Fiskanes hf

# ÉG VAR ENGINN ALKI

**EDDA JÓHANNS-DÓTTIR** blaðamaður átti ekki í neinum vandræðum með áfengi og hún var alls enginn alki þegar hún fór á Vog. Hún var bara illa fyrir kölluð, en síðan hafa árin liðið og edrúlífið leikið við hana. Það er ekkert eins gott og að vera í bata frá alkóhólisma.



**EDDA JÓHANNSDÓTTIR** Það er til líf eftir að tappinn hefur verið settur í flöskuna og Edda er sko aldeilis í stuði hvar sem hún kemur. Hún saknar þess ekki að drekka áfengi.

„Ég fór í meðferð á Vog í lok ágúst 2003 en ég var samt enginn alki. Ég var „illa fyrirkölluð" og drakk óþarflega mikið af því mér leið ekki vel," segir Edda Jóhannsdóttir blaðamaður þar sem hún situr í sólinni á Kanarí-eyjum. Hún er í langþráðu fríi og rifjar upp að það hafi ekki einu sinni hvarflað að henni í fyrstu að fara í fulla meðferð.

„Ég ætlaði bara að róa liðið sem var farið að hafa nokkrar áhyggjur," segir Edda og glottir, en „liðið" eru börnin hennar fjögur (og nú á hún meira að segja sjö undursamleg barnabörn). „Á Vogi gerði ég mér svo grein fyrir því að full meðferð væri málið. Á Vík sá ég loksins þessa drykkju mína í réttu ljósi. Ég drakk á kvöldin, píndi mig í vinnuna á morgnana uppfull af fögrum fyrirheitum um að drekka ekki þann daginn, og var svo komin í bjórinn um leið og vinnu sleppti. Það voru efndirnar."

### „Þú ferð ekki að keyra svona full"

Edda fæddist á Akureyri en ólst upp í Reykjavík. Hún lætur aldrei líða að taka það fram að hún eigi ættir að rekja til Þingeyjasýslu eða að unglingsárunum hafi hún eytt í Svíþjóð. Hún var í tuttugu ár á Mogganum og hefur líka verið blaðamaður á Fréttablaðinu og Eyjunni. Nú er hún frílans og kann að lifa lífinu edrú.

„Mér finnst ég vera frjáls og ég dansa og syng innan um fólk. Ég sakna drykkjunnar aldrei. Ég hef lent í að vera á hátíðum úti á landi og þegar ég tek upp bíllyklana og segist ætla að fara hefur fólk elt mig út á plan til að stoppa mig: „Við sáum alveg hvernig þú lést þarna inni – þú ferð ekki að keyra svona full!" Mér finnst auðvitað bráðfyndið þegar þetta gerist og er jafnframt stolt yfir að geta „sleppt fram af mér beislinu" án áfengis. En svo verð ég líka döpur yfir því að fólk geri pottþétt ráð fyrir að glatt fólk sé undir áhrifum áfengis."

### Vanmáttur og vanlíðan

„Ég er ein af þeim sem þróuðu með sér alkóhólisma," segir Edda en hún drakk ekki „alkóhólískt" fyrr en upp úr fertugu. „Þá var drykkjan ekki tengd skemmtun lengur heldur var hún flótti frá tilfinningum. Helst vildi ég vera ein með kerti við geislaspilarann, velta mér upp úr vemmilegri tónlist og grenja eigin vanmátt og vanlíðan. Diskarnarnir mínir síðan þá eru allir ónýtir af kertavaxi og tárum."

*Er erfiðara fyrir konur að viðurkenna alkóhólisma fyrir sjálfri sér og öðrum?*

„Alkóhólismi er meira feimnismál fyrir konur en karla held ég," segir Edda og bætir viða ð konur gerir oft gríðarlegar kröfur til sjálfra sín og eiga erfitt með að viðurkenna að þær hafi misst stjórn á eigin lífi.

### Alkóhólismi er fjölskyldusjúkdómur

Stundum er talað um gardínubyttur og Edda kannast við það hugtak.

„Það er mikið um að konur frá fertugu og upp úr drekki óhóflega en þá í laumi," segir hún. „Þær sem eiga fjölskyldur reyna að blekkja fjölskylduna, og tekst oft vel upp. Alkóhólismi er fjölskyldusjúkdómur og útilokað að fjölskyldan finni ekki fyrir sorg og vanlíðan vegna alkans, sem beitir þó öllum brögðum til að leyna drykkjunni. Alki í neyslu er nánast eins og sjónhverfingamaður, ótrúlegur blekkingameistari og oft með tvö kerfi í gangi þegar hann drekkur. Hann drekkur sem sagt mjög pent með fjölskyldu og vinum, en er með aukaskammt einhversstaðar falinn sem hann laumast í reglulega. Stundum vita aðstandendur af aukabirgðunum, stundum ekki. Þeir verða þá mjög hissa þegar alkinn er orðinn öskufullur og að sama skapi leiðinlegur. Á endanum getur alkinn auðvitað ekki falið eitt né neitt."



**FALLEGU DÆTURNAR** Hér er Edda með stelpunum sínum þeim Önnu Lilju og Höllu Vilborgu en þær eru mjög nánar, enda varla ár á milli stelpnanna.



**TVÍBURARNIR** Edda á líka tvíburastrákana Pál Ragnar og Jóhann Óskar en þeir eru fæddir 1975.

**Á ÍSLANDI ER ALKÓHÓLISMI ÞJÓÐARBÖL**



**Á GÓÐUM DEGI** Edda telur að alkóhólismi geti stundum verið meira feimnismál fyrir konur en karla.

### Fólk er almennt edrú í flugvélum

*En var ekkert erfitt að vera allt í einu edrú á miðjum aldri?*

„Það er ótrúlega gott að vera edrú en þegar ég kom úr meðferð fannst mér lífið búið. Hvað átti ég nú að gera? Það var ekki hægt að fara í útilegur, hvað þá utanlandsferðir, án þess að drekka áfengi. Ég bjóst ekki við því að geta farið út að borða með vinum eða dansa. Neibb. Allt hljómaði þetta ömurlega ef ekki var hægt að taka tappa úr flösku," útskýrir Edda á Kanarí.

Þú ert nú á djammi í útlöndum núna svo þetta hefur aldeilis breyst.

„Já. Nú veit ég að fólk er almennt bláedrú í flugvélum," segir Edda og hlær. „Allt þetta sem var drykkjutengt hjá mér er það ekki hjá venjulegu fólki. Ég segi „venjulegu" því ölkum finnst þeir oft vera á skjön við „venjulegt" fólk þótt þeir séu edrú."

*Eitthvað að lokum?*

„Alkóhólismi er grafalvarlegt mál og fleiri sem látast úr alkóhólisma en nokkrum öðrum sjúkdómi. Á Íslandi er alkóhólismi þjóðarböl og mikilvægara nú en nokkru sinni að fá alkana í meðferð og byggja þá upp."

-MT



## AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?



Ég keypti fyrsta álfinn minn af fallegri unglingsstúlku í vorsólinni niðri við Tjörn fyrir tíu árum síðan. Það var í fyrsta sinn sem ég upplifði vorið á sama hátt og ég hafði gert sem barn - með öll skilningarvitin glaðvakandi - og ég var andaktug yfir fegurð náttúrunnar og lífsins dag eftir dag þetta vor og sumar. Álfurinn minnir mig aftur og aftur á þetta kraftaverk og ég kaupi hann með þakklæti í sinni því ég veit að hann gefur öðrum sama stórkostlega tækifæri og mér var gefið til að hleypa birtunni aftur inn í líf sitt.

**Linda Vilhjálmsdóttir rithöfundur**



Alkóhólismi er sjúkdómur sem snertir flestar fjölskyldur á landinu, beint eða óbeint. Fólk skilur stundum ekki að alkóhólistanum er ekki sjálfrátt og er veikur og oftar en ekki endar líf alkóhólista með dauða. SÁÁ vinnur öflugt og þarft starf til hjálpar alkóhólistum og aðstandendum þeirra. Persónulega finnst mér algerlega óásættanlegt að niðurskurður til stofnunarinnar skuli verða á árinu 30-40%. Að kaupa álfinn er það minnsta sem maður getur gert.

**Hlín Einarsdóttir ritstjóri**



Ég kaupi alltaf Álfinn. Fyrir mér er hann stuðningur við ungt fólk sem lendir í vanda. Hann er þetta lítilræði sem hægt er að leggja að mörkum en skiptir samt svo miklu máli. Ber hann stolt á öxlinni á ári hverju. Ég held að það fylgi honum gæfa.

**Guðrún Ögmundsdóttir fyrrverandi alþingiskona**



Þó maður haldi að lífið sé einfalt og að þeir sem hjálpi sér sjálfir komist óskaddaðir í mark, er það því miður ekki alveg þannig. Lífið vefst fyrir mörgum og það þótt Lýðheilsustöð hafi gefið út Geðorðin 10 sem gott er að fara eftir – svona ef maður nennir ekki gamla biblíudótinu. Hvort sem manni líkar betur eða verr kemur fólkið sem fer út af sporinu manni við. Þess vegna kaupi ég Álfinn. Ég kaupi hann af því að ef ég sjálfur væri í utanvegaakstri vildi ég að þeir á beinu brautinni myndu kaupa hann og styrja SÁÁ, sem svo sannarlega þarf á aurunum að halda, sem aldrei fyrr.

**Dr. Gunni tónlistarmaður**

**GUNNAR SMÁRI EGILSSON** blaðamaður lítur yfir farinn veg hvað varðar starfsemi SÁÁ og spáir í framtíðina. Starfsemi SÁÁ er ekki sjálfgefin og okkur ber því ekki aðeins að vernda og verja árangur SÁÁ heldur einnig að viðhalda því sem SÁÁ er.

# Glasið er hálffullt – og líka hálftómt



ALKÓHÓLISMI ER SJÚKDÓMUR
Fyrir starf SÁÁ síðastliðin 33 ár hafa aðstæður alkóhólista og aðstandenda þeirra gerbreyst.

SÁÁ

Á 33 árum hefur SÁÁ gert kraftaverk. Samtökin fengu samfélagið til að viðurkenna alkóhólisma sem sjúkdóm og að gangast við ábyrgð sinni í að veita þessum sjúklingahópi viðeigandi meðferð. Samtökin byggðu sjálf upp trausta bráðadeild og öflugt meðferðarstarf. Samtökin þróuðu áfram meðferðarstarfið og aðlöguðu það nýjum hópum með sérstakar þarfir; endurkomusjúklingum, konum og unglingum, svo dæmi séu tekin. Samtökin hafa haldið á lofti réttindabaráttu alkóhólista og sótt á hið opinbera að það verji fjármunum til heilbrigðis- og félagsþjónustu alkóhólista og aðstandenda þeirra.

Fyrir starf SÁÁ síðastliðin 33 ár hafa aðstæður alkóhólista og aðstandenda þeirra gerbreyst. Þrátt fyrir að enn finnist fordómar viðurkennir allur meginþorri landsmanna að alkóhólismi er sjúkdómur, að alkóhólistar eigi rétt á meðferð við sjúkdómi sínum og að slík meðferð skili ekki aðeins sjúklingnum sjálfum og aðstandendum hans lífsgæðum, heldur sé meðferðin bæði blessunarríkt og hagkvæm fyrir samfélagið sjálft.

Þegar við horfum 33 ár aftur í tímann blasir við okkur önnur mynd og dekkri. Og þangað viljum við ekki aftur snúa.

Við getum verið stolt af þessum árangri. Umbreytingin er svo mikil og áhrif hennar hafa fært svo mörgum mikla blessun að okkur er fyllilega heimilt að líkja árangrinum við kraftaverk.

En við eigum ekki að horfa yfir farinn veg til að fyllast stolti. Við eigum að horfa á árangur undangengins áratuga til að sækja kjark til þess að halda áfram að vinna að málefnum alkóhólista og aðstandenda þeirra. Um leið og við sjáum að glasið er hálffullt af góðum árangri áttum við okkur á að glasið er líka hálftómt. Það er enn nægt rými til gera meira og gera betur.

**Einstök samtök**

SÁÁ er ekki einstakt í þeim skilningi að það sé betra en önnur fyrirbrigði. Það er einstakt fyrir þær sakir að önnur fyrirbrigði geta ekki svo auðveldlega tekið yfir hlutverk SÁÁ. Okkur ber því ekki aðeins að vernda og verja árangur SÁÁ heldur einnig að viðhalda því sem SÁÁ er.

Öll vitum við að SÁÁ mun aldrei koma í stað AA-hreyfingarinnar. En AA mun heldur aldrei koma í stað SÁÁ. Að fenginni slæmri reynslu banna erfðavenjur AA samtökunum að reka starfsemi á borð við þá sem SÁÁ heldur uppi. Hugmyndir og vonir frumkvöðla AA stóðu til að takast mætti að byggja upp fyrirkomulag svipað og við höfum notið á Íslandi síðustu áratugi. Að til hliðar við AA byggju alkóhólistar að heilbrigðisþjónustu sem væri ekki rekin af AA heldur innblásin af hugmyndum AA.

Af þessum sökum er óendanlega mikilvægt að SÁÁ verði áfram fjöldahreyfing alkóhólista, aðstandenda og annarra áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann. Það er ekki nóg að hér sé rekin afvötnun og meðferð við alkóhólisma. Það er nauðsynlegt að hún sé rekin af breiðri og virkri fjöldahreyfingu sem er ekki aðeins fært að halda utan um rekstur heilbrigðisstofnana heldur að halda uppi réttindabaráttu alkóhólista og aðstandenda þeirra og styðja við og efla þá hugmynd að alkóhólisminn



GUNNAR SMÁRI EGILSSON SKRIFAR

sé ekki aðeins líkamlegur heilasjúkdómur heldur líka félagslegt mein; ekki aðeins sálræn veiki heldur einnig andlegur vandi.

**Þvert á kvíar**

Það er alls ekki gefið í blessuðum nútímanum að svona breið sýn á alkóhólismann og afleiðingar hans, alkóhólistann og umhverfi hans; fái að dafna og þroskast. Þvert á móti viljum við í nútímanum fást við hluti í þröngum kvíum. Og við í SÁÁ þekkjum vel hvernig mismunandi hugmyndahópar vilja tjóðra hugmyndir um alkóhólismann á sína bása.

Það er algengt að læknar horfi á vanda alkóhólista sem lífeðlisfræðilegan og leiti aðferða til að fínstilla boðefnabúskap heilans með lyfjum. Eins að sálfræðingar vilji kenna alkóhólistanum aðferðir til að breyta hugsun til að forðast tilteknar aðstæður. Eða þá að kafa fyrir rót vandans í sálarlífi fortíðar til að breyta hegðun í dag. Eins að félagsráðgjafar vilji bæta stöðu alkóhólistans með því að auka tekjur hans eða bæta húsakost. Eins að trúarhreyfingar vilji endurfæða alkóhólistann til nýs lífs. Eins að stjórnmálamenn vilji helst senda alkóhólistann á sjó eða í vist hjá góðhjörtuðum presti norður í landi.

Alkóhólistar eru þakklátir öllum þessu fólki fyrir áhugann, innsýnina og lausnirnar. Það er hins vegar trú okkar í SÁÁ að ekkert af þessu dugi eitt og sér og það sé alkóhólistum lífsnauðsyn – og það ber að skilja það orð bókstaflega – að haldið sé áfram að bjóða meðferð sem sækir jafnt til allra þessara hugmynda og nýti það sem best reynist. Að í meðferð sé tekið á móti alkóhólistanum sem þeirri persónu sem hann er; manni með líkama jafnt sem sál, félagsveru sem þarfnast öryggis jafnt sem tilgangs og markmiðs.

**Verkefni spretta af þörf**

Yfir tuttugu þúsund manns hafa nýtt sér afvötnunarþjónustu SÁÁ síðustu áratugi. Á hverju ári bætast um 600 manns í þennan hóp. Starfsfólk SÁÁ kynnist því vel vanda alkóhólista og félagið er ágætlega í stakk búið til að meta hvar skóinn kreppir á hverjum tíma.

Starfsfólk SÁÁ skynjar vel nauðsyn þess að fetað verði frá braut nauðarvistunar ungmenna í vímuefnavanda – sem hefur verið meginstefna hins opinbera – og meiri áhersla lögð á búsetuúrræði annars vegar og göngudeildarstarf hins vegar. SÁÁ vill taka þátt í mótun nýrrar stefnu gagnvart vanda yngstu sjúklinganna og axla þar meiri ábyrgð.

Starfsfólk SÁÁ skynjar vaxandi vanda vegna áfengisneyslu meðal elstu borgaranna. SÁÁ vill móta sérstök úrræði fyrir þennan hóp; bæði búsetuúrræði og eins að þróa sérstaka meðferð svipað og samtökin hafa áður gert gagnvart konum, unglingum og endurkomumönnum.

SÁÁ vill efla réttindabaráttu alkóhólista; krefjast þess að þessi sjúklingahópur sitji við sama borð og fólk sem þjáist af sjúkdómum sem hafa verið viðurkenndir um lengri tíma. Þetta á við um kostnaðarþátttöku sjúklinga og framlög úr lífeyrissjóðum og frá tryggingarfélögum en eins rétt vímuefnasjúklinga sem sæta refsingum til að fá viðeigandi heilbrigðisþjónustu og búa við skilyrði sem hæfa sjúkdómi þeirra. SÁÁ hafnar því að hið opinbera fjármagni starfsemi veikra félaga eða einstaklinga án faglegrar getu og ætli þeim að sinna heilbrigðis- eða félagsþjónustu alkóhólista eða aðstandenda þeirra. SÁÁ býðst til að byggja upp fjölþættari starfsemi innan sinna vébanda til að lyfta þjónustu gagnvart alkóhólistum upp úr því fari sem henni hefur verið leyft að drapast í of lengi.

> „YFIR TUTTUGU ÞÚSUND MANNS HAFA NÝTT SÉR AFVÖTNUNARÞJÓNUSTU SÁÁ

**Skilum glasinu jafn fullu – og jafn tómu**

Svona má lengi telja upp verkefni, sem eru ekki aðeins brýn heldur þörf. Með því að efla SÁÁ, kaupa álfinn, gaga í samtökin og taka þátt í starfsemi þeirra, getum við ráðist í þessi verk. Þannig skilum við til baka því sem við tókum við af þeim sem á undan gengu. Og þeir sem eftir koma geta að sama skapi sótt innblástur og kjark í okkar verk. Því jafnvel þótt okkur tækist að framkvæma annað kraftaverk getum við verið þess fullviss að glasið verður ennþá hálftómt þegar næsta kynslóð tekur við.

Ef við sjáum aðeins hálffullt glas er hins vegar hætta á að það tæmist einn daginn. Það má ekki gerast á okkar vakt.




Mikil sprenging varð á **VOGI** þegar unglingadeildin opnaði fyrir ellefu árum. Nú hafa nýkomur yngstu sjúklingana hinsvegar náð ákveðnu jafnvægi. Meðferð þeirra tekur þó breytingum því sífellt fleiri kannabisneytendur koma Vog og þurfa mikla og góða meðferð á sama tíma og hið opinbera sker niður fjárframlög til SÁÁ.

# **Unga fólkið** hverfur ekkert í niðurskurði

Á Vogi hefur verið starfrækt sérstök unglingadeild í ellefu ár og hefur þjónusta við unga fíkniefna stórbatnað. Biðlistar hurfu og unglingur sem leitar til SÁÁ fær aðstoð strax. Foreldrar og unglingar geta hringt í neyðarsíma unga fólksins 824-7666 á degi sem nóttu.

Eins og sést á línuritunum þá varð sprenging á sjúkrahúsinu Vogi fyrst eftir að unglingadeildin opnaði árið 2000 en síðan hafa innritanir náð jafnvægi.

### Árangur góður

Árangur SÁÁ er fyrst og fremst mældur í færri endurinnlögnum unglinga. Þeim hefur fækkað og ætla má að hópur þeirra sem nota mikið af vímuefnum hafi minnkað á síðustu árum og það smitar út frá sér.

Hinsvegar er starfsemin enn veruleg og í fyrra komu 232 unglingar undir 19 ára í fyrsta sinn á Vog. Það er alltof mikið og í raun ótrúlegt að hugsa til þess að á sama tíma og starfsemi unglingadeildar sé svona mikil sé hið opinbera að skerða framlög til SÁÁ.

Óhætt er að fullyrða að meðferðarstarf á Íslandi standi á tímamótum og nú sem aldrei fyrr sé álfasala SÁÁ mikilvæg.

### Fjöldinn að ná jafnvægi

Þegar litið er yfir tímabilið í heild má sjá, að allt frá 1980 og fram til ársins 2002 fjölgar unglingunum stöðugt bæði tölulega og hlutfallslega í sjúklingahópnum á Vogi. Síðustu 7 ár hefur unglingunum hinsvegar fækkað og fór hópurinn marktækt og stöðugt minnkandi. Eftir bankahrun og nýja stöðu á Íslandi virðist fjöldi sjúklinga hafa náð jafnvægi. Sjúklingahópurinn er samt að breytast og sjaldnast er um hreina áfengissjúklinga að ræða eins og á árum áður. Unga fólkið er oft háð kannabis og örvandi vímuefnum. Samkvæmt tölum er örvandi vímuefnafíklum enn að fjölga og ekki sér fyrir endan á því en sá hópur þarf meiri meðferð en ekki minni.




**FJÖLDI NÝKOMUFÓLKS SEM ER YNGRA EN 20 ÁRA Á SJÚKRAHÚSIÐ VOG 1990-2010**




**NÝKOMUM FÆKKAR EKKI** Frá því unglingadeildin tók til starfa fyrir um ellefu árum hefur náðst mikill árangur á meðal ungs fólks en nýkomum ungra hefur ekki fækkað síðustu ár enda fjölgar Íslendingum.

**FJÖLDI UNGRA EINSTAKLINGA Á SJÚKRAHÚSINU VOGI 1991-2009**




**FJÖLDINN AÐ NÁ JAFNVÆGI** Vogur hefur rekið sérstaka unglingadeild á Vogi síðan 2000 og hér má sjá hvernig fjöldi sjúklinga hefur verið að ná jafnvægi síðust ár. 232 einstaklingar yngri en 19 ára komu á Vog í fyrra.

Ótímabærum dauðsföllum meðal áfengis- og vímuefnafíkla fjölgaði ekki 2010:

## **47 ÓTÍMABÆR** DAUÐSFÖLL Í FYRRA

**Ef ótímabær dauðsföll á árinu 2010 úr gagnagrunninum á Vogi eru skoðuð kemur úr ljós að ótímabær dauðsföll hjá fíklum sem eru yngri en 55 ára eru nokkru færri en árin 2006 og 2007. Fjöldi dauðsfall 2010 er nákvæmlega á meðaltali síðustu 10 ára.**

**„47 ótímabær dauðsföll á árinu eru vitaskuld allt of mörg," segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, þótt hann telji að lita verði á þessar niðurstöður sem góðar fréttir miðað við aðstæður.**

**Þrátt fyrir skert framlög sjást ekki merki um að Landspítalinn, Vogur eða bráðamóttaka annarra sjúkrahúsa og lögreglan séu að gefa eftir. Starfsfólk þar hefur tekið á sig aukasnúning.**

**Mikið veikir áfengis- og vímuefnafíklar eiga mikið undir bráðaþjónustu sjúkrahúsanna, löggæslunni og sjúkraflutningum. Oft er um líf og dauða að tefla. Ótímabær dauðsföll meðal áfengis- og vímuefnafíkla er góður mælikvarði á hvernig bráðamóttaka sjúkrahúsanna, áfengis- og vímuefnameðferðin, löggæslan og sjúkraflutningar ganga á höfuðborgarsvæðinu. Ef eitthvað er að fara úrskeiðis ætti ótímabærum dauðsföllum að fjölga.**



**GÓÐAR FRÉTTIR** Þrátt fyrir að 47 ótímabær dauðsföll sé alltof mikið má þakka starfsfólki heilbrigðisstofnana að staðan sé ekki verri í skugga niðurskurðar.

**ÓTÍMABÆR DAUÐSFÖLL Á HVERJU ÁRI ÚR SJÚKLINGAHÓPI SÁÁ 1996-2009**




**ENGIN AUKNING** Ótímabær dauðsföll meðal áfengis- og vímuefnafíkla eru á meðaltali síðustu tíu ára.



## AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?



Ég kaupi SÁÁ álfinn fyrst og fremst vegna þess að ég veit að hið góða starf sem þar er unnið hefur hjálpað fjölda fólks sem glímt hefur við þann erfiða sjúkdóm sem alkóhólismi er. Vandamál tengd áfengis- og fíkniefnaneyslu eru eitt af meinum samfélagsins og flestar fjölskyldur í landinu þekkja afleiðingar þess. SÁÁ álfurinn hefur í gegnum tíðina verið einn af helstu fjármögnunarpóstum starfsins og því tel ég það skyldu allra Íslendinga að kaupa álfinn. Svo er hann líka bara svo töff!!!!

**Breki Logason**
**blaðamaður**



Ég kaupi álfinn til að styðja hið einstaka starf SÁÁ með ungu fólki sem hefur bjargað ófáum mannslífum. Vegna SÁÁ og álfsins búum við í betra samfélagi. Hvet alla til að kaupa álfa í ár!

**Jóhanna Vilhjálmsdóttir**
**fjölmiðlakona**



Af því ég trúi á álfa sem hið góða og dularfulla í manneskjunni, takk, og svo vil ég styrkja SÁÁ sem eru kraftaverkasamtök.

**Elísabet Jökulsdóttir**
**skáldkona**



Allt geri ég með gleði fyrir SÁÁ; kaupi álfinn, skrifa í blaðið, tala á fundi ... bara það sem ég er beðin um hverju sinni. Það er einfaldlega vegna þess að SÁÁ sagði já við mig þegar ég þurfti á hjálp að halda og það færði mér nýtt líf. Alls staðar er fólk sem þarf hjálp SÁÁ til að finna sjálft sig aftur og til að SÁÁ geti hjálpað því, þurfa aðrir að hjálpa SÁÁ. Þess vegna þurfum við öll að kaupa álfinn :)

**Margrét Pála Ólafsdóttir**
**leikskólastýra**

Það er þyngra hljóðið í **ÞÓRARNI TYRFINGSSYNI**, yfirlækni á Vogi, nú en oft áður, enda er stjórnvöldum að takast að sparka meðferðarstarfi á Íslandi aftur um áratug. Og þeim mun takast það nema SÁÁ nái að spyrna við fótunum og fá alla sem vettlingi geta valdið til að kaupa álfinn og þrýsta á stjórnmálamennina okkar til að eyðileggja ekki það góða meðferðarstarf sem er við lýði á Íslandi.



# MINNI PENINGAR OG MEIRI VANDI

**ÞÓRARINN TYRFINGSSON**
**Kostnaður samfélagsins af langt leiddum vímuefnasjúklingi í neyslu er margfalt meiri en til dæmis ef hann er á Vogi.**

„Það horfir ekki beinlínis vel hjá okkur svona almennt séð," segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, um ástandið hjá SÁÁ en hann er einni formaður samtakanna.

„Hjá SÁÁ erum við annars vegar að horfa fram á minni peninga og hinsvegar stærri vanda. Þetta lítur ekki vel út hvað áfengis- og vímuefnavandann varðar. Vandinn er meiri en áður því áfengisneysla á hvert mannsbarn á Íslandi hefur aukist, lyfjaneysla sömuleiðis og margt af þessum lyfjum eru ávanabindandi, í raun ekkert annað en fíkniefni. Það er svo ekki á það bætandi að ólöglegi vímuefnamarkaðurinn verður sífellt sterkari og þróaðri."

## Fjárframlög aftur um tíu ár

Þórarinn bendir einnig á þá staðreynd Íslendingum hefur fjölgað. Á síðustu tíu árum hefur fólki yfir fimmtán ára fjölgað um 40 þúsund. Þetta er hópurinn sem leitar í þjónustu SÁÁ þannig að mengið sem stofnanir og starfsfólk SÁÁ er að fást við hefur stækkað svo um munar.

„Á sama tíma og þessi fjölgun á sér stað þá erum við að horfa á minni fjárframlög frá opinberum aðilum. Fjárframlög til okkar stofnana eru komin niður í það sem þau voru árið 2000 ef við framreiknum þau framlög miðað við verðþróun í landinu. Þetta er ekki samanburðarhæft við til dæmis Landspítalann, eða önnur heilbrigðismál, því þar hefur niðurskurður ekki verið jafn grófur og til meðferðamála."

Þórarni er mikið niðri fyrir enda er erfitt berjast við stærri vanda með minni fjármunum.

## Sölumenn dauðans

Kostnaður samfélagsins af langt leiddum vímuefnasjúklingi í neyslu er margfalt meiri en til dæmis ef hann er á Vogi. Þetta staðfestir fjöldinn allur af erlendum rannsóknum og oft er talað um að um 1% almennings dragi til sín allt að 30-40% af kostnaði við heilbrigðiskerfið. Og þetta eina prósent eru langt leiddir áfengis- og vímuefnasjúklingar í neyslu.

„Tannhjól ólöglega vímuefnamarkaðarins eru þessir einstaklingar sem eru mikið háðir fíkniefnum og sprauta þeim í æð," útskýrir Þórarinn. „Þessir einstaklingar selja kannabis, LSD eða epillur til að eiga fyrir sínum skammti. Stórsali á markaðinum notar þessa aðila til að selja fyrir sig og þetta eru hinir svokölluðu sölumenn dauðans. Þetta eru nær alltaf ungir menn sem lifa ekki lengi og fá borgað í vímuefnum. Þeir sjá aldrei peninga, bara dóp."

Og það eru þessir einstaklinga sem eru þjóðfélaginu gífurlega dýrir. „Auðvitað á að einbeita sér að þessum mönnum og reyna að ná þeim úr neyslu og koma þeim í meðferð. En vandamálið er að þeir eru svo veikir og þurfa miklu meiri og lengri stuðning en við getum veitt þeim með núverandi kerfi," segir Þórarinn.

## Sjöfalt dýrara en á Vogi

Veikustu vímuefnasjúklingarnir á Íslandi kosta samfélagið mikið þegar þeir eru ekki á Vogi. Peningunum sem eytt er í Vog og stofnanir SÁÁ er vel varið.

„Meðferð fyrir svona langt leiddan fíkil á Vogi er kannski að kosta á milli tíu og tuttugu þúsund krónur á dag, en utan Vogs kostar sjúklingurinn allt sjö sinnum meira. Því þessir einstaklingar eru tíðir gestir á bráðadeildum vegna ýmissa sýkinga og allavega sjúkdóma. Fyrir utan auðvitað þeir halda lögreglunni við efnið, auka umsvif vímuefnamarkaðarins og taka þátt í afbrotum," segir Þórarinn og bætir við að hér sé hann ekki að tala um áhrifin sem séu ekki metinn með peningum. Þá áhrifin á þá sem standa þessu fólki næst, hvort sem það séu börn, foreldrar eða ættingjar sem skaðast vegna neyslu þessa einstaklinga.

Samkvæmt fyrrnefndum erlendum rannsóknum notar ákveðinn hluti af fíklum sjúkrahúsþjónustu miklu meira en venjulegur sjúklingur. Þórarinn kannast við það því yfirleitt er fólk ekki oft lagt inn á sjúkrahús. Jafnvel krabbameinssjúklingur þarf ekki á langlegu að halda en fíklar sem sífelld að lenda í slysum og fá ólíklegustu sýkingar lenda oft í lögum innlögnum sem eru gífurlega kostnaðarsamar.



## Bjórfrumvarp og forvarnir

„Það getur tekið á að fást við stjórnvöld," segir Þórarinn í ljósi þeirrar staðreyndar að hið opinbera hefur minnkað fjárframlög til SÁÁ þrátt fyrir að vandinn aukist. „Stjórnvöld hafa heldur ekki sinnt skynsamlegri forvarnarfræðslu til að draga úr neyslu áfengis og vímuefna."

## Dæmi?

„Jú, til dæmis er stefnan í áfengismálum úr öllum takti. Skemmst er að minnast frumvarpsins sem kom fram á þingi skömmu eftir hrun, bjórfrumvarpið svokallaða. En í sjálfu sér er alvarlegast að horfa á lyfjastefnu stjórnvalda og hvernig stjórnvöld taka á mestu vímuefnaneytendunum. Ólöglegir vímuefnaneytendur eru veikir, þetta eru sjúklingar sem þurfa á hjálp að halda, en samkvæmt hinu opinbera eru þeir skilgreindir sem afbrotamenn og þeir settir í fangelsi," segir Þórarinn að lokum.

**„ FJÁRFRAMLÖG TIL OKKAR STOFNANA ERU KOMIN NIÐUR Í ÞAÐ SEM ÞAU VORU ÁRIÐ 2000**


BDF
Beiersdorf
NIVEA
100 ÁRA
HÚÐUMÖNNUN
ALLA ÆVI
KREMIÐ SEM TREYST HEFUR VERIÐ
FYRIR HÚÐUMÖNNUN Í 100 ÁR
NIVEA
Creme

Til leigu Glæsileg 107 fm. 3ja herb. íbúð í Grafarholti. 4. hæð, lyfta. Leigutími 1 ár eða lengur. Ásett leiguverð 150.000 Uppl. í s. 893 3985.

3j.herb 90fm við Teigasel 140þ og 40-80fm iðnaðarhús Smiðjuv.4a 100þ. Mail:se1@internet.is

## Húsnæði óskast

**Óska eftir 4-5 herb íbúð**

Óska eftir 4-5 herb. íbúð, helst á 108 svæðinu. Ef þig vantar leigendur sem hugsa um eign þín sem sína eigin þá erum við fjölskyldan. Toppmeðmæli. Uppl. í s. 868 4904.

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**

Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**

Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Bílskúr

**BÍLSKÚRSHURÐIR OG OPNARAR**

UPPSETNING, VIÐHALD, VIÐGERÐIR 30 ára reynsla.. Hringið í síma 892 7285

## Gisting

Gisting í 2-3 manna stúdíóíbúð í gistiheimili við Dugguvog. Verð frá 8.000 per nótt. S. 824 6692.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Óska eftir stýrimanni.**

Vantar stýrimann á Valgerði BA45 skráningarnr. 2340. Í byrjun júní. Uppl. í 893 1687 Óskar Gísla.

Vantar fólk í símasölu 2-5 kvöld virka daga frá kl.17.30- 21.30. Góðir tekjumöguleikar. Lágmarksaldur 20 ára. Uppl. í síma 868 4551 eftir hádegi virka daga.

**Heildverslun**

**Öflugt heildsölufyrirtæki óskar eftir að ráða sumarstarfsmann í fullt starf við afgreiðslu, pökkun og nótútskrift. Lágmarksaldur 18 ár Áhugasamir sendi umsóknir / fyrirspurnir á netfangið: vinnukraftar@gmail.com**

Vilt þú vinna mikið og hafa mikil laun. Uppl. Einar 7732100 http://lrisland.is/einar

Óska eftir vönum manni á hjólavél sem getur séð um lóðafrágang og hellulagnir og unnið sjálfstætt uppl: 896 1018 / byggben@simnet.is

Getum tekið nema á samning í húsasmíði einnig ósakð eftir verkamönnum í allskyns sumarstörf 896 1018 / byggben@simnet.is

Þríund óskar eftir að ráða starfsmann til bar og umsjónastarfa. Framtíðarstarf. Lágmarksaldur er 20 ár. Íslenskukunnátta skilyrði, Icelandic skills required. Áhugasamir sendi umsókn á thriund@simnet.is

## Atvinna óskast

Rafvirkjanemi á fjórða ári óskar eftir sumarstarfi. Vanur raflagnavinnu og vinnu við þjónustu og sölustörf. Uppl. s: 662 3616 eða fsrafmagn@visir.is

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Kisi minn Prinz týndist af heimili sínu í Eskihlíð aðfaranótt mánud. og er sárt saknað. Grá/svart bröndóttur högni með hvítar loppur, er gæfur og kelin en var um sig gagnvart fólki í fyrstu. Þorvaldur í s: 862-1184 Takk :)

Rauðri kerru með svörtum Polan Pro Sláttutraktor og Partner sláttuvél var stolið frá Dekkverk Garðabæ í nótt. Fundarlaun. S 7779848

## Tilkynningar

**Við viljum hjálpa öðrum**

Ef þú átt reiðhjól og notar það ekki og vilt hjálpa öðrum þá getum við sótt það til þín. Við munum gera við það og nota til að styrkja þá sem þurfa á hjálp að halda. Frekari upplýsingar hjá Birgi í s. 849 9872.

## Einkamál


SÍMAÞJÓNUSTUR



Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Þú getur gert kraftaverk
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

HLUSTENDA VERÐLAUN FM957
MÆTTU Í HÖRPU MEÐ FM957
MIÐASALA ER HAFIN Á HARPA.IS
MIÐAVERÐ AÐEINS 1.957,-
FRAM KOMA
STEINDI JR. • FRIÐRIK DÓR
PÁLL ÓSKAR • BLAZROCA
HAFFI HAFF • JÓN JÓNSSON
21 MAÍ 2011

Sími 512 5407

Til sölu vegna flutninga:
T.d. flott í bústaðinn- góð verð og allt nýlegt. Fullkomin þvottavél, 6kg þurrkari, skóskápur, borðstofuborð stækkanl og stór kringl. spegill, allt úr ljósum viði. sjónvarpssófi 3ja sæta, skenkur, Tölvuborð, tvöfalt rúm inn/útdraganlegt aðeins 18 þús, gott sem gestarúm. King-size dýna m/rúmi, Panasonic 800W Surround Heimabíó m/DVD. Lítil TV á kr. 5000.- Og margt fleira. **Uppl. um verð og myndir: s.773-4800, netf: northcanam@gmail.com**

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

www.tomstundahusid.is



Fjarstýrðir bílar í miklu úrvali.
Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587-0600

B.S.VERKTAKAR
Málun bílastæða
Vélsópun
Malbiksviðgerðir
Bílastæðaskilti
Hellulagnir
5514000-www.verktak.is

GARÐÁLFARNIR
GARÐAÞJÓNUSTA
Trjáklippingar
Trjáfellingar
Sláttur
Heimapúttvellir
Fáið tilboð ykkur að kostnaðarlausu!
577 4444

ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR



Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið.
Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð.
Allt til glervinnslu og leirvinnslu.
www.glit.is
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411

Bemar.is ódýrari
Vefhýsing og heimasíðugerð
**Vefhýsing:** 500MB þitt c-panel stjórnborð ótakmörkuð e-mail og margt fleirra aðeins 1.000kr á mánuði.
**Heimasíða:** fullgerð og birt 48.000kr. (ATH verð án vsk.)

Hleðslugrjót og garðamold
Til sölu:
• Holtagrjót og sprengigrjót í hleðslur - til í ýmsum stærðarflokkum
• Sérunnin garðamold í beð og undir torf
s. 660 6101
s. 545 1805
VERKTAKAR MAGNI

OSEA Öryggiskerfi
Vertu þinn eigin öryggisvörður og áttu þitt eigið öryggiskerfi.
Tilboðsverð kr. 36.136
1 stk. hreyfiskynjari
1 stk. hurðaskynjari
2 stk. fjarstýringar



Dalvegi 16b s:554-2727
Hugna.is

Lagersala Kauptúni 3 Garðabæ
Kvenfatnaður á lagersölu.
Aðeins tvöverð 500 og 1000 kr. stk.
Opið Fimmtud. og föstud. 14-18 og laugard.og sunnud. kl. 13-17
Sími 861 7541

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR



Vegna mikillar sölu óskum við eftir öllum gerðum vinnuvéla á skrá.
Gísli Guðnason
S. 698 5222
EMKAN
www.emkan.is

Lagersala Kauptúni 3.
Til sölu stainless stálvaskar
Verð aðeins 5,000.-
Blöndunartæki
Verð aðeins 2,500 - 5,000.-
Opið Fimmtud. og föstud. 14-18 og laugard.og sunnud. kl. 13-17
Sími 861 7541



BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Frábæru minimizer haldararnir sem Oprah mælir með komnir.
Verð 7.990 kr. Litir svart og hvítt
St. 36C-42DDD
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS



IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Vagnhöfða 5

gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

## Fasteignir

**LYNGVÍK**
**FASTEIGNASALA**
SÍÐUMÚLA 33 108 REYKJAVÍK SÍMI: 588-9490

**TIL SÖLU 6,100 FM EIGNARLAND AÐ SUNNANVERÐU VIÐ ÞINGVALLAVATN UNDIR SUMARHÚS.**



LÓÐIN ER RÉTT VIÐ VATNIÐ MEÐ FALLEGU ÚTSÝNI. UM ER AÐ RÆÐA LITLA GAMLA GRÓNA SUMARHÚSABYGGÐ OG ER ÞETTA EINA LÓÐIN Á SVÆÐINU SEM ER Á LAUSU. LANDIÐ ER LOKAÐ MEÐ RAFMAGNSHLIÐI. LANDINU FYLGIR AÐGANGUR AÐ EINKA BÁTAVÍK MEÐ BRYGGJU ÞAR SEM HÆGT ER AÐ GEYMA BÁTINN ALLT SUMARIÐ. FRÁBÆRT TÆKIFÆRI FYRIR ÞANN SEM ER AÐ LEITA LANDI Á ÞESSUM SLÓÐUM. BÚIÐ ER AÐ FARA MEÐ LÓÐINA Í GEGNUM DEILISKIPULAG ALLT KLÁRT AÐ ÞVÍ LEITI. NÝTINGARHLUTFALL FYRIR ALLT AÐ 180 FM HÚSI. VERÐ 8,9 M. ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR STEINAR Á LYNGVÍK S: 588-9490 / 898-5254.

SIGRÚN GISSURARDÓTTIR LÖGG. FASTEIGNASALI




Nánari upplýsingar veitir:
**Hilmar Jónasson** Sölufulltrúi
hilmar@miklaborg.is sími 695 9500

Stærð 317,5 fm skv. FMR
3ja herbergja aukaíbúð
Innbyggður bílskúr
Gróinn garður

**MIKLABORG**
569-7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**FASTEIGNA-MARKAÐURINN**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Fjarðargata 17- Hafnarfirði
**3ja herb. íbúð með útsýni til sjávar.**

**OPIÐ HÚS Í DAG, FIMMTUDAG, FRÁ KL. 18.00 - 18.30**




Vel skipulögð 117,6 fm á 3. hæð í vönduðu lyftuhúsi með stórum flísalögðum svölum til suðausturs. Stórar og bjartar stofur, 2 herbergi og rúmgott eldhús með borðaðstöðu og útsýni út á sjóinn og höfnina. Þvottaherbergi og geymsla innan íbúðar. Ný gólfefni eru á eigninni. Aðkoma er góð, upphitaðar stéttar og sameign til fyrirmyndar. **Íbúðin er laus til afhendingar fljótlega. Áhv. hagstætt lán um 14,7 millj. Verð 31,9 millj. Íbúð merkt 0303. Verið velkomin.**

FASTEIGNASALAN BYGGÐ
TRAUST FASTEIGNASALA
Sími: 464 9955

### Til sölu bil í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð, Akureyri.

Bilið er 95 fm. að stærð og innréttað sem verslun.

Einnig til sölu filmuframköllunarvél, prentari, sjóðsvél, framköllunarvökvar, filmuplastari, myrkratjald og fleira tengt framköllun.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.
**Tilboðsfrestur er til 23. maí 2011.**

Arnbjörg Sigurðardóttir hdl.
Strandgötu 29 • Akureyri • Sími 464 9900
arnbjorg@logmannsstofa.is

## Tilkynningar

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

# Skólaslit

Skólanum verður slitið föstudaginn 20. maí kl. 14 í Íþróttahúsi FB við Austurberg.

Allir nemendur sem ljúka eftirtöldum prófum fá skírteini afhent við skólaslitin:

**Handíðabraut**
**Skiptinemar**
**Burtfararprófi á rafvirkjabraut**
**Burtfararprófi á húsasmiðabraut**
**Burtfararprófi á snyrtibraut**
**Listnámsbraut - myndlistarkjörsvið**
**Sjúkraliðabraut**
**Stúdentsprófi**
**Starfsbraut**

Æfing vegna skólaslitanna verður á fimmtudagskvöldið 19. maí kl. 18 og þurfa allir útskriftarnemar að mæta.

Allir velunnarar skólans eru velkomnir á skólaslitin.

*Skólameistari*

**Austurbergi 5 • 111 Reykjavík • Sími 570 5600**
**Símbréf 567 0389 • Tölvupóstur: fb@fb.is • www.fb.is**

## Tilkynningar

# torg í biðstöðu

BIÐ-SVÆÐI

- SKÖPUM SKEMMTILEG TORG Í REYKJAVÍK

Reykjavíkurborg óskar eftir hugmyndaríkum og duglegum einstaklingum og hópum til að taka þátt í endurskópun almenningssvæða og torga í biðstöðu í borginni í sumar.

Umsóknarfrestur er til 26. maí 2011. Allar nánari upplýsingar er að finna á: www.reykjavik.is/bidsvaedi



**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sjávardýr, **6.** hljóm, **8.** innanfita í dýrum, **9.** endir, **11.** aðgæta, **12.** mokuðu, **14.** digurmæli, **16.** í röð, **17.** kyrra, **18.** annríki, **20.** mun, **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fita, **3.** 999, **4.** skáldsaga, **5.** bar, **7.** árdegi, **10.** sönghús, **13.** drulla, **15.** erta, **16.** höld, **19.** nudd.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** fisk, **6.** óm, **8.** mör, **9.** lok, **11.** gá, **12.** grófu, **14.** grobb, **16.** tu, **17.** róa, **18.** önn, **20.** ku, **21.** knús.
**LÓÐRÉTT: 1.** tólg, **3.** im, **4.** sögubók, **5.** krá, **7.** morgunn, **10.** kór, **13.** for, **15.** baun, **16.** tök, **19.** nú.






# Inspired by 639.000 kr.

BAKÞANKAR Sigríðar Víðis Jónsdóttur



Hálfsársuppgjör heimilisins liggur fyrir. Með því að eiga ekki bíl hef ég sparað 639.000 krónur frá því í fyrrahaust. Hvert ætti ég að fara í sumar fyrir peningana?

**ÉG ER** búin að spara svo mikið á því að kveikja ekki í laununum mínum við bensíndæluna að ég gæti auðveldlega leigt mér bíl til að aka hringinn í júlí, skutlast nokkra hringi ef því er að skipta. Leigt jeppa, tjaldvagn, fellihýsi, húsbíl – það má ýmislegt gera fyrir upphæðina. Síðan er líka hægt að nota skemmtilegt fyrirbæri sem er 20 milljóna króna vagn með launuðum bílstjóra og heitir rúta.

**Í SUMAR** ætla ég að fara til lands sem mörg hundruð þúsund manns heimsækja á ári hverju. Flestir flykkjast þangað út af náttúrunni – sem er alveg geggjuð. Ótrúlegar andstæður þarna, mjög sérstök kvöldbirta og fullt af ósnortnu landi þar sem ekki er netsamband og allt þetta rugl sem gerir mann svo víraðan allan veturinn. Magnaðar perlur þarna: Á Íslandi.

**Í HREINSKILNI** sagt eru íslensku vetrarkvöldin alltof dimm og drungaleg til að ég vilji fara til útlanda í lengri tíma á sumrin. Eftir margra mánaða myrkur tími ég einfaldlega ekki missa af björtu sumarnóttunum. Halló? Glætan. Flestir Íslendinga vinna auk þess innivinnu og sjálf tilheyri ég þeim morkna og loftlausa hópi. Eins og gefur að skilja eyði ég vetrunum því að mestu leyti… inni við. Þess vegna er frábært að vera úti við á sumrin. Og þá má alveg rigna mín vegna. Ég nenni ekki heldur að æsa mig yfir roki og hagléli og hvað þetta allt heitir sem auðveldlega getur komið í hausinn á fólki um hásumar hér á landi – bara að maður fái nógu mikið súrefni eftir allt inniloftið um veturinn.

**ÍSLENDINGAR** eru duglegir við að hreykja sér af náttúrunni sinni og selja hugmyndina um hana til erlendra ferðamanna. Um daginn var ég spurð af einum slíkum hversu duglegir Íslendingar væru við að njóta náttúrunnar sem aðrir ættu að verða svona „inspired by". Fara sem sé í styttri og lengri göngur, hjóla um landið, skoða það, hlusta á þögnina uppi á hálendinu, taka inn ferska loftið? Ég ranghvolfdi í mér augunum og sagði að íslenska þjóðin væri sko mjög dugleg við það.

**ÞEGAR** hann var farinn áttaði ég mig á að ég hafði ekki græna glóru um þetta. Hvort Íslendingar væru eitthvað sérlega duglegir við að nýta sér það sem landið hefði upp á að bjóða og njóta náttúrunnar.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




skemmtilegri
Sjáumst í maí!
Á STÖÐ 2
GREY'S ANATOMY
60 MINUTES
modern family
rizzoli & isles
THE MENTALIST
glee
LATI BÆR
NÝTT!
GRILLSKÓLI JÓA FEL
American Idol
ÚRSLIT
VILD
Allt fyrir áskrifendur
Þú safnar allt að 1250 Stöðvar punktum á mánuði
ID. INVESTIGATION DISCOVERY
Discovery ID fylgir frítt með Stöð 2 í maí. Raunveruleg sakamál og sannar sögur. Engin kapalstöð hefur átt eins vaxandi vinsældum að fagna í Bandaríkjunum.
ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
VINSÆLASTA SJÓNVARPSEFNI Í HEIMI OG FRÁBÆR ÍSLENSK DAGSKRÁ
ALLAN SÓLARHRINGINN Á ÞREMUR SJÓNVARPSSTÖÐVUM
FRÁ AÐEINS 229 KR. Á DAG
Tryggðu þér áskrift í dag!
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# menning

menning@frettabladid.is

! **ÚTSKRIFTARTÓNLEIKAR** Sigrúnar Harðardóttur fiðluleikara frá tónlistardeild Listaháskóla Íslands verða í Fríkirkjunni í kvöld. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.

## Sex verkefni styrkt

Sex íslensk menningarverkefni hlutu styrk upp á ríflega 15 milljónir króna úr Norræna menningarsjóðnum.

Sjóðurinn úthlutaði 8,7 milljónum danskra króna (DKK) til 75 menningarverkefna, sem unnin verða í norrænu samstarfi.

Íslendingar eru þátttakendur í 49 verkefnanna og er Ísland upphafsland sex verkefna sem hlutu samtals 695 þúsund danskar krónur. Tangófélagið í Reykjavík hlaut 75 þúsund DKK; FLISS (Félag um leiklist í skólastarfi) hlaut 100 þúsund DKK; Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum fékk 150 þúsund DKK; sömu upphæð hlutu Sögusvuntan (The Pocket Theatre) og Tónskáldafélag Íslands en Háskóli Íslands fékk 75 þúsund DKK.


**METSÖLULISTI EYMUNDSSON**

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

11.05.11 - 17.05.11




UPPSELD - VÆNTANLEG 25. MAÍ

1 Léttara og betra líf
Lene Hansson

2 10 árum yngri á 10 vikum
Þorbjörg Hafsteinsdóttir






3 Matur sem yngir og grennir
Þorbjörg Hafsteinsdóttir

4 Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir







MAÍ BÓK MÁNAÐARINS

5 Engan þarf að öfunda - kilja
Barbara Demick

6 Sláttur - kilja
Hildur Knútsdóttir







7 Handbók um íslensku
Jóhannes B. Sigtryggsson ritst.

8 Djöflastjarnan - kilja
Jo Nesbø







9 Konan í búrinu - kilja
Jussi Adler Olsen

10 Eyjafjallajökull
Ari Trausti og Ragnar TH.

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


# Ætti að höfða til Íslendinga

**Danska skáldið Naja Marie Aidt verður gestur á höfundakvöldi Norræna hússins í kvöld í tilefni þess að verðlaunabók hennar, Bavíani, er komin út hjá Bjarti. Hún telur bókina eiga sérstakt erindi við Íslendinga, enda lýsi hún þeim hugsunarhætti sem ríkti í góðærinu.**



**NAJA MARIE AIDT** Lítur á sig sem ljóðskáld fyrst og fremst en hlaut þó bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir smásagnasafnið Bavíana.

„Ég er yfir mig ánægð með að bókin skuli vera komin út á íslensku, þetta er gamall draumur að rætast,“ segir Naja Marie Aidt um smásagnasafnið Bavíana. „Ég hef tvisvar áður komið til Íslands og kann vel við mig hér.“

Naja segir að Bavíani eigi kannski meira erindi við Íslendinga en aðra. „Bókin var skrifuð í góðærinu sem Íslendingar fóru ekki varhluta af; fjallar um þetta tímabil þegar allir voru uppteknir af því að kaupa hluti, fara í ræktina og líta vel út. Áherslan var á það sem sást utan frá. Ég vona að Íslendingar geti samsamað sig þeim tilfinningum og þeirri eigingirni sem einkenndi þetta tímabil. Það er skrítið að hugsa til þess að þessi tími sé liðinn og að bók sem út kom 2006 hafi verið skrifuð á tímabili í veraldarsögunni sem leið undir lok.“

Naja hefur skapað sér nafn sem eitt merkasta skáld Dana og fyrr í vikunni hlaut hún bókmenntaverðlaun Sörens Gyldendal, ein virtustu bókmenntaverðlaunin í Danmörku. „Það kom mér mjög ánægjulega á óvart. Eftir að ég fékk bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir Bavíana 2008 var ég sannfærð um að ég fengi aldrei nein önnur verðlaun. Það var greinilega rangt.“

Naja hefur gefið út átta ljóðabækur og þrjú smásagnasöfn, auk leikrita og kvikmyndahandrita. Hún kveðst þó fyrst og fremst vera ljóðskáld. „Ég hef skrifað ljóð síðustu tuttugu árin, sögurnar eru hliðarverkefni. Nú er ég að vinna að fyrstu skáldsögunni og mér finnst það erfitt. En ég held mér að vinnu og vona að hún verði tilbúin eftir um það bil ár.“

Ljóð Naju hafa verið þýdd á fjölmörg tungumál og hún segir að sig minni að nokkur ljóð eftir sig hafi birst á íslensku í ljóðasafni sem gefið var út fyrir „mörgum, mörgum árum“. Nýjasta ljóðabók hennar, Alting blinker, kom út 2009 og hefur hlotið mikið lof. Hún er skrifuð í New York, þar sem Naja hefur búið undanfarin þrjú ár. Hún segir að flutningurinn þangað hafi breytt sýn hennar á Danmörku.

„Meginstef bókarinnar er staðir og tími. Ég er þar að skoða nýlendustefnu Dana eins og hún birtist á Grænlandi og í Vestur-Indíum á sínum tíma og fjarlægðin hjálpaði mér að skoða þau mál hlutlægt.“

Naja fæddist á Grænlandi og var alin þar upp til átta ára aldurs. „Ég held það hafi mótað það hvernig ég horfi á samskipti að hafa alist upp í nýlendu. Ég talaði meira að segja grænlensku reiprennandi sem barn, en er því miður búin að tapa henni niður. En Grænland á sérstakan stað í hjarta mér.“

Dagskráin í Norræna húsinu hefst klukkan 20. Þýðandi Bavíana, Ingunn Ásdísardóttir, ræðir við Naju Marie.

fridrikab@frettabladid.is

# Heillandi fjölflötungar

Myndlist ★★★★

**Hugvit**

Einar Þorsteinsson

**Hafnarborg**

Heillandi fjölflötungar



Einar Þorstein þarf varla að kynna fyrir Íslendingum, og þó. Hann er þekktur hér á landi fyrir hönnun sína á kúluhúsum og á síðasta áratug hefur samstarf hans við Ólaf Elíasson vakið athygli, ekki síst hönnun Einars á einingum þeim sem byggja upp glerhjúp Hörpunnar. Margir muna án efa eftir þjóðhátíðartjaldi hans við Arnarhól í Reykjavík árið 1974, en Einar hannaði þó nokkur tjöld af slíkum toga.

Nú hefur verið sett upp sýning á verkum Einars Þorsteins í Hafnarborg í Hafnarfirði, RÚV gerði sjónvarpsþátt um Einar og sýningunni fylgir nokkuð vegleg bók. Þar má sjá myndir af margvíslegum verkum hans, grein um störf hans, æviferillinn er rakinn og skemmtilegt og ítarlegt viðtal Godds við Einar birtir ekki aðeins mynd af verkum hans heldur líka manninum að baki.

Sýningin er ekkert sérlega stór í sniðum, en þar kennir þó margra grasa. Hér sjáum við handgerð arkitektúrmódel, pappírsmódel að margs konar fjölflötungum, stærri módel að umfangsmiklum hugmyndum, myndband, ljósmyndir og fleira. Litla herbergið inn af stóra salnum skapar innilegt andrúmsloft í anda þess sem má ímynda sér að ríki á vinnustofu Einars. Sýningin gefur til kynna að áhugavert væri að gera mun stærri sýningu um Einar og hugmyndir hans.

Starf Einars er fjölbreytt og hugmyndaríkt. Við Íslendingar höfum misst af miklu að hafa ekki tekið hugmyndir hans upp á arma okkar frá upphafi og veitt þeim brautargengi. Það er synd að hér skuli ekki hafa risið kúluhúsabyggð, vistvænar íbúðareiningar, yfirbyggð svæði, allt saman hugmyndir sem virðast ódýrar, hagkvæmar og sniðugar. Hugmynd Einars að kúluhúsi innan lokaðs hvolfs er dásamleg. Að ekki sé minnst á hönnun hans á sjálfbærum hverfum sem Danir hafa gert að raunveruleika. Hvað stendur í vegi nema íhaldssemin og steinsteypuástin? Til þess að hugmyndavinna Einars kæmist í sviðsljósið á Íslandi þurfti brautargengi annars manns á erlendri grund.

Undanfarin ár hefur Einar í auknum mæli sýnt verk sín innan myndlistargeirans og ef til vill eiga áhorfendur auðveldara með að meðtaka hugmyndir hans séu þær ekki beintengdar raunveruleikanum. Auðveldara með að sjá þá fegurð sem felst í fjölflötungum og stærðfræðilegum eiginleikum þeirra, meðtaka frekar hugmyndir Einars í arkitektúr, sem í dag eru þó ekki eins óvenjulegar og fyrir nokkrum áratugum.

Allt frá upphafi, frá námsárum sínum í arkitektúr í Þýskalandi, hefur Einar fylgst vel með straumum og stefnum innan arkitektúrs og átt í samstarfi við ótal aðila, bæði erlendis og hérlendis, háskóla og fleira. Undanfarin ár hefur hann einbeitt sér að möguleikum fimmfalds, symmetrísks rýmis en uppgötvanir hans á því sviði liggja m.a. til grundvallar einingunum í glerhjúp Hörpunnar.

Ragna Sigurðardóttir

**Niðurstaða:** Í Hafnarborg er brugðið upp mynd af fjölbreytilegu starfi Einars Þorsteins á sviði arkitektúrs og hönnunar frá upphafi ferils hans. Hugmyndir Einars um byggingatækni og sjálfbærni eiga brýnt erindi við samtímann en sýningin er líka skemmtileg að skoða fyrir unga sem aldna.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
527 9000
UPPLÝSINGA OG ÞJÓNUSTUSÍMI
Þarftu að ná sambandi við Bónus?
Við erum við símann 527 9000 alla virka daga frá kl 09-16
Hægt er að senda okkur fyrirspurnir á bonus@bonus.is
VISTVÆN FRAMLEIÐSLA
Lambhagi
SALAT Í POTTI 275 kr. stk
Lambhagi
SPÍNAT 298 kr.100g
Ali 25% AFSLÁTTUR
1498 KR.KG
Grill úrbeinaðar hunangskryddaðar grísakótilettur Merkt verð 1998 kr.kg -
Ali 25% AFSLÁTTUR
1498 KR.KG
Ali grillúrbeinaðar BBQ kryddaðar grísakótilettur Merkt verð 1998 kr.kg -
995 KR.KG
ÍSLANDSLAMB: Ferskir grill lambaskankar
1298 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA Frosið lambalæri í sneiðum
ÍSLANDS NAUT
2298 KR.KG
ÍSLANDSNAUT FERSK UNGNAUTA PIPARSTEIK
BÓNUS
995 KR.KG
BÓNUS GRILL GRÍSAKÓTILETTUR
2298 KR.KG
ÍSLANDSNAUT úrbeinuð UNGNAUTA GRILLSTEIK
BÓNUS
995 KR.KG
BÓNUS Grill úrbeinaðar GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
GOTT Á GRILLIÐ GOTT Á GRILLIÐ
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
BEINLAUS BITI
1659 KR.KG
ÍSLENSKT HREFNUKJÖT Á GRILLIÐ
Caj-P. GRILLOLÍA 500ml 398 KR.
Hunt's GRILLSÓSUR 612ml 225 KR.
Norðanfiskur:Íslensk bleikja beinhreinsuð með roði
1598 KR.KG
BLEIKJA BEINHREINSUÐ M/ROÐI
ALI GRÍSARIF FORELDUÐ!
Ali
FRÁBÆR Á GRILLIÐ EÐA Í OFNINN ÞARF AÐEINS AÐ HITA!
BABYBACK GRÍSARIF 1498 KR.KG.
ALI SPARERIBS 1198 KR.KG.
AÐEINS AÐ HITA SPARAR BÆÐI TÍMA OG GAS
459 KR.960G
HOLTA ELDAÐIR KJÚKLINGAVÆNGIR 960g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 19. maí 2011**

**➜ Tónleikar**

**20.00** Hljómsveitin **Dúndurfréttir** heldur sína árlegu vortónleika í **Austurbæ** í kvöld kl. 20. Lög Led Zeppelin, Deep Purple, Pink Floyd og fleiri verða tekin fyrir. Aðgangseyrir er kr. 2.500.

**20.30 Jazzhátíð Garðabæjar** stendur frá 19.-22. maí. Opnunartónleikar verða haldnir í kvöld kl. 20.30 í **Fjölbrautaskóla Garðabæjar**. Tríó Björns Thoroddsen spilar. Aðgangur ókeypis.

**20.30 Vortónleikar Reykjalundarkórsins** fara fram í **Guðríðarkirkju** í kvöld kl. 20.30. Fjölbreytt efnisskrá. Miðaverð kr. 1.500 en kr. 1.000 fyrir eldri borgara. Frítt fyrir yngri en 12 ára. Miðar seldir við hurð.

**22.00** Hljómsveitin **Ensími** kemur fram á **Faktorý** í kvöld. Spiluð lög af öllum plötum Ensími. Húsið opnar kl. 21 og hefjast tónleikarnir kl. 22. Miðaverð kr. 1.500 við hurð. Aldurstakmark 18 ára.

**➜ Sýningar**

**13.00 Myndlista- og handverkssýning eldri borgara í Kópavogi**, verður í félagsheimilinu að **Gullsmára** 13 næstkomandi laugardag. Sýningin hefst kl. 13. Vöfflukaffi á góðu verði.

**20.00 Kramhúsið** býður til kraftmikillar danssýningar í **Tjarnarbíói** í kvöld kl. 20. Boðið verður upp á magadans, bollywood, afró, break, hiphop og nútímadans. Miðaverð er kr. 1.500. Miðasala fer fram á midi.is og tjarnarbio.is

# Útskriftarárgangur sýnir lokaverkefni

Tíu nemendur útskrifast í fræðum og framkvæmd frá Listaháskóla Íslands í vor. Í tilefni af því sýna allir útskriftarnemarnir lokaverkefni sín frá 21.-27. maí. Þetta er þriðji árgangurinn sem útskrifast af brautinni frá því að hún var sett á laggirnar haustið 2005.

Fræði og framkvæmd er hugsað sem vettvangur fyrir bæði fræðilegar og listrænar rannsóknir á leiklist. Námið er því jöfnum höndum fræðilegt og verklegt þar sem rýnt er í sögu, eðli, hlutverk og mörk leiklistarinnar og snertifleti við aðrar listgreinar.

Nánari upplýsingar um verkin og sýningartíma má finna á lhi.is.

### LOKAVERKEFNI

*Útskriftarnemar í fræðum og framkvæmd:*

**Anna María Tómasdóttir:** „Þér er boðið …"
**Aude Busson:** Svörður fyrir sálina
**Ásdís Þórhallsdóttir:** Moskva eftir Kristínu Ómarsdóttur
**Björn Leó Brynjarsson:** Þurfum Tom Collins
**Halldór Halldórsson:** Tortímandi
**Ingibjörg Huld Haraldsdóttir:** Spuni, eða Kamelljón fjárhirðisins eftir Eugéne Ionesco
**Ragnheiður Harpa Leifsdóttir:** Dagskrá um eldingar
**Sigríður Jónsdóttir:** L.Í.N. – Lítið, í niðurníðslu. Heimildar(leysis)leikrit
**Tyrfingur Tyrfingsson:** Grande
**Ugla Egilsdóttir:** Auður



**ÚTSKRIFTARÁRGANGURINN** Tíu útskriftarnemar sýna jafn mörg lokaverkefni á næstu dögum. Þetta er í þriðja sinn sem nemendur útskrifast af braut fræða og framkvæmdar við Listaháskóla Íslands.






Bækur ★★★★

**Blindir fiskar**
Magnús Sigurðsson

**Uppheimar**

## Gegnum líflínuna sjálfa

Magnús Sigurðsson hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2008 fyrir fyrstu ljóðabók sína Fiðrildi, mynta og spörfuglar Lesbíu og hafði árið á undan gefið út þýðingar sínar á ljóðum eftir Ezra Pound, Söngvarnir frá Písa. Blindir fiskar bera þess glögg merki að hann hefur stúderað Pound og fleiri risa í ljóðlist nákvæmlega og lært af þeim. Kannski má kalla þetta gáfumannaljóð, en fyrst og fremst eru þetta þaulhugsuð og þaulunnin ljóð sem markast af hefðinni án þess að bera nokkurn keim af stælingum.




Magnús undirstrikar þessa tengingu við ljóðahefðina með kaflanum Fimm kveðjur + sjálfsmorð, þar sem hann tekur orð þekktra skálda og spinnur í kringum þau, auk þess sem lokaljóðið í kaflanum er myndræn lýsing á sjálfsmorði Virginiu Woolf árið 1941.

Bókinni er skipt upp í fjóra kafla sem hver ber sitt sérkenni, fyrsti kaflinn og sá síðasti, sem báðir eru nafnlausir, kallast á og á milli er skotið fyrrnefndum kafla um orð skálda og kaflanum Smáljóð. Undiraldan er nokkuð þung á hófstilltan hátt, hér er ekki gantast með byrði mannlífsins eða nálægð dauðans. Maðurinn er einn í glímunni við eigin hugsanir og jafnvel í fegurðinni miðri skýtur treginn og söknuðurinn upp kollinum:

**suðurglugginn**

rósirnar
undir skjólveggnum

í vari fyrir
norðangjósti

og gestafiðrildið
bakvið blúndugluggatjöldin

sem boðar komu allra
nema þín

Það sem hrífur mann mest við Blinda fiska er beiting tungumálsins og virðingin fyrir því. Ekkert orð er valið af handahófi og ekki bruðlað með þau heldur, stíllinn er meitlaður og knappur, myndirnar beittar og hugsunin skýr. Barátta mannsins við hlekki hversdagslífsins og vitundin um eigin dauðleika eru meginstef, en fegurðin alltaf skammt undan. Blýantarnir sem skrá hinar dapurlegu hugsanir eru þrátt fyrir allt sólgulir og í draumum næturinnar er ljóðmælandinn

svo fiðrildaléttur í spori

á baðskýlu
með sólhlíf

og blóðrauðan kokteil

Blindir fiskar er hvalreki á fjörur ljóðaunnenda, sönnun þess að ljóðið er við góða heilsu, þrátt fyrir áralangar andlátsspár, og fyllilega þess megnugt að koma til skila hvaða hugsun og tilfinningu sem vera skal. Magnús Sigurðsson hefur stimplað sig inn sem ljóðskáld sem vert er að hlusta á og fylgjast með í framtíðinni.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Þaulhugsuð og þaulunnin ljóð sem tala bæði til heilans og hjartans og ættu að gleðja alla ljóðaunnendur.

# Hjónaband eða óvígð sambúð?

**Lexista lögmannsstofa býður upp á hagnýtt og skemmtilegt námskeið um réttaráhrif hjónabands og óvígðrar sambúðar. Námskeiðið verður í tveimur hlutum og verður kennt þriðjudagana 24. og 31. maí kl. 16-18:30.**

## Fyrri hluti:

Stofnun hjónabands, réttindi og skyldur samkvæmt hjúskapar-lögum, kaupmálar, fjármál hjóna, samábyrgð á sköttum, ábyrgð á skuldum, lok hjónabands og fjármálaslit milli hjóna. Fjármál sambúðarfólks og slit óvígðrar sambúðar. Bornar verða saman réttarreglur um fjármálaslit vígðrar og óvígðrar sambúðar.

## Seinni hluti:

Erfðaréttur og erfðaskrár. Seta í óskiptu búi , stjúptengsl, erfðaréttur sambúðarfólks. Réttindi samkvæmt almanna-tryggingum og lífeyrissjóðum við andlát maka.

Raunhæf verkefni sem sýna hvernig reglunum er beitt í praxís.

**Námskeiðsstaður er Veisluturninn, Smáratorgi 3, 19. hæð, Kópavogi.**



Leiðbeinandi er Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður.

Námskeiðsgjald er 25.000 kr., sem greiðist við skráningu.

Einkaráðgjöf í eitt skipti á Lexistu lög-mannsstofu er innifalin í námskeiðsgjaldi.

VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu.

Nánari upplýsingar er að finna á www.lexista.is og á Facebook síðu námskeiðsins.

**Skráning fer fram í síma 552 6090 eða á netfangið lexista@lexista.is**

Lexista

Lexista ehf.
Lögmannsstofa
Holtasmára 1, 6. hæð
201 Kópavogur

Sími: 552 6090
lexista@lexista.is




**> Í SPILARANUM**

**FM Belfast** - Don't Want to Sleep
Friendly Fires - Pala
**Bon Iver** - Bon Iver
Junior Boys - It's All True

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Svaf hjá karlmanni



Steven Tyler, söngvari Aerosmith og dómari í American Idol, segist einu sinni hafa átt kynmök við annan karlmann en hann hafi ekki viljað prófa það aftur.

„Ég fíla ekki kynlíf með karlmönnum. Ég prófaði það einu sinni þegar ég var yngri en fékk ekki mikið út úr því," skrifaði hann í nýrri ævisögu sinni Does the Noise In My Head Bother You? sem er nýkomin út. Þar lætur hann ýmislegt flakka um litríkan feril sinn sem rokksöngvara í fremstu röð. Hann krafðist þess ávallt að „hreinar stelpur" biðu hans í sturtunni eftir tónleika. „Þrátt fyrir að hugur minn sé sóðalegur skiptir líkamlegt hreinlæti mig máli. Kelly [aðstoðarkona Aerosmith] sá alltaf til þess að stelpurnar væru í sturtunni þegar ég kom inn í herbergið. Ég vildi ómengaða fegurð. Ég get ekki kysst stelpu sem hefur verið að stökkva fram af sviðinu með fimm hundruð öðrum karlmönnum," skrifaði hann.

Í bókinni segir hann einnig frá einelti sem hann varð fyrir í æsku og að hann hafi aldrei átt í ástarsambandi við konu sem hafi treyst honum fullkomlega.




**> PLATA VIKUNNAR**

Rain on me rain ★★★
Andrea Gylfadóttir & Blúsmenn
„Andrea Gylfadóttir sýnir hvað hún getur á pottþéttri blúsplötu."
-TJ



**TÓNNINN GEFINN**
**Trausti Júlíusson**

## *Tilþrif á Hammondinn*

Bandaríska plötuútgáfan ANTI hefur það að yfirlýstu markmiði að þar geti tónlistarmenn gert hlutina á sínum eigin forsendum. Það er fullt af flottum listamönnum á mála hjá ANTI, allt frá Tom Waits yfir í Sage Francis, en gamlir meistarar eru áberandi. Oft eru þetta listamenn sem passa ekki lengur inn í útgáfustefnu stórfyrirtækjanna sem þeir voru hjá, en ANTI gefur þeim tækifæri til þess að hugsa hlutina upp á nýtt, taka nýjan pól í hæðina.

Gott dæmi um þetta er orgelsnillingurinn Booker T. Jones sem var leiðtogi þeirrar frábæru hljómsveitar Booker T. and the MGs sem bæði var húshljómsveit hjá Stax-plötufyrirtækinu í Memphis á áttunda áratugnum og sendi frá sér instrúmental soul-smelli eins og Green Onions, Hip Hug-Her og Melting Pot. Booker T. gerði samning við ANTI og gaf út alveg þokkalega plötu, Potato Hole, fyrir tveimur árum. Fyrir nokkrum dögum kom svo plata númer tvö, The Road From Memphis, og á henni er gamli Hammond-snillingurinn í essinu sínu.



**NÝ PLATA** Booker T. er að gera góða hluti á nýju plötunni.

Bæði ný lög og gömul eru á The Road From Memphis. Flest þeirra eru án söngs, en Sharon Jones, Yim Yames úr My Morning Jacket, Matt Berninger úr The National og Lou Reed syngja eitt lag hvert auk þess sem Booker T. syngur sjálfur eitt. Öll ellefu lögin grúva feitt og einkennast af tilþrifum Bookers á Hammondinn. Á meðal laganna er ósungin útgáfa af Gnarls Barkley-laginu Crazy. Ein af ástæðunum fyrir því hvað nýja platan er miklu betri en Potato Hole er að hún er unnin með ?uestlove, trommuleikara The Roots, sem er alfræðiorðabók í soul- og fönktónlist og greinilega rétti maðurinn til þess að hefja þennan gamla meistara á þann stall sem honum hæfir. Frábær plata. Maður trúi því varla ennþá að hún geti verið svona góð ...




# Heimsyfirráð Lady Gaga

**Platan Born This Way með Lady Gaga kemur út eftir helgi. Þéttur danstakturinn er áfram í fyrirrúmi og ljóst er að hún ætlar ekkert að slaka á heimsyfirráðum sínum í poppheiminum.**

Önnur hljóðsversplata poppdívunnar Lady Gaga í fullri lengd, Born This Way, kemur út á mánudaginn og bíða hennar margir með mikilli eftirvæntingu enda er Gaga líklega vinsælasti poppari heims í dag ásamt Justin Bieber.

Gaga heitir réttu nafni Stefani Germanotta og fæddist í New York 28. mars 1986. Hún gekk í kaþólskan stúlknaskóla áður en hún hóf tónlistarnám við Tisch-skólann í Háskóla New York, sautján ára gömul.

Ung að aldri byrjaði Gaga að spila á píanó og semja lög þar sem áhrifavaldarnir voru glysrokkarar á borð við David Bowie og Freddie Mercury (nafnið Gaga er fengið úr Queen-laginu Radio Ga Ga) ásamt poppurum á borð við Madonnu og Michael Jackson.

Árið 2007 byrjaði hún að koma fram á klúbbum í New York undir nafninu Lady Gaga and the Starlight Revue ásamt vinkonu sinni Lady Starlight. Útgáfufyrirtæki sáu fljótt að eitthvað var spunnið í Gaga. Def Jam varð fyrst til að semja við hana en ekkert kom út úr því samstarfi. Hún komst þá í kynni við upptökustjórann Rob Fusari. Hann sendi lög sem hann hafði gert með Gaga til Vincents Herbert, eiganda Streamline Records, undirfyrirtækis Interscope Records, sem gerði við hana samning þar sem hún starfaði sem lagahöfundur. En eftir að popparinn Akon heyrði Gaga syngja fékk hann Interscope Records til að gera sameiginlegan útgáfusamning við Gaga og fyrirtæki sitt Kon Live og þar með var hún komin undir hans verndarvæng.

Gaga byrjaði að undirbúa sinn eigin sólóferil og fyrsta smáskífulagið Just Dance kom út í apríl 2008 og í framhaldinu platan The Fame. Þar samdi hún öll lögin, meðal annars í samstarfi við Fusari. Miklar vinsældir Just Dance opnuðu leiðina fyrir næsta lag, Poker Face, sem varð risasmellur og skaut Lady Gaga upp á stjörnuhimininn. The Fame hefur nú selst í yfir tólf milljónum eintaka.

Næsta plata Gaga, The Fame Monster, átti upphaflega að vera bónusplata með The Fame en ákveðið var að bæta fleiri lögum við og gefa út átta laga plötu. Hún fékk einnig jákvæðar viðtökur, þar á meðal fyrsta smáskífulagið Bad Romance.

Nýja platan Born This Way hefur að geyma fjórtán lög og semur Gaga sem fyrr allt efnið í samstarfi við aðra. Titillagið Born This Way, þar sem þéttur dansktakturinn er eins og áður í fyrirrúmi, fór rakleiðis á toppinn í tuttugu löndum. Miðað við þau lög sem hafa heyrst af plötunni er Gaga enn í fínu formi og mun vafalítið ekki slaka á heimsyfirráðum sínum í poppinu á næstunni.

freyr@frettabladid.is



**GEFUR ÚT BORN THIS WAY** Nýjasta plata Lady Gaga nefnist Born This Way og kemur út eftir helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

**LAGALISTINN**

Vikuna 12. - 18. maí 2011

| Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|
| ▶ 1 | Adele | *Someone Like You* |
| ▲ 2 | Vinir Sjonna | *Coming Home* |
| ▲ 3 | Bruno Mars | *Lazy Song* |
| ▲ 4 | Bubbi Morthens | *Ísabella* |
| ▼ 5 | Megas & Senuþjófarnir | *Lengi skal manninn reyna* |
| ▲ 6 | Katy Perry | *E.T.* |
| ▼ 7 | Valdimar | *Yfirgefinn* |
| ▼ 8 | Jessie J | *Price Tag* |
| ▲ 9 | Britney Spears | *Till The World Ends* |
| ✱ 10 | Stella Mwangi | *Haba Haba* |

**TÓNLISTINN**

Vikuna 12. - 18. maí 2011

| Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|
| ▶ 1 | Ýmsir | *Eurovision Song Contest 2011: Düsseldorf* |
| ✱ 2 | Víkingur Heiðar Ólafsson | *Bach / Chopin* |
| ▲ 3 | Ýmsir | *Gleðibankinn: 25 ár í Eurovision* |
| ▶ 4 | Valdimar | *Undraland* |
| ▼ 5 | Megas og Senuþjófarnir | *(Hugboð) um vandræði* |
| ▼ 6 | Sjonni's Friends | *Coming Home* |
| ▲ 7 | Andrea & Blúsmenn | *Rain On Me Rain* |
| ▲ 8 | Magnús og Jóhann | *Ástin og lífið 1971-2011* |
| ▲ 9 | Björk | *Gling gló* |
| ▼ 10 | Skálmöld | *Baldur* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is


8.200.-
Útskriftargjafir í miklu úrvali
Uppsteyt
www.uppsteyt.is
16.300.-
23.900.-
16.200.-
Fyrir herrann
17.200.-
9.600.-
8.900.-
11.400.-
13.500.-
Jens
www.jens.is
Verið velkomin í Jens Kringlunni og Síðumúla 35

# bíó

bio@frettabladid.is

## > SAMAN Á NÝ

**Will Ferrell** og Mark Wahlberg munu leika aftur saman í kvikmyndinni The Turkey Bowl, en þeir félagar fóru á kostum í kvikmyndinni The Other Guys. The Turkey Bowl segir frá tveimur aðdáendum amerísks ruðnings sem lendir saman.



## Fincher orðaður við Kleópötru

Bandaríski leikstjórinn David Fincher er sagður vera í viðræðum við framleiðandann Scott Rudin um að leikstýra stórmyndinni Kleópötru. Rudin og Fincher unnu saman að gerð The Social Network og Rudin hefur þegar tryggt sér þjónustu Angelinu Jolie í titilhlutverkið. Leikkonan ku vera mjög áhugasöm um að fá Fincher, sem hefur auðvitað haldið sambýlismanni hennar, Brad Pitt, á floti með kvikmyndum á borð við Seven, Fight Club og The Curious Case of Benjamin Button.

Fincher er nú að leggja lokahönd á kvikmyndina Karlar sem hata konur eftir bók Stiegs Larsson og svo er á dagskránni að leikstýra neðansjávarmyndinni 20.000 Leagues Under the Sea. Samkvæmt fréttasíðu Indie Wire vonast Rudin til að Fincher setji það verkefni til hliðar og fallist á að leikstýra myndinni um drottningu Egyptalands eftir handriti Brians Helgeland. Jolie sjálf gæti raunar orðið upptekin á næstunni því hún á að leika í kvikmyndinni Maleficent sem Tim Burton hugðist leikstýra. Hann er nú hættur og Disney leitar logandi ljósi að arftaka hans.

Jolie hefur næg járn í eldinum og hyggst framleiða kvikmyndina Churchill og Roosevelt með Anthony Hopkins. Leikkonan hefur hins vegar vísað því á bug að hún hyggist leikstýra þeirri mynd sjálf.



**DUGLEG** Angelina Jolie er með alla anga úti um þessar mundir og er meðal annars sögð spennt fyrir hlutverki Kleópötru.

## Óvæntar brúðarmeyjar

Hasarmyndin Þór nýtur mikilla vinsælda í Bandaríkjunum, en myndin situr nú á toppnum aðra vikuna í röð. Samkvæmt vefsíðunni Box Office Mojo hefur myndin rakað inn 120 milljónum dala á tíu dögum, sem þykir nokkuð gott.

Hins vegar kom gamanmyndin Brúðarmeyjar eða Bridesmaids flestum í opna skjöldu. Myndin skartar stjörnunni úr Saturday Night Live, Kristen Wiig, í aðalhlutverki og er framleidd af Judd Apatow, en hún halaði inn 26 milljónum dala á sinni fyrstu sýningarhelgi. Tölfræðisnillingar í Bandaríkjunum hafa reiknað það út að þetta sé besta frammistaða SNL-stjörnu í hlutverki sem tengist ekki þættinum. Til gamans má geta að Heba Þórisdóttir sá um förðun leikaranna.

En það voru ekki bara Brúðarmeyjar sem komu á óvart því áhuginn á vampírum og baráttunni gegn þeim virðist ódrepandi. Kvikmyndin Priest, sem fjallar um prest í vígahug, stóð sig nefnilega betur en nokkur hafði þorað að vona. Myndinni hafði verið slátrað af gagnrýnendum en allt kom fyrir ekki, fimmtán milljónir dala komu í kassann. Fast Five varð að gera sér þriðja sætið að góðu; myndin hefur nú náð 169 milljónum dala í kassann.



**VINSÆLL** Myndasöguútgáfan af Þór hefur slegið í gegn í Bandaríkjunum.

## Tarantino vill Lady Gaga í nýja mynd

Samkvæmt breska blaðinu Daily Mirror hefur bandaríski leikstjórinn Quentin Tarantino mikinn áhuga á því að fá Lady Gaga til að leika lítið hlutverk í næstu kvikmynd sinni. Tarantino er mikill aðdáandi söngkonunnar og hefur gert ýmislegt til að ganga í augun á henni, lánaði henni meðal annars hinn heimsfræga bleika pallbíl úr Kill Bill fyrir myndbandið Telephone.

Tarantino hefur jafnframt verið milligöngumaður í að koma Gaga í samband við Angelinu Jolie, en söngkonan ku víst hafa mikinn áhuga á að verða vinkona Angelinu og þegar Gaga hélt tónleika á Cannes-kvikmyndahátíðinni voru Jolie og sambýlismaður hennar Brad Pitt þau fyrstu á gestalistanum. „Þegar hún heyrði að þau væru bæði í Cannes vildi hún endilega að þau kæmu á tónleikana, þannig að Tarantino hringdi í Pitt og bauð þeim. Tarantino vill allt fyrir Gaga gera enda þráir hann að fá hana á hvíta tjaldið.“

Gaga vildi síðan eingöngu tala við Angelinu og hafði engan áhuga á Pitt eða Tarantino.



**VINSÆL** Lady Gaga er vinsælasta söngkona heims og vill gjarnan vingast við Angelinu Jolie.











**GÓÐUR Í SKRÝTNUM** Edward Scissorhands, rakarinn Sweeney Todd, Jack Sparrow og Óði hattarinn úr Lísu í Undralandi, að ógleymdum Willy Wonka, hafa gert það að verkum að **Johnny Depp** hefur viðhaldið stöðu sinni sem listamaður en er ekki brennimerkt stjörnuvörumerki.

## Mörg andlit Johnny Depp

**Johnny Depp er einn vinsælasti leikari samtímans. Hann er yfirleitt nálægt toppsætunum yfir þá sem hala inn flestar krónur í miðasölu og nafni hans bregður yfirleitt fyrir á listum yfir kynþokkafyllstu karlmenn heims. Hann virðist hins vegar meðvitað leika gegn þeirri rullu.**

Nýjasta mynd Johnny Depp, Pirates of the Caribbean: On Stranger Tides, verður frumsýnd um helgina. Þetta verður í fjórða sinn sem Depp bregður sér í hlutverk Jacks Sparrow, en hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir fyrstu myndina í flokknum. Sagan á bak við Sparrow er flestum kunn; persónan er að mestu leyti byggð á Keith Richards, hinum óskiljanlega gítarleikara Rolling Stones, en hann er á sínum stað sem pabbi Sparrows.

Nafn Depps dúkkar yfirleitt upp á listum yfir fallegustu eða kynþokkafyllstu leikara heims og sumar karlkynsstjörnur gangast raunar upp í því að næla sér í hlutverk sem tryggir þeim slíka stöðu. Ekki Depp. Hann hefur gengið nokkuð markvisst gegn ímynd sinni sem sætabrauðsdrengur með örfáum undantekningum (Don Juan DeMarco, þar sem hann fékk tækifæri til að leika á móti átrúnaðargoði sínu Marlon Brando, og Chocolat). Hann virðist hreinlega elska að breyta sjálfum sér í furðufugla með skrýtnar hárgreiðslur.

Samstarf Depps og leikstjórans Tims Burton er auðvitað margrómað og Depp hefur ekki hikað við að breyta sér fyrir hlutverk í kvikmyndum leikstjórans. Hann tók fyrst upp á því í Edward Scissorhands og hann var ekki síður skrýtinn í Ed Wood, kvikmynd um versta leikstjóra sögunnar. Og svo kom Charlie and the Chocolate Factory þar sem Depp umbreyttist í súkkulaðiframleiðandann Willy Wonka. Svo komu sjóræningjamyndirnar og loks Lísa í Undralandi; þar var Depp stórkostlegur sem Óði hattarinn.





Stefnir þú að háskólanámi en vantar tilskilinn undirbúning?

HÁSKÓLAGRUNNUR

FRUMGREINANÁM HR BRÚAR BILIÐ

Sæktu um á **www.frumgreinamennt.is**

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK


## Mel Gibson að ranka við sér

Ástralski leikarinn Mel Gibson virðist smám saman vera að ranka við sér. Kvikmynd hans The Beaver eftir Jodie Foster hefur fengið ágætis dóma á kvikmyndahátíðinni í Cannes og Gibson hefur að mestu leyti náð að halda sig frá vandræðum við Miðjarðarhafsströndina. Myndin hefur reyndar fengið afleita aðsókn í Bandaríkjunum en það er alltaf von, því nú er loks farið að orða leikarann við ný hlutverk og nýjar myndir. Slíkt hefur ekki gerst í nokkurn tíma og var hann meira að segja rekinn úr myndinni The Hangover II.

Gibson er nú sagður íhuga þátttöku í kvikmyndinni Sleight of Hand. Myndin fjallar um hóp innbrotsþjófa í París sem komast óvart yfir smápening í eigu glæpaforingja. Tökur á myndinni eiga að hefjast í júlí og meðal annarra leikara má nefna Kiefer Sutherland, Gerard Depardieu, Giancarlo Giannini og Eric Cantona, knattspyrnuhetjuna úr Manchester United.

Talsmenn Gibsons hafa ekki viljað staðfesta eitt eða neitt en Gibson þarf nauðsynlega á verkefnum að halda til að koma sér og sínum ferli aftur af stað. Hann verður næst hægt að sjá í kvikmyndinni How I Spent My Summer Vacation með Peter Stormare.



**NÝTT UPPHAF** Mel Gibson virðist loksins vera að ná sér á strik eftir erfitt tímabil.

# Tiltekt



Við tökum til
og bjóðum valdar vörur
á stórlækkuðu verði.

**FRITZ HANSEN, ROSENDAHL,
ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO,
ARTIFORT, KNOLL, STELTON
OG ALLIR HINIR**

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

## 15-70% AFSLÁTTUR

**Í DAG FIMMTUDAG,
Á FÖSTUDAG
OG LAUGARDAG**



5. **SCREAM**-myndin verður framleidd, samkvæmt nýjustu fréttum. Fjórða myndin var frumsýnd á dögunum og hefur ekki gengið neitt sérstaklega vel í Bandaríkjunum, en nógu vel á heimsvísu til að fimmta myndin verði framleidd.

# Vildi stóra fjölskyldu

Þegar leikarinn Brad Pitt var lítill drengur vildi hann eignast stóra fjölskyldu þegar hann yrði eldri. „Vinur minn átti stóra fjölskyldu þegar ég var lítill. Ég hafði gaman af látunum í kringum morgunverðarborðið, öllum slagsmálunum og þegar mamman eða pabbinn bökuðu pönnukökur handa öllum," sagði Pitt. „Ég ákvað þá að ef ég eignaðist fjölskyldu sjálfur myndi ég fara þessa leið." Pitt, sem er 47 ára, á nú sex börn með leikkonunni Angelinu Jolie, þau Maddox, Zahöru, Shiloh, Pax og tvíburana Knox og Vivienne. „Ég veit að þetta virkar öfgafullt út á við en ég hef alltaf verið svona. Þegar ég er viss um hlutina er ég bara viss. Af hverju að bíða?" Hann vonast einnig til að leika aftur á móti Jolie í kvikmynd en síðast léku þau saman í grínhasarnum Mr. and Mrs. Smith. Ástæðan er sú að þá geta þau eytt meiri tíma saman með börnunum sínum.



**VILDI FJÖLSKYLDU** Leikarinn Brad Pitt ásamt Angelinu Jolie og Maddox.

# Rosalegt bardagaatriði í Tortímanda

**Hasarleikritið Tortímandi fjallar um sjálfsmynd karla. Verkið er lokaverkefni Dóra DNA úr LHÍ og hann lofar miklum hasar.**



**HASAR** Dóri miðar byssu á skelfingu lostinn Snorra Engilbertsson í sýningunni Tortímandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Tíðarandinn er að breytast og sýningin er uppgjör okkar við karlmennskuna og feðraveldið sem ól okkur upp," segir Halldór Halldórsson, Dóri DNA, útskriftarnemi úr fræðum og framkvæmd í Listaháskóla Íslands.

Lokaverkefni Dóra, Tortímandi, verður frumsýnt í Kúlu Þjóðleikhússins á sunnudaginn. Snorri Engilbertsson og Hjörtur Jóhann Jónsson fara með aðalhlutverk í sýningunni, en þeir eru með Dóra í sviðslistahópnum Cobra Kai, sem dregur nafn sitt af slæmu strákunum í kvikmyndinni Karate Kid. Þá fer grínistinn Steindi Jr. með lítið hlutverk. „Ég mátti ekki blaðra þessu, en hann er að stíga hænuskref á leiksviðið í sýningunni," segir Dóri, sem lofar miklum hasar. „Við erum með rosalegasta bardagaatriði í sögu sviðslistar á Íslandi."

Cobra Kai-hópurinn vinnur með form sem hann kallar hasarleikhús. „Við drögum spennumyndir inn í leikhúsformið," útskýrir Dóri. „Núna völdum við okkur Terminator 2 til að sviðsetja. Svo fáum við margt að láni annars staðar frá, þó að þetta sé algjörlega frumsamið efni."

Tortímandi fjallar um sjálfsmynd karla, sem má rekja til spennumynda sem Dóri og félagar í Cobra Kai ólust upp við. „Við erum strákar sem ólust upp við Rambo, Terminator og massaðar hasarfígúrur," segir Dóri. „Við ákváðum að nota það sem efnivið í sýninguna. Karlmennska í dag er tómt hugtak sem stendur ekki fyrir neitt lengur. Það er bara hallærislegt í dag ef einhver er talinn karlmannlegur."

Dóri segist líta á hasarhetjur níunda áratugarins sem síðustu móhíkanana. „Karlmennska í dag er farin að snúast um mann sem skilar skattskýrslunni á réttum tíma og sækir börnin sín í skólann tíu mínútum fyrr," segir hann ákveðinn. „Eins og segir í sýningunni, þá er fólki drullusama um hvað þú ert laghentur því það getur fengið ódýrari Pólverja."

Ekkert kostar inn á sýninguna og miðasala fer fram í síma 552 5020 og í gegnum netfangið leiklist@lhi.is.

atlifannar@frettabladid.is






# Brjóstin eru raunveruleg

Söngkonan Cheryl Cole hefur neitað að hafa látið stækka á sér brjóstin, eftir að orðrómur þess efnis fór af stað.

Barmur Cole þótti breyttur þar sem hún sást skokka í Los Angeles á dögunum og í kjölfarið birtu nokkrir fjölmiðlar vangaveltur um meinta brjóstastækkun hennar.

Talsmaður Cole sendi út yfirlýsingu fyrir hennar hönd í gær þar sem fram kom að hún hefði aldrei farið í brjóstastækkun og að slík aðgerð væri ekki á stefnuskránni.



**NÁTTÚRULEG** Fegurð Cheryl Cole er náttúruleg, ef marka á yfirlýsingu hennar.

# Hnakkurinn haggaðist ekki

Benedikt Brynleifsson úr Vinum Sjonna sat í hnakki þegar hann flutti lagið Coming Home í úrslitum Eurovision í Þýskalandi. „Þetta átti að vera tengingin við hestamennskuna sem var áhugamál Sjonna og tenging í myndbandið sem var gert í hlöðu," segir Benedikt.

Þórunn Erna Clausen, ekkja Sjonna, fékk hnakkinn lánaðan heima á Íslandi og hópurinn flaug svo með hann út. „Það kom á óvart hvað þetta var þægilegt," segir Benedikt spurður hvernig það hafi verið að sitja í hnakkinum. „Ég hélt að þetta yrði óþægilegt og að hann væri valtur en hann haggaðist ekki."

Benedikt var líkt við Ryan Giggs úr Manchester United meðan á keppninni stóð og var það ekki í fyrsta sinn sem honum er líkt við fótboltakappann. Sjálfur fylgist hann ekkert með fótbolta. „Tengdafjölskyldan mín er United-fólk þannig að ég skal bara halda með þeim," segir Benedikt og hlær.

Þetta var í annað sinn sem hann tekur þátt í úrslitum Eurovision því hann fór til Serbíu með Eurobandinu árið 2008. Þá fór hann ekki upp á svið líkt og á laugardaginn. „Núna var ég í fyrsta skipti að syngja á sviði. Auðvitað var það mikil áskorun fyrir mig, með þessa frábæru söngvara í kringum mig að standa sig."



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SAT Í HNAKKI Í EUROVISION** Benedikt Brynleifsson sat í hnakki þegar hann trommaði með Vinum Sjonna í Þýskalandi.




Glænýjar vörur beint frá London!
FATA MARKAÐUR
LAUGARDALS HÖLL
Ný sending af vörum var að detta í hús!
Herra hlýrabolir 799 kr.
Stráka gallabuxur frá 1.499 kr.
Strákabolir frá 499 kr
Dömu hlýrabolir 1.499 kr.
Dömu gallabuxur frá 1.999 k
Herra gallabuxur frá 2.999 kr.
Barna sokkabuxur 799 kr.
Sixpensarar 1.999 kr.
Hettupeysur 2.999 kr.
Nýtt kortatímabil.
Loksins, loksins!
Opið alla daga frá kl. 12:00 - 19:00
RADAR



**SIGURVEGARAR** Sindri Már Finnbogason og Björn Hr. Björnsson starfa hjá Billetlugen í Danmörku.

# Reka bestu vefverslun Danmerkur

Vefsíðan Billetlugen.dk, þar sem fimm Íslendingar starfa, var valin besta vefverslun Danmerkur þegar vefverðlaunin E-Handelprisen voru afhent fyrir skömmu.

„Þetta kom aðeins á óvart. Ég var ekki mjög áhyggjufullur fyrir þetta en þegar við mættum á svæðið byrjaði ég að vera mjög stressaður,“ segir Sindri Már Finnbogason hjá Billetlugen. „Það voru í kringum þrjú hundruð manns þarna og þetta er frekar stór viðburður sem er haldinn þarna árlega. Það er rosaleg viðurkenning að fá þetta.“

Verðlaunin eru að vonum góð kynning fyrir Billetlugen.dk, sem er byggð á síðunni Midi.is. „Það var ekkert rosalega gott orðspor sem fór af Billetlugen þegar við komum út. Þessi verðlaun undirstrika þá vinnu sem við erum búnir að leggja í hlutina til að gera fyrirtækið betra,“ segir Sindri.

Billetlugen selur um þrjár milljónir miða á hverju ári, þar á meðal fyrir Hróarskelduhátíðina, Tívolíið, skemmtistaðinn Vega, Parken og Danmarks Radio. Sindri Már og félagar hafa einnig opnað nýja miðasölusíðu í Svíþjóð undir nafninu Biljettforum.se og eru að undirbúa aðra til viðbótar í Noregi sem stendur til að opna í júní.

- fb

# TRIER HRISTIR UPP Í CANNES

**Danski leikstjórinn Lars Von Trier er kominn til Cannes og nærvera hans fer ekki framhjá neinum. Dönsku blöðin keppast um að birta fréttir af leikstjóranum og yfirlýsingum hans.**

Lars Von Trier hefur yfirleitt haft það til siðs að frumsýna kvikmyndir sínar í Cannes. Þrátt fyrir að leikstjórinn sé haldinn sjúklegri flughræðslu og ferðafóbíu þá lætur hann sig hafa það. Og eins og alltaf hristir danski furðufuglinn svolítið upp í kvikmyndapressunni með skrítnum og stundum ófyrirleitnum yfirlýsingum. Nýjasta myndin hans Melancholia hefur fengið frábæra dóma í Danmörku en gagnrýnendur í Cannes eru á báðum áttum, segja hana eilítið yfirborðskennda og vonda fyrir hlé. Hún nái sér hins vegar á strik í seinni hálfleik en aðalhlutverkin eru í höndunum á Kirsten Dunst úr Spider Man-myndunum og Charlotte Gainsbourg.

En það er náttúruega ekki bara myndin sem vekur athygli á Trier því leikstjórinn er yfirleitt fremur stóryrtur á blaðamannafundum og lætur gamminn geisa þó mörgum þyki grínið yfirleitt grátt gaman. Þannig lýsti Trier því yfir að hann hefði einu sinni haldið að hann væri gyðingur. „En svo kom Susanne Bier og þá þakkaði ég fyrir að ég væri ekki gyðingur. Æi, gleymið þessu, þetta var bara brandari,“ er haft eftir Trier. Bier er á góðri leið með að verða einn virtasti leikstjóri Dana, hreppti meðal annars Óskarinn fyrir bestu erlendu myndina í ár en það virðist anda köldu á milli þeirra ef marka má orð Triers. En Trier var ekki búinn því hann hélt næst lofræðu um nasistann og arkitektinn Albert Speer, sagði hann hafa verið mikinn hæfileikamann. „Við nasistarnir höfum alltaf hugsað hlutina í hinu stóra samhengi, við vitum til að mynda alveg hver er lokalausnin fyrir ykkur blaðamenn.“ Og það var ekki að sökum að spyrja; samtök eftirlifenda Helfarinnar gagnrýndu Trier harðlega og sögðu orð hans dæma sig sjálf.

Trier var ekki af baki dottinn og eftir að hafa lýst yfir dálæti sínu á Speer talaði hann um þann draum sinn að gera lesbíska erótíska kvikmynd með Kirsten Dunst og Gainsbourg í aðalhlutverki. „Þetta verður fjögurra til fimm tíma mynd með miklu kynlífi.“

freyrgigja@frettabladid.is



**TRIER HNEYKSLAR** Lars Von Trier hefur haft það fyrir sið að koma á kvikmyndahátíðina í Cannes og hneyksla fólk með annaðhvort myndum sínum eða yfirlýsingum. Hann lét orðin nægja að þessu sinni. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES


Komið og prófið nýja matseðilinn okkar

Þú átt skilið framandi & spennandi
INDVERSKA VEISLU
frá Austurlanda-hraðlestinni

TILBOÐ 1
1695 kr. á mann
(fyrir 2 eða fleiri)
Tandoori kjúklingavængir
Murgh Afghani-kjúklingur
Basmati-hrísgrjón
Naan-brauð

TILBOÐ 2
1895 kr. á mann
(fyrir 2 eða fleiri)
Lauk Pakodas – Léttkryddaðir laukstrimlar
Kjúklingur Tikka Masala
Aloo Zeera –guðdómlegur kartöfluréttur
Basmati-hrísgrjón
Naan-brauð

TILBOÐ 3
2095 kr. á mann
(fyrir 2 eða fleiri)
Kholi Wade kjúklingabuff
Lamb Tikka Masala
Murgh Mangalori - himneskar kjúklingabringur
Aloo Zeera- kartöflur
Basmati-hrísgrjón
Naan-brauð



Pöntunarsími:
578 3838
www.hradlestin.is

Austurlanda Hraðlestin

HVERFISGATA 64A, OPIÐ 17 - 22. SPÖNGIN OPIÐ 17 - 21. HLÍÐARSMÁRA 8, OPIÐ 11:30 - 22 MÁN-FÖS OG 17 - 22 LAU OG SUN.




**NÝ PLATA** Paul McCartney ætlar að gefa út plötu með uppáhaldslögum sínum úr æsku.

# Syngur lög í uppáhaldi

**Bítillinn fyrrverandi Paul McCartney ætlar að gefa út plötu með öllum sínum uppáhaldslögum úr æsku. Hann hefur þegar tekið upp um tólf lög ásamt söngkonunni Diönu Krall. McCartney vill samt ekki að sér verði líkt við popparann Rod Stewart. „Mig hefur langað að gera þetta síðan ég var í Bítlunum. Síðan fór Rod að gera þetta á fullu og ég hugsaði með mér: Ég verð að bíða með þetta svo það líti ekki út fyrir að ég sé að herma eftir Rod,“ sagði hann. McCartney er einnig að undirbúa nýja rokkplötu, hugsanlega í samstarfi við Dave Grohl úr Foo Fighter.**


Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

# Vinsælar vörutegundir með 30% og 35% afslætti

dagana 19. - 23. maí




## Gjafakassar með "Lemon"- dekurvörum

Minni kassinn
**Verð nú: 2590 kr.**
Verð áður: 3990 kr.

Stærri kassinn
**Verð nú: 3240 kr.**
Verð áður: 4990 kr.




## Hlýlega ilmandi "Vanilla"-vörutegundir

Þrjár vörutegundir saman: "Vanilla"-sturtusápa (200ml), sams konar húðnæring (200ml) og hörundsúði (100ml)

**Verð nú: 2910 kr.**
Verð áður: 4170 kr.




## Dekurvörur með mangóolíu

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með mangóolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

**Verð nú: 2580 kr.**
Verð áður: 3970 kr.




## Dekurvörur með kókosolíu

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með kókosolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

**Verð nú: 2580 kr.**
Verð áður: 3970 kr.




## Andlitsfarði og bursti

Tvær vörutegundir saman: "All-in-one"-andlitsfarði (9g), litbrigði að eigin vali og andlits- og líkamsbursti

**Verð nú: 3230 kr.**
Verð áður: 4980 kr.




## Rómantískt ilmandi "Japanese cherry blossom"-vörutegundir

Þrjár vörutegundir saman: "Japanese cherry blossom"-sturtusápa (250ml), sams konar "body butter"-húðnæring (200ml) og skrúbbhanskar í lit að eigin vali

**Verð nú: 2970 kr.**
Verð áður: 4570 kr.




## Sívinsælar "White musk"-vörutegundir

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "White musk"-húðnæring (250ml), sams konar sturtusápa (250ml) og hörundsúði (100ml)

**Verð nú: 3395 kr.**
Verð áður: 4850 kr.




## Sturtugel í ofurstærð

með annaðhvort jarðarberja- eða kókosolíu (750ml)

**Verð nú: 1880 kr.**
Verð áður: 2690 kr.

# Vörutegundir fyrir herrann




## Of a man

Þrjár vörutegundir saman: "Of a man"-hár og -sturtusápa (200ml) auk sams konar svitalyktareyðis (75ml) og ilmvatns (100ml)

**Verð nú: 3790 kr.**
Verð áður: 5860 kr.




## White musk sport

Þrjár vörutegundir saman: "White musk sport"-hár og -sturtusápa (200ml), sams konar svitalyktareyðir (75ml) og ilmvatn (100ml)

**Verð nú: 4290 kr.**
Verð áður: 6670 kr.




## Activist

Þrjár vörutegundir saman: "Activist"-hár og -sturtusápa (200ml), sams konar svitalyktareyðir (75ml) og ilmvatn (100ml)

**Verð nú: 3790 kr.**
Verð áður: 5860 kr.

# THE BODY SHOP™

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • GLERÁRTORGI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

# Stórborgin stundum ógnandi

**Íslenskar fyrirsætur eru á faraldsfæti um þessar mundir og hefur einni þeirra, Kolfinnu Kristófersdóttur, tekist að fá verkefni strax viku eftir að hún flutti til London.**



**GERIR ÞAÐ GOTT** Fyrirsætan Kolfinna Kristófersdóttir er strax búin að landa sinni fyrstu myndatöku í Bretlandi, en hún stefnir á að vinna sem fyrirsæta þar í sumar og jafnvel lengur. Með henni á myndinni er Elmar Johnson sem einnig er á leiðinni út fyrir landsteinana að sinna fyrirsætustörfum í sumar en hann verður í New York.

„Ég kom hingað á mánudaginn og líst vel á London enn sem komið er,“ segir Kolfinna Kristófersdóttir fyrirsæta. Þegar Fréttablaðið náði af henni tali sat hún í fyrstu myndatöku sinni í London, myndaþætti fyrir breska tískutímaritið As you are, sem þykir góður árangur enda voru þá ekki nema fimm dagar liðnir frá því að Kolfinna kvaddi fjölskyldu sína á Íslandi og elti fyrirsætudrauminn til Bretlands.

Kolfinna skrifaði nýverið undir samning hjá einni stærstu umboðsskrifstofu Bretlands, Next. „Ég bý í mjög fínni íbúð á vegum skrifstofunnar með tveimur öðrum stelpu og Brynju Jónbjarnardóttur, annarri íslenskri fyrirsætu. Það er frábært að hafa annan Íslending með sér hérna,“ segir Kolfinna, sem er 18 ára gömul og viðurkennir að stórborgin geti stundum virkað ógnandi á sig.

„Hér eru allir alltaf að flýta sér og ég þarf að hafa mig alla við að vera ekki fyrir fólki úti á götu en Bretar eru líka mjög kurteisir,“ segir Kolfinna. Foreldrar hennar eru í daglegu sambandi við hana og sakna hennar mjög mikið. „Þau eru mjög stolt af mér en auðvitað líka pínu stressuð. Þau vita samt að ég stend föst á mínu og er tilbúin til að standa á eigin fótum,“ segir Kolfinna.

Kolfinna er á vegum Eskimo-skrifstofunnar hérna heima og segir eigandinn Andrea Brabin að minnst fimm einstaklingar á vegum skrifstofunnar fari utan í fyrirsætustörf í sumar. „Við erum mjög ánægð að sóst sé eftir fimm einstaklingum frá Íslandi út og það liggur mikil vinna að baki hverri för,“ segir Andrea, en auk Kolfinnu og Brynju fer Helgi Ómarsson einnig til London auk þess sem Elmar Johnson og Fordstelpan Kolbrún Ýr Sturludóttir halda til New York. **- áp**





FÖSTUDAGUR
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN



midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| PAUL | 5.50, 8 og 10.10 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 2D - ISL TAL | 5 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 3D - ISL TAL | 5 |
| FAST & FURIOUS 5 | 7 og 10 |
| THOR 3D | 7.30 og 10 |



SAMBÍÓIN







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| PIRATES 4 3D | kl. 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| DÝRAFJÖR (ANIMALS UTD) M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| FAST FIVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| ARTHUR | kl. 3:40 - 8 | 7 |
| UNKNOWN | kl. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| PIRATES 4 3D | kl. 5 - 8 - 10:50 | 10 |
| ANIMALS UNITED ísl tal | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| PAUL | kl. 8 - 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| DRIVE ANGRY 3D TEXTALAUS | kl. 10.30 | 16 |
| THOR 3D | kl. 8 - 10 30 | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5.30 - 8 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 4 - 6 - 7 - 9 - 10 | 10 |
| FAST FIVE | kl. 5:30 - 10:20 | 12 |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 | 12 |
| DÝRAFJÖR (ANIMALS UTD) M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| YOGI BEAR M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | NÁNAR Á MIÐI.IS |
|---|---|---|
| PIRATES 3D | KL. 4 - 5 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| PIRATES 3D Í LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 10 |
| PRIEST 3D | KL. 6 - 8 - 10.30 | 16 |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 4 - 6 | L |
| FAST FIVE | KL. 8- 10.40 | 12 |
| THOR 3D | KL. 8 | 12 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 6 | L |
| FAST FIVE | KL. 6 - 9 | 12 |
| HÆVNEN | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| PAUL | KL. 8 - 10.00 | 12 |
| FAST FIVE | KL. 5.40 - 10.00 | 12 |
| PRIEST 3D | KL. 8 | 16 |
| GNÓMEÓ & JÚLÍA 3D | KL. 5.40 | L |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio



BÍÓ ★ PARADÍS
BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| UPPSKERUHÁTÍÐ KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS | 13:00 - 22:00 |
| EVRÓPA UNGA FÓLKSINS: VEGURINN HEIM | 20:00 |
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00, 22:00 |
| MINI-CINÉ: HIDEOUS KINKY | 20:00 |
| ROUTE IRISH | 17:50 |
| NÓI ALBÍNÓI | 18:00 |
| THE GOOD HEART | 20:00 |
| MÝRIN | 22:00 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



SKÓSPRENGJA
Í fullum gangi
AÐ LÁGMARKI
50%
AFSLÁTTUR
Sumarskór í úrvali
Opið
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17
VÖRUR FRÁ:
STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND
ecco
Kringlan - Smáralind
Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind
skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
Þú finnur okkur á:
facebook
Toppskórinn
Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# sport

sport@frettabladid.is



**1. DEILD KARLA Í FÓTBOLTA** heldur áfram í kvöld þegar þrír fyrstu leikir 2. umferðarinnar fara fram. Skagamenn unnu góðan útisigur á HK í fyrstu umferð og taka á móti Þrótti á Akranesi í kvöld. Leiknir fær HK í heimsókn í efra Breiðholtið þar sem bæði lið reyna að skora sitt fyrsta mark í sumar og Grótta tekur á móti Selfyssingum sem töpuðu á heimavelli í fyrstu umferðinni. Allir leikirnir hefjast klukkan 20.00.



**FULLT AF MÖRKUM** Stelpurnar hafa skorað mikið síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skyldusigrar stelpnanna:

## Lærðu af slysinu í Slóveníu 2007

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta lærði greinilega mikið af slysinu í Slóveníu haustið 2007, en óvænt 1-2 tap í þeim leik átti mikinn þátt í að liðinu tókst ekki að vinna sinn riðil í undankeppni EM 2009.

Síðan þá hefur íslenska liðið hins vegar spilað ellefu leiki í undankeppni á móti „lakari" liðum og þeir hafa allir unnist án þess að liðið hafi fengið á sig mark. Markatala íslenska liðsins í þessum 11 leikjum er 49-0. - óój

**Skyldusigrar stelpnanna frá Slóveníuleiknum:**

**Hér fyrir neðan** er yfirlit yfir leiki íslenska kvennalandsliðsins á móti „lakari" liðum í undankeppni EM og HM frá og með árinu 2008.

| | |
|---|---|
| **EM 2009** | |
| Serbía-Ísland | 0-4 sigur |
| Ísland-Slóvenía | 5-0 sigur |
| Ísland-Grikkland | 7-0 sigur |
| **HM 2011** | |
| Ísland-Serbía | 5-0 sigur |
| Ísland-Eistland | 12-0 sigur |
| Norður-Írland-Ísland | 0-1 sigur |
| Serbía-Ísland | 0-2 sigur |
| Króatía-Ísland | 0-3 sigur |
| Ísland-Norður-Írland | 2-0 sigur |
| Ísland-Króatía | 3-0sigur |
| Eistland-Ísland | 0-5 sigur |
| **Samantekt** | **11 sigrar í 11 leikjum** |

Liðið á móti Búlgaríu í kvöld:

## Fanndís byrjar

**FÓTBOLTI** Blikinn Fanndís Friðriksdóttir færi sitt fyrsta tækifæri í byrjunarliði í alvöru landsleik í kvöld þegar kvennalandsliðið mætir Búlgaríu.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, kvennalandsliðsþjálfari gerir þrjár breytingar á byrjunarliði sínu frá því í úrslitaleik Algarvebikarsins í mars. Þóra, Fanndís og Hólmfríður koma inn. - óój

**Byrjunarlið Íslands í kvöld:** Þóra Björg Helgadóttir - Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir, Sif Atladóttir, Katrín Jónsdóttir, Hallbera Guðný Gísladóttir - Edda Garðarsdóttir, Sara Björk Gunnarsdóttir, Katrín Ómarsdóttir - Fanndís Friðriksdóttir, Hólmfríður Magnúsdóttir, : Margrét Lára Viðarsdóttir.

# Við ætlum að vinna riðilinn okkar

**Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari kvennalandsliðsins, segir að liðið setji markið hátt í undankeppni EM. Markmið hópsins er að slá Noregi við og vinna riðilinn. Fyrsti leikur stelpnanna er í kvöld gegn Búlgaríu.**

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar hefja leik í undankeppni Evrópumóts kvenna í dag þegar þær taka á móti liði Búlgaríu á Laugardalsvelli. Leikurinn hefst klukkan 19.30.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari segir að sitt lið sé stórhuga líkt og áður og ætli sér sigur í riðlinum þó svo að einn af mótherjum liðsins sé Noregur sem hefur lengi teflt fram einu besta liði heims.

„Við höfum ekki efni á að misstíga okkur neitt því við ætlum að vinna riðilinn. Þótt Noregur sé með hærra skrifað lið en við þá teljum við okkur ekki vera lakari," segir Sigurður Ragnar en hópurinn er í góðu standi. Margrét Lára Viðarsdóttir er þó að glíma við gömul meiðsli. „Margrét Lára er í betra standi en í fyrra en hún finnur fyrir meiðslunum. Við sjáum því til hvað hún getur spilað en hún mun klárlega spila og er vonandi 90 mínútna manneskja."



**KLÁRAR Í SLAGINN** Edda Garðarsdóttir og Margrét Lára verða í eldlínunni í dag. Margrét Lára er lítillega meidd en mun samt spila. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Við höfum ekki efni á að misstíga okkur neitt því við ætlum að vinna riðilinn.
>
> SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON
> LANDSLIÐSÞJÁLFARI

Sigurður Ragnar segir að það beri að taka verkefnið alvarlega þótt Ísland sé sterkara liðið á pappírnum fræga.

„Við vitum það um þetta lið að önnur lið sem eru svipuð af styrk og við hafa verið að vinna það. Stundum stórt. Engu að síður ber að hafa varann á því þær geta bitið frá sér líkt og þær sýndu gegn Dönum þegar þær náðu markalausu jafntefli. Danir eru með frábært sóknarlið og það segir okkur að við verðum að sýna þolinmæði. Það gæti tekið tíma að brjóta þær niður enda munu þær örugglega fyrst og fremst verjast gegn okkur. Ég held samt að ef við fáum fyrsta markið þá verða okkur allir vegir færir að skora enn fleiri mörk," segir Sigurður Ragnar en hans lið er orðið reynslumikið og á vel að kunna þá list að sækja sem og verjast.

„Okkur hefur gengið vel gegn veikari liðunum. Liðið okkar er vissulega orðið reynslumikið og betra en það var fyrir tveimur til þremur árum. Leikmenn eru sterkari og fleiri atvinnumenn í liðinu sem eru vanari að spila hraða leiki. Okkar lið er því sífellt að styrkjast," segir Sigurður en má búast við stórsigri íslenska liðsins?

„Það er alltaf erfitt að spá í það hvernig leikir fara. Á pappírnum erum við vissulega sterkari en öll lið geta misstigið sig. Við þurfum því að bera virðingu fyrir andstæðingnum og taka verkefnið alvarlega. Að sjálfsögðu reynum við að vinna eins stórt og við getum en eitt mark dugar. Við vitum það líka," sagði Sigurður en hvernig ætlar hann að brjóta niður búlgarska múrinn?

„Stelpurnar þurfa að vera mjög hreyfanlegar og spila með fáum snertingum. Það verður að vera hraði í spilinu. Það eru ýmsir veikleikar hjá þeim sem við getum herjað á en við munum samt halda okkur við okkar taktík enda hefur hún gengið vel og allir leikmenn þekkja vel sín hlutverk þar. Við spilum því út frá okkar styrkleikum."

henry@frettabladid.is



**PISTILLINN** **Hlynur Bæringsson** körfuknattleiksmaður

# Ekkert stress, þetta er bara boltaleikur

Ég hef mikið keppnisskap og sigurvilja. Stundum svo mikið að það mætti halda að það eina sem skipti máli í heiminum væri hvort ég og mitt lið ynnum næsta leik eða titil. Ég finn fyrir pressu að standa mig og vinna. Ef það tekst ekki er allt ómögulegt. Baráttan er svo mikilvæg að hún verður að vinnast. En stundum kynnist maður fólki sem setur hlutina í samhengi og kennir manni hvað alvöru barátta er.

Við í Sundsvall Dragons fengum heimsókn nýverið frá ungri hetju sem heldur mikið upp á okkur. Við vorum að berjast við Norrköping í úrslitum, það var erfiður andstæðingur en hans barátta er við hvítblæði.

Hann hefur verið mest á sjúkrahúsum undanfarin ár, verið alveg frá skóla og lítið kynnst jafnöldrum sínum í venjulegu, áhyggjulausu og saklausu umhverfi barna sem okkur þykir sjálfsagður hluti af lífinu.

Á sama tíma hef ég mestar áhyggjur af því að standa mig í körfubolta, sem er bara leikur þegar öllu er á botninn hvolft. Við erum hetjurnar hans, það er ekki rökrétt. Okkar barátta er ekki upp á líf og dauða, það er enginn sérstaklega snortinn af okkar sögu, hvort okkur takist að vinna eða ekki. Lífið mun halda áfram, hvernig sem fer.

Bara leikur. Hann er sannkölluð hetja.

Hann og faðir hans skrifuðu okkur bréf eftir að þeir heimsóttu okkur eftir einn leikinn. Ég ætla að deila hluta af því.

*„Nýverið buðuð þið son minn velkominn í búningsklefann eftir sigur ykkar gegn Norrköping, þið leyfðuð honum að taka þátt í ykkar gleði, það gaf honum orku. Orku sem hann mun nota til að berjast við veikindin sem hrjá hann, orku sem mun hjálpa honum að hafa betur í þeirri baráttu.*



**MEISTARAR** Hlynur er nýkrýndur Svíþjóðarmeistari í körfubolta með Sundsvall. Hann hampar hér bikarnum með Jakobi Erni Sigurðarsyni.

*Flestir hafa val í lífinu, val um að taka áskorunum eða forðast þær, vera öruggir. Sonur minn hafði ekki þetta val, hann varð að taka slaginn. Það var spurning um líf eða dauða.*

*Fyrir ykkur er þetta ekki spurning um líf eða dauða heldur um stolt, sigurvilja og viðurkenningu. Um að standa ykkur vel í frábæru starfi sem margir vildu hafa. Þetta er tækifæri til að sigrast á áskorun."*

Frábær skilaboð frá þessum unga dreng, og ég lít á þetta sem hvatningu til að njóta augnabliksins. Ég mun reyna allt sem ég get til að vinna, ekki vegna þess að ég verð að vinna, heldur vegna þess að mig langar að sigra, það er tilfinning sem ég sækist eftir.

Ekkert stress, þetta er bara boltaleikur.




Pantaðu fría landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma

4 400 400

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | sími 4 400 400, www.steypustodin.is


TILBOÐ
MÁNAÐARINS
Á TACO BELL
Crunchwrap
SUPREME
Bragðlaukatryllir
á frábæru verði
FIRE
HOT
MILD
Mundu eftir sósunum
Crunchwrap,
meðlæti & gos
899 kr.
með nautahakki. Með kjúkling/steik 999 kr.
pepsi
HUGSAÐU™
ÚT FYRIR
BRAUÐIÐ
TACO BELL
Grafarholti | Sími 588 6959
Hafnarfirði | Sími: 555 0828 | www.tacobell.is

**Lið 4. umferðarinnar:**

**Hér má sjá** þá ellefu leikmenn sem komust í úrvalslið fréttablaðsins í 4. umferð Pepsi-deildar karla.

**Lið umferðarinnar (Leikkerfi 3-4-3)**
Ómar Jóhannsson Keflavík
Egill Atlason Víkingi
Mark Rutgers Víkingi
Þórir Hannesson Fylki
Guðmundur Kristjánsson Breiðabliki
Halldór Smári Sigurðsson Víkingi
Halldór Orri Björnsson Stjörnunni
Viktor Bjarki Arnarsson KR
Garðar Jóhannsson Stjörnunni
Arnar Gunnlaugsson Fram
Guðmundur Steinarsson Keflavík



**GUÐMUNDUR STEINARSSON** Öflugur í upphafi móts. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Guðmundur Steinarsson:

## Ekki byrjað betur í sex ár

**FÓTBOLTI** Keflvíkingurinn Guðmundur Steinarsson hefur verið allt í öllu í sóknarleik liðsins í fyrstu fjórum umferðum Pepsi-deildar karla en hann hefur komið með beinum hætti að fimm af átta mörkum Keflvíkinga til þessa í sumar.

Guðmundur hefur hvað þetta varðað ekki byrjað Íslandsmót betur síðan að hann kom að sex af sjö mörkum Keflavíkur í fyrstu fjórum leikjunum 2005 auk þess sem þetta er í fyrsta sinn sem hann gefur þrjár stoðsendingar í fyrstu fjórum leikjunum.

Guðmundur er þannig að byrja betur tölfræðilega en sumarið 2008 þegar hann var markakóngur og kosinn besti leikmaður deildarinnar og hann byrjar jafn vel og sumarið 2000 þegar hann varð markahæstur í deildinni.

- óój

**Bestu byrjanir Guðmundar:**

**Hér fyrir neðan** er listi besta árangur Guðmundar Steinarsonar í fyrstu 4 umferðum úrvalsdeildar karla þegar litið er á mörk og stoðsendingar.

**Guðmundur Steinarsson í 1. til 4. umf.:**

| | |
|---|---|
| **2005 6 mörk** | 4 mörk + 2 stoðsendingar |
| **2011 5 mörk** | 2 mörk + 3 stoðsendingar |
| **2000 5 mörk** | 5 mörk + 0 stoðsendingar |
| **2008 4 mörk** | 4 mörk + 0 stoðsendingar |
| **2002 4 mörk** | 2 mörk + 2 stoðsendingar |

# Var svekktur út í sjálfan sig í fyrra

**KR-ingurinn Viktor Bjarki Arnarsson var óánægður með frammistöðu sína síðasta sumar og lagði mikið á sig í vetur til þess að gera mun betur í ár. Hann hefur líka verið allt í öllu á miðju toppliðsins í upphafi móts og er besti leikmaður 4. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins.**

**FÓTBOLTI** Viktor Bjarki Arnarsson átti mjög góðan leik í 3-1 sigri KR-inga á nýliðum Þórsara á KR-vellinum á mánudagskvöldið. Hann átti þátt í öllum þremur mörkum KR-liðsins og innsiglaði síðan sigurinn með því að skora þriðja markið í lokin. KR-ingar eru nú með tveggja stiga forystu á toppi deildarinnar.

„Ég er virkilega sáttur. Þetta er góð byrjun hjá okkur en við verðum bara að halda áfram því að það er yfirleitt erfiðara að vera á toppnum en elta toppinn. Það skiptir miklu máli fyrir okkur að byrja vel því við höfum byrjað illa síðustu ár," segir Viktor en hann segir þó að liðið sé ekkert að toppa þessa dagana. „Mér finnst við eiga fullt inni ennþá," segir Viktor.

Viktor er með 2 mörk og 2 stoðsendingar í fjórum fyrstu leikjunum og hefur komið að minnsta kosti einu marki í öllum leikjunum. „Ég er virkilega ánægður með sjálfan mig og ég er búinn að stefna að þessu í vetur því ég átti leiðinlegt tímabil í fyrra. Það var ekkert gaman. Maður vill vera í þessu til þess að hafa gaman af þessu og ég ákvað að æfa vel og taka virkilega vel á því í vetur. Ég held að það sé bara að skila sér," segir Viktor.

„Ég hef verið duglegur að koma mér í boxið, hef fengið þessi tvö skallamörk og hefði getað skorað annað í síðasta leik. Ég er kannski duglegri að koma mér í boxið heldur en ég hefði getað verið í fyrra. Við erum með marga góða leikmenn og það er líka fullt af mönnum á bekknum sem halda manni á tánum. Maður vill spila og er í þessu til að spila," segir Viktor og hann er ánægður með Rúnar Kristinsson, þjálfara KR.

„Rúnar er búinn að kenna manni helling. hann er alltaf að segja manni til og benda á það hvernig maður getur hreyft sig á vellinum. Hann var frábær leikmaður og kann þetta alveg. Hann er að sýna það að hann er verðugur þjálfari í deildinni," segir Viktor.

Viktor hefur þegar komið að einu marki fleira í fyrstu fjórum umferðunum í ár og hann gerði í 19 deildarleikjum síðasta sumar. Viktor skoraði eitt mark og gaf tvær stoðsendingar í Pepsi-deildinni í fyrra og markmiðið var að gera mun betur í ár.

„Ég var svo svekktur út í sjálfan mig eftir tímabilið í fyrra að ég ætlaði að æfa vel og reyna að standa mig betur. Það gefur mikið sjálfstraust að ná að skora í tveimur leikjum í röð, vonandi heldur það bara áfram og það mun þá bara auka sjálfstraustið hjá mér," segir Viktor en hann segir KR-liðið ætla ekki að fara fram úr sjálfu sér þrátt fyrir góða byrjun.

„Það er hellingur eftir af mótinu og það er fullt af góðum liðum í deildinni. Mér finnst þetta vera miklu jafnara en þetta hefur verið undanfarin ár," segir Viktor en hann segir það mikinn styrk hjá KR að margir séu að skora mörkin fyrir liðið.

„Það eru margir búnir að skora í þessum fjórum umferðum og það er frábært að það séu fleiri að skora mörkin en í fyrra. Það er gaman hvað liðið í heild sinni er að ná vel saman. Við erum gríðarlega sterkt lið og erum góðir vinir bæði innan vallar sem utan. Það er góður mórall í kringum okkur og í félaginu. Það skilar sér í því sem við erum að gera," segir Viktor. ooj@frettabladid.is



**TVÖ MÖRK OG TVÆR STOÐSENDINGAR** Viktor Bjarki Arnarsson er þegar búinn að koma að einu marki fleira en allt síðasta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Gerðist síðast hjá Gumma Ben 1996**

Viktor Bjarki Arnarsson er fyrsti KR-ingurinn frá árinu 1996 sem nær að koma að marki með beinum hætti í fjórum fyrstu leikjum liðsins á Íslandsmóti. Viktor Bjarki hefur skorað mark eða gefið stoðsendingu í fyrstu fjórum umferðum Pepsi-deildarinnar en síðastur til að afreka slíkt í KR-búningnum var Guðmundur Benediktsson sem var sjóðheitur í upphafi sumars fyrir fimmtán árum.

Guðmundur Benediktsson átti þátt í níu af tólf mörkum KR-inga í fyrstu fjórum leikjunum 1996. Hann skoraði sjö mörk og gaf tvær stoðsendingar í þessum fyrstu fjórum leikjum en þá eins og nú voru KR-ingar á toppnum með tíu stig eftir fjórar umferðir.



**BIKARINN Á LOFT** Kólumbíumaðurinn Falcao var hetja Porto í í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Porto vann Evrópudeildina í Dublin í gærkvöldi:

## Tígri tryggði titilinn

**FÓTBOLTI** Kólumbíumaðurinn Falcao krónaði sögulegt tímabil sitt í Evrópudeildinni með því að tryggja Porto 1-0 sigur á Braga í úrslitaleik Evrópudeildarinnar í Dublin í gærkvöldi.

Falcao er kallaður „El Tigre" eða Tígri skoraði sigurmarkið með skalla mínútu fyrir hálfleik en þetta var 17. mark hans í 14 leikjum í Evrópudeildinni á þessari leiktíð. Falcao hafði slegið markamet Jürgens Klinsmann í undanúrslitunum en þessi 25 ára framherji skoraði 7 af 17 mörkum sínum með skalla þótt hann sé bara 177 cm.

André Villas-Boas, þjálfari Porto, gerði félagið þar með að Evrópumeisturum á sínu fyrsta heila ári með liðið en hann varð um leið yngsti þjálfarinn sem vinnur Evrópukeppni. Villas-Boas er 33 ára og 213 daga gamall og bætti þarna met Gianluca Vialli.

Porto á nú möguleika á því að vinna þrennuna í fyrsta sinn í átta ár en liðið spilar til úrslita í bikarnum um helgina. Jose Mourinho vann þrennuna með Porto 2003 og þar á meðal var Evrópukeppni félagsliða. - óój

**Heilsuskóli Keilis heldur námskynningu í Sporthúsinu, fimmtudaginn 19. maí kl. 20–21. Komdu og kynntu þér krefjandi og skemmtilegt nám.**

**HEILSUSKÓLINN**




**Heilsuskóli Keilis býður upp á framúrskarandi nám í þjálfun.**

**ÍAK EINKAÞJÁLFUN**
Markmið námsins er að skapa framúrskarandi einkaþjálfara sem hafa yfirgripsmikla heilbrigðisþekkingu og hæfni til að búa til einstaklingsmiðaðar þjálfunaráætlanir á sviði styrktar- og þolþjálfunar. Fjarnám með staðlotum.

**ÍAK HÓPÞJÁLFUN**
Stefnt er að því að bjóða upp á nám í hóptímakennslu í haust. Námið er skipulagt í samvinnu við heilsuræktarstöðvar sem gera miklar kröfur um yfirgripsmikla þekkingu og getu hópþjálfara. Fjarnám með staðlotum.

**ÍAK ÍÞRÓTTAÞJÁLFUN**
Námskeiðið er hagnýtt og hnitmiðað og ætlað metnaðarfullum þjálfurum sem vilja sérhæfa sig í að styrktar- og ástandsþjálfa íþróttafólk á afreksstigi. Fjarnám með staðlotum.

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

Nánari upplýsingar er að finna á www.keilir.net

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 6. JÚNÍ**

Eirberg

# Betra loft

## Air-O-Swiss rakatæki

- Bætir rakastig
- Hreinsar ryk og grófar agnir úr loftinu
- Bakteríuvörn í vatnstanki
- Auðvelt í notkun og umhirðu
- Hljóðlátt



## Airfree lofthreinsitæki




- Eyðir frjókornum og öðrum ofnæmisvöldum
- Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
- Eyðir bakteríum og vírusum
- Hljóðlaust og sjálfhreinsandi
- Hæð aðeins 27 cm

BAUERFEIND®

## Viðurkenndar stuðningshlífar



- Veita góðan stuðning
- Vandaður vefnaður
- Góð öndun
- Einstök hönnun
- Viðurkennd gæði
- Fjölbreytt úrval

## Æfingavörur

Bjóðum nú gott úrval af Sissel æfinga- og heilsuvörum.

- Æfinga og yogadýnur
- Boltar
- Jafnvægisbretti
- Nuddrúllur
- Hita- og kælibakstar




## Nálastungudýna



Eykur blóðflæði
Minnkar vöðvabólgur
Dregur úr höfuð-, háls- og bakverkjum
Veitir slökun og bætir svefn
Notkun 10-20 mínútur í senn

# Betri líðan

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 - 18 • Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is

**49 PRÓSENT** mælist veiðiálagið á laxastofn Gljúfurár í Borgarfirði, samkvæmt upplýsingum úr nýjum teljara í ánni.

**550 LAXAR** gengu í ána sumarið 2010 og veiddist 271 þeirra.

FLUGAN



## Góð í sjóbleikjuna

*Alma Rún*
Alma Rún er ein af betri sjóbleikjupúpunum. Flugan var fyrst hönnuð við Hlíðarvatn og hefur gefið góðan afla þar í vor.

Uppskrift.
Öngull - Hefðbundinn votflugu-öngull
Tvinni - Svartur UNI 8/0
Stél - Appelsínugult Glo-Brite
Búkur - Svart Vinyl Rib Medium
Haus - Gullkúla og appelsínugulur tvinni vafinn framan við.
*Uppskrift og mynd af Flugan.is*

## Umfjöllun um veiði á visir.is

**Fréttavefurinn vísir.is hefur opnað síðu fyrir stangveiðimenn þar sem fjallað verður um veiði frá ýmsum sjónarhornum.**

**Þessi þjónusta fellur undir íþróttaefni á visir.is og má þar finna veiðifréttir úr öllum áttum, hvort sem um er að ræða lax- og silungsveiði, veiðar á sjóstöng eða skotveiðar.**

# Hættur hafsins eru margar

**Tugþúsundir laxa stefna að strönd Íslands í leit að uppeldisánni sinni. Veiðimenn bíða í ofvæni vitandi að stutt er í ævintýri við einhverja af þeim rúmlega áttatíu ám hér á landi sem fóstra lax í verulegu magni.**




**DVÖL LAXINS Í ATLANTSHAFINU** Þessi skýringarmynd dregur fram hvar laxinn lifir í hafinu og hvaða hættur steðja að honum áður en hann snýr til baka í árnar. MYND/NASF

Verndarsjóður villtra laxastofna (NASF), sem Orri Vigfússon veitir forstöðu, hefur dregið upp þessa mynd um hvar í hafinu laxinn er í skjóli frá manninum, meðal annars þar sem samningar NASF hafa tryggt að netaveiði hefur verið aflögð. Kortið sýnir einnig þá staði sem villtir laxastofnar eru í mestri hættu, að mati Orra og hans manna.

Stórtækar fiskveiðar eru stundaðar á stórum svæðum þar sem lax heldur til í hafinu. Veiðarnar, í Norðursjó og Norðaustur-Atlantshafi, ná til sandsílis og loðnu fyrir fiskimjölsiðnað. Uppsjávarveiðar eru einnig á makríl og síld á hluta af þessu svæði, þar sem laxinn er í fæðuleit í efri lögum sjávar. Margir óttast að við veiðarnar sé drepinn lax af ýmsum stærðum sem meðafli við veiðar áðurnefndra tegunda.

NASF, og fjölmargir aðrir, fullyrða að fiskeldisiðnaðurinn, og þá sérstaklega í Noregi, valdi sjúkdómum í villtum laxi og að lús berist frá sjókvíum í göngufisk. Eins að erfðablöndur frá eldislaxi sem sleppur úr kvíum ógni genamengi villtra laxa sem hefur þróast í milljónir ára og gerir fisknum kleift að fara um langan veg frá uppeldisstöðvum, og allt þar til hann gengur til baka í árnar.

Hagsmunirnir eru miklir en eldismenn bera fyrir að söguleg lægð margra laxastofna verði ekki rakin til eldis sérstaklega. Er nefnt til sögunnar fjölmargt annað eins og mengun, virðingarleysi við uppeldisárnar sem eyðileggja hrygningarstaði og veiðiálag. **- shá**




Vorleiðsögn í Rangárnar sögð einnar ferðar virði:

## Fastur liður við bakkana

„Veiðimenn voru mjög ánægðir og tókst þetta það vel að við erum strax byrjuð að hugsa um þetta sem fastan lið," segir Stefán Sigurðsson hjá Lax-á, sem um síðustu helgi bauð tilvonandi veiðimönnum í Ytri-Rangá og Eystri-Rangá upp á veiðileiðsögn á bökkum ánna.

Stefán segir alls um tuttugu áhugamenn hafa mætt á sunnudeginum við Eystri-Rangá. „Byrjað var uppi á svæði níu, eða efsta veiðistað, og síðan farið niður ána, svæði fyrir svæði, og endað við ármót Eystri-Rangár og Þverár," segir Stefán, sem kveður yfirferðina hafa tekið um fimm klukkustundir.

Sen fyrr segir býst Stefán við að leikurinn verði endurtekinn. „Enda er það alveg einnar veiðiferðar virði að fá svona rennsli með staðarhaldara sem er við veiðar alla daga sumarsins í viðkomandi á," segir hann. **- gar**



**VIÐ EYSTRI-RANGÁ** Ólafur Björnsson yfirleiðsögumaður sýnir mannskapnum aðstæður við Móbakka í Eystri-Rangá.



**GLÆSIFISKUR** „Eins og að togast á við jarðýtu," segir Hinrik um viðureignina. „Enda slagar hann upp í lambsskrokk að þyngd." MYND/HINRIK

Veiddi elsta merkta urriða sem sögur fara af:

## Urriði merktur 2002

**VEIÐI** Hinrik Óskarsson stangveiðiáhugamaður veiddi tuttugu punda Öxarárurriða í Þingvallavatni á dögunum. Urriðinn er sá elsti sem veiðist eftir merkingu, en númerað plastmerki var fest í fiskinn í Öxará fyrir níu árum. Fiskurinn var þá þegar sjö ára, svo hann er sextán ára í dag, en Hinrik gaf glæsifiski sínum líf.

Urriðinn, sem Hinrik veiddi á flugu, var 92 sentimetra löng hrygna. Miðað við holdafar fisksins af myndum að dæma hefur hann verið tíu kíló hið minnsta að sögn sérfróðra, en Veiðimálastofnun segir frá á heimasíðu sinni.

Hrygnan veiddist fyrst í Öxará haustið 2002 en var sleppt aftur merktri í ána. Hún var þá fimm pund að þyngd. **- shá**

# SKJÁDAGAR

## FRÁBÆR TILBOÐ Á SKJÁM Í NOKKRA DAGA

**EKKI MISSA AF ÞESSU!**




**Philips 222E2SB**
21,5" LCD flatskjár með Full HD 1920x1080 punkta upplausn, 500.000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 5ms viðbragðstíma, VGA, DVI-D ofl.

**22.990**

FULLT VERÐ KR. 26.990




**Asus VH222D**
21.5" LCD skjár með HD 1920x1080 upplausn, 20.000:1 skerpu, 5ms viðbragðstíma, VGA, TN filmu o.fl.

**24.990**

FULLT VERÐ KR. 27.990




**Samsung 2333T**
23" Full HD LCD flatskjár með 1920x1080p upplausn, 50.000:1 skerpu, VGA, DVI-I, cPVA filmu sem sýnir réttari liti og víðari sjónarhorn o.fl.

**28.990**

FULLT VERÐ KR. 32.990




**Acer V193HQVB**
18,5" LCD skjár með 1366 x 768p upplausn, 5.000:1 skerpu, 5ms viðbragðstíma, VGA, TN filmu o.fl.

**16.990**

FULLT VERÐ KR. 19.990




**Acer V223HQBOB**
21.5" LCD skjár með Full HD 1920 x 1080p upplausn, 50.000:1 skerpu, 5ms viðbragðstíma, VGA, TN filmu o.fl.

**22.990**

FULLT VERÐ KR. 26.990




**Philips 221EL2SB**
21,5" LCD LED flatskjár með Full HD 1920x1080 punkta upplausn, 20.000.000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 5ms viðbragðstíma, VGA, DVI-D ofl.

**25.990**

FULLT VERÐ KR. 29.990




**Philips 241E1SB**
24" LCD flatskjár með Full HD 1920x1080 punkta upplausn, 25.000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 5ms viðbragðstíma, VGA, DVI, ofl.

**29.990**

FULLT VERÐ KR. 34.990




**Philips 273E3SB**
27" LCD skjár með Full HD 1920x1080p upplausn, 500.000:1 skerpu, 5ms viðbragðstíma, VGA, DVI, SmartImage Lite tækni ofl.

**62.990**

FULLT VERÐ KR. 69.990




**Acer V243HLAOBMD**
24" LCD skjár með Full HD 1920 x 1080p upplausn, 12.000.000:1 skerpu, 5ms viðbragðstíma, VGA, DVI, TN filmu o.fl.

**37.990**

FULLT VERÐ KR. 44.990




3D

**Acer GD245HQabid**
23" LCD skjár með 3D Vision 120Hz, Full HD 1920x1080p upplausn, 80.000:1 skerpu, 2ms viðbragðstíma, VGA, DVI-I ofl.

**59.990**

FULLT VERÐ KR. 69.990

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

> **Meryl Streep**

„Dýr klæðnaður er peningasóun.“

***Meryl Streep leikur fráskilda konu sem hittir fyrrverandi eiginmann sinn í útskrift sonar þeirra og komast þau að því að lengi lifir í gömlum glæðum í gamanmyndinni hugljúfu It's Complicated sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20 í kvöld.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON LEITAR UPPI SÖKUDÓLGA

## *Hver drap breska krimmann?*

Fyrir kannski fimmtán árum fannst mér fátt skemmtilegra en að eyða parti úr kvöldstund yfir sjónvarpsþáttum um breska rannsóknarlögreglumenn og ævintýri þeirra. Þetta voru margir hverjir skemmtilega röff þættir þar sem breyskir stjórar á borð við Jim Taggart og Adam Dalgliesh hömuðust á vinnufélögum sínum og undirmönnum á kumpánlegan en skemmtilega kaldhæðinn máta þar til mál leystust, iðulega með farsælum hætti innan borgarmarka. Aðrir gerðust á rólegri stað þar sem lögreglumenn rannsökuðu mál með hægð, óku um breskar sveitir og ræddu við grunsamlegt fólk í stígvélum.

Ég veit ekki hvort það er aldrinum að kenna en mér virðist eins og eitthvað hafi komið fyrir breska sakamálaþætti. Þeir hafa breyst í vikulegar dvergseríur. Í besta falli leysist eitt mál í hverjum þætti á meðan byrðar fortíðar naga sálir aðalpersóna. Ógnin kemur oftast að utan í formi erlendra hryðjuverkamanna eins og í þáttunum um bresku sérsveitina þar sem hver sekúnda er áhorfendum sem gull; loki þeir augunum í andartak eiga þeir ýmist á hættu að missa af morði – í versta falli tapa söguþræðinum.

Sennilega var Tom Barnaby í hinu ímyndaða Midsomer-héraði í Bretlandi síðasti hlekkurinn við gömlu sjónvarpsþættina. John Nettles, sem í fjórtán ár hafði leikið Barnaby, steig af sviðinu fyrir ekki svo löngu og nýr leikari skrifaður inn í hlutverk hans. Einkennileg tilfinning hríslaðist um mig. Þótt ég hafi ekki séð nýjustu þættina um Barnaby óttast ég að síðasti almennilegi krimminn sé allur.



**TVEIR GÓÐIR** Barnaby og Taggart leysa aðeins gáturnar í endursýningu.

### RÚV

**16.20 Tíu fingur** (3:12) (Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari)

**17.25 Skassið og skinkan** (7:20) (10 Things I Hate About You)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Geymslan**

**18.30 Dansskólinn** (5:7) (Simon's dansskole)

**19.00 Fréttir**

**19.20 Veðurfréttir**

**19.30 Landsleikur í fótbolta** (Ísland - Búlgaría) Bein útsending frá leik kvennalandsliða Íslands og Búlgaríu í undankeppni HM á Laugardalsvelli.

**21.25 Krabbinn** (11:13) (The Big C) Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem greinist með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds IV) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.00 Downton Abbey** (4:7) (Downton Abbey) Breskur myndaflokkur sem gerist á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöld og segir frá Crawley-fjölskyldunni og þjónustufólki hennar. (e)

**23.50 Fréttir**

**00.00 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Love at Large**

**10.00 Yes Man**

**12.00 Horton Hears a Who!**

**14.00 Love at Large**

**16.00 Yes Man**

**18.00 Horton Hears a Who!**

**20.00 It's Complicated**

**22.00 The Incredible Hulk**

**00.00 The Green Mile**

**03.05 The Hitcher**

**04.30 The Incredible Hulk**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Sjálfstætt fólk**

**10.55 The Mentalist** (19:23)

**11.45 Gilmore Girls** (17:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Mostly Ghostly**

**14.40 The O.C. 2** (10:24)

**15.30 Sorry I've Got No Head**

**16.00 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 The Simpsons**

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (7:22)

**19.45 Modern Family** (12:24) Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna.

**20.10 Amazing Race** (3:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.

**21.00 Steindinn okkar** (7:8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig.

**21.25 NCIS** (15:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi sem tengjast hernum.

**22.10 Fringe** (14:22)

**22.55 The Mentalist** (19:24)

**23.40 Generation Kill** (4:7)

**00.45 Rizzoli & Isles** (1:10)

**01.35 Boardwalk Empire** (12:12)

**02.35 The Pacific** (3:10)

**03.30 Mostly Ghostly**

**05.05 Two and a Half Men** (7:22)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Porto - Braga**

**18.00 Porto - Braga** Útsending frá úrslitaleiknum í Evrópudeildinni. Það eru portúgölsku liðin Porto og Braga sem mætast í úrslitaleiknum á Aviva-leikvanginum í Dublin.

**19.45 Ensku bikarmörkin** Sýndar svipmyndir og öll mörkin úr leikjum helgarinnar í ensku bikarkeppninni (FA Cup).

**20.15 Golfskóli Birgis Leifs** (8:12) Golfþáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Hafþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýtist kylfingum á öllum stigum leiksins.

**20.45 Chicago - Miami** Útsending frá leik Chicago Bulls og Miami Heat í úrslitakeppni NBA.

**22.35 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.

**23.25 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.

**01.00 Dallas - Oklahoma** Bein útsending frá leik Dallas Mavericks og Oklahoma City Thunder í úrslitakeppni NBA.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Chelsea - Newcastle** Útsending frá leik Chelsea og Newcastle United í ensku úrvalsdeildinni.

**18.15 WBA - Everton** Útsending frá leik West Bromwich Albion og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.

**20.30 Ariel Ortega** Magnaðir þættir um marga af bestu knattspyrnumönnum heims. Að þessu sinni verður fjallað um Ariel Ortega, fyrrverandi landsliðsmann Argentinu.

**21.00 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.

**21.30 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.

**22.25 Liverpool - Tottenham** Útsending frá leik Liverpool og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁR EINN

**08.00 Dr. Phil** (180:181)

**08.45 Rachael Ray** (180:195)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.30 Girlfriends** (13:22)

**16.45 Rachael Ray** (181:195)

**17.30 Dr. Phil** (181:181)

**18.15 America's Next Top Model** (8:13)

**19.00 Million Dollar Listing** (3:9)

**19.45 Whose Line is it Anyway?** (8:39) Bráðskemmtilegur spunaþáttur þar sem allt getur gerst.

**20.10 Rules of Engagement** (2:26) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp.

**20.35 Parks & Recreation** (2:22) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.

**21.00 Royal Pains** (16:18) Hank er einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons.

**21.50 Law & Order: Los Angeles** (9:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í borg englanna, Los Angeles.

**22.35 Penn & Teller** (2:9) Galdrakarlarnir brögðóttu Penn og Teller afhjúpa svikahrappa og svindlara í þessum bráðskemmtilegu þáttum.

**23.05 The Good Wife** (17:23)

**23.55 Rabbit Fall** (8:8)

**00.25 CSI: New York** (8:23)

**01.10 Royal Pains** (16:18)

**01.55 Law & Order: LA** (9:22)

**02.40 Pepsi MAX tónlist**

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁR*GOLF*

**07.00 The Players Championship** (3:4)

**11.10 Golfing World** (87:240)

**17.45 Golfing World** (89:240)

**18.35 Inside the PGA Tour** (20:42)

**19.00 Crowne Plaza Invitational** (1:4)

**22.00 Golfing World** (89:240)

**22.50 The Open Championship Official Film 2009**

**23.45 ESPN America**

**00.00 Golfing World** (89:240)

**00.50 PGA Tour - Highlights** (18:45)

**06.00 ESPN America**

### EXTRA

**19.45 The Doctors**

**20.30 In Treatment** (30:43) Þetta er ný og stórmerkileg þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreinir skjólstæðinga sína og hlustar þolinmóður þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og leyndarmálum.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.55 Gossip Girl** (14:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna.

**22.40 Grey's Anatomy** (20:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.

**23.25 Ghost Whisperer** (10:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni öllum stundum.

**00.10 The Ex List** (5:13)

**00.55 In Treatment** (30:43)

**01.20 The Doctors**

**02.00 Fréttir Stöðvar 2**

**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

**19.00 Fróðleiksmolinn**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Við hittum athafnafólk, sem lætur kreppuna ekki berja sig í hausinn.

**21.00 Sjávarútvegur á ögurstundu** Sjötti þáttur af átta úr ævisafni Heiðars Marteinssonar um útgerð og sjósókn.

**21.30 Kolgeitin** Bogomil fór vestur og kom suður með helling af flottu stöffi.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.00**
**Steindinn okkar**

Steindi Jr. fer á kostum í kvöld með glænýja grínsketsa sem koma öllum í gott skap. Hverju tekur hann upp á í kvöld?

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins: Á 100 ára ártíð Mahlers **20.30** Heimspekisamræður **21.30** Smásaga: Sólgeisli **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.25** Útvarpsperlur:...einsamalt vatnið augun sjá **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**08.15** New Tricks **09.05** New Tricks **09.55** EastEnders **10.25** Fawlty Towers **11.00** ,Allo ,Allo! **11.30** ,Allo ,Allo! **12.05** Keeping Up Appearances **12.35** Fawlty Towers **13.05** ,Allo ,Allo! **13.40** ,Allo ,Allo! **14.15** The Weakest Link **15.00** The Weakest Link **15.50** Fawlty Towers **16.20** ,Allo ,Allo! **16.50** ,Allo ,Allo! **17.25** Tess of the D'Urbervilles **18.20** Jonathan Creek **19.10** Top Gear **20.00** Jack Dee Live at the Apollo **20.45** The Graham Norton Show **21.30** Coupling **22.00** Top Gear **22.55** Tess of the D'Urbervilles

## DR 1

**12.00** Vores Liv. Søren Ryge **12.30** Sømanden & Juristen - historier fra et hospice **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Bamses Billedbog **15.00** De uheldige helte **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv. Bidt af naturen **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Spise med Price - Den lille Kemiker **18.30** Unge på druk **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Hjemvé **21.10** Det bli'r i familien

## NRK 1

**12.05** Svenske dialektmysterium **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Kjærlighetshagen **14.40** Glimt av Norge **14.50** Filmavisen 1960 **15.00** NRK nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Schrödingers katt **18.15** Nummer 1 **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Debatten **20.30** Påpp og Råkk **21.00** Kveldsnytt **21.20** Trygdekontoret **21.50** Innvandrerne fra Sverige

## svt1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Det blomstrar över nationsgränserna **14.30** Så ska det låta **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Bo i tågvagn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen Australien **18.30** Hundra procent bonde **19.00** tba **20.00** Debatt **20.45** Biltokig **21.45** Bored to Death **22.15** Uppdrag Granskning **23.15** Rapport **23.20** Huset fullt av hundar **00.20** Rapport


PIPAR\TBWA • SÍA

# Meistaradagur verkfræðinga og tölvunarfræðinga 2011

**í dag, fimmtudaginn 19. maí, kl. 12.00–18.00 í VR-II**



VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

**Dagskrá: Sameiginlegur fundur í stofu V-158**

**12.00 Setning:** Dr. Sigurður Magnús Garðarsson, prófessor og forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar

**12.10–13.00 Tónlistarhúsið Harpa – verkfræðilegt meistaraverk**
Sigurður R. Ragnarsson, framkvæmdastjóri Austurhafnarverkefnis ÍAV, fjallar um verkfræðilega hönnun og tæknilegar lausnir á Hörpu, einu besta og fullkomnasta tónlistarhúsi í heimi. Í erindinu verður fjallað um áskoranir við glerhjúpinn, hljómburðinn og sjóinn

**13.15–17.00 Meistarafyrirlestrar**

| | Meistarafyrirlestrar V-158 | Meistarafyrirlestrar V-157 | Meistarafyrirlestrar V-156 | Meistarafyrirlestrar V-155 |
|---|---|---|---|---|
| 13.15 | **Fannar Gíslason**<br>Along shore sediment transport by the coast of Vík í Mýrdal | **Hlöðver Geir Tómasson**<br>Distributed Testing of Cloud Applications Using the Jata Test Framework | **Mauricio Andrés Teke Millachine**<br>Guidelines for optimum gas extraction system selection | **Halldór Eyjólfsson**<br>HÖFUÐBORG Á KROSSGÖTUM Vöxtur höfuðborgarsvæðisins frá 1998 til 2010 |
| 14.15 | **Einar Hreinsson**<br>Durability of a magnetorheological fluid in a prosthetic knee joint | **Hafsteinn Þór Einarsson**<br>Refactoring UML Diagrams and Models with Model-to-Model Transformations | **Vigfús Arnar Jósefsson**<br>Flow analysis of a rotating tidal turbine blade using a dynamic mesh | **Kolbrún Þóra Oddsdóttir**<br>Mat á sjónrænum áhrifum skóga á landslag |
| 15.15 | **Sigurbjörn Orri Úlfarsson**<br>Timbureiningahús – vistferilsgreining | **Ásbjörn Haraldur Kristbjörnsson**<br>Snertiskynjun vökva með aðstoð eðlisfræðihermis | **Rafn Magnús Jónsson**<br>Upphitun á ökumannsrými í rafknúnum bíl | |
| 16.15 | **Kenneth Breiðfjörð**<br>Byggingarefni á Íslandi – framleiðsluland, flutningar og vistferilsgreining timburs | **Davíð Jóhannsson**<br>Greining á endurræsingu kerskála 3 í kjölfar straumleysis 2006 hjá Alcan á Íslandi | **Kjartan Dór Kjartansson**<br>Effect of Well Diameter on Productivity in High Temperature Geothermal Wells | |

**Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir**

**17.00–18.00 Léttar veitingar og spjall**

UNIVERSITAS ISLANDIAE SIGILLUM 1911-2011
HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐISTOFNUN





SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Það eru klárlega fótboltaþættirnir Sunnudagsmessan og Pepsi-mörkin enda elska ég að horfa á sjálfan mig tala um fótbolta.“*

Hjörvar Hafliðason knattspyrnusérfræðingur

# Magnús og Jóhann hita upp fyrir Eagles

„Þetta kom okkur skemmtilega á óvart,“ segir tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson.

Hann og Jóhann Helgason, sem skipa dúettinn Magnús og Jóhann, hita upp fyrir bandarísku hljómsveitina Eagles í Nýju Laugardalshöllinni 9. júní.

„Það voru sendar út upptökur af íslenskum hljómsveitum og þeir völdu Magnús og Jóhann, okkur næstum því til undrunar því það er mikið af frambærilegu fólki hérna heima,“ segir Magnús Þór. Hann hefur lengi verið aðdáandi Eagles. „Ég man eftir því að einhvern tímann fór ég til New York til að kynna mig og Jóhann. Ég fór og talaði við Mercury Records og fleiri útgefendur og spilaði fyrir þá Mary Jane. Þeir voru mjög hrifnir en á einum staðnum man ég eftir því að einn starfsmaður sagði við mig: „Jú, þetta hljómar mjög vel en það sem við erum að leita að er eitthvað svona.“ Þá „blastaði“ hann á mig Take It Easy með Eagles,“ segir Magnús Þór.

Jóhann Helgason er að vonum spenntur fyrir tónleikunum. „Eagles hefur trónað á topp tíu hjá mér. Þetta eru frábærir lagasmiðir, söngvarar og hljóðfæraleikarar,“ segir hann og viðurkennir að raddanir hljómsveitarinnar hafi haft áhrif á lagasmíðar hans og Magnúsar.

Ísleifur B. Þórhallsson tónleikahaldari upplýsir að enn séu eftir 200 miðar á A-svæði. „Þetta er tilkomið af því að það voru ósóttar pantanir sem við getum sett í sölu og við munum tilkynna það innan nokkurra daga hvernig þessu verður hagað.“ **- fb**



**ÓVÆNT ÁNÆGJA** Magnús og Jóhann hita upp fyrir Eagles í júní. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 19.5. Kl. 20:00 U | Lau 4.6. Kl. 20:00 Ö | Fös 10.6. Kl. 20:00 Ö |
| Fös 3.6. Kl. 20:00 Ö | Fim 9.6. Kl. 20:00 Ö | |



**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 18.5. Kl. 20:00 Síð. sýn. Ö | Sun 5.6. Kl. 20:00 Aukasýn. | Lau 11.6. Kl. 20:00 Aukasýn. |



**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

Sun 22.5. Kl. 14:00 Ö



**Brák** (Kúlan)

Fös 3.6. Kl. 20:00 Aukasýn.



**Verði þér að góðu** (Kassinn)

| | |
|---|---|
| Fös 20.5. Kl. 22:00 | Fös 3.6. Kl. 19:00 |
| Lau 21.5. Kl. 22:00 | Lau 4.6. Kl. 20:00 |



**Góði dátinn Svejk** (Stóra sviðið)

Sun 29.5. Kl. 20:00



**Haze** (Stóra sviðið)

Fim 2.6. Kl. 20:00



**Við sáum skrímsli** (Stóra sviðið)

Fös 20.5. Kl. 19:00 | Lau 21.5. Kl. 20:00



**Big Wheel Café** (Stóra sviðið)

Fim 26.5. Kl. 20:00 | Fös 27.5. Kl. 20:00



**Subtales – Söngur millistéttarinnar** (Kassinn)

Þri 24.5. Kl. 18:00




AUKASÝNINGAR VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX

VesturPort | Borgarleikhúsið

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir


FREDRIK KRISTJÁN JÓNSSON FERRIER: NÝT ÞESS Í BOTN

# Íslenskur strákur stjarna í breskum sjónvarpsþætti

„Ég hef alltaf séð eftir því að hafa ekki lært íslensku þegar ég var lítill en ég ætla mér að læra tungumálið í framtíðinni,“ segir Fredrik Kristján Jónsson Ferrier, hálfíslensk fyrirsæta sem er að slá í gegn í raunveruleikaþættinum Made in Chelsea í Bretlandi.

Þættirnir Made in Chelsea fjalla um líf þrettán ungmenna frá einu af fínni hverfum Lundúnaborgar, nánar tiltekið Chelsea. Samkvæmt lýsingum á þáttaröðinni á heimasíðu stöðvarinnar E4 eiga þættirnir að varpa ljósi á líf ungmenna þar sem hraðskreiðir bílar, kampavín og sundlaugapartí eru hluti af hversdagsleikanum.

„Fyrst þvertók ég fyrir að vera með, þar sem raunveruleikaþættir hafa frekar neikvætt orð á sér hér í Bretlandi. Svo lét ég til leiðast en einungis til að sýna fram á að þó að við búum í fínu hverfi þurfum við að takast á við sömu vandamálin og allir hinir. Þátturinn er fullur af dramatík og innbyrðisdeilum. Eins og raunveruleg útgáfa af Gossip Girl sjónvarpsþáttunum,“ segir Fredrik en um leið og fyrsti þátturinn fór í loftið í byrjun maí varð hann umtalaðasti þáttur í heimi á Twitter-samskiptasíðunni.

„Ég fór út að skemmta mér um síðustu helgi og endaði með að gera ekkert annað en skrifa eiginhandaráritanir og láta taka af mér myndir allt kvöldið. Mjög furðulegt en ég nýt þess í botn,“ segir Fredrik, sem ætlar að reyna að draga tökuliðið með sér til Íslands næsta haust þegar upptökur hefjast á annarri þáttaröð Made in Chelsea.

Faðir Fredriks, Jón Arnór Ferrier, er íslenskur en móðir hans er ensk. Systir hans býr hér á landi og sjálfur segist Fredrik reyna að koma til Íslands einu sinni á ári. „Það er alltaf verið að kalla mig íslenskan víking og ég er mjög ánægður með það. Ég held sambandi við ömmu og afa á Íslandi og á stóra fjölskyldu en við eyddum miklum tíma þar þegar ég var barn.“

Fredrik, sem er 22 ára gamall, er í tónlistar- og tungumálanámi við Bristol-háskóla ásamt því að vinna fyrir sér sem fyrirsæta. „Ég hef starfað í New York og Mílanó nokkur sumur í röð og finnst gaman að vera fyrir framan myndavélina en námið á samt hug minn allan núna,“ segir Fredrik, sem spilar á fiðlu og gítar ásamt því að tala spænsku og arabísku.

„Ég er mjög stoltur af því að vera íslenskur og kynni mig alltaf sem hálfan Íslending, enda skapar það sérstöðu og vekur áhuga fólks á mér,“ segir Fredrik en hann ætlar í sumar til Ísafjarðar, sem er hans uppáhaldsstaður á Íslandi. **alfrun@frettabladid.is**



**NÝTUR FRÆGÐARINNAR** Hinn hálfíslenski Fredrik Kristján Jónsson Ferrier er ein af stjörnum raunveruleikaþáttarins Made in Chelsea í Bretlandi. Fredrik gerir mikið úr íslenskum uppruna sínum, sem hann segir að veki mikla athygli.



# Áhugaljósmyndari hittir í mark

Myndir eftir áhugaljósmyndarann Skarphéðin Þráinsson af eldgosunum á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallafjökli hafa verið birtar víða í breskum dagblöðum síðustu daga. Blöðin The Guardian, The Independent, Daily Mirror, Daily Express og Daily Telegraph hafa öll birt stórar myndir af eldgosunum í blöðum sínum, Skarphéðni til mikillar ánægju.

„Ég gerði samning við fréttaþjónustu í Bretlandi og lét hana hafa myndir og upplýsingar um eldgosin. Þeir höfðu samband um síðustu helgi og síðan hefur þetta farið eins og eldur í sinu um blöðin í Bretlandi,“ segir Skarphéðinn, sem starfar sem véltæknifræðingur. Áður hafði hann sett myndir sínar á ljósmyndasíðuna 1x.com og vöktu þær athygli fréttaþjónustunnar. Myndir Skarphéðins hafa einnig verið birtar í bandaríska blaðinu USA Today og í þýskum og norrænum blöðum, auk þess sem stór eldgossmynd hans var keypt af skrifstofu EFTA í Brussel.

Ljósmyndadella Skarphéðins hófst af fullum krafti fyrir fjórum árum þegar hann keypti sér sína fyrstu alvöru myndavél. Síðan þá hefur hann verið duglegur við að mynda, sérstaklega í kringum eldgosin þegar hann fór meðal annars upp í þyrlu og myndaði.

Spurður hvort hann fái ekki mikið borgað fyrir myndirnar segist hann fá aðeins upp í bensínkostnað og tækjakaup. Annars sé þetta fyrst og fremst gert ánægjunnar vegna.

Skarphéðinn vonast til að mynda eldfjöll á Havaí í framtíðinni en hefur ekki ákveðið hvenær af því verður. **- fb**



**VINSÆLAR MYNDIR** Myndir Skarphéðins Þráinssonar hafa vakið mikla athygli í Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ



Verð 490°

Skrautlegar töflur
Þrír litir

ÓDÝRT & GOTT

# FATAFJÖR
## FYRIR FJÖLSKYLDUNA!



Dömusokkar
10 í pakka, eigum líka til í svörtu og hvítu
Verð 1.899°



Sandalar með skrauti
2 týpur
Verð 8.999°



Skór með fylltum bast hæl.
Beige eða bláir.
Verð 6.990°



Verð 4.990°

Dömu leggings
Við eigum mikið úrval af leggings, ýmsar gerðir.
Verð frá 999-4.990



Dömu stuttbuxur, tilvalið undir stuttan sumarkjól.
Til í svörtu og röndóttu
Verð 2.490°



Stelpupils
Tvær gerðir
Verð 1.990°



Síð hettu-peysa, til í svörtu og gráu
dömu
Verð 4.999°



Frábærar útivistarbuxur,
Henta vel í gönguna jafnt sem golfið
Verð 3.990°



FRUIT OF THE LOOM




GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Pósthúsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Reyktur rappari

Rapparinn **Busta Rhymes** kom fram á tónleikum í Hafnarhúsinu á þriðjudaginn. Rhymes og fylgisveinar hans brutu lög uppi á sviði þegar kveikt var í pípu sem innihélt að sögn viðstaddra kannabisefni. Lögreglan var þó víðsfjarri og tónlistarmennirnir komust upp með athæfið. Þá var öryggisgæslan í kringum Rhymes gríðarlega ströng. Svo ströng að íslensku hljómsveitirnar sem hituðu upp fyrir kappann máttu alls ekki hitta hann – hvorki fyrir né eftir tónleikana – og urðu margir fyrir talsverðum vonbrigðum, enda þungavigtarmaður í bransanum á ferð.



### Barnalukka hjá Vesturporti

Leikararnir **Nína Dögg Filippusdóttir og Gísli Örn Garðarsson** eiga von á barni í lok þessa árs. Parið, sem stendur á bak við leikhópinn Vesturport, á fyrir dótturina Rakel Maríu sem verður fimm á þessu ári og er því væntanlega mikil gleði á heimilinu. Nína Dögg og Gísli hafa í nógu að snúast þessa dagana en þau eru á fullu að sýna nýjasta verk sitt, Húsmóðurina, í Borgarleikhúsinu, og hefur það fengið góðar viðtökur.

**- afb, áp**



### Mest lesið vísir

1. Bjarni Harðar: Orkar tvímælis að flokka khat sem fíkniefni
2. Launin lækkuð um 300 þúsund
3. Lést í vinnuslysi
4. Hefur ekki játað morð
5. Hvað er khat?




